MAMMÚT Á BESTU PLÖTU ÁRSINS ▶54

Jón Óttar Ólafsson
LÖGGAN SEM VAR TALIN BÓFI
▶72

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ
14. desember 2013
294. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

ÞÆR RUFU ÞÖGNINA

Hulda Hvönn Kristinsdóttir, Selma Björk Hermannsdóttir og Svanhildur Sigríður Mar eiga allar erfiða reynslu að baki. Þær hristu upp í samfélaginu á eftirminnilegan hátt með skrifum sínum á netinu um ofbeldi, einelti og uppeldi. ▶ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MÉR VAR HALDIÐ NIÐRI
Adolf Ingi opnar sig um árin hjá Rikissjónvarpinu en hann ætlar í mál við stofnunina. ▶32

Sigríður Örnólfsdóttir
NAUÐUNGARVISTUÐ Í TVÍGANG ▶36

OPIÐ TIL 22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
SMÁRALIND

KÆRLEIKSKÚLAN
HUGVEKJA
Sölutímabil 5.-19. desember
STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD
10 DAGAR TIL JÓLA

FRÉTTIR 2→18

FÁIR SÝRLENDINGAR TIL EVRÓPU 4
Amnesty International gagnrýnir Evrópulönd harðlega fyrir að taka ekki við nema örlitlu broti af þeim tveimur milljónum flóttamanna sem flúið hafa borgarastyrjöldina í Sýrlandi.

ÁFENGISAUGLÝSINGAR ÓÁTALDAR 6
Um 300 kærur og ábendingar vegna áfengisauglýsinga hafa borist lögreglu með milligöngu Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum frá árinu 2011. Ekki hefur verið ákært í slíkum málum frá árinu 2008.

HÆTTI KENNSLU VEGNA ÁBURÐAR 8
Mikill harmur ríkir meðal nemenda við Norðlingaskóla vegna brotthvarfs vinsæls kennara. Yfirvöldum barst nafnlaus ábending og eftir að lítið varð úr rannsókn sagði hann upp störfum.

RAFMAGNSLEYSIÐ DÝRT 18
Rafmagnsleysi síðustu níu ár hefur kostað samfélagið tæpa 14 milljarða króna. Klukkutími án rafmagns getur skapað milljarða tjón.



SKOÐUN 20→22

DRJÚGUR LIÐSMAÐUR AÐILDAR 20
Þó að utanríkisráðherra sé gegnheill í andstöðunni við Evrópusambandið hefur hann veitt málstaðnum sem hann berst svo hart gegn drjúgt lið, skrifar Þorsteinn Pálsson.

SA VILL SEMJA UM KJARASKERÐINGU 22
Við viljum ekki samfélag aukinnar misskiptingar á Íslandi og undir það mun verkalýðshreyfingin aldrei skrifa, skrifar Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.



HELGIN 24→78

MÉR VAR HALDIÐ NIÐRI 32
Adolf Ingi Erlingsson, sem nýlega var sagt upp störfum hjá RÚV, segir það ekki hafa farið fram hjá neinum sem fylgist með íþróttum þegar hann hvarf af skjánum. Hann telur ýmislegt óeðlilegt viðgangast í stjórn RÚV.

LIFANDI TRÉ BERA MEÐ SÉR JÓLABRAG 44
Öll heimili landsins ættu að geta skartað íslenskum jólatrjám eftir tuttugu ár og mörg miklu fyrr, að mati Else Möller á Akri í Vopnafirði. Hún er skógfræðingur frá Hvanneyri og eina manneskjan á Íslandi með meistarapróf í jólatrjáarækt.

NÝLIÐAR NÁ GÓÐUM ÁRANGRI 54
Álitsgjafar Fréttablaðsins velja bestu íslensku plötur ársins.

PEGAR LÝÐRÆÐIÐ HENTAR EKKI 48
Ólgan í Taílandi undanfarnar vikur á sér margra ára rætur í valdatogstreitu gamla íhaldsflokksins og hinnar auðugu Shinawatra-fjölskyldu.

DREYMIR UM AÐ VINNA EINHVERN Í SJÓMANNI 68
Rithöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir í yfirheyrslu.

EKKERT SEM ÉG HEF EKKI GERT SJÁLFUR 72
Jón Óttar Ólafsson, doktor í afbrotafræði, er höfundur glæpasögunnar Hlustað þar sem meðal annars er lýst umfangsmiklum hlerunum lögreglu og sérstaks saksóknara.

MENNING 88→114

NÆSTA STOPP – BROADWAY? 96
Gísli Örn Garðarsson leikstýrir Hróa hetti í Boston.

TUTTUGU ÁR AF TÓNLIST 98
Árið 1993 borið saman við árið í ár – hvað tónlistina varðar.

BARVÍSIR ÁSTARINNAR 100
Á hvaða bar er líklegast að finna ástina fyrir jólin?

SPORT 106→108

ÁLAGIÐ TÓK SINN TOLL 106
Kári Steinn Karlsson er bjartsýnn fyrir heimsmeistarmótsárið.

SÍÐASTA ÆVINTÝRI HALLBERU 108
Skagakonan hlakkar til að spila í sólinni á Ítalíu fram á sumar.

Jólaþorpið í Hafnarfirði

Jólaþorpið í Hafnarfirði er opið
allar aðventuhelgar kl. 12-17
19. og 20. desember kl. 16-21
Þorláksmessu kl. 16-21

Rauði krossinn Hafnarfirði
SPARNAÐUR
Dagskrá, myndir o.fl. á Facebook
HAFNARFJÖRÐUR

FIMM Í FRÉTTUM TÖLVULEIKIR OG ELTIHRELLIR

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir laganemi var áreitt á netinu af bandarískum manni oft á dag í margar vikur. Hún sagði fleiri íslenskar stúlkur hafa lent í mannínum.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á kynningarfundi bankans að áætlanir ríkisstjórnarinnar um skuldaniðurfellingu ykju innlenda eftirspurn, verðbólgu og hækki vexti.

Baltasar Kormákur leikstjóri fékk veglegan styrk upp á 118 milljónir króna frá kvikmyndasjóði ítalska héraðsins Suður-Týról vegna kvikmyndar sem gerist á Everest.

Snæbjörn Steingrímsson tilkynnti í vikunni að hann hygðist láta af störfum sem framkvæmdastjóri Samtaka myndréttarhafa á Íslandi (SMÁÍS).

→ **Þorsteinn B. Friðriksson**, framkvæmdastjóri Plain Vanilla, vildi ekki tjá sig um það hvort hluthafar hefðu hafnað tólf milljarða yfirtökutilboði bandaríska tölvuleikjafyrirtækisins Zynga.

Í föruneyti prinsins á Suðurskautslandinu

Íslenskur leiðangursstjóri, sem fylgdi Harry Bretaprins á suðurpólinn, segir hann vera ljúfmenni. Í hópnum voru hermenn sem höfðu særst í stríðsátökum og lögðu þeir hart að sér á göngunni. Hópurinn heldur heimleiðis um helgina.

FÓLK „Harry Bretaprins er góður félagi, skemmtilegur og gaman að umgangast hann," segir Emil Grímsson, stjórnarformaður Arctic Trucks. Hann var leiðangursstjóri í ferð prinsins og hermanna, sem hafa hlotið örkuml, á suðurpólinn. Hópurinn komst loks á pólinn í gær.

Leiðir Emils og prinsins lágu fyrst saman í sumar þegar prinsinn æfði sig á Langjökli fyrir pólgönguna.

Arctic Trucks sáu um að aka sjónvarpsfólki, læknum og aðstoðarfólki sem var með prinsinum og ferðafélögum hans á Suðurskautslandinu.

Leiðangurinn hófst formlega 22. nóvember þegar hópurinn kom upp á jökulbreiðuna. Hópnum var skipt upp í þrjá minni hópa. Í hverjum hópi voru fjórir hermenn sem höfðu særst, leiðsögumaður, aðstoðarmaður og einn frægur. Hinir frægu sem tóku þátt í göngunni á pólinn voru, auk Harrys, leikararnir Alexander Skarsgaard og Dominic West.

Í upphafi var gert ráð fyrir að hóparnir myndu keppa um hver yrði fljótastur á áfangastað en fljótlega var ákveðið að hætta keppni og stytta dagleiðirnar.

Líkamlegt ástand leiðangursmanna var mjög misjafnt, þarna voru hermenn sem höfðu misst útlimi, brennst og einn var blindur.

Upphaflega átti að ganga 334 kílómetra en stytta þurfti göngguna niður í 200 kílómetra. Veður og smávægileg meiðsl sumra leiðangursmanna urðu til þess.

Leiðangursmenn voru með farangur sinn á sleðum og varð hver og einn að draga 60 til 90 kíló.

„Það kom fljótlega í ljós að sumir hermennirnir sem höfðu særst voru ekki nógu líkamlega sterkir til að draga púlkurnar, svo þeir sem hraustari voru léttu af púlkunum hjá þeim," segir Emil.

FÖGNUÐUR Íslenskur leiðangursstjóri frá Arctic Trucks fylgdi Harry Bretaprins á suðurpólinn. Mikill fögnuður braust út þegar leiðangursmenn stóðu á pólnum á hádegi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Emil segir að frostið hafi verið frá 24 gráðum og niður í rúmlega 30 gráður. Þegar tekið var tillit til vindkælingar hafi kuldinn verið rúmlega 40 stig.

Emil segir að engan hafi kalið illa, en nokkrir fengið lítil kalsár.

Það var svo á hádegi að staðartíma í gær sem leiðangursmenn stóðu á pólnum, í ískulda en glaðasólskini.

„Allir komust þeir á pólinn og það var mikil gleði. Það var tekin góð stund í að mynda og fagna áfanganum," segir Emil.

Svo var haldið til baka en hópurinn ákvað að slá upp tjaldbúðum tuttugu kílómetra frá pólnum.

„Harry vildi ólmur fá að keyra jeppann í tjaldbúðirnar. Hann var búinn að fá að keyra hjá mér áður og er hinn liprasti bílstjóri," segir Emil og bætir við að þeir hafi þurft að aka yfir rifskafla og bíllinn hafi hossast mikið á leiðinni.

Leiðangursmenn fara svo með flugi um helgina til Suður-Afríku en Emil sagði að það væri ekki alveg komið á hreint hvenær hann kæmi heim. johanna@frettabladid.is

> **Harry vildi ólmur fá að keyra jeppann í tjaldbúðirnar. Hann var búinn að fá að keyra hjá mér áður og er hinn liprasti bílstjóri.**

Fjórmenningarnir sem fengu dóma í Al-Thani málinu láta ekki þar við sitja:

Allir sakborningar munu áfrýja

DÓMSMÁL Allir sakborningar í Al-Thani málinu ætla að áfrýja dóminum til Hæstaréttar og verður það líkast til gert í næstu viku.

„Dómurinn er vonbrigði og kemur á óvart af mörgum ástæðum. Það er sjálfgefið að honum verður áfrýjað," segir Hörður Felix Harðarson, verjandi Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings.

Ólafur Ólafsson, Magnús Guðmundsson og Sigurður Einarsson munu einnig áfrýja dóminum. „Sigurður telur dóminn rangan hvað sig varðar og mun áfrýja þessu," sagði Ólafur Eiríksson, verjandi Sigurðar.

Málsvarnarlaunin sem Hreiðar Már var dæmdur til að greiða verjanda sínum, Herði Felix, í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur eru hæstu málsvarnarlaun sem dæmd hafa verið í sakamáli hér á landi. Hreiðar Már, sem var fundinn sekur um umboðssvik og markaðsmisnotkun, var dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi og þarf hann að greiða Herði Felix 33,5 milljónir króna.

Há málsvarnarlaun í sakamáli hér á landi eru ekki óþekkt. Þannig voru Gesti Jónssyni, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dæmdar 20,9 milljónir króna í málsvarnarlaun á báðum dómstigum í Baugsmálinu 5. júní 2008 og greiddust þau úr ríkissjóði þar sem sýknað var af flestum ákæruliðum.

Lögmennirnir Ragnar Hall og Gestur Jónsson, sem voru dæmdir til réttarfarssektar fyrir að segja sig frá málinu á fyrri stigum og fyrir að misbjóða virðingu Héraðsdóms Reykjavíkur, hafa einnig áfrýjað til Hæstaréttar. - þþ

ÁFRÝJUN Verjendur fjórmenninganna. Skjólstæðingar þeirra ætla allir að áfrýja til Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

OPIÐ TIL 22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

Njóttu notalegrar aðventu í Kringlunni

AÐVENTUKAFFI UM HELGINA
Smákökur og ilmandi kaffi frá Kaffitári frá kl. 14 - 17 á laugardag og sunnudag

LAUGARDAGUR | OPIÐ kl. 10 - 22

kl. 14	Klarinettukór
kl. 15	Ingó Veðurguð skemmtir
kl. 16	Regína Ósk syngur
kl. 17	Ingi Gunnar, Katla Margrét og Hilmar Sverris flytja lög af barnaplötu sinni
kl. 20	Rjómakvartettinn
kl. 21	Rjómakvartettinn

SUNNUDAGUR | OPIÐ kl. 13 - 22

kl. 14	Einar Mikael sýnir magnaðar sjónhverfingar
kl. 15	Íþróttaálfurinn og Solla stirða sprella með krökkunum
kl. 16	Helgi Björns syngur ljúfa tóna
kl. 17	Lifandi jólatónlist
kl. 20	Rjómakvartettinn
kl. 21	Rjómakvartettinn

Jólagjafahandbókin er stútfull af hugmyndum. Þú færð handbókina á þjónustuborði Kringlunnar og á kringlan.is

Myndataka með jólasveinunum milli kl. 14 - 16 á laugardag og sunnudag

GEFÐU EINA AUKAGJÖF ÞESSI JÓL

Pakkasöfnun Kringlunnar heldur áfram í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpina. Pósturinn kemur pökkum utan höfuðborgarsvæðisins endurgjaldslaust til skila undir jólatréð.

Kringlu kross

Náðu þér í eitt vinsælasta app á Íslandi og leiktu þér að afslættinum!

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

7.13.2013 → 13.12.2013

85.541.040 kr.

kostar að vinna örugglega í Lottói kvöldsins. Vinningurinn verður um 125 milljónir króna. Nei, er svarið við því hvort ráðlegt er að stökkva til með þessa upphæð. Áhættan er mikil ef spilarar, tveir eða fleiri, deila með sér vinningnum.

118 milljarðar

er heildarvelta 13 fyrirtækja sem fengu styrk úr Tækniþróunarsjóði árið 2005.

Sala á skyri hefur aukist um

56%

á Norðurlöndunum miðað við fyrra ár. Markaðurinn er því tvöfalt stærri en á Íslandi.

10

dagar eru til jóla!

Frumkvöðlar á Austurlandi vilja bjóða ferðafólki að ganga úr Lóni í Fljótsdal sem er um

100 km

langur spotti. Það tekur 7 daga að ganga alla leiðina.

1.152

erlendir nemendur frá 87 löndum stunda nám við Háskóla Íslands – frítt. 16% raunlækkun varð á fjárveitingum til HÍ milli áranna 2008 og 2012.

Aðeins biðu **3** eftir hjartaþræðingu um mitt ár 2011. Í október voru þeir

123

Ráðherra gefur út kvóta:

229 hrefnur og 154 langreyðar

SJÁVARÚTVEGUR Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hefur gefið út hvalveiðikvóta næsta árs og er kvótinn í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Leyfðar verða veiðar á 229 hrefnum á landgrunnssvæðinu og 154 langreyðum en það á að samrýmast markmiðum um sjálfbæra nýtingu. - jme

AÐSTOÐ Íslensk þróunaraðstoð hefur meðal annars farið í að byggja upp skóla og sjúkrahús í Malaví.
MYND/GUNNAR SALVARSSON

Þróunaraðstoðin deilist víða:

16% fara í störf Íslendinga

UTANRÍKISMÁL Sjötta hver króna sem ríkissjóður greiddi á síðasta ári í það sem flokkast til opinberrar þróunaraðstoðar er vegna starfa Íslendinga hér heima og á erlendum vettvangi. Þetta kemur fram í frétt Viðskiptablaðsins.

Samtals eru þetta um 540 milljónir af heildarframlagi Íslendinga sem nam um 3,3 milljörðum árið 2012. Um 170 milljónir voru vegna starfa Íslendinga hér innanlands eða um 5,2 prósent af heildarframlagi Íslendinga.

Samtals fara um 16,4 prósent af allri þróunaraðstoð Íslands í kostnað við störf Íslendinga. Um er að ræða 19,5 starfsgildi hér á landi en 18,65 starfsgildi á erlendum vettvangi. - hrs

Evrópulönd taka við fáum flóttamönnum frá Sýrlandi

Amnesty International gagnrýnir Evrópulönd harðlega í nýrri skýrslu fyrir að taka ekki við nema örlitlu broti af þeim tveimur milljónum flóttamanna, sem streymt hafa frá Sýrlandi til nágrannalanda síðustu misserin.

FLÓTTAMENN Einungis hálft prósent af þeim 2,3 milljónum flóttamanna, sem streymt hafa frá Sýrlandi til nágrannalandanna, hefur fengið vilyrði um hæli.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá mannréttindasamtökunum Amnesty International, þar sem spjótunum er sérstaklega beint að Evrópuríkjum fyrir að hafa ekki tekið við fleirum.

Aðeins tíu af 28 ríkjum Evrópusambandsins hafa tekið við flóttamönnum frá Sýrlandi, en Þjóðverjar hafa verið duglegastir. Þeir ætla að taka við tíu þúsund flóttamönnum frá Sýrlandi, en öll hin ríkin taka aðeins við 2.340 manns samtals.

„Evrópusambandið hefur með ömurlegum hætti brugðist því að taka sinn þátt í að útvega flóttamönnum, sem glatað hafa öllu nema lífi sínu, öruggt skjól," segir Salil Shetty, framkvæmdastjóri samtakanna. „Fjöldi þeirra sem það er reiðubúið til að taka við er smánarlegur. Leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins ættu að skammast sín."

Alls hafa ríki heims ekki opnað landamæri sín fyrir nema 15 þúsund flóttamönnum frá Sýrlandi. Að undanskildum nágrannaríkjunum, sem hafa ekki átt annarra kosta völ en að taka við meira en tveimur milljónum manna.

Í smáríkinu Líbanon eru nú 835 þúsund sýrlenskir flóttamenn. Í Jórdaníu eru 566 þúsund manns komnir. Þessi tvö lönd hafa í reynd haft landamærin til Sýrlands galopin. Allir sem vilja, fá að fara yfir landamærin.

Fjöldi flóttamanna frá Sýrlandi

Aðeins 16 lönd hafa til þessa gefið staðfest loforð um móttöku flóttamanna frá Sýrlandi

ESB í heild
12.340
ESB að undanskildu Þýskalandi
2.340
Ástralía
500
Kanada
1.300
Bandaríkin
Ótakmarkaður fjöldi

Samtals
15.244 auk viðbótarfjölda til Bandaríkjanna

Í Tyrklandi eru auk þess 536 þúsund flóttamenn og til Íraks eru komnir 207 þúsund flóttamenn frá Sýrlandi.

Þeir flóttamenn frá Sýrlandi, sem reyna að komast inn fyrir landamæri Evrópusambandsins, reyna flestir að komast til Grikklands og Búlgaríu. Þar er þeim hins vegar tekið afar fjandsamlega, að sögn Amnesty International.

Þeir sem komast til Búlgaríu eru settir í fangelsi og búa þar við ömurleg skilyrði, en þeir sem komast með bátum til Grikklands eru iðulega sendir aftur út á haf, jafnvel þótt augljóst sé að verið sé að senda þá beina leið í lífshættu.

gudsteinn@frettabladid.is



Heimildir: Amnesty International, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



GÓÐVIÐRI UM HELGINA Í dag verður hæg suðvestanátt með stöku éljum vestantil en annars bjartviðri. Hiti um og undir frostmarki en frostlaust við suðurströndina. Hæglætis veður, léttskýjað og kólnar á morgun.



Á morgun
Hæg suðlæg en stíf NA-átt SA-til.



Mánudagur
Vaxandi SV-átt.

Alicante	18°	Billund	7°	Gautaborg	5°	London	11°	Orlando	27°	San Francisco	15°
Basel	4°	Frankfurt	4°	Kaupmannahöfn	5°	Mallorca	18°	Ósló	1°	Stokkhólmur	3°
Berlín	5°	Friedrichshafen	5°	Las Palmas	21°	New York	1°	París	8°		

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

FALLEGRI JÓLATRÉ Í 40 ÁR

Eigum til úrvals normannsþin sérvalinn af sérfræðingum Blómavals, ásamt rauðgreni og stafafuru í öllum stærðum.

JÓLATRÉ 20% afsláttur um helgina

Normannsþinur
Stafafura
Rauðgreni

JÓLATRÉ & JÓLAVÖRUR 20-50% afsláttur

NÝTT KORTA TÍMABIL

JÓLATRÉ 20% • INNISERÍUR 20% • SMÁRAFTÆKI 20%
JÓLAKÚLUR 20-50% • JÓLALJÓS 20-50% • LEIKFÖNG 30%
KERTI 20% • JÓLASKREYTINGAREFNI 20%
JÓLASTYTTUR 20% • ÚTISERÍUR 20-50%

JÓLASTEMNING Í SKÚTUVOGI OPIÐ TIL 21:00 ALLA DAGA

Jólasveinar heimsækja okkur í Skútuvogi kl. 15 og kl. 17 á laugardag og sunnudag

Heitt kakó og piparkökur í jólatrjáasölunni.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

Gildir til 15. desember eða meðan birgðir endast. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“, tilboðsvörum og KitchenAid vörum.

1. Hvenær á Anita Briem von á sínu fyrsta barni?
2. Hvað hlaut Hreiðar Már Sigurðsson þungan dóm í Al-Thani málinu?
3. Til hvaða borgar hefur easyJet hafið áætlunarflug?

SVÖR
1. Í lok desember. **2.** Fimm og hálft ár. **3.** Bristol.

Norður-kóresk stjórnvöld sendu frá sér 2.700 blaðsíðna greinargerð vegna aftöku Jangs Song-thaek:

Yfirlýsing um að gagnrýni verði ekki liðin

NORÐUR-KÓREA, AP Jang Song-thaek var til skamms tíma næstvaldamesti maður Norður-Kóreu. Almenningur þekkti hann sem föðurlegan öldung, en hann hefur nú verið tekinn af lífi með litlum sem engum fyrirvara.

Nokkrum dögum fyrr hafði hann verið sviptur öllum embættum og sakaður um spillingu, kvennafar, fjárhættuspil og fíkniefnaneyslu.

Fréttirnar af aftökunni komu á óvart, en þær fóru hátt í ríkisfjölmiðlum og 2.700 blaðsíðna greinargerð var birt opinberlega, að því er virðist til að útskýra fyrir umheiminum hvers konar óbermi þessi maður hafi verið.

Í greinargerðinni er farið mörgum orðum um að hann hafi reynt að grafa undan stjórn landsins með ýmiss konar vélabrögðum, og fullyrt að hann hafi haft það markmið að sölsa undir sig öll völd í landinu.

Jang var í innsta hring fjölskyldunnar sem stjórnað hefur Norður-Kóreu öll þau sextíu ár, sem landið hefur verið til. Hann var tengdasonur fyrsta leiðtogans, Kim Il-sung, og þar með kvæntur föðursystur Kim Jong-un, núverandi leiðtoga sem tók við af föður sínum fyrir tveimur árum.

Með aftökunni virðist eiga að senda skýr skilaboð til almennings í landinu um að engin gagnrýni á stjórn Kim Jong Ils verði liðin. - gb

FRÉTTIRNAR LESNAR Íbúar Norður-Kóreu fylgdust agndofa með atburðum dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vilja Pál Magnússon á brott:

1.800 manns skrifað undir

UNDIRSKRIFTASÖFNUN Rúmlega 1.800 manns höfðu síðdegis í gær skrifað undir áskorun á netinu þar sem stjórn Ríkisútvarpsins er hvött til að framlengja ekki ráðningarsamning við núverandi útvarpsstjóra, Pál Magnússon. Undirskriftasöfnunin hófst á mánudaginn.

PÁLL MAGNÚSSON

Í áskoruninni er því mótmælt hvernig staðið hefur verið að yfirstjórn Ríkisútvarpsins og hvernig forgangsraðað er í fjármálum stofnunarinnar með aför að kjarna starfseminnar. Farið er fram á að staða útvarpsstjóra verði auglýst og sett verði skilyrði um víðtækan skilning á hlutverki almannaútvarps og lagaskyldum Ríkisútvarpsins. - fb

Eldri borgarar í Reykjavík:

Vilja efndir á loforðum stjórnarflokka

SAMFÉLAGSMÁL Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík krefst þess að stjórnarflokkarnir standi við kosningaloforðin, sem þessir flokkar gáfu öldruðum og öryrkjum í aðdraganda síðustu þingkosninga. Þetta kemur fram í ályktun félagsins.

Þá segir að stærsta kosningaloforðið var loforðið um að leiðrétta lífeyrinn vegna kjaragliðnunar undanfarin fjögur ár. Sú leiðrétting þýðir 20% hækkun lífeyris aldraðra og öryrkja. Kjaranefndin krefst þess að þetta loforð verði uppfyllt strax.

Kjaranefndin fer jafnframt fram á að ríkisstjórnin stöðvi þegar í stað skerðingu lífeyris aldraðra frá almannatryggingum vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. - jme

Ekki ákært vegna áfengisauglýsinga

Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum hafa sent Ríkislögreglustjóra tæpar 300 kærur og ábendingar vegna ólöglegra áfengisauglýsinga frá því um mitt ár 2011. Þrátt fyrir það hefur lögreglan ekki ákært í neinum slíkum málum frá árinu 2008.

SAMFÉLAGSMÁL „Okkur finnst það mjög sérstakt að áfengisauglýsingar skuli vera látnar átölulausar. Það er merkilegt að virðing yfirvalda gagnvart réttindum barna og unglinga skuli ekki vera meiri en þetta," segir Árni Guðmundsson, formaður Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum.

ÁRNI GUÐMUNDSSON

Samtökin hafa frá miðju ári 2011 fengið 278 ábendingar og kærur um ólöglegar áfengisauglýsingar í fjölmiðlum í gegnum heimasíðu sína. Á bak við hverja kæru eða ábendingu eru mismunandi margir foreldrar eða allt að tólf en oftast eru það tveir til þrír sem eru á bak við hverja kæru.

Samtökin voru stofnuð árið 2008 og settu þá upp heimasíðu. Ráðist var á síðuna og því liggja upplýsingar um fjölda kæra ekki fyrir frá 2008 og fram til 2011.

Árni áætlar hins vegar að kærur og ábendingar frá samtökunum frá upphafi séu orðnar 600 til 700. Hann segir að lögreglan virðist úrræðalaus gagnvart málinu því ekki hafi verið gefnar út opinberar ákærur vegna ólöglegra auglýsinga frá árinu 2008.

„Við erum afar undrandi á því að það skuli ekki vera gefnar út neinar ákærur í þessum málum. Að okkar mati er það alvarlegt brot þegar verið er að ota áfengi að börnum og unglingum. Oft eru auglýsingarnar dulbúnar, léttöl sem er í nákvæmlega eins umbúðum og sterkt öl er auglýst. Án þess að nokkur áhersla sé lögð á framleiðslu léttölsins," segir Árni

Hjalti Björnsson áfengisráðgjafi segir að rannsóknir hafi sýnt að áfengisauglýsingar hafi áhrif á börn og unglinga.

„Það segir sig sjálft að menn væru ekki að eyða peningum í áfengisauglýsingar ef þær virkuðu ekki. Unglingar og börn eru áhrifagjarnari en fullorðið fólk og það er auðveldara að hafa áhrif á þau," segir Hjalti og bætir við að það hljóti að vera siðferðileg spurning hvers vegna menn séu að setja lög ef það megi svo brjóta þau.

Ekki náðist í fulltrúa lögreglunnar við vinnslu fréttarinnar.

jme@frettabladid.is

HAFA ÁHRIF Áfengisauglýsingar hafa áhrif á börn og unglinga segir áfengisráðgjafi. Þrátt fyrir hundruð ábendinga um ólögmætar áfengisauglýsingar gerir lögreglan ekkert í málunum segja Foreldrasamtök gegn áfengi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bann við áfengisauglýsingum

Í reglugerð um bann við áfengisauglýsingum frá 1989 segir að hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum séu bannaðar.

Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum. Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings þar sem sýndar eru í máli eða myndum, áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar á áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna.

Þrjár konur í fimm efstu sætunum á lista Bjartrar framtíðar í Reykjavík:

Björn Blöndal mun leiða listann

SVEITARSTJÓRNARMÁL Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra og tónlistarmaður, mun leiða lista Bjartrar framtíðar í komandi borgarstjórnarkosningum. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi Bjartrar framtíðar rétt í þessu.

Eins og komið hefur fram ætlar Jón Gnarr borgarstjóri ekki að sækjast eftir endurkjöri og ætlar að snúa sér aftur að gríninu. Besti flokkurinn, sem Jón fór fyrir, mun renna inn í Bjarta framtíð.

Alls eru sex konur í tíu efstu sætunum á listanum, sem kynntur var í gær, og þrjár í efstu fimm sætunum.

Athygli vekur að borgarfulltrúarnir Karl Sigurðsson, oft kenndur við Baggalút, Einar Örn Benediktsson, fyrrverandi Sykurmoli, og Páll Hjaltason, borgarfulltrúi og arkitekt, verða ekki meðal efstu manna á listanum. Ilmur Kristjánsdóttir leikkona kemur ný inn á listann í þriðja sæti. - kh, bj

LISTINN KYNNTUR Fulltrúar Bjartrar framtíðar kynntu framboðslista sinn í Hljómskálanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Listi Bjartrar framtíðar

1. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra og tónlistarmaður
2. Elsa Yeoman, forseti borgarstjórnar og húsgagnasmiður
3. Ilmur Kristjánsdóttir leikkona
4. Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi
5. Ragnar Hansson leikstjóri
6. Magnea Guðmundsdóttir arkitekt
7. Kristján Freyr Halldórsson, bóksali og tónlistarmaður
8. Margrét Kristín Blöndal, varaborgarfulltrúi og tónlistarmaður
9. Heiðar Ingi Svansson bókaútgefandi
10. Diljá Ámundadóttir varaborgarfulltrúi

TAX FREE DAGAR

ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 12. - 15. desember afnemum við VSK* af **ÖLLU Á DÖMUNA.**

Dömufatnaður, dömunærföt, dömunáttföt, dömusokkabuxur, dömuskór, dömutöskur, dömuklútar og dömufylgihlutir án VSK þessa 4 daga.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. desember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Fortíð táknmálstúlksins á minningarathöfn um Nelson Mandela er gruggug:

Túlkurinn ákærður fyrir morð

JÓHANNESARBORG, AP Stjórnvöld í Suður-Afríku sögðust í gær hafa frétt af því að táknmálstúlkurinn á minningarathöfn um Nelson Mandela hefði eitt sinn verið ákærður fyrir morð. Að sögn fjölmiðla var hann einnig ákærður fyrir nauðgun og innbrot, og dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir þjófnað.

Rannsókn stendur yfir á bakgrunni Thamsanqa Jantjie og hvers vegna hann var ráðinn sem túlkur við athöfnina. Hann stóð aðeins nokkra metra frá Barack Obama Bandaríkjaforseta, sem er einn mest verndaði maður heimsins. Á sviðinu voru einnig Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku, og leiðtogar frá Kína og Kúbu.

Fram hefur komið að enginn skildi táknmálstúlkunina. Jantjie gaf þá skýringu að hann hefði fengið geðklofakast og séð engla á meðan á túlkuninni stóð. „Við munum rannsaka málið til hlítar," sagði Phulma Williams, upplýsingafulltrúi stjórnvalda í Suður-Afríku. - fb

VIÐ HLIÐINA Á OBAMA Samkvæmt suðurafrískri sjónvarpsstöð var Thamsanqa Jantjie ákærður fyrir morð og nauðgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hætti kennslu vegna nafnlauss áburðar

Mikill harmur ríkir meðal nemenda við Norðlingaskóla vegna brotthvarfs Ragnars Þórs Pétursonar sem var kennari við skólann. Yfirvöldum barst nafnlaus ábending og eftir að lítið varð úr rannsókn, sem Ragnar krafðist, sagði hann upp störfum.

MENNTAMÁL Harmur og tregi er ríkjandi meðal barna og foreldra við Norðlingaskóla eftir að Ragnar Þór Pétursson kennari ákvað að hætta í kjölfar þess að skólayfirvöldum barst nafnlaus ábending um að hann væri varhugaverður í námunda við börn.

Fæstir vita hvað stóð í þessari ábendingu. Ragnar Þór fór í kjölfar þess að hún barst í veikindaleyfi og eftir að rannsókn málsins, sem hann fór fram á að yrði, virtist gufa upp sagði hann upp störfum. Ragnar hefur greint ítarlega frá málinu á bloggsíðu sinni.

Blaðamaður hefur skoðað lokaða Facebook-síðu þar sem nemendur við Norðlingaskóla, sem og foreldrar, gráta kennara sinn. Þar er Ragnar Þór ausinn lofi og af mörgum nemendum sagður besti kennari sem þau hafa nokkru sinni haft.

Sif Vígþórsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóla, segist bundin trúnaði og geti ekki tjáð sig um málefni einstakra starfsmanna. Borist hafi nafnlaus tilkynning vegna starfsmanna við Norðlingaskóla um miðjan janúar 2013. Brugðist hafi verið við þeirri tilkynningu í samræmi við starfsmannastefnu skólans og verklagsreglur skóla- og frístundasviðs.

Í verklagsreglunum er meðal annars kveðið á um að ef tilkynning af þessum toga berist skuli Barnavernd Reykjavíkur tilkynnt um málið. Það var gert og málið var rannsakað á forsendum áðurnefndrar greinar barnaverndarlaga. „Þar sem ekkert kom út úr þeirri rannsókn er litið svo á, af hálfu Norðlingaskóla, að málinu sé lokið," segir Sif.

Ragnar Þór segir að atburðir vikunnar hafa hleyptu illu blóði í nemendur hans og einhverja foreldra. Mikil vanlíðan og reiði kraumar undir yfirborðinu sem beinist að skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, sem Ragnar segir hafa dregið lappirnar við rannsókn málsins.

„Ég vil gjarnan gefa börnunum tækifæri til að ná áttum og jafnvægi áður en ég ýti málinu áfram sjálfur. Það gefur líka umræddum aðilum tóm til að bregðast við," segir Ragnar. „Það er stutt í heykvíslar og kröfugöngur hjá nemendum og foreldrum. Ég ætla að leyfa þeim aðeins að kólna áður en ég fer af stað aftur. Sem verður væntanlega að gera því þau virðast ætla að hunsa þetta."

Ábendingin var svo opin og óljós að barnavernd hafi brugðist við henni með því að senda út opna spurningu í öll sveitarfélög sem Ragnar hefur unnið við til að athuga hvort eitthvað hefði komið upp: „Ég hef sjálfur aldrei fengið að sjá þessa ábendingu," segir Ragnar. jakob@365.is

NEMENDUR Foreldrar og nemendur harma brotthvarf Ragnars Þórs, sem meðal annars stóð fyrir spjaldtölvuvæðingu skólans. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það er stutt í heykvíslar og kröfugöngur hjá nemendum og foreldrum. Ég ætla að leyfa þeim aðeins að kólna áður en ég fer af stað aftur.**
>
> *Ragnar Þór Pétursson, fyrrverandi kennari við Norðlingaskóla*

Forsætisráðherra gefur lítið fyrir gagnrýni AGS á boðaðar skuldaleiðréttingar:

Aldrei reynst almenningi vel

ALÞINGI Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra gefur lítið fyrir gagnrýni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á skuldaaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Hann segir að sjóðurinn hafi alltaf verið á móti almennum aðgerðum og að pólitísk stefna hans hafi aldrei reynst almenningi vel.

Þetta kom fram í máli forsætisráðherra á Alþingi í gær. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að skuldaaðgerðirnar séu verðbólguhvetjandi og að þær muni auka vanda Íbúðalánasjóðs. Seðlabanki Íslands tekur í svipaðan streng.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, tók málið upp á Alþingi og kallaði eftir viðbrögðum frá forsætisráðherra.

Forsætisráðherra sagði að afstaða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefði alltaf legið fyrir.

„Ég hef fyrir mitt leyti marglýst því að ég sé algjörlega ósammála þeirri pólitík sem AGS rekur og hefur því miður ekki reynst heimilum sérstaklega vel í mörgum eða flestum þeirra landa þar sem AGS hefur komið að málum," sagði Sigmundur.

Sigmundur sagði hins vegar að afstaða Seðlabankans væri jákvæðari en hann hefði átt von á.

„Það er reyndar í áætlun bankans örlítið meiri verðbólga heldur en í þeirri greiningu sem sérfræðihópurinn vann. En það eru ekki veruleg áhrif," sagði Sigmundur. - hks

Á ÞINGI Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir afstöðu Seðlabankans til boðaðra skuldaleiðréttinga jákvæðari en hann hafi búist við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÁBÆR TILBOÐ!

SPARIÐ 5000 AF SÆNG

Koddi
50 x 70 sm.
3.995

DÖNSK FRAMLEIÐSLA

BASIC FRÁBÆRT VERÐ

FULLT VERÐ: 14.950

9.950

HOLGER DANSKE SÆNG
Gæðasæng með 100% vönduðu og þéttu bómullaráklæði. Tilvalin fyrir ofnæmissjúklinga. Saumuð í ferninga og því helst fyllingin jöfn yfir alla sængina. Fyllt með 100% af hvítu, evrópsku andafiðri. Þyngd: 1200 gr. Sængurtaska fylgir. Koddi 50 x 70 sm. **3.995**
Vnr. 4049850, 4249804

NÝTT KORTATÍMABIL
VISA MasterCard
12.12.13

ARDALA OG VOLGA BAÐSLOPPAR
Mjúkur og góður baðsloppur úr 100% bómull á frábæru verði!
Fáanlegur í ljósum og svörtum lit. Stærðir: S-XL.
Vnr. 2800802, 2800863

40% AFSLÁTTUR

100% BÓMULL

FULLT VERÐ: 9.995

5.995

FULLT VERÐ: 12.950

9.995

23% AFSLÁTTUR

XQ MAX STÝRISSLEÐI
Flottur sleði með stýri og bremsum á frábæru verði!
Vnr. 128060000

SKARTGRIPATRÉ

995

SKARTGRIPATRÉ
Fæst í hvítu og svörtu.
Hæð: 36 sm.
Vnr. 42154001

KÖKUDISKUR

1.695

KÖKUDISKUR
Flottur kökudiskur á tveimur hæðum.
Hæð: 46 sm.
Vnr. 36452001

50% AFSLÁTTUR

BÓMULLARSATÍN

140 X 200 SM. FULLT VERÐ: 9.995

4.995

SPARIÐ 1000

3 STK.

3 STK. FULLT VERÐ: 2.995

1.995

IRENE OG HELENA HANDKLÆÐASETT
Falleg handklæðasett með flottu munstri. 3 stk. í pakka í stærðum: 68 x 127 sm. 40 x 71 sm. og 33 x 33 sm. Vnr. 201-13-1014

25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TUNGUSÓFUM OG SÓFUM!

LOTUS SÆNGURVERASETT
Virkilega vandað og gott sængurverasett. Efni: 100% bómullarsatín.
Stærðir:
140 x 200 sm. **9.995** nú **4.995**
140 x 220 sm. **10.950** nú **5.475**
200 x 220 sm. **14.950** nú **7.475**
Lokað með tölum.
Vnr. 131-13-1129, 131-13-1129 , 134-13-1047

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

NÚ VERÐ FRÁ:

2.295

NÁTTBUXUR
Þægilegar barna- og fullorðinsnáttbuxur. Fást í 4 mismunandi litum. Stærðir: 4-14 ára **2.985** nú **2.295** Fullorðinsstærðir S-XXL **3.895** nú **3.195** Vnr. RL-557BLUE JR, RL-551PINK G

JÓLAVÖRUÚTSALAN ER BYRJUÐ!

50% AFSLÁTTUR

SANTA HANDKLÆÐI
Flott jólahandklæði. Stærð: 40 x 71 sm.
Vnr. 1005-13-1170

FULLT VERÐ: 995

499

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.995

1.495

LAE DÚKUR
Fæst í rauðu og beige. Stærð: 85 x 85 sm.
Vnr. 550-30003

JÓLAKÚLUSKRAUT
Krans stærð: Ø39 sm.
Strýta hæð: 42,5 sm.
Vnr. 1001-13-1023
1001-13-1027

FULLT VERÐ: 4.995

2.495

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 5.995

2.995

40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ PR. MTR. 995

595

FESTIVE VAXDÚKUR
Glær jólavaxdúkur með fallegu munstri.
Vnr. 502-13-1001

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

jura

ENA MICRO 9 ONE TOUCH

Fékk hæstu einkun hjá þýsku neytendasamtökunum en 14 vélar voru prófaðar. Hægt að velja um kaffi, espresso, latte macchiato, cappuccino eða heitt vatn í te með því að þrýsta á einn hnapp.

Líttu við hjá Eirvík og kynntu þér ENA 1 eða ENA 9 OneTouch með Aroma+ og við bjóðum þér í kaffi.

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja neytendur til að sækja sinn rétt:

Krefja endurgreiðslu með bréfi

NEYTENDUR Hagsmunasamtök heimilanna hafa útbúið staðlað bréf fyrir neytendur sem þeir geta notað til að krefja lánastofnanir endurgreiðslu ofgreidds lánskostnaðar. Um er að ræða samninga um neytendalán með ólögmætum skilmálum á borð við gengistryggingu eða til að mynda þar sem upplýsingar um lánskostnað eru ekki tilgreindar með skýrum hætti.

„Hugmyndin að þessu bréfi kom upp vegna tilkynningar Lýsingar um að fólk þyrfti að sækja um leiðréttingu fyrir ákveðinn tíma annars yrði það fyrnt. Við vildum gera neytendum auðveldara fyrir með stöðluðu bréfi," segir Vilhjálmur Bjarnason, ekki fjárfestir og formaður Hagsmunasamtaka heimilanna.

VILHJÁLMUR BJARNASON

Hann segir neytendur á Íslandi ekki nógu vakandi fyrir að virkja sinn rétt. „En í raun eiga neytendur ekki að þurfa að standa í þessu. Lánastofnunin á að eigin frumkvæði að bera ábyrgð á að leiðrétta lánin. Neytandinn á ekki að hafa áhyggjur af því að það sé verið að svíkja hann í samningum. En þetta bréf getur þó hjálpað til."

Kröfubréfið, þar sem farið er fram á endurgreiðslu auk dráttavaxta, er hægt að nálgast á heimasíðu samtakanna, fylla út og senda í ábyrgðarpósti. - ebg

Lúðvík Geirsson að hætta:

Mun ekki gefa kost á sér í vor

HAFNARFJÖRÐUR Lúðvík Geirsson, fyrrverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðar, ætlar ekki að gefa kost á sér fyrir kosningarnar næsta vor. Þetta kemur fram í bæjarblaðinu Hafnarfjörður.

LÚÐVÍK GEIRSSON

Lúðvík hefur verið í bæjarstjórn Í Hafnarfirði í um tvo áratugi og bæjarstjóri frá árinu 2002 til ársins 2010. Hann er nú bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í bænum.

Í samtali við bæjarblaðið segir Lúðvík að hann hafi upplifað margt á ferli sínum en nú sé komið að nýju fólki að taka við. - hrs

TIL SPÁNAR Leikfélag Sólheima er á leiðinni til Spánar í fyrsta sinn í sumar. Edda Björgvinsdóttir verður leikstjóri.

Leikfélag Sólheima stígur á svið á Spáni

Leikfélag Sólheima frumsýnir nýtt verk á sumardaginn fyrsta eins og síðustu 82 ár. Í þetta sinn verður leikfélagið í samstarfi með spænskum leikhópi og saman stíga þau á svið í Þjóðleikhúsinu. Sólheimahópurinn er líka á leið til Spánar í sumar.

LEIKLIST Fljótlega eftir áramót hefjast æfingar hjá Leikfélagi Sólheima á nýju leikriti sem verður frumsýnt á sumardaginn fyrsta, rétt eins og síðustu 82 árin. En þetta árið er óvenjulegt að því leyti að leikfélagið verður í samstarfi við annað leikfélag frá Madrid, höfuðborg Spánar.

Í byrjun maí mun spænski hópurinn koma til Íslands og sýna hóparnir saman í Þjóðleikhúsinu á upphafsdegi hátíðarinnar List án landamæra í Reykjavík. Í lok júní fer leikhópur Sólheima í sólina í Madrid og stígur á svið í þekktu leikhúsi þar í borg.

„Ég er alltaf svo þakklát og í gleðikasti í hvert skipti sem ég fæ tækifæri til að leikstýra þeim. Það kemst oft ekki fyrir á planinu mínu en núna hef ég tök á að leikstýra þessu spennandi verkefni," segir Edda Björgvinsdóttir, stórvinur samfélagsins í Sólheimum, sem ætlar að leikstýra Sólheimaflokknum.

Spænski hópurinn er í samstarfi við rithöfundana Auði Jónsdóttur og Þórarin Leifsson við að skrifa verk sem hefur sterka tengingu við Ísland. Sólheimaleikhúsið setur saman verk sem er byggt á verkum Federico García Lorca. Verkefnið er styrkt af þróunarsjóði EFTA.

Edda hefur þrívegis áður leikstýrt Sólheimaflokknum og aðspurð segir hún það alltaf jafngaman. „Þetta eru svo stórkostlega einlægir leikarar. Ef þú ætlar að njóta góðrar leiklistar þurfa að vera ekta tilfinningar á ferðinni og þær skorta þau ekki."

Henni líst vel á að fara í sólina til Spánar með leikfélaginu. „Ég veit að það er mikil tilhlökkun í hópnum. Það verður ofboðslega gaman að fara í útrás með listina. Þetta verður algjört ævintýri og við hlökkum svakalega mikið til að sýna þeim okkar útgáfu af Lorca."

freyr@frettabladid.is

➜ Listrænt uppeldi og upplifun

Leiklistin á Sólheimum er hluti af Rudolf Steiner-mannspekinni. „Hún snýst um að það sé svo mikilvægt að vera með listrænt uppeldi og upplifun til að hjálpa fólki til þroska. Þetta gerir Sólheimana að svo einkennilegu og sérstöku samfélagi því þau vinna við listsköpun," segir Edda Björgvinsdóttir.

HIN FULLKOMNA JÓLAGJÖF

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

Eymundsson
Bóksali frá 1872

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SÁ STÆRSTI KEMUR TIL BYGGÐA!

Áttfaldur Lottópottur stefnir í **125 tímamótamilljónir.**
Leyfðu þér smá Lottó!

Fríton/SÍA

THE EUROPEAN LOTTERIES
RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED
WORLD LOTTERY ASSOCIATION WLA

facebook.
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Formaður fjárlaganefndar gagnrýnir niðurskurð síðustu ríkisstjórnar:

Vill þjóðarsátt um fjárlögin

ALÞINGI Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, vonast eftir þjóðarsátt um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Hún gagnrýndi harkalega niðurskurðaraðgerðir síðustu ríkisstjórnar í heilbrigðismálum þegar hún mælti fyrir nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar um fjárlagafrumvarpið á Alþingi í gær.

„Segja má að forgangsröðun sú sem birtist í nefndaráliti meirihlutans sé þjóðarsátt um fjárlög ársins 2014. Við reisum við heilbrigðis-

VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

GUÐBJARTUR HANNESSON

kerfið sem holað var að innan í tíð síðustu ríkisstjórnar jafnt á Reykjavíkursvæðinu sem og á landsbyggðinni. Við forgangsröðum í þágu fólksins í landinu öllu í grunnþjónustunni og þá sleppum við óþarfanum sem sumir kalla gæluverkefni fyrri ríkisstjórnar. Við náum að snúa af braut hömlulausra útgjalda í ríkisrekstri í það að skila hallalausum fjárlögum og meira að segja að skila örlitlum afgangi," sagði Vigdís.

Guðbjartur Hannesson, þingmaður og fyrrverandi velferðarráðherra, sagði að gagnrýni Vigdísar væri ómálefnaleg og ekki til þess fallin að ýta undir málefnalega umræðu um fjárlögin. - hks

Þakklæti fyrir spjall og bensínþjónustu

Á tímabili leit út fyrir að sjálfsalar tækju við af útiþjónustu á bensínstöðvum. Þjónustan lifir þó góðu lífi á 35 stöðvum á höfuðborgarsvæðinu og í Vesturbænum er sérlega vinsælt að hitta á Guðmund Benjamín sem dekrar við viðskiptavinina.

NEYTENDUR Fyrir nokkrum árum fjölgaði sjálfsölum verulega á bensínstöðvum sem æ fleiri nýttu sér til að spara bensínkostnað. En það eru alltaf einhverjir sem vilja heldur þjónustuna, hvort sem það er að setja bensín á bílinn eða athuga með olíuna, og á höfuðborgarsvæðinu eru 35 bensínstöðvar sem enn bjóða upp á slíka þjónustu.

Í samtali við Olís, Skeljung og N1 kom fram að öll fyrirtækin leggi upp úr þjónustu við viðskiptavini og ekki er séð fram á að sjálfsalinn muni alfarið taka við af þjónustunni. Áhersla á þjónustu starfsmanna á plani hefur þó farið minnkandi vegna minnkandi eftirspurnar. Fyrir um ári byrjaði Skeljungur að bjóða upp á jafn dýrt bensín í sjálfsafgreiðslu og þjónustu og þá kom í ljós að kúnnarnir vilja gjarnan þiggja þjónustuna.

Guðmundur Benjamín Jóhannesson starfar við útiþjónustu á Stöðinni á Birkimel í Vesturbænum. Ófá þakkarbréf hafa verið send til stjórnenda Skeljungs þar sem einstök þjónustulund hans er lofuð. Guðmundur kannast vel við það að fólk sé þakklátt fyrir þjónustuna.

„Maður minnir á frostlöginn, býðst til að athuga með vatnið og olíuna, bendir því á að rúðuþurrkurnar eru handónýtar og býðst til að skipta, athugar með loft í dekkjum og svo framvegis. Þetta er eitthvað sem fólk kann virkilega vel að meta. Svo þegar það er vont veður þá finnst því voða notalegt að fá þjónustu og geta verið inni í hlýjum bíl."

Guðmundur hefur unnið á bensínstöðinni í fimmtán ár og gegnt ýmsum störfum en skemmtilegast

STARFSMAÐUR Á PLANI Guðmundur Benjamín Jóhannesson segir útiveruna og spjall við hressa kúnna vera það besta við starfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þykir honum að vera í þjónustunni úti við. „Útiveran hentar mér vel. Maður hefur alla lóðina til að rölta um og teygja á sér. Svo er gaman að hitta skemmtilega kúnna og maður er farinn að þekkja fastakúnnana ansi vel. Maður er bara tilbúinn með þjónustuna og vöruna þegar þeir koma því maður veit hvað þeir vilja. Við erum eiginlega eins og lítil fjölskylda hérna, sama starfsfólkið búið að vera lengi og allir þekkja alla."

Á tímabili fyrir nokkrum árum stóð til að þjónusta á stöðinni myndi hætta og var þjónustan takmörkuð verulega. „Þá var fólk ekki alveg sátt enda mikið af eldra fólki sem kemur og treystir á að við förum aðeins yfir bílinn yfir góðu spjalli," segir Guðmundur.

> **Við erum eiginlega eins og lítil fjölskylda hérna, sama starfsfólkið búið að vera lengi og allir þekkja alla.**
>
> *Guðmundur Benjamín Jóhannesson, starfsmaður á plani Stöðvarinnar*

erlabjorg@frettabladid.is

Glæsilegar hrærivélar frá Bosch, nú á jólaverði.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

FLESTIR VILJA HARÐA PAKKA

OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER

LAUGARDAGUR 14. DES.	10–18
SUNNUDAGUR 15. DES.	12–18
MÁNUDAGUR 16. DES.	10–18
ÞRIÐJUDAGUR 17. DES.	10–18
MIÐVIKUDAGUR 18. DES.	10–22
FIMMTUDAGUR 19. DES.	10–22
FÖSTUDAGUR 20. DES.	10–22
LAUGARDAGUR 21. DES.	10–22
SUNNUDAGUR 22. DES.	12–22
ÞORLÁKSMESSA 23. DES.	10–23
AÐFANGADAGUR 24. DES.	10–12
JÓLADAGUR 25. DES.	LOKAÐ
ANNAR Í JÓLUM 26. DES.	LOKAÐ
FÖSTUDAGUR 27. DES.	10–18
LAUGARDAGUR 28. DES.	10–18
MÁNUDAGUR 30. DES.	10–18
GAMLÁRSDAGUR 31. DES.	LOKAÐ
NÝÁRSDAGUR 1. JAN.	LOKAÐ
FIMMTUDAGUR 2. JAN.	10–18

VIKING STETIND
Dömu- og herragönguskór
Stærðir: 38-48
54.990 KR.

ZAMBERLAN VIOZ PLUS
Dömu- og herragönguskór
Stærðir: 37–48
49.990 KR.

ZAMBERLAN CROSSER
Dömu- og herragönguskór
Stærðir: 37–48
34.990 KR.

ZAMBERLAN PARROT
Dömu- og herragönguskór
Stærðir: 37–47
21.990 KR.

SOREL TIVOLI
Dömukuldaskór
Þrír litir
Stærðir: 36–43
34.990 KR.

SOREL GLACY EXPLORER
Dömukuldaskór
Tveir litir
Stærðir: 36–43
28.990 KR.

SOREL CARIBOU
Dömu- og herrakuldaskór
Brúnir
Stærðir: 37–47
29.990 KR.

COLUMBIA BUGABOOT
Herrakuldaskór
Litir: Brúnn og svartur
Stærðir: 41–48
14.992 KR.
Verð áður 19.990 kr.

COLUMBIA BUGABOOT
Herrakuldaskór
Litir: Brúnn og svartur
Stærðir: 41–50
22.492 KR.
Verð áður 29.990 kr.

COLUMBIA BUGABOOT
Dömukuldaskór
Litir: Brúnn og svartur
Stærðir: 36–42
22.492 KR.
Verð áður 29.990 kr.

AFAINNISKÓR
Opnir og lokaðir
Stærðir: 39–47
3.320 KR.

ZAMBERLAN SOLAR
Barnagönguskór
Tveir litir: Gráir/rauðir og grænir.
Stærðir: 28–40
17.990 KR.

COLUMBIA NEWTON
Barnagönguskór
Brúnir
Stærðir: 32–39
12.742 KR.
Verð áður 16.990 kr.

COLUMBIA BUGABOOT
Barnakuldaskór
Tveir litir
Stærðir: 32–39
14.992 KR.
Verð áður 19.990 kr.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 •
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **ellingsen.is**

PIPAR\TBWA • SÍA • 133463

REYKJAVÍK – AKUREYRI – REYKJAVÍK – AKUREYRI – REYKJAVÍK – AKUR

DÚNDURTILBOÐ – MIKILL AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

ÖLL SMÁVARA

25% AFSLÁTTUR

ALLIR PÚÐAR



30% AFSLÁTTUR

ÖLL JÓLAVARA

25% AFSLÁTTUR EF KEYPTUR ER KASSI

realflame

ÖRUGGT OG UMHVERFISVÆNT.
Real Flame arinn-eldsneyti í dós. Real Flame gelið er snarkandi og róandi á köldum haustdögum. Logar í þrjár klukkustundir.

FULLT VERÐ **790** STK

KASSI 24 DÓSIR 25% AFSLÁTTUR KR. 14.220

60% AFSLÁTTUR

MISY
Hliðarborð.
Litir: Svart, rautt, gult og grátt.

5.996

FULLT VERÐ: 14.990

50% AFSLÁTTUR

L A Z B O Y®

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LZB STÓLUM

IDAHO
La-Z-boy hægindastóll
ATH! EINGÖNGU FÁANLEGUR Í LJÓSU ÁKLÆÐI
Stærð: 78x75 H: 100 cm

IDAHO LZB STÓLL
44.995
FULLT VERÐ: 89.990

50% AFSLÁTTUR

ILANA borðstofustóll, svartlakkaðir viðarfætur. Ljóst PU-áklæði.

7.995

FULLT VERÐ: 15.990

40% AFSLÁTTUR

CECILE
borðstofustóll.
PU-svart.
Krómfætur

10.790

FULLT VERÐ: 17.990

50% AFSLÁTTUR

FRÁBÆRT VERÐ

EMPRESS
Borðstofuborð
Gegnheil sápuborin eik
Stærð: 200x100 cm.
H: 76 cm

99.990

FULLT VERÐ: 199.990

HÚSGAGNAHÖLLI

EYRI – REYKJAVÍK – AKUREYRI – REYKJAVÍK

– TAKMARKAÐ MAGN!

HÚSGAGNAHÖLLIN

LAUGARDAGUR TIL LUKKU!

OPIÐ ALLA HELGINA TIL KL. 18^{00}

FYRSTIR KOMA – FYRSTIR FÁ

Netgíró

Starfsfólk frá **NETGÍRÓ** mun verða í **HÚSGAGNAHÖLLINNI** í Reykjavík um helgina og kynna þennan nýja og spennandi greiðslumáta!

50% AFSLÁTTUR

KARISMA
borðstofuborð.
120 x 75 H 74 cm.
Bæsaður viður.

11.990
FULLT VERÐ: 24.990

100.000 AFSLÁTTUR

3+2 SETT

SANTANDER 3ja sæta sófi. 210x90 H 88 D xx cm. Svart leður á slitflötum
SANTANDER 2ja sæta sófi. 170x90 H 88 cm.

299.980
FULLT VERÐ: 399.980

40% AFSLÁTTUR

GENOVA hægindastóll.
Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur.
Litir: Dökkbrúnn
svartur og vínrauður

74.990
FULLT VERÐ: 124.980

100.000 KR. AFSLÁTTUR

129.990
FULLT VERÐ: 229.990

FRÁBÆRT VERÐ

CELICO tungusófi. 245x155 H 85 cm. Grátt slitsterkt áklæði

N • Bíldshöfða 20 • Reykjavík **OG** Dalsbraut 1 Akureyri **OPIÐ:** Virka daga 10-18, laugard. 11-18 og sunnud. 13-18 **EITT SÍMANÚMER:** 558 1100

MANDELA SYRGÐUR Í SUÐUR-AFRÍKU Viðbrögð fólks voru með ýmsum hætti eftir að hafa vottað Nelson Mandela virðingu sína, þar sem lík hans lá á viðhafnarbörum í stjórnarráðsbyggingunni í Pretoríu, höfuðborg Suður-Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HEIÐURSVÖRÐUR Í YFIRLIÐI Í BRASILÍU Einn heiðursvarða við forsetahöllina í Brasilíu liggur þarna á stéttinni, meðan hinir láta sem ekkert sé. Þeir voru að bíða eftir François Hollande Frakklandsforseta, sem kom í heimsókn til Dilmu Rousseff Brasilíuforseta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BACHELET DANSAR Í SÍLE Michelle Bachelet steig nokkur dansspor á kosningafundi í Santíagó í vikunni, en hún var forseti landsins 2006 til 2010 og þykir eiga sigurinn nokkuð vísan í forsetakosningum á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MEYJARINNAR FRÁ GUADALOUPE MINNST Í NÍKARAGVA Skrautklæddur dansari í Condega heldur á lofti mynd af meyjunni frá Guadaloupe, en hátíð hennar var haldin á fimmtudaginn í ríkjum rómönsku Ameríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

231.771.999 Aukakrónur endurgreiddar það sem af er ári

A-korthafar hafa fengið endurgreiddar ríflega 231 milljónir Aukakróna það sem af er ári. Aukakrónurnar safnast sjálfkrafa og má nýta í allt milli himins og jarðar hjá um 300 samstarfsaðilum. Ert þú með A-kort?

MÓTMÆLI Í BANGLADESS Bíleigandi harla stúrinn á svip við hliðina á bifreið sinni sem brennur ljósum logum í Dakka, höfuðborg Bangladess. Stuðningsmenn íslamistahreyfingarinnar Jamaat-e-Islami brugðust reiðir við þegar einn af leiðtogum þeirra, Abdul Quader Molla, var tekinn af lífi. Til óeirða kom og kveikt var í fjölda bifreiða. NORDICPHOTOS/AFP

FLÓÐ Í GASABORG Palestínsk ungmenni fara yfir götu á hestvagni eftir úrhellisrigningu í gær. Úrhellinu fylgdu gríðarleg flóð, svo loka þurfti skólum og bönkum. NORDICPHOTOS/AFP

Mánudagur » Krónan



Þriðjudagur » Hjólasprettur

Miðvikudagur » ÓB



Fimmtudagur

Föstudagur » Eva



Laugardagur » Kaffitár

Sunnudagur

Mánudagur » BabySam

Þriðjudagur » A4



Miðvikudagur » Olís



Aukakrónur

Það er auðvelt að safna.
Þú færð Aukakrónur fyrir:

» alla innlenda veltu af kreditkorti
» viðskipti við samstarfsaðila
» þjónustuþætti hjá Landsbankanum

Nánar á aukakronur.is

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Fimmtudagur » Caruso



LJÓSTÝRA Rafmagnslaust varð fyrir réttum tveimur árum í Vestmannaeyjum en þá hélt varaaflsstöð ljósum á bæjarskrifstofunum í Ráðhúsi Eyjamanna. Hitaveita bæjarins og sjúkrahúsið eru jafnframt búin varaaflsstöðvum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Rafmagnsleysið reynist okkur dýrt

Kostnaður samfélagsins síðustu níu ár vegna rafmagnsleysis er tæpir 14 milljarðar króna. Árið 2012 var það dýrasta í þessu tilliti um árabil. Klukkutíma rafmagnsleysi getur lagt sig á milljarða tjón. Veður og náttúruvá getur sett verulegt strik í reikninginn – hvenær sem er.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Árlegur samfélagslegur kostnaður af rafmagnsleysi á Íslandi hefur frá 2004 verið rúmlega 1,5 milljarðar á ári að núvirði. Árið í fyrra var það kostnaðarsamasta í langan tíma enda rafmagnsleysi á Vestfjörðum og á hluta Norðurlands enn minnisstætt.

Dýr klukkutími

Nokkur helstu raforkufyrirtæki landsins ásamt Orkustofnun mynduðu starfshóp í upphafi árs 1986 til að koma á skráningu rekstrartruflana og til að vinna að mati á kostnaði notenda vegna rafmagnsleysis (START). Skráning rekstrartruflana hefur því staðið yfir í rúmlega tvo áratugi og liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um truflanir í raforkukerfinu á síðustu árum.

Í nýrri skýrslu kemur fram hversu mjög nútíma samfélag er háð rafmagni, og ef eitthvað fer úrskeiðis er kostnaðurinn gríðarlegur. Á móti kemur mikið öryggi í orkuafhendingu hér á landi. Á undanförnum árum hafa notendur að meðaltali verið straumlausir í einn til þrjá tíma á ári eða 0,001-0,003% af árinu. En að gefnum flóknum forsendum má meta kostnaðinn sem af rafmagnsleysi hlýst.

Ef rafmagn fer af landinu öllu í eina klukkustund hefði slíkt 638 milljóna króna kostað að meðaltali í för með sér, miðað við árið 2011. Ef slík truflun verður um hávetur þegar atvinnulífið er á fullum afköstum væri kostnaðurinn mun meiri eða um 1,6 milljarðar á klukkustund. Ef truflun á sér stað utan reglulegs vinnutíma eru áhrifin minni en ella, og áætlað er að kostnaður við klukkustundar straumleysi um helgi að sumri til væri um 333 milljónir.

Töpuð gæði

„Fólk vill gleyma því hvað raforkan er mikilvæg í nútíma þjóðfélagi. Menn ættu að hafa það hugfast í umræðunni um flutningsvirkin hér innanlands," segir Jón Vilhjálmsson, rafmagnsverkfræðingur hjá verkfræðistofunni Eflu, og bætir við að meðalkostnaður vegna rafmagnsleysis frá 2004 til 2012 er 1,5 milljarðar á ári [verðlag 2012]. Heildarkostnaðurinn er því tæpir 14 milljarðar króna.

„Þetta er jú undirstaðan í öllu okkar atvinnulífi og afþreyingu. Þess vegna er það svona verðmætt að hafa rafmagn og á móti kemur mikið tjón ef þú hefur það ekki. Það er allt undir," segir Jón og bætir við að ár frá ári verði fólk háðara rafmagni vegna sífellt meira mikilvægis tölvukerfa fyrir fyrirtæki og fólk.

„Menn rengja oft tölur um kostnað sem þennan; að einstaklinguinn beri engan sérstakan kostnað. En þá verður að hafa hugfast hvað tapast ef einhver situr í kvikmyndahúsi, í leikhúsi eða á veitingastað, svo dæmi sé nefnt. Þetta er allt mjög verðmætt fyrir hvern og einn, bæði mælt í beinhörðum peningum og tilfinningalega."

Viðkvæmt atvinnulíf

Atvinnulíf er breytilegt á milli landshluta hér innanlands og af þeim sökum eru áhrif rafmagnsleysis mismunandi. Á höfuðborgarsvæðinu er þjónusta hlutfallslega mest en hún er ákaflega viðkvæm fyrir rafmagnsleysi. Á vinnutíma er kostnaður því hlutfallslega mestur á höfuðborgarsvæðinu, ef einungis er litið á almenna notkun og stóriðjunotendur því ekki teknir með. Í öðrum landshlutum er kostnaður háður aðstæðum á hverjum stað. Þar sem hann er hlutfallslega minnstur nemur hann um helmingi af kostnaði á höfuðborgarsvæðinu.

Iðnaður er einnig afar viðkvæmur fyrir rafmagnsleysi. „Hjá fyrirtæki er algengt að allt sem er í framleiðslu eyðileggst þegar rafmagn fer af, fyrir utan kostnað af því að hreinsa til áður en hægt er að koma framleiðslulínum af stað á ný. Eins eyðileggst viðkvæmt hráefni, svo maður tali ekki um álfyrirtækin sem þola ekki rafmagnsleysi nema í mjög afmarkaðan tíma áður en allt er ónýtt með gríðarlegum kostnaði því fylgjandi," segir Jón.

Náttúruöflin

Vegna afhendingaröryggis er langvinnt rafmagnsleysi fæstum ofarlega í huga. En aðstæður á Íslandi gefa tilefni til að vera á varðbergi. Dæmi frá síðasta ári gefa fullt tilefni til þess enda samfélagslegur kostnaður þess árs metinn hátt í þrjá milljarða króna.

„Aðstæður úti á landi eru mun erfiðari en sunnan- og suðvestanlands. Því hefur verið lagt í mikinn kostnað við dýrar varaaflsstöðvar eins og á Vestfjörðum þar sem liggur aðeins ein lína inn á svæðið. Þar er Landsnet núna að byggja 10 megavatta varaaflsstöð á Bolungarvík til að bæta afhendingaröryggi á Vestfjörðum, en sá fjórðungur landsins er sýnu verst staddur," segir Jón.

„Afhendingaröryggi er mikið sunnan- og vestanlands þar sem kerfið er mjög sterkt en það er aldrei hægt að útiloka rafmagnsleysi, sama hvað þú leggur margar línur eða strengi. Aðallega er það vegna veðurfars, en við höfum sloppið vel hvað varðar náttúruhamfarir. En það er alltaf möguleiki að flóð, eldsumbrot eða jarðskjálftar geti valdið miklum erfiðleikum," segir Jón.

„Það er aldrei hægt að útiloka rafmagnsleysi, sama hvað þú leggur margar línur eða strengi. Aðallega er það vegna veðurfars, en við höfum sloppið vel hvað varðar náttúruhamfarir.

Jón Vilhjálmsson

KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS 2004-2012*



** Kostnaður í milljónum króna á verðlagi hvers árs*



Aðventan er gleðileg í Garðheimum

HELGARTILBOÐ GARÐHEIMA

NORDMANNSÞINUR 20%
JÓLASKRAUT 20–40%
LJÓSASERÍUR 20–70%
KERTI 20–30%

YLJAÐU ÞÉR
Á HEITU KAKÓI
MEÐAN ÞÚ FINNUR
DRAUMATRÉÐ!

VERÐ FRÁ
2.792KR

OPIÐ TIL KL. 22
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Ofbeldismenn reyna að hræða vitni:

Vitnavernd vantar

Vitnaleiðslur í Stokkseyrarmálinu svokallaða gefa okkur innsýn í afskaplega ógeðslegan og dapurlegan veruleika glæpa og eiturlyfjaneyzlu, þar sem ólýsanlega hrottalegu ofbeldi er beitt. Margir hafa sjálfsagt kosið að loka augunum fyrir því að önnur eins andstyggð gæti þrifizt á Íslandi, en það verður ekki um villzt.

Þá vaknar að sjálfsögðu sú spurning hvernig sé hægt að uppræta ógeðið. Það verður annars vegar gert með forvarnarstarfi og hins vegar með því að taka hart á ofbeldisglæpum eins og þeim sem lýst hefur verið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Það getur hins vegar reynzt erfitt að fullnægja réttlætinu yfir ofbeldismönnum af þessari sort. Margir hverjir treysta þeir á ótta fólks í kringum sig til að ná sínu fram. Fréttablaðið sagði frá því á fimmtudaginn að ákæruvaldið hefði sterkan grun um að vitnum í málinu hefði verið hótað til að fá þau til að breyta framburði sínum eða bera ekki vitni.

Þannig liggur fyrir að eitt lykilvitnið í málinu, húsráðandinn á Stokkseyri þar sem hluti brotanna átti sér stað, varð fyrir grófri líkamsárás í haust, þar sem fingur og handarbein hans voru brotin með hamri. Hann heldur til í Bandaríkjunum og hefur ekki látið sjá sig fyrir dómi. Tvö önnur vitni höfðu skyndilega misst minnið, eftir að hafa greint nokkuð skilmerkilega frá málavöxtum í lögregluskýrslum. Það fjórða sagði frá því að það hefði fengið skilaboð um að „halda kjafti“. Minni spámennirnir í hópi sakborninga neita að tjá sig um nokkuð annað en eigin þátt í málinu.

Nú er varla við öðru að búast en að ofbeldismennirnir í Stokkseyrarmálinu verði sakfelldir, meðal annars vegna framburðar hugrakks fólks sem ekki lét hræða sig frá að bera vitni í málinu. Hins vegar verður lögreglan að bregðast við þegar uppvíst verður um að vitnum sé hótað.

Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari sagði í Fréttablaðinu að lögregluyfirvöld stæðu úrræðalaus gagnvart slíkum hótunum. Það er ekkert til sem heitir vitnavernd á Íslandi og að mörgu leyti snúið að koma henni við í okkar litla samfélagi. Nauðsyn hennar hefur hingað til verið lítill gaumur gefinn, en þó stendur til að ríkislögreglustjóri og ríkissaksóknari sendi frá sér tillögur um tilhögun vitnaverndar í mansalsmálum í þessum mánuði, samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn mansali.

Það er full þörf á að skoða líka hvaða möguleikar eru til að vernda vitni í annars konar ofbeldismálum. Helgi Magnús hefur nefnt að hægt væri að láta vitni hafa öryggishnapp tengdan Neyðarlínu. Fælingarmáttur hans virkar ekki nema lögreglan sé fljót að bregðast við. Vararíkissaksóknarinn hefur líka nefnt að hugsanlega gætu vitni dvalizt í „öruggu“ húsnæði nálægt lögreglustöð þar sem erfitt væri að hafa uppi á þeim. Sá möguleiki hefur stundum verið ræddur að Ísland gæti átt samstarf við önnur norræn ríki um að fólki yrði auðveldað að „hverfa“ og hefja nýtt líf í öðru landi, sem getur átt við í alvarlegustu málunum.

Svo mikið er víst að ástandið í undirheimum Íslands kallar á að gripið sé til aðgerða sem duga til að vernda vitni svo hægt sé að koma lögum yfir hrottana.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur P. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Drjúgur liðsmaður aðildar

Utanríkisráðherra er gegnheill í mótstöðu sinni við Evrópusambandið. En lífið er stundum þversagnakennt. Eftir að hann varð stjórnskipulega ábyrgur fyrir málasviðinu hefur hann í reynd lagt þeim málstað sem hann er svo andsnúinn drjúgt lið.

Frá kosningum hefur utanríkisráðherra ráðið Evrópuumræðunni. Hún hefur alfarið snúist um það sem hann hefur fært fram. Lítið hefur farið fyrir frumkvæði annarra.

Á sama tíma hefur stuðningur við aðild vaxið verulega og meirihluta fylgi við það sjónarmið að ljúka viðræðunum er ríflegra en áður. Líklegasta skýringin á þessu er sú að rökleysan í málflutningi ráðherrans hafi opnað augu margra fyrir því að málefnalega stendur andstaðan við að ljúka aðildarviðræðunum á brauðfótum.

Móthaldið við aðildina sjálfa hefur veikst af sömu ástæðu. En trúlega er það einnig fyrir þá sök að fleiri sjá nú en fyrir kosningar að ekki er verið að bjóða upp á aðra trúverðuga leið til varanlegs stöðugleika í peningamálum þrátt fyrir góð tök á ríkisfjármálunum.

Príþætt ástæða fyrir þjóðaratkvæði

Það þarf ekki sérfræðinga í stjórnmálafræðum til að sjá að ágreiningurinn um hvort halda eigi áfram aðildarviðræðunum verður aðeins leystur í þjóðaratkvæði. Ástæðan er príþætt:

Eitt er að síðustu kosningar snerust mestmegnis um annað efni. Annað er að skoðanir eru svo skiptar um málið í röðum kjósenda Sjálfstæðisflokks og VG að þingið ræður illa við uppgjör í málinu. Í þriðja lagi er skiljanlegt að núverandi stjórn eigi óhægt um vik að vinna með það umboð sem vinstri stjórnin fékk frá Alþingi.

Loforð forystu Sjálfstæðisflokksins um að efna til þjóðaratkvæðis um hvort halda ætti viðræðunum áfram var gefið í ljósi þessara aðstæðna. Það bar vott um að sú víðsýni var ekki með öllu horfin sem lengst af límdi flokkinn saman.

Framsókn fékk hins vegar óvenjulega sterka stöðu í kosningunum því að landsfundur Sjálfstæðisflokksins hafði í reynd útilokað samstarf við aðra flokka. Forysta framsóknarmanna nýtti sér þetta til að bregða fæti fyrir efndir á þessu loforði. Það er síðan ein helsta ástæðan fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki að ná sér á strik í skoðanakönnunum.

Þetta kom strax í ljós í sumar sem leið þegar utanríkisráðherra sagði að ef efnt yrði til þjóðaratkvæðis ætti að spyrja um afstöðu til aðildar en ekki hvort halda ætti viðræðum um möguleika á henni áfram. Allir sáu rökleysuna í því að greiða atkvæði um aðild án samnings um hana. Fæstir tóku því hugmynd ráðherrans alvarlega. En þó má vera að í ljósi flókinna aðstæðna hefði hún verðskuldað nokkra umræðu.

Á að gera út um málið í refskák?

Nú hefur menntamálaráðherra hent tillögu utanríkisráðherra á lofti. Fáir ætla honum að gera sér ekki grein fyrir rökleysunni að baki henni. Þessi innkoma menntamálaráðherra í umræðuna bendir því til að ríkisstjórnarflokkarnir hafi sæst á að freista þess að drepa málinu á dreif. Svo virðist því vera að ríkisstjórnin ætli að tefla refskák með þessa sérstöku tillögu utanríkisráðherra.

Taflið snýst um að láta í veðri vaka að ríkisstjórnin hafi með þessu boðist til að standa við loforðið um þjóðaratkvæði. Hún metur stöðuna þannig að tilboðinu verði hafnað vegna rökvillu í spurningunni. Þar með sé taflið unnið. Við fyrstu sýn er ógnun í þessum leik. En það er veikleiki í stöðunni.

Málið er að ríkisstjórnin gæti aldrei útilokað annað þjóðaratkvæði um endanlegan samning komist málið á það stig. Ella væri hún að veikja stöðu Íslands með því að segja við Evrópusambandið að allt sem eftir á að koma hafi verið samþykkt fyrirfram. Í raun yrði fyrri atkvæðagreiðslan því í eðli sínu ekki um annað en hvort leiða eigi viðræðurnar til lykta. Enginn myndi velkjast í vafa um það þótt spurningin yrði orðuð með villandi hætti af þrákelkni. Já-málstaðurinn gæti jafnvel fengið talsverða samúð út á refjarnar.

Auðvitað er hægt að gera út um spurninguna í svona refskák. En þetta mál er stærra en svo að það sé við hæfi. Spurningin snýst um það eitt hvort þjóðin er tilbúin að staðfesta þá ákvörðun Alþingis frá 2009 að sækja um aðild og fela ríkisstjórninni að leiða þær viðræður sem komnar eru vel á veg til lykta. Hvers vegna að spyrja þjóðina um annað en það sem ágreiningur er um á þessu stigi?

Vinstri stjórnin hafnaði illu heilli þjóðaratkvæði; fyrst hvort sækja ætti um og síðar hvort halda bæri viðræðum áfram. Forysta Sjálfstæðisflokksins vildi þá þjóðaratkvæði og lofaði því kæmist hún til valda. Vinstri flokkarnir virðast nú hafa skipt um skoðun. Hví að láta Framsókn hindra að þjóðin fái þetta vald þegar skoðanakannanir hafa í langan tíma sýnt að hún vill fá botn í málið með samningi?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

JÓLAGLEÐI

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

SKEMMTILEGAR UPPÁKOMUR ALLA HELGINA

LAUGARDAGUR 14. DESEMBER

Kl. 13 Jólasveinar
Kl. 14 Íþróttaálfurinn
Kl. 16 Jólasveinar
Kl. 17 Páll Óskar

Í Skemmtigarðinum
Kl. 15 Gosi
Kl. 17 Svenni Fjallabróðir

SUNNUDAGUR 15. DESEMBER

Kl. 13 Skólahljómsveit Kópavogs
Kl. 14 Jólasveinar
Kl. 16 Jólasveinar
Kl. 17 Eyjólfur og Sjonni
Kl. 20³⁰ Þór Breiðfjörð

Í Skemmtigarðinum
Kl. 15 Jólaball
Kl. 17 Leikhópurinn Lotta

SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ FRAM AÐ JÓLUM: 11-22 ÞORLÁKSMESSA: 11-23 AÐFANGADAGUR: 10-13 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

Eru undanskot stundum liðin?

SKATTUR

Elías Ólafsson
stjórnarmaður í Gámaþjónustunni hf.

Stundum heyrist í fjölmiðlum að ýmis fyrirtæki og einstaklingar séu sótt til saka fyrir undanskot frá sköttum. Við skattalagabrotum eru þung viðurlög í formi hárra sekta og jafnvel fangelsisvistar. Þessi lög gilda líka um opinbera aðila eins og Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Allir eru jafnir fyrir lögunum eða er ekki svo?

Fyrir um það bil sex árum hóf Gámaþjónustan að bjóða íbúum Reykjavíkur upp á Endurvinnslutunnuna en í hana má setja sjö flokka endurvinnsluefna. Tunnan er síðan losuð á fjögurra vikna fresti. Fyrir það greiða notendur fast gjald auk virðisaukaskatts.

Nokkrum misserum síðar hóf Reykjavíkurborg að bjóða upp á bláa tunnu fyrir pappír og fleira og innheimti fyrir þjónustuna með hækkuðum fasteignagjöldum og var enginn virðisaukaskattur lagður á. Gámaþjónustan benti yfirvöldum samkeppnismála á þetta en ekkert var aðhafst á þeim tíma.

Fyrir tæpum tveimur árum vakti Gámaþjónustan aftur máls á þessu, nú í bréfi til Ríkisskattstjóra. Í svari Ríkisskattstjóra frá í október sl. segir m.a.: „… fellur söfnun sveitarfélaga á efni til endurvinnslu undir skattskyldusvið laga nr. 50/1988, þegar sveitarfélög inna þjónustuna sjálf af hendi og teljast vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Af því tilefni ritaði ríkisskattstjóri bréf dags. 27. september 2013, þar sem Reykjavíkurborg er greint frá framangreindri niðurstöðu ríkisskattstjóra varðandi virðisaukaskattskyldu umræddrar starfsemi.“

Viðbrögð borgarinnar

Hver skyldu viðbrögð Reykjavíkurborgar vera við þessu bréfi Ríkisskattstjóra? Þau koma líklega best fram í nýlegri fjárhagsáætlun Reykjavíkur hvað varðar sorphirðugjöld. Í fyrra hækkaði almennt sorphirðugjald Reykjavíkurborgar um 14% en þjónustugjald fyrir blátunnu lækkaði um 12%. Nú á almennt sorphirðugjald að hækka um næstum því 10% samkvæmt fjárhagsáætlun enda engin samkeppni þar á ferðinni en gjald fyrir blátunnu á enn að lækka um 2%. Ekki benda þessi viðbrögð til þess að hefja eigi innheimtu á virðisaukaskatti af þessari þjónustu í bráð þrátt fyrir bréf Ríkisskattstjóra nema þetta sé bara „taxfree tilboð Reykjavíkurborgar“. Skilaboð Reykjavíkurborgar eru skýr: Áfram skal haldið að útrýma öllum samkeppnisaðilum og frumkvöðlum þessarar þjónustu af markaði.

➜ Er eðlilegt að sömu embættismenn gefi út starfsleyfi til fyrirtækja en séu um leið starfsmenn aðila sem keppa á sama markaði?

Gámaþjónustan hefur um skeið sótt um starfsleyfi til Reykjavíkurborgar til að auka þjónustu við heimili í Reykjavík. Þar er um að ræða sérstaka söfnun á lífrænum eldhúsúrgangi til jarðgerðar. Umsóknum hefur ítrekað verið hafnað og ýmsu borið við og er sumt af því tæplega svara vert eða hafandi eftir svo fjarstæðukennt er það. Reykjavíkurborg er samkeppnisaðili Gámaþjónustunnar á sumum sviðum þjónustu við borgarbúa eins og að framan greinir. Er ekki svolítið einkennilegt að fyrirtækið þurfi að sæta því að sækja um starfsleyfi til samkeppnisaðila síns? Í Rómaveldi var einhvern tíma spurt: „Hver á að gæta varðanna?“ (Quis custodiet ipsos custodes?). Spurningin á svo sannarlega enn við. Er eðlilegt að sömu embættismenn gefi út starfsleyfi til fyrirtækja en séu um leið starfsmenn aðila sem keppa á sama markaði?

SA vill semja um kjaraskerðingu

KJARAMÁL

Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

Ágæti launamaður.

Mig langar að gera stuttlega grein fyrir stöðunni í kjaraviðræðunum. Samninganefnd Alþýðusambands Íslands hafði um nokkra vikna skeið unnið ásamt Samtökum atvinnulífsins að ramma fyrir svokallaðan aðfarasamning til 8-12 mánaða sem lagt gæti grunninn að kjarasamningi til lengri tíma. Þegar kom að því að ræða launalið þessa skammtímasamnings þar sem stefnt yrði að auknum kaupmætti launa á grundvelli stöðugleika og sérstakri hækkun lægstu launa þá skelltu SA menn í lás. Þetta vildum við gera með því að hækka lægstu laun um ákveðna krónutölu en að síðan tækju önnur laun prósentuhækkunum. Tilgangur okkar með þessari leið var að lægstu launin hækkuðu hlutfallslega mest. Yfir því sáu SA ofsjónum fyrir utan að hafna almennum launabreytingum sem samninganefnd ASÍ var tilbúin að ræða og voru innan þeirra marka sem Seðlabankinn hefur nefnt sem þolmörk með tilliti til verðbólgu. Þessa afstöðu er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að Samtök atvinnulífsins vilji eingöngu semja um almenna kjaraskerðingu og leggja mjög lítið af mörkum til þeirra sem lægst hafa launin.

Það væri forvitnilegt að setja þann mun sem er á tilboði SA og hugmyndum ASÍ um hækkun launa í samhengi við laun forstjóra þeirra fyrirtækja, sem skráð eru á verðbréfamarkaði eða eru á leið í skráningu, þar sem hver og einn þeirra fær sem nemur margföldum árslaunum tekjulægsta fólksins. Þetta er ekki bara óeðlilegt, þetta er óásættanlegt. Við viljum ekki svona samfélag aukinnar misskiptingar á Íslandi. Undir það mun verkalýðshreyfingin aldrei skrifa.

➜ Tilgangur okkar með þessari leið var að lægstu launin hækkuðu hlutfallslega mest. Yfir því sáu SA ofsjónum.

Ráðstöfun viðbótarsparnaðar

EFNAHAGSMÁL

Ólafur Páll Gunnarsson
verkefnastjóri lífeyrissparnaðar hjá Landsbankanum og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins

Sérfræðihópur stjórnvalda kynnti nýverið tillögur um aðgerðir í skuldamálum heimilanna. Er þar um að ræða tvíþætt úrræði sem annars vegar lýtur að niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána og hins vegar fyrirheit um skattfrjálsa ráðstöfun viðbótarsparnaðar (líka nefnt viðbótarlífeyrissparnaður eða séreignarsparnaður) inn á þessi sömu lán. Viðbótarsparnaðurinn hefur fram til þessa verið afar hagkvæmt sparnaðarform meðal annars vegna framlags vinnuveitanda á móti iðgjaldi launþega og skattfrjálsrar uppsöfnunar sparnaðarins fram að töku lífeyris. Sá möguleiki að greiða megi óskattlagðan viðbótarsparnað inn á húsnæðislán gerir þennan sparnað jafnvel enn fýsilegri en áður.

Í skýrslu áðurnefnds sérfræðihóps kemur fram að mögulegt sé að yfirfæra hugmyndina um ráðstöfun viðbótarsparnaðar yfir á þann hóp sem ekki á sitt eigið húsnæði, t.d. með stofnun húsnæðissparnaðarreikninga. Þannig væri óskattlögðum viðbótarsparnaði safnað með sambærilegum hætti inn á reikning sem síðan yrði nýttur til greiðslu útborgunar í íbúðarhúsnæði. Hér virðast vera uppi ráðagerðir um að nýta þá umgjörð sem búin hefur verið um viðbótarsparnað til að auðvelda sparnað fyrir fyrstu kaup á íbúðarhúsnæði. Slík aðstoð, á tímum þar sem ráðstöfunarfé er af skornum skammti, getur lagt grunninn að nauðsynlegri eignamyndun þeirra sem eru að koma undir sig fótunum í samfélaginu og slíkt skiptir ekki minna máli en lífeyrissparnaður. Oftast er ævisparnaðurinn einmitt bundinn í þessu tvennu, þ.e. lífeyrissparnaði og eigin húsnæði.

Viðbótarsparnaðurinn hefur reynst vel

Viðbótarsparnaður byggir á iðgjaldi launþega og 2% mótframlagi launagreiðanda sem mynda inneign rétthafa. Iðgjaldið rennur óskattlagt inn á sjóð eða reikning rétthafans. Viðbótarsparnaðurinn er skattlagður eins og tekjur við úttekt en ólíkt hefðbundnum sparnaði er ekki greiddur fjármagnstekjuskattur af viðbótarsparnaði. Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum er heimilt að hefja úttekt inneignar við 60 ára aldur. Inneignin er ekki aðfararhæf og erfist að fullu við andlát rétthafa. Heimilt er að segja upp samningi um viðbótarsparnað með tveggja mánaða fyrirvara, uppsögn veitir hins vegar ekki rétt til útborgunar inneignar, en heimilt er að flytja hana á milli vörsluaðila. Uppsögn rýrir í engu uppsafnaðan sparnað þegar um er að ræða hefðbundinn viðbótarsparnað. Annað form viðbótarsparnaðar eru erlendar lífeyristryggingar en um þær gilda að ýmsu leyti aðrar reglur, m.a. eru takmarkaðir möguleikar á flutningi inneignar milli vörsluaðila.

➜ Hvað sem tillögum stjórnvalda líður þá verður viðbótarsparnaðurinn áfram mjög hagstætt sparnaðarform sem ætti að nýtast öllum launþegum.

Frá því að viðbótarsparnaðurinn var tekinn upp fyrir um 15 árum hefur hann reynst launþegum afar dýrmætur. Um síðustu áramót voru samanlagðar eignir almennings í viðbótarsparnaði um 380 milljarðar króna. Eftir efnahagshrunið 2008 var opnað fyrir takmarkaðar og tímabundnar útgreiðslur. Fjölmargir hafa nýtt heimildina og nemur samanlögð fjárhæð útgreiðslunnar yfir 80 milljörðum króna.

Tillögur stjórnvalda um tímabundna skattfrjálsa ráðstöfun viðbótarsparnaðar til niðurgreiðslu íbúðarlána fela í sér mikilvægt tækifæri fyrir þá sem geta nýtt sér kosti hans. Mótframlag launagreiðanda og skattleysi greiðslna inn á húsnæðislán gera viðbótarsparnaðinn að hagstæðum kosti fyrir þá sem vilja hámarka tekjur sínar og byggja upp eigið fé á sama tíma. Aðstæður manna eru hins vegar ólíkar og í einhverjum tilvikum mun umrætt úrræði ekki gagnast. Því er mikilvægt að hver og einn kynni sér reglur viðbótarsparnaðar og úrræði skuldaleiðréttingar þegar þau hafa verið útfærð. Hvað sem tillögum stjórnvalda líður þá verður viðbótarsparnaðurinn áfram mjög hagstætt sparnaðarform sem ætti að nýtast öllum launþegum.

Ríkisútvarp sem rís undir nafni

RÍKISÚTVARPIÐ

Tryggvi Gíslason
fréttamaður á Ríkisútvarpinu 1962-1968, skólameistari MA 1972-2003

Ríkisútvarp - sem rís undir nafni – er ein mikilvægasta stofnun samfélagsins ásamt Alþingi, mennta- og rannsóknarstofnunum, stofnunum heilbrigðiskerfisins í margbreytilegum myndum sínum, menningarstofnunum, svo sem leikhúsum og tónlistarfélögum – og þjóðkirkju.

Eðlilegt er að skiptar skoðanir séu um slíkar stofnanir svo og aðrar stofnanir sem reknar eru fyrir skattpeninga almennings, enda eru umræður stöðugar og skoðanir skiptar. Auk þess er umræða um atvinnulífið og fyrirtæki í eigu einstaklinga nauðsynleg, en slík fyrirtæki hafa ekki síður áhrif á daglegt líf, velsæld og velferð almennings en stofnanir hins opinbera.

Lýðræðisland – sem rís undir nafni

Í lýðræðislandi – sem rís undir nafni – þarf að vera vettvangur fyrir málefnalegar umræður um þessi og önnur álitamál svo og aðgengi að traustum upplýsingum um þjóðfélagsmál. Til þess að stuðla að þessari umræðu og veita upplýsingar höfum við fjölmiðla af margvíslegu tagi: blöð og tímarit, útvarp, sjónvarp og ekki síst hið mikla undur tækninnar – veraldarvefinn.

Enn sem komið er virðist mikilsverðasti fjölmiðillinn hér á landi – og í nágrannalöndum okkar, vera ríkisútvarp – rekið í almannaþágu. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er öflugt ríkisútvarp með mörgum rásum hljóðvarps og sjónvarps auk skóla- og kennslusjónvarps og kennsluútvarps og sjónvarps um listir og menningu.

Umræða – sem rís undir nafni

Í fyrstu grein laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu segir, að markmið laganna sé „að stuðla að lýðræðislegri umræðu og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu. Ríkisútvarpinu er falin framkvæmd hennar eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Ríkisútvarpið er þjóðarmiðill og skal rækja fjölbreytt hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu. Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð."

Ráðherra – sem rís undir nafni

Þessi markmiðslýsing Ríkisútvarpsins er því skýr og metnaður af hálfu löggjafans mikill að þessu leyti. Hins vegar eru ákvæði laganna „um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu" gölluð hvað varðar stjórn þess. Í þriðja kafla um Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins segir að Ríkisútvarpið sé sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins, ráðherra fari með eignarhlut ríkisins og stjórn skuli kosin á aðalfundi.

Þetta þýðir að ráðherra kýs einn stjórn á aðalfundi og getur einn ráðið öllu, sem hann gerir. Slíkt samrýmist illa fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu í lýðræðislandi þar sem valddreifing er fyrsta boðorðið – ekki einræði. Fyrirkomulagið er að vísu svipað í Noregi. Þar er löggjafinn hins vegar ekki að breiða yfir einræðið heldur segir einfaldlega: Ráðherra er aðalfundur útvarpsins: „Kirke- og kulturministeren er NRKs generalforsamling." En lýðræðisleg hugsun er lengra á veg komin í Noregi en á Íslandi og pólitísk aðhald meira.

Danska ríkisútvarpinu, Danmarks radio, er stjórnað af ellefu manna stjórn sem ráðherra skipar eftir tilnefningu frá Folketinget sem tilnefnir sex fulltrúa og starfsfólk Danmarks radio tvo. Sjálfur tilnefnir ráðherrann þrjá fulltrúa. Með þessu er reynt að gæta ólíkra hagsmuna og fagmennsku, enda eru Danir lengra komnir í lýðræðislegri hugsun og gerðum en Íslendingar.

Lýðræðileg umræða og hlutlægar upplýsingar

Til þess að stýra málefnalegri umræðu og veita hlutlægar upplýsingar og koma á framfæri andstæðum sjónarmiðum þarf að vera til sjálfstætt Ríkisútvarp laust úr viðjum flokkspólitískra valdhafa. Æskilegt væri að helstu stofnanir og samtök þjóðfélagsins, s.s. samtök atvinnulífsins og launþega, samtök listamanna og skólar, þjóðkirkjan og önnur trúfélög ættu fulltrúa í stjórn Ríkisútvarps sem risi undir nafni og lagt gæti grunninn að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi. Þá hefðu mistök af því tagi sem nú hafa orðið í Ríkisútvarpi ráðherra ekki orðið.

Saltveri að ósekju blandað í umræðu

STJÓRNSÝSLA

Þorsteinn Erlingsson
framkvæmdastjóri og eigandi Saltvers

Í viðtali Fréttablaðsins við fiskistofustjóra þann 6. desember undir fyrirsögninni „Vilja viðurlög sem bíta á löndunarsvindlara" var Saltveri ómaklega blandað í umræðu með þeim hætti að halda mætti að Saltver væri eitt þeirra fyrirtækja sem Fiskistofa vildi koma böndum á. Saltver hefur aldrei landað afla framhjá vigt og ætíð farið eftir lögum. Fiskistofa sakaði Saltver um löndun, verkun og sölu á ólöglegum afla og sektaði um 33 m.kr. Saltver áfrýjaði til úrskurðarnefndar og í kjölfarið afturkallaði Fiskistofa úrskurðinn og sektina 19. nóvember. Málið var illa unnið frá upphafi og Fiskistofu til mikils vansa. Það er lágmarkskrafa að fagleg vinnubrögð opinberra eftirlitsstofnana séu hafin yfir allan vafa.

ICELAND GEOTHERMAL

Félagsfundur 2013

Staður: Orkuveita Reykjavíkur
17. desember 2013
14:30-17:00

DAGSKRÁ

14:30 Kaffiveitingar

15:00 Fundur settur – Hákon Gunnarsson

15:10 Albert Albertsson, stjórnarformaður, HS Orka
„Litið um öxl og fram á við"

15:30 Hjalti Páll Ingólfsson, GEORG
„Startup Energy Reykjavik – Jarðvarmaklasinn aflvaki nýsköpunar"

15:45 Auður Andrésdóttir, Mannvit
„Getur klasasamstarfið haft áhrif á markvissari og gegnsærri stjórnsýslu?"

16:00 Dr. Helgi Þór Ingason, Háskólanum í Reykjavík
„Design Structure Matrix – Verkefnastjórnunarkerfi sem afrakstur klasasamstarfsins"

16:15 Davíð Stefánsson, Reykjavik Geothermal
„Sókn íslenskra fyrirtækja í jarðvarmaverkefni erlendis"

16:30 Bjarni Pálsson/Rósbjörg Jónsdóttir, Landsvirkjun/Gekon
„Ísland sem vettvangur fyrir heimsviðburði á sviði jarðvarma"

16:45 Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra
„Samstarf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) og Iceland Geothermal"

17:00 Fundi slitið

Skráning: icelandgeothermal@icelandgeothermal.is

Iceland geothermal
www.icelandgeothermal.is

LEIÐRÉTTING

Missagt var í grein okkar um textunarmál á RÚV hinn 11. desember sl. að Kastljós, Útsvar og Sunnudagsmorgunn væru textuð í endursýningu. Áætlað er að textaðar endursýningar á Sunnudagsmorgni og Kastljósi hefjist á næstunni.

HELGIN

Dagur Hjartarson ljóðskáld

Lúdó og Passíusálmar

Vinur minn Palli Magg var búinn að bjóða mér í lúdó með víðri skírskotun. Svo var hann eitthvað að tala um að lesa upp Passíusálmana afturábak standandi á haus. Þetta verður svona klassísk strákahelgi.

Gerður Kristný rithöfundur

Sundmót og sinfóníutónleikar

Ég ætla á jólasundmót KR með syni mínum og á jólatónleika Sinfó í Hörpu. Klukkan 17.15 verð ég með jólahugvekju í Hannesarholti.

Anna Pála Sverrisdóttir formaður Samtakanna 78

Jólahald í Brasilíu

Eftir annasama viku flýg ég til Amsterdam í dag. Kærastan mín mun sýna mér borgina í einn dag og á morgun fljúgum við til Brasilíu þar sem við eyðum jólunum með frændfólki kærustunnar og gamlárskvöldi á ströndinni í Ríó!

Margrét Erla Maack sirkuslistakona

Skemmtir rithöfundi

Ég mæti útúrhæpuð í útvarpið í Grínista hringborðsins á Rás 2. Í kvöld ætla ég fínt út að borða með Bjössa vini mínum og svo spilum við partýmúsík í fimmtugsafmæli rithöfundar.

LÉTTARI JÓLAMATSEÐILL

Þriggja rétta á Fjalakettinum.
Kvöldið á skilið rómantík.

Fjalakötturinn
Miðbæjarmenning við Ingólfstorg

Aðalstræti 16 / 101 Reykjavík / Sími 514 6060 / www.fjalakotturinn.is



Höfum verið vinir síðan í menntaskóla

Lay Low og Snorri Helgason stilla saman strengi sína á tónleikum á Gauk á Stöng og spila nýtt efni í bland við gamalt. Á staðnum verður einnig hægt að kaupa breiðskífur þeirra á vínylformi en það er tilvalin jólagjöf.

Júlía Margrét Einarsdóttir

Tónlistarmennirnir Snorri Helgason og Lay Low blása í kvöld til tónlistarveislu á skemmtistaðnum Gaukur á Stöng. Lay Low og Snorri sendu bæði frá sér breiðskífu á árinu; Lay Low gaf nýverið út plötuna „Talking About the Weather“ en plata Snorra ber nafnið „Autumn Skies“.

Snorri og Lay Low hafa þekkst í mörg ár en þau voru saman í menntaskóla. Þau eru ekki óvön samstarfi en það hófst í haust og hafa þau nú þegar haldið nokkra tónleika saman. Þau koma bæði til með að spila nýtt efni af nýju plötunum sínum í bland við gamalt, svo búast má við bæði fjölbreyttum og huggulegum tónleikum. „Það kemur svo bara í ljós á tónleikunum sjálfum hvort við komum til með að spila einungis hvort í sínu lagi eða hvort við spilum eitthvað saman. Svo er alveg möguleiki að við verðum með eitthvað smá jólaþema í tilefni árstíðarinnar. Við ætlum líka bæði að selja plöturnar okkar á staðnum á vínyl svo fólk getur komið og keypt af okkur í jólagjafir. Mér finnst alltaf svo miklu persónulegra og meira kósý að kaupa verkin beint af listamanninum heldur en að kaupa þau bara út í búð,“ segir Lay Low.

GAMLIR VINIR Snorri Helgason og Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir munu spila nýtt efni í bland við gamalt á huggulegum tónleikum á Gauknum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hún fluttist nýverið búferlum frá Reykjavík og býr í Ölfusi. Hún segist hafa orðið fyrir miklum áhrifum frá landsbyggðinni síðan hún flutti og þeirra gætir á nýju plötunni hennar „Það er alveg óhjákvæmilegt að verða fyrir áhrifum þegar maður er svona í kyrrð og rólegheitum. Svo hefur náttúran auðvitað áhrif á alla, ekki bara listamenn heldur allt fólk. Það verður ekki hjá því komist.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Lay Low heldur tónleika í Reykjavík síðan hún hélt útgáfutónleika fyrir nýju plötuna sína í haust. „Síðan þá er ég bara búin að vera að spila úti á landi,“ segir Lay Low. „Gaukurinn hafði samband bæði við mig og Snorra og bað okkur að spila á þessum tónleikum saman. Okkur fannst það bara tilvalið svo við ákváðum að slá til. Það er gaman að breyta til og spila í Reykjavík aftur.“ Tónleikarnir verða haldnir á Gauknum í kvöld, húsið opnar klukkan níu og miðaverð er 2.000 krónur.

Listaverk eru tilvalin jólagjöf

Jólabasar í Galleríi Kunstschlager verður opnaður í dag. Þar munu ýmsir listamenn selja myndlistarverkin sín og verður basarinn opinn fram að jólum.

Gallerí Kunstschlager er á Rauðarárstíg 1. Þar eru haldnar mánaðarlegar myndlistarsýningar ásamt því að í galleríinu er vikulega kynntur til leiks listamaður vikunnar. Næstkomandi laugardag verður haldinn í galleríinu árlegur jólabasar, en þar gefst listamönnum kostur á að selja myndlistarverkin sín fyrir jólin.

„Það verða til sölu listaverk eftir alls konar fólk en pælingin er að gefa fólki tækifæri til þess að kaupa hjá okkur myndlist til að lauma í jólapakkana,“ segir Þorgerður Þórhallsdóttir, einn skipuleggjenda basarsins. „Það mega hverjir sem er koma til okkar og selja verkin sín. Hugmyndin er að vekja athygli á að það er sniðugt að fjárfesta í myndlist. Það verða til sölu alls konar listaverk og við hvetjum alla listunnendur og líka bara þá sem eru forvitnir um list að koma og skoða og kaupa hjá okkur. Það verða léttar veitingar í boði og mikil stemning. Við sem rekum galleríið og nokkrir listamannanna verðum á svæðinu og tökum á móti fólki. Svo verður að sjálfssögðu posi á staðnum.“

JÓLABASAR Þorgerður Þórhallsdóttir, Claudia Hausfeld, Sindri Leifsson og Guðlaug Eyþórsdóttir með nokkur verkanna sem seld verða á jólabasar í Galleríi Kunstschlager í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Dagskráin hefst klukkan fjögur en þá byrjar sjálfur jólabasarinn. Klukkan fimm verður svo haldið útgáfuhóf í tilefni af útgáfu tímaritsins Listvísir sem er tímarit eftir nemendur í Myndlistaskólanum. Jólabasarinn heldur svo áfram fram á kvöld og verður opinn fram að jólum. Í fyrra tóku 60 listamenn þátt í basarnum og von er á enn fleirum í ár. Basarinn verður opinn alla daga fram að jólum frá 16-20.

- jme

Stór og falleg jólatré, danskur normannsþinur

JÓLATRÉ
Á ÓTRÚLEGU VERÐI

Eitt stk. á mann

Normannsþinur 150-220 cm. **Eitt verð:**

4.980 kr. stk.

Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur þér svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar. Eitt verð fyrir allar stærðir.

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

ICELAND ENGIHJALLA

Nýtt kortatímabil

Iceland

FRÁBÆR DORMAVERÐ!

Nature's Comfort heilsurúm

JÓLAVEISLA
119.900
KRÓNUR

- Sterkur botn
- Aldrei að snúa
- Steyptar kantstyrkingar
- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðar stállappir
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af

Nature's Bedding

Stærð: 160x200
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 149.900
ÞÚ SPARAR 30.000 kr.

JÓLAVEISLU-
AFSLÁTTUR
20%

NORDICFORM sængurver og púðar – mikið úrval og frábært verð!

AFTON hægindastóll

JÓLAVEISLA
59.900
KRÓNUR

Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur. Fullt verð 99.900
ÞÚ SPARAR 40.000 kr.

Vattsæng og -koddi!

Stök vattsæng kr. 5.900
Stakur vattkoddi kr. 2.990
ÞÚ SPARAR 2.990 kr.

TVENNUTILBOÐ
5.900
SÆNG+KODDI

CLASSIC sæng

700 gr. 140x200 cm
50% hvítur gæsadúnn
50% fínt gæsafiður
Fullt verð 19.900
ÞÚ SPARAR 5.000 kr.

JÓLAVEISLA
14.900
KRÓNUR

Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00 og laugardag kl. 11.00–17.00 og sunnud

Grjóna-púðar

Margir litir,
3 stærðir

JÓLAVEISLU-AFSLÁTTUR
25%

JÓLAVEISLUVERÐ FRÁ 9.740

OPIÐ
ALLA DAGA
TIL JÓLA

JÓLAVEISLA Í DORMA

CLASSIC sófar og stólar

JÓLAVEISLA
99.900
KRÓNUR

JÓLAVEISLA
149.900
KRÓNUR

Særð: 200x90 Hæð: 100 cm.
Lilla-rauður, appelsínugulur, ólívu-grænn, turkis-blár og dökkgrár.
Einnig til CLASSIC hægindastóll. Litir: Lilla-rauður, turkis-blár og ólívu-grænn

JACKPOT fjölskyldusófinn

JÓLAVEISLA
149.900
KRÓNUR

Stærð: 276x203 H: 82 cm
Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Fullt verð 189.900

ÞÚ SPARAR 40.000 kr.

SILO svefnsófi með tungu

JÓLAVEISLA
119.900
KRÓNUR

Stærð: 228 x 162 cm. H. 83 cm.
Dökkgrátt áklæði. Tunga getur verið beggja vegna.Rúmfatageymsla.

ÞÚ SPARAR 20.000 kr.

dag kl. 13.00–17.00 • Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

Ungu hetjurnar sem stigu fram

Selma Björk Hermannsdóttir, **Svanhildur Sigríður Mar** og **Hulda Hvönn Kristinsdóttir** eiga allar erfiða reynslu að baki. Þær hristu upp í samfélaginu með eftirminnilegum hætti með skrifum sínum um ofbeldi, einelti og uppeldi.

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@365.is

Endrum og eins fáum við sláandi fréttir af þeim félagslegu vandamálum sem ungt fólk þarf að glíma við í dag. Einelti, ofbeldi og vanræksla virðist síður en svo vera á undanhaldi og ótrúlegt hvað gerendur í slíkum málum fá að starfa óáreittir.

Við fáum einungis að sjá brot af vandamálinu; það sem ratar upp á yfirborðið er toppurinn á ísjakanum. Félagslegur þrýstingur og skömm veldur því að krakkar þora ekki að koma fram með sögur sínar en jafnframt virðast foreldrar, skólayfirvöld og/eða félagsleg yfirvöld oft standa ráðþrota gagnvart vandamálinu sem letur fórnarlömbin enn frekar til að koma fram.

Selma Björk Hermannsdóttir, Svanhildur Sigríður Mar, kölluð Mía og Hulda Hvönn Kristinsdóttir fóru þveröfuga leið. Þær rituðu allar greinar á vefmiðla þar sem þær deildu, hver með sínum hætti, átakanlegum sögum sínum af einelti, ofbeldi, uppvexti á erfiðu heimili, ásamt öðru, sem vöktu verðskuldaða athygli.

Við komum okkur fyrir á kaffihúsi í miðbænum eftir langa myndatöku úti í nístingskulda og roki. Það er hrollur í okkur en þegar búið er að panta heitt kakó og kaffi nær blaðamaður að virða þær betur fyrir sér. Það fyrsta sem slær blaðamann er hversu ótrúlegt það er að þessar stelpur séu allar undir tvítugu. Þær líta allar nákvæmlega eins út og maður býst við af stelpum á þessum aldri, en þegar spjallið hefst er ljóst að þær búa yfir visku langt umfram aldur sinn.

UNGAR HETJAR Þær Hulda, Selma og Mia eru allar undir tvítugu en búa yfir visku langt umfram aldur sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vildi vekja fólk til umhugsunar

Hvernig kom það til að þið ákváðuð að stíga fram og segja sögur ykkar?

Mía: Mín hugsun var sú að koma í veg fyrir að eitthvert annað barn myndi lenda í því sama og ég. Koma svona illa út úr kerfinu og lenda inni á svona mörgum heimilum. Það gerir alveg hræðilega hluti fyrir barnæskuna. Ég vildi vekja athygli á því að það verður að hjálpa fjölskyldum sem heild og þetta var skrifað hjá mér í forvarnarskyni.

Selma: Ég var bara svo reið, ég var búin að lenda í svo viðbjóðslegu einelti og var svo þreytt á þessu. Þetta var að brenna mig að innan hvað þetta var ósanngjarnt, af því ég ákvað ekki að fæðast með skarð í vör. Ég var þarna komin með algerlega nóg og ákvað að skrifa þetta til að sýna fólki hvað þetta er ógeðslegt, af því að ég ræð þessu ekki sjálf og ég vildi vekja fólk til umhugsunar.

Hulda: Mér varð hugsað til strákanna sem höfðu verið svona vondir við mig og vissi að þeir eru ekkert vondir menn þegar allt kemur til alls. Þeir sem leggja í einelti eiga, held ég, miklu meira bágt heldur en ég. Mér hafði verið hótað barsmíðum, það var talað illa um alla fjölskylduna mína og fleira, þannig að mér fannst þetta ekki bara snerta mig. Það þarf að vera svo mikið að til að fólk hagi sér svona og ég held að það þurfi að hjálpa þessum gerendum, þeir eru veiku manneskjurnar, ekki ég.

Fjölmörg skilaboð á Facebook

Hvernig voru viðbrögðin?

Hulda: Það voru rosalega margir sem sendu skilaboð á Facebook.

Selma: Ég fékk yfir 15 þúsund skilaboð á Facebook!

Hulda: Já, maður heyrir oft mikið um að heimurinn sé svo ljótur og maður megi ekki láta það draga sig niður. En þegar maður sér svona viðbrögð þá uppgötvar maður að heimurinn er ekkert ljótur. Það er bara mjög lítill hluti af heiminum sem er ljótur en hann sýnir sig oft bara svo mikið betur. Heimurinn er í raun svo fallegur, eins og sést á þessum fallegu skilaboðum sem við fengum.

Selma: Við erum stundum bara forrituð þannig að við hlustum frekar á það neikvæða heldur en það jákvæða. Það getur til dæmis ein manneskja sagt mér að ég sé ljót en hundrað sagt mér að ég sé falleg en ég hlusta bara á þessa einu manneskju. Það eru mistökin. Einn strákur sendi mér skilaboð og sagði mér að muna að það eru alltaf tíu sinnum fleiri með mér en á móti mér, maður hugsar of sjaldan til þess. En viðbrögðin voru bara ótrúleg, maður vissi ekki hvað það væru margir einmitt bara góðir.

Mía: Maður er ekkert vanur þessu, manni bregður bara þegar ókunnugt fólk fer að segja manni að það sé stolt af manni. Fer bara í smá sjokk. Af því maður lítur ekkert þessum augum á sjálfan sig. Maður lítur bara á sjálfan sig sem einhvern sem lenti í slæmri reynslu og komst út úr því og reynir bara að halda áfram lífinu. Maður hugsar ekkert um sjálfan sig sem einhverja hetju eins og einhver sagði við mig. Ég er bara ég.

Selma: Pabbi minn spurði mig áður en ég sendi greinina frá mér hvort ég væri viss um að ég vildi senda þetta, krakkarnir gætu farið að stríða mér bara meira. En ég var alveg viss um að það ætti hvort sem er enginn eftir að lesa þetta. Ég var síðan eiginlega bara í sjokki yfir viðbrögðunum.

Hulda: Já sama hér, ég skrifaði þetta á korteri og hugsaði svo ▶

> **„En tilgangurinn var ekki að vera leiðinleg, ég finn ekki hjá mér neina hefndarþörf. Mig langar mikið frekar að vera góð við þá sem hafa verið vondir við mig. Ég er ekkert reið við neinn,“**
>
> *Svanhildur Sigríður Mar*

40% NIÐURSKURÐUR Á KVIKMYNDASJÓÐI SAMKVÆMT FRUMVARPI TIL FJÁRLAGA:

200 STÖRF TAPAST 2014

Kvikmyndagerðin fimmfaldar fjárfestingu hins opinbera í meðförum sínum og skapar þannig dýrmæt störf, verðmætan gjaldeyri og greiðir fjárfestinguna með ríflegri ávöxtun til baka á framleiðslutíma kvikmyndaverkanna.* Hagnaður hins opinbera er því umtalsverður af því að fjárfesta í þessari vaxandi atvinnugrein og allir fá notið íslenskrar menningar á íslenskri tungu.

Elísabet Rónaldsdóttir
klippari

Ragnar Bragason
leikstjóri

Garún
aðstoðarleikstjóri


Davíð Óskar Ólafsson
framleiðandi

Brynja Dögg Friðriksdóttir
framleiðandi

Jón Karl Helgason
leikstjóri heimildamynda

Guðný Halldórsdóttir
leikstjóri

Geir Magnússon
ljósameistari

Óskar Jónasson
leikstjóri

Guðrún E. Þórhannesdóttir
framleiðandi



Árið 2006 var mörkuð stefna með stjórnvöldum um að Kvikmyndasjóður þyrfti að vera 700 m til að geta staðið undir sínu hlutverki. Það samsvarar 1.140 m króna á núvirði. Framlög í kvikmyndasjóð hafa aldrei náð því framlagi.

Tinna Ottesen
leikmyndahönnuður

Arnar Lava Einarsson
gripill

Helga Rós V.Hannam
búningahönnuður

Ari Alexander Ergis Magnús.
leikstjóri heimildamynda

Anna Þóra Steinþórsdóttir
klippari

Bergsteinn Björgúlfsson
kvikmyndatökumaður

Stefanía Thors
klippari

Það tapast 200 ársverk
við niðurskurðinn

Ragnar Hansson
leikstjóri

Hermann Karlsson
kvikmyndagerðarmaður

Ríkissjóður verður af

-614 m kr.

við 445 m kr. niðurskurð eingöngu í launum og launatengdum gjöldum

Erlendar tekjur lækka um

-480 m kr.

Aðalheiður Gunnarsdóttir
kvikmyndagerðarmaður

Erlendur Sveinsson
sjónvarpsframleiðsla

Anna Guðný Guðmundsd.
kvikmyndagerðarmaður

Árni Ólafur Ásgeirsson
leikstjóri

Halla Kristín Einarsdóttir
kvikmyndagerðarmaður

Pétur Einarsson
hljóðmaður

Arnar Steinn Einarsson
klippari

Helga Rakel Rafnsdóttir
leikstjóri heimildamynda

Ingvar Lundberg
hljóðhönnuður

Hrafnhildur Gunnarsdóttir
kvikmyndatökumaður

Siggi Bahama
ljósameistari

Margrét Örnólfsdóttir
handritshöfundur

Rannveig Jónsdóttir
framleiðandi

Árni Filippusson
framleiðandi

Ísold Uggadóttir
leikstjóri

Fahad Falur Jabali
aðstoðarleikstjóri

Einn þáttur af Game of Thrones kostar:

722 m kr.

Inga María Eyjólfsdóttir
kvikmyndagerðarmaður

Kristófer Dignus
Leikstjóri

Halfdán Theodórsson
aðstoðarleikstjóri

Hulda Hrund Sigmundard.
aðstoðarleikstjóri

Jakob Trausti Arnarson
eftirvinnsla

Fríða María Harðardóttir
förðunar- og gervahönnuður

Kvikmyndasjóður skv. fjárlagafrumvarpi 2014:

625 m kr.

Eggert Ketilsson
brellumeistari

Valdís Óskarsdóttir
klippari

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 liggur fyrir að Kvikmyndasjóður verði skorinn niður um 445 m króna frá þeim 1.070 m króna sem voru áætlaðar. Árið 2010 var Kvikmyndasjóður skorinn niður um 35% frá áætlun. Kvikmyndagerðin þarf á langtíma stöðugleika að halda til áframhaldandi vaxtar og verðmætasköpunar og öflugur samkeppnissjóður sem fjárfestir grunnframlag í íslenskum kvikmyndaverkum ***er aðgöngumiði að öðru fjármagni.***

Félag kvikmyndagerðarmanna
The Icelandic Film Makers Association
www.filmmakers.is

SKL
Samtök kvikmyndaleikstjóra

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
www.producers.is
SÍK er aðili að Samtökum iðnaðarins

**Hagræn áhrif kvikmyndalistar, Dr. Ágúst Einarsson, Bifröst 2011 og Hverjir fjármagna íslensk kvikmyndaverk, Ólafur Arnarson ofl. 2011*

> Einu slæmu viðbrögðin sem ég fékk voru frá föðurættinni minni. Hentu mér út af Facebook og skrifuðu stöðuuppfærslur um að þau stæðu með honum og að hann væri góður og heiðvirður maður.
>
> *Svanhildur Sigríður Mar*

▶ með mér að það væri nú synd að láta þetta bara vera í tölvunni minni, kannski ég ætti að senda þetta eitthvert, svo fékk ég símtal bara klukkutíma seinna frá miðlinum. Maður hefur ekki hugmynd um að eitthvað sem manni finnst svona lítilsmegnugt geti haft svona mikil áhrif á fólk, að það geti hjálpað einhverjum. Ég var bara eitthvað reið og pirruð og langaði að koma þessu frá mér.

Mía: Þetta var líka í algjöru hugsunarleysi hjá mér. Ég vonaði að einn eða tveir foreldrar myndu lesa þetta og það myndi kannski hjálpa einhverju barni og þá væri tilganginum náð. En síðan þegar maður fær svona viðbrögð þá veit maður ekki hvaðan á mann stendur veðrið.

Selma: Ef ég hefði vitað hvað þetta myndi vekja mikla athygli þá hefði ég skrifað þetta öðruvísi, sagt frá miklu meiru. Eineltið sem ég lýsti í greininni var langt frá því það rosalegasta sem ég hef lent í og ég sá með þessum viðbrögðum hvað það er mikilvægt að vekja athygli á þessu.

Kölluð athyglissjúk

Fenguð þið einhver neikvæð viðbrögð?

Allar í einu: Já.

Selma: Það var einhver sem sagði við mig að ég ætti bara að sætta mig við að ég sé ljót og einhver annar sem kallaði mig athyglissjúka. Sem mér fannst leiðinlegt þar sem við erum allar sammála um að engin okkar bjóst við þeirri athygli sem fylgdi þessu. En það var samt mjög lítið af svona skilaboðum, örfá á móti 15 þúsund. Það telur ekki.

Hulda: Maður man samt alltaf best eftir þeim.

Mía: Einu slæmu viðbrögðin sem ég fékk voru frá föðurættinni minni. Hentu mér út af Facebook og skrifuðu stöðuuppfærslur um að þau stæðu með honum og að hann væri góður og heiðvirður maður. En hvaða góði maður lemur ófríska konu fyrir framan barnunga syni þeirra? Það voru einu neikvæðu viðbrögðin. En bróðir hans pabba skrifaði mér og sagði mér að ég væri hetja. Mér þótti vænt um það. En tilgangurinn var ekki að koma illa fram við neinn, tilgangurinn var að vekja athygli á þessu og vonandi hjálpa einhverjum börnum í sömu stöðu.

Selma: Já, tilgangurinn var sá sami hjá mér. Sumir veltu fyrir sér af hverju ég strokaði yfir nöfnin á þeim sem höfðu sent mér ljót skilaboð. En tilgangurinn var ekki að vera leiðinleg, ég finn ekki hjá mér neina hefndarþörf. Mig langar miklu frekar að vera góð við þá sem hafa verið vondir við mig. Ég er ekkert reið við neinn.

Hulda: Ég hef einmitt verið spurð hvort ég sé ekki reið, en ég er ekkert reið. Ég átti alveg fína barnæsku þó að sumt hafi ekki verið eins og það átti að vera. Það verða oft svo margir miklu reiðari en maður sjálfur, taka þetta mikið nær sér en maður sjálfur. Tilgangurinn var ekki að níða skóinn af einhverjum opinberlega, þá er maður ekkert betri en aðrir.

Höfum góð áhrif

Teljið þið að þessar greinar hafi áhrif á þann hóp sem mest þyrfti að taka skilaboðin til sín?

Allar í einu: Já.

Selma: Ég hef fundið fyrir því að ég er að hafa áhrif, ég hef talað í grunnskólum og kennarar hafa sagt mér að þeir sem spyrja flestra spurninga eru oft þeir sem leggja mest í einelti. Svo hafa einhverjir sem ég þekki komið og beðið mig afsökunar. Já, ég er viss um að við erum að hafa einhver áhrif. Góð áhrif.

MARGVÍSLEG REYNSLA SELMU, HULDU OG MIU

Selma Björk Hermannsdóttir
16 ára

Hún skrifaði grein á bleikt.is þar sem hún sagði frá niðurlægingu og hryllilegu einelti sem hún hefur orðið fyrir vegna þess að hún fæddist með skarð í vör.

Í greininni segir frá því að hún hafi barist við eineltið í hljóði frá því hún muni eftir sér, en sé hætt að byrgja það inni, hætt að hunsa það, hætt að þegja og vilji deila sinni ógeðslegu hlið af einelti.

Hún deilir skilaboðum sem hún hefur fengið á samfélagsmiðlum þar sem hún er spurð hvernig fjölskyldan geti elskað hana, hún sé ógeð í smettinu og spurð hvort hún hafi dottið á andlitið í fæðingu.

Selma segir einnig frá því í greininni, líkt og hún gerði í samtali við blaðamann, hvernig hún hefur á aðdáunarverðan hátt tekist á við kvalara sína með æðruleysi, vinsemd og virðingu, í stað þess að gjalda líkt með líku eða brotna niður.

Hulda Hvönn Kristinsdóttir
19 ára.

Hún er lögfræðinemi og lauk við framhaldsskóla á styttri tíma en aðrir. Hún er einnig fráskilin einstæð móðir. Hulda skrifaði grein á vef Morgunblaðsins þar sem hún sagði frá baráttu sinni við þunglyndi, holdafar og einelti í æsku.

Hún greinir frá atviki sem átti sér stað á bókasafni þegar hún var 17 ára þar sem hópur drengja sem hún þekkti úr barnaskóla svívirti hana, kallaði hana til að mynda viðbjóðslega. Hún lýsir því hvernig hún sannfærðist í kjölfarið um að útlit hennar væri ekki nægilega gott og um baráttu sína við „aukakíló“ í kjölfarið og vanlíðan sem þessu fylgdi. Þá segir hún frá ósönnum sögusögnum sem spunnar voru um hana þegar hún varð ófrísk á sama aldri.

Hulda segir í grein sinni að samfélagið sé ekki eins einsleitt og maður hefði haldið, álit einhvers er ekki álit allra annarra og það álit sem mestu máli skiptir er þitt eigið.

Svanhildur Sigríður Mar, eða Mia
18 ára

Hún skrifaði grein á bleikt.is og lýsir uppvexti sínum sem barn fíkils, alkóhólista og öryrkja og segir foreldra sína báða mjög líklega með geðræn vandamál.

Mia hefur verið í kerfinu, í fóstri, á sífelldu flakki milli heimila og segist í raun ekki hafa átt alvöru æsku. Stanslaus ótti fylgdi henni eins og skuggi og hún sá djöfulinn í hverju horni. Þeir sem stóðu henni næst og áttu að vernda hana eftir laganna og Guðs hendi, fóru verst með hana og brutu hana niður bæði líkamlega og andlega.

Mia segir í grein sinni að maður geti ekki flúið skuggana og martraðirnar sem ásækja mann í vöku sem í draumi. Maður getur hins vegar nýtt sér reynsluna og reynt að læra af henni.

Hún minnir foreldra á að það sé þeirra að hugsa um börnin sín, þeir hafi fætt þau í þennan heim og beri að vernda þau og passa upp á heilbrigði þeirra, líkamlegt og andlegt.

LOKSINS!
BÓK UM SILUNG Á ÍSLANDI

FJÖLBREYTTUR FRÓÐLEIKUR Í EINNI BÓK

Bók sem allir unnendur silungsveiði þurfa að eignast

Hér er leitast við að flokka silungsveiði á Íslandi og fjalla um eftir því sem best verður við komið. Nokkrir af færustu sérfræðingum landsins eru okkur innan handar og leiða lesandann um heim silungsveiðinnar. Auk þess að fjalla um silungsveiðiflokkana, aðferðarfræðina og umgjörðina eru tekin fyrir nokkur af þekktustu silungsveiðisvæðum landsins og staðkunnugir segja frá leyndardómum þeirra.

Fæst á flestum bóksölustöðum

ADOLF INGI „Í okkar fundahöldum hreytti Kristín í mig: „Þín reynsla skiptir engu máli," og mannauðsstjórinn deplaði ekki auga og hafði ekkert við þessi ummæli að athuga," segir íþróttafréttamaðurinn til tuttugu ára.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leið eins og í sögu eftir Kafka

Þó **Adolf Ingi Erlingsson** íþróttafréttamaður sé hamingjumaður í einkalífi er hann ósáttur við lokamisserin á 22 ára ferli sínum hjá Ríkisútvarpinu. Þar var honum sagt upp störfum nýlega en áður hafði markvisst verið dregið úr sýnileika hans.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Ef það er eitthvað sem ég á nóg af núna þá er það tími. Ég er reyndar í pabba- og afahlutverkinu í fullu starfi og það er stórskemmtilegt, verst hvað það er illa borgað!" segir Adolf Ingi Erlingsson glaðlega þegar valinn er tími fyrir helgarviðtal. Hann er búinn að moka af tröppunum þegar ég mæti og býður upp á cappuccino og belgíska súkkulaðiköku í huggulegri stofu þar sem myndlist prýðir veggina og hvert verk á sína sögu.

Adolf Ingi er einn þeirra sem sagt var upp störfum nýlega á Ríkisútvarpinu eftir 22 ára starf. Það kom honum ekkert gríðarlega á óvart. „Þegar búið er að ýta manni út í horn má maður eiga von á fallöxinni og þótt það sé högg að fá uppsögn er líka smáléttir að þurfa ekki að mæta í vinnu á morgnana og finnast maður niðurlægður," segir hann og kveðst hafa verið ósáttur við sitt hlutskipti á RÚV síðustu misseri. „Ég held að það fari ekki framhjá neinum sem fylgist eitthvað með íþróttafréttum að ég hef nánast horfið af skjánum síðustu þrjú árin. Fólk spurði bæði mig og konuna mína hvort ég væri hættur og hvað ég væri farinn að gera – sem ég hafði aldrei lent í áður, þar sem ég hafði troðið mér inn á heimili fólks reglulega!"

Sérhæfing og stéttaskipting

Haustið 1991 byrjaði Adolf Ingi með vikulegan íþróttaþátt fyrir börn og unglinga í útvarpinu sem hét Íþróttaspegillinn. Um vorið fékk hann vinnu við helgarútgáfu Rásar tvö en um haustið 1992 var hann ráðinn inn á íþróttadeildina og þar var hann þar til í næstsíðustu viku, undir ýmsum stjórnendum eins og hann lýsir. „Fyrsti yfirmaður minn var Ingólfur Hannesson, svo kom Samúel Örn Erlingsson. Síðan var íþróttadeildin sett undir innlenda dagskrárdeild, sem Þórhallur Gunnarsson var nýtekinn við en Hrafnkell heitinn Kristjánsson sá um daglega stjórnun. Haustið 2008, kortéri fyrir hrun, var deildin færð undir sameinaða fréttastofu RÚV sem Óðinn Jónsson stjórnaði en Margrét Marteinsdóttir, einn varafréttastjóranna, átti að sinna okkar hluta með öðru. Stuttu seinna var Kristín Hálfdánardóttir fengin úr bókhaldinu til að vinna með Margréti og sjá um fjárhagshlutann. Vorið 2009, þegar fullreynt var að ekki væri hægt að sinna þessu í hlutastarfi, var ákveðið að Kristín tæki það að sér. Hún hafði aldrei fengist við fréttamennsku eða dagskrárgerð. Auðvitað má endalaust deila um hvort menn eigi að hafa einhverja kunnáttu til verka en ég held það þætti mjög skrítið ef fréttastjóri útvarps eða sjónvarps hefði aldrei unnið sem fréttamaður. Kristín er nefnilega líka faglegur yfirmaður íþróttadeildar og fór fljótlega að skipta sér af því hvernig við unnum fréttir. Það fór að koma meiri sérhæfing inn og jafnvel stéttaskipting. Hún ákvað að hafa sérstaka menn bara í þáttagerð og aðra í fréttavinnslu en áður skiptum við verkefnum nokkuð jafnt á milli okkar og gengum í öll störf. Ég held að flestum hafi líkað fjölbreytnin og að vinna bæði í útvarp og sjónvarp. Fá líka stundum lausn frá fréttavöktum og búa til þætti."

Kom ykkur Kristínu illa saman?

„Ég var langelstur í starfi á deildinni og ekki alltaf sammála öllu sem hún lagði til. Við getum sagt að fljótlega hafi myndast núningur. Síðustu tvö árin hefur svo óbilgirnin í minn garð farið vaxandi og bitastæðum og skemmtilegum verkefnum mínum fækkað."

Skemmtilegasta starf í heimi

Íþróttafréttamennska er skemmtilegasta starf í heimi fyrir fólk með áhuga á sporti, að mati Adolfs Inga. „Áhuginn er auðvitað forsenda þess að maður velur þetta starf. Ekki er það fyrir peningana eða vinnutímann," segir hann.

Víst getur verið misjöfn stemning á stórmótum eins og hann lýsir. „Fyrsta mótið mitt með handboltalandsliðinu var í Króatíu 2000 og það tapaði öllum leikjunum nema þeim síðasta þar sem spilað var um 12. sætið gegn Úkraínu. Þegar komnir eru sex til sjö tapleikir í röð þá er gamanið svolítið farið að fara af – og erfitt að mæta strákunum eftir leik og spyrja eina ferðina enn: „Hvað fór úrskeiðis?" En ferðir á stórmót eru samt það skemmtilegasta við starfið. Þær eru eiginlega umbunin fyrir að ganga fréttavaktirnar. Að fara á Ólympíuleika er ótrúlegt ævintýri. Það er líka einstakt að vera á stórmótum í handbolta þegar Íslendingar eru að berjast við þá allra bestu í heimi, líka að fara á smáþjóðaleika og á Ólympíuleika fatlaðra."

Var þetta allt tekið af þér?

„Svona meira og minna. Það urðu eiginlega vatnaskil eftir Evrópumótið í handbolta 2010. Það var síðasta stórmótið sem ég fór á í þeirri grein. Tveimur mánuðum síðar komu Frakkar hingað og spiluðu tvo vináttuleiki, ég lýsti öðrum þeirra og síðan hef ég ekki lýst leik með handboltalandsliðinu í sjónvarpi.

> **„Ég fékk stóra lottóvinninginn haustið 1978, tæpri viku eftir að ég varð 16 ára. Þá byrjuðum við Systa saman og erum búin að vera saman í 35 ár. Við eignuðumst dóttur tveimur árum síðar, þegar hún var sextán, hún var kasólétt í 9. bekk – dóttir yfirkennarans.**

En þegar kom að Ólympíuleikunum í London 2012 var ég eini fréttamaðurinn í deildinni sem hafði reynslu af slíkum leikum, þeir eru svo risastórir og þar er allt svo flókið að það hefur trúlega ekki þótt ráðlegt að vera þar með eintóma nýliða. Þess vegna held að ég að ég hafi fengið að fara þangað. Ég hef ekki farið á mót í handboltanum, hvorki karla né kvenna, í tæp fjögur ár, ekki Evrópumót kvenna í fótbolta og ekki Evrópumót karla undir 21 árs í fótbolta. Það var búið að gefa út hverjir ættu að fara á Evrópumótið núna í janúar og eins Vetrarólympíuleikana í febrúar. Ég var ekki á þeim listum. Ég hef aldrei gert kröfu um eitt né neitt eða talið mig eiga eitthvað en hins vegar finnst mér allt í lagi að mönnum sé sýnd sanngirni í úthlutun á ferðum, eins og öðru."

Látinn skrifa undir betrunarskjal

Vorið 2011 fannst Adolf Inga orðið áberandi að framhjá honum væri gengið. „Fólk innan RÚV og utan tók líka eftir því að ég var ekki með í þáttum eða að lýsa," segir hann og heldur áfram. „Ég var ósáttur og það endaði með því að ég fór til Óðins Jónssonar fréttastjóra og kvartaði. Vildi fá einhverja úrlausn og málinu var vísað til mannauðsstjóra Ríkisútvarpsins, Berglindar Guðrúnar Bergþórsdóttur. Þar fékk það ótrúlega afgreiðslu og mér leið eins og í skáldsögu eftir Kafka. Við vorum bara þrjú saman á fundi, mannauðsstjórinn, Kristín og ég og áður en ég vissi af var staðan orðin: ég á móti þeim. Kristín mætti með alls konar ávirðingar á mig og vitnaði í hina og þessa um það hversu illa ég stæði mig og væri slæmur í samstarfi og áður en yfir lauk var ég látinn skrifa undir skjal þar sem ég lofaði bót og betrun, með hótun um uppsögn ef ég skrifaði ekki undir. Mín umkvörtun snerist þannig algerlega gegn mér. Ég sat bara sem lamaður, einn á móti tveimur og ekkert mark var á mér tekið. Þetta var sárt. Mig hefur aldrei vantað í vinnu og það sveið mjög að vera brigslað um að vera lélegur starfsmaður."

Mannauðsstjórinn hefur sem sagt ekki borið klæði á vopnin?

„Ég vil sem minnst tjá mig um störf Berglindar Guðrúnar en get þó sagt hiklaust að hún nýtur ekki trausts almennra starfsmanna innan RÚV og ég er ekki sá eini sem hef komið brenndur út úr samskiptum við hana. Hún virðist ekki átta sig á því hvað mannauður snýst um. Til dæmis í okkar fundahöldum hreytti Kristín í mig: „Þín reynsla skiptir engu máli," og mannauðsstjórinn deplaði ekki auga og hafði ekkert við þessi ummæli að athuga."

Eftir þetta upplifði Adolf Ingi að Kristínu fyndist hún hafa fengið skotleyfi á hann því framkoma hennar versnaði, að hans sögn. „Vorið 2012 vildi Kristín að ég færi af fréttavöktum og að vinna á vefnum og vefútvarpinu. Mér var gert ljóst að ég hefði engan

DEBENHAMS

40%
AFSLÁTTUR AF:

- JÓLASKRAUTI
- LEIKFÖNGUM
- TICKET TO HEAVEN REGNFÖTUM MEÐ FLÍSFÓÐRI
- BARNANÁTTFATASETTUM MEÐ SLOPP

20%
AFSLÁTTUR AF:
ÖLLUM SNYRTIVÖRU-GJAFAKÖSSUM*

MÖRG ÖNNUR TILBOÐ Í ÖLLUM DEILDUM!

NÝTT KORTATÍMABIL
*Gildir ekki af MAC
GILDIR ÚT SUNNUDAG
Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

Opið til 22
öll kvöld til jóla
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

valkost og ég samþykkti að prófa í nokkra mánuði með því skilyrði að ég lækkaði ekki í tekjum. Reyndar var líka í samkomulaginu að ég sæti til jafns við hina að lýsingum og öðrum verkefnum. Svo geta menn séð hvort staðið hefur verið við það. Ég var færður til veffréttafólksins þó auðvitað ætti ég miklu meira sameiginlegt með íþróttafréttafólkinu en þeim sem eru að ná í nýjustu fréttir af Justin Bieber, eldgosum úti í heimi og hinu og þessu. Loks var samþykkt að ég færi aftur yfir í íþróttadeildina en þá var búið að úthluta borðinu sem ég hafði setið við í mörg ár og í nokkra mánuði var ég hoppandi milli borða og tölva. Það sem stakk þó mest var að starfsreynslan var einskis metin og verkefnum var haldið frá mér. Ég var eini maðurinn á deildinni sem vann ekkert í sjónvarpi, afleysingafólk var tekið þar inn frekar en að hóað væri í mig. Það var ákvörðun að ofan. Tveir fréttamenn voru nánast bara í þáttagerð og tveir gengu vaktir, en ég vann efni á vefinn frá níu til fimm. Fréttamennirnir voru að kikna því að keyra þessar vaktir á tveimur mönnum er mjög stíft. Í sumar voru þeir farnir að velta fyrir sér hvort ekki væri hægt að jafna álaginu aðeins og fá mig í lið með sér en þá sagði Kristín við mig: „Þú ferð ekki aftur í sjónvarp."

Í haust var Ríkisútvarpið með stærstu útsendingu allra tíma, Ísland og Króatía í umspili. Þá sat ég bara og boraði í nefið," segir Adolf Ingi. „Reyndar var ég beðinn að taka ljósmyndir og tveimur tímum fyrir útsendingu kom fyrirspurn um hvort ég gæti farið upp í Laugardalshöll og tekið viðtöl við stuðningsmenn í anddyrinu. Það var mín aðkoma að þessari risaútsendingu. Tveir nýjustu fréttamenn RÚV lýstu seinni leiknum í Zagreb en ég bara hjólaði hingað heim og horfði á leikinn í sjónvarpi."

Adolf Ingi segir íþróttafréttamennsku sína gegnum tíðina hafa snúist um allt annað en bara að stimpla sig inn og út. „Sumir hafa litið á íþróttafréttamennsku sem nokkurs konar stökkpall en fljótlega eftir að ég byrjaði fann ég að ég vildi að þetta yrði ævistarfið. Ég lét vinnuna oft ganga fyrir fjölskyldunni. Ég var líka formaður samtaka íþróttafréttamanna í sjö ár og 2009 var ég kosinn í stjórn alþjóðasamtaka íþróttafréttamanna, AIPS, og er eini Íslendingurinn sem hefur verið í stjórn þar. Ég hef unnið fyrir samtökin við að kenna á námskeiðum fyrir unga íþróttafréttamenn um allan heim, var síðast í október og nóvember í Dubai þeirra erinda."

2010 Á EM í handbolta. MYND/EÁS

1980 Adolf Ingi 18 ára og Systa 16 með frumburðinn Elvu Dröfn.

2007 Úbbs, hvert fór hárið? FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

> **Fólk spurði bæði mig og konuna mína hvort ég væri hættur og hvað ég væri farinn að gera – sem ég hafði aldrei lent í áður, þar sem ég hafði troðið mér inn á heimili fólks reglulega."**

Var eiginlega rænt

Veistu eitthvað hvað við tekur nú? „Nei, það tekur smátíma að lenda. Mér bauðst starf hjá evrópska handknattleikssambandinu í fyrravetur sem ég afþakkaði, eins gæti ég fengið meira að gera hjá alþjóðasamtökunum AIPS en það er ekkert á döfinni að flytja út. Við eigum börn hér og barnabörn og foreldra sem eru farnir að reskjast. Við eigum fatlaðan strák sem er á góðum stað í skóla og íþróttaiðkun og er með bestu aðstöðu sem hugsast getur í göngufæri frá heimili okkar. Hann æfir sund með íþróttafélagi fatlaðra, dreymir um að komast á Ólympíumót fatlaðra og leggur gríðarlega mikið á sig. Við förum ekkert í einhverja óvissu úti í heimi þegar þetta er draumurinn hans."

Eiginkona Adolfs Inga heitir Þórunn Sigurðardóttir, kölluð Systa. Hún er Akureyringur að uppruna og starfar sem hárgreiðslumeistari á Spörtu á Laugarásvegi 1. En hvaðan er Adolf Ingi sjálfur?

„Ég er fæddur hér í Reykjavík og átti heima fyrstu árin á Bergstaðastræti. Svo byggðu mamma og pabbi hús í Túnunum í Garðabæ en skildu stuttu seinna. Mamma kynntist stjúpa mínum sem er Svíi og var yfirverkfræðingur við byggingu álversins í Straumsvík. Þau stungu af til Svíþjóðar og ég var tekinn með, þá sex ára. Það má eiginlega segja að mér hafi verið rænt. Ég vissi ekkert fyrr en ég var kominn inn í flugvél á leið til Stokkhólms. Vélin millilenti í Ósló og til að róa mig var keyptur handa mér Batmanbíll og ísbjörn. Við komum seint að kvöldi til Stokkhólms. Ég man enn að á leið frá flugvellinum til borgarinnar sá ég skilti sem á stóð 130 og ég hugsaði: Vá, það má keyra á 130 hérna! Það tók auðvitað sinn tíma að aðlagast lífinu í Svíþjóð og ég saknaði pabba."

Í Svíþjóð bjó Adolf í fimm ár en sumarið 1974 ákváðu móðir hans og stjúpi að flytja heim til Íslands og hann til pabba síns. „Pabbi bjó þá á Akureyri. Hann var klæðskeri og vann í herrafatadeild KEA. Ég flutti til hans og stjúpu minnar sumarið 1974, 12 ára gamall," rifjar hann upp.

Fékk stóra lottóvinninginn

Athygli vakti þegar Adolf Ingi talaði sænsku eins og innfæddur við Svíann Lars Lagerbäck. Skyldi hann halda sænskunni svona vel við frá því hann var barn í Svíþjóð? „Já, ég hef gaman af tungumálum og nýt líka góðs af því að eiga sænskan stjúpa," segir hann. „Svo býr systir mín líka úti. En það liðu 13 og hálft ár frá því ég flutti til Íslands þar til ég fór til Svíþjóðar aftur. Það var svolítið dramatískt. Ég átti nefnilega svo góða vinkonu þarna úti þegar ég var barn, við vorum eins og samloka, alltaf saman í skólanum og annaðhvort fór ég með henni heim á eftir eða hún með mér. Vorum ofboðslega náin. Allt í einu stóðum við frammi fyrir því að þurfa að skilja, hágrátandi og lofandi hvort öðru því að sjást næsta sumar. Svo liðu þrettán og hálft ár þangað til við hittumst næst. Þá átti ég orðið fjölskyldu en dreif mig til Svíþjóðar og hitti systur mína og þessa gömlu vinkonu."

Þú hefur sem sagt fundið þína konu á Akureyri í millitíðinni? „Já, ég fékk stóra lottóvinninginn haustið 1978, tæpri viku eftir að ég varð 16 ára. Þá byrjuðum við Systa saman og erum búin að vera saman í 35 ár. Við eignuðumst dóttur tveimur árum síðar, þegar hún var sextán, var kasólétt í 9. bekk – dóttir yfirkennarans. Ég hef alltaf sagt: „Ef þú ætlar að gera skandal, þá hafðu hann almennilegan!" Ég kláraði menntaskólann fyrir norðan og fór síðan suður að læra ensku í háskólanum og bjó hjá mömmu. Það var haustið 1983. Ári síðar fluttu mæðgurnar suður. Ég ætlaði að klára háskólann og Systa hárgreiðsluna en við erum hér enn."

Elsta dóttir Adolfs Inga heitir Elva Dröfn. Marinó Ingi er næstur og Þórkatla Ragna yngst. „Það liðu sextán ár á milli fyrsta og annars barns. Svo sex ár. Þá vorum við komin úr því að vera fáránlega ungir foreldrar yfir í að vera næstum eins og afi og amma þegar við vorum að sækja Þórkötlu Rögnu á leikskólann," segir Adolf Ingi og sýnir mér mynd af þeim Systu með frumburðinn, þegar þau sjálf voru börn.

2005 Takið eftir hárinu. FRÉTTABLAÐIÐ HEIÐA

Páll með frítt spil

En aftur að Ríkisútvarpinu. Adolf Ingi telur ohf.-væðinguna hafa verið óheillaskref. „Páll Magnússon útvarpsstjóri sótti það stíft að RÚV yrði breytt í opinbert hlutafélag. Eftir það sýnist mér og fleirum að hann hafi fengið frítt spil til að reka það eins og eigið fyrirtæki. Andrúmsloftið hefur mikið breyst. Okkur var sagt frá upphafi að við ættum að sætta okkur við lægri laun en á frjálsa markaðinum af því að réttindin væru svo mikil. En þegar fyrirtækið varð hlutafélag fuku réttindin út um gluggann. Eftir tuttugu og tveggja ára starf er ég með þriggja mánaða uppsagnarfrest og ég var á fyrirframgreiddum launum þannig að í raun eru þetta tveir mánuðir og enginn biðlaunaréttur eins og fyrir breytinguna," lýsir hann.

Ýmislegt fleira telur hann gagnrýnisvert við stjórnun Páls á RÚV. Eitt af því er að dóttir hans, Edda Sif, skyldi vera þar við störf. „Bara svo það komi skýrt fram þá erum við Edda Sif náskyld og ég er búinn að fylgjast með henni frá fæðingu. Hún er flott, klár og dugleg stelpa og hefur staðið sig með sóma," segir hann. „Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að á meðan pabbi hennar er æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins hafi hún ekki átt að vinna þar, sama hversu vel hún gerði. Öll upphefð hjá henni olli tortryggni þannig að hún var ekki í eðlilegri stöðu. Yfirmenn hennar voru ekki í eðlilegri stöðu því hvernig áttu þeir að tækla það ef eitthvað kom upp á? Samstarfsmenn voru ekki í eðlilegri stöðu heldur ef eitthvað gerðist milli þeirra og hennar, eins og dæmi sýndi. Páll virðist ótrúlega blindur fyrir ýmsu sem snýr að honum. Ég held að ekkert eitt atriði hafi skaðað Ríkisútvarpið eins mikið og Audi-jeppinn sem hann hékk á eins og hundur á roði og var orðinn táknmynd spillingar og bruðls í þjóðfélaginu."

Gildir **14.-15.** des. 2013

markhönnun ehf

BÓKA-BOMBA!

Einstakt stórvirki eftir Guðmund Pál Ólafsson

14.999 KR

Birt með fyrirvara um staðsetningarvillur og eða myndavíxl

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

NAUÐUNGARVISTANIR GEÐSJÚKRA

1 2 3 4 5

Vopnaðir verðir og lögregluvald

Sigríður Örnólfsdóttir var í tvígang nauðungarvistuð í langvinnri baráttu við geðsjúkdóm, sem hófst fyrir sautján árum í kjölfar þess að ungur sonur hennar lenti í lífshættu. Hún veiktist fyrst í sólarlandaferð á Spáni og var samstundis greind með geðklofa og lokuð inni. Þegar kom að heimför fylgdu vopnaðir lögreglumenn henni að flugvélardyrunum.

Eva Bjarnadóttir
eva@frettabladid.is

NAUÐUNGAR VISTUÐ Leikskólakennarinn Sigríður Örnólfsdóttir þakkar börnunum sínum að hún komst í gegnum áralanga baráttu við andleg veikindi.

> **Síðar um daginn keyrði ég á spítalann og sat á biðstofunni þegar ég brýst út í söng aftur. Ég söng Ísland úr Nató, herinn burt!**

Sigríður Örnólfsdóttir hefur skýrt markmið með því að segja sögu sína. Sögu sem fáir eru tilbúnir til að deila með almenningi. „Ég segi hana ekki síst vegna fólksins sem þjáist vegna geðraskana af ýmsu tagi. Vegna þess að mér finnst að margt megi bæta," segir Sigríður, sem sjálf er greind með geðklofa og á að baki ítrekaðar innlagnir á geðdeild. Sigríður hefur tvívegis verið nauðungarvistuð á sjúkrahúsi, en hún telur nauðsynlegt að breyta viðbrögðum kerfisins þegar fólk veikist alvarlega af geðsjúkdómum.

Kennari, rithöfundur og miðill

Sigríður starfaði lengst af sem aðstoðarleikskólastjóri, en einnig sem sérkennari á leikskóla. Hún hætti svo alfarið á vinnumarkaði fyrir tveimur árum. „Það fer svo mikil orka í þetta. Ég forðast til dæmis margmenni eins og í verslunarmiðstöðvum," segir Sigríður, sem situr þó ekki auðum höndum, því í vikunni gaf hún út bókina Hrelli, sögu um umhverfisvernd fyrir börn. Sigríður ber einnig titilinn fyrirbænamiðill og endurútgaf nýverið heftið „Fyrirbænamiðill segir frá" þar sem hún lýsir lífsreynslu sinni og miðlunum að handan.

Hófst með áfalli

„Ég varð fyrir áfalli fyrir sautján árum þegar sonur minn, sem þá var átta ára, slasaðist lífshættulega," útskýrir Sigríður. Hún vakti yfir drengnum sínum í sex sólarhringa án hvíldar og rekur upphaf veikinda sinna til þessara atburða. „Andlegar varnir mínar brotnuðu niður," segir hún. Sonur Sigríðar náði sér fljótt og nokkrum vikum síðar ákvað fjölskyldan að halda í sólarlandaferð til Spánar. Þá fann hún fyrst fyrir einkennum sjúkdómsins þegar hún heyrði skyndilega raddir og sá sýnir sem aðrir sáu ekki. „Ég skildi ekki að maðurinn minn sá hvorki né heyrði það sama og ég," segir Sigríður. „Raddirnar voru yfirleitt neikvæðar og ógnandi, en það komu alltaf góðar og kærleiksríkar raddir með."

Fyrsta innlögnin

Þegar Sigríði hætti að lítast á blikuna bað hún um að vera lögð inn á sjúkrahúsið í nágrenninu. „Ég var samstundis sjúkdómsgreind með geðklofa og dópuð upp þannig að ég hélt ekki höfði, en skynjanirnar mögnuðust og urðu enn þá verri," segir Sigríður, sem var skelfingu lostin og hrædd um manninn sinn og barn. Þegar leið að heimför reyndist eiginmanni Sigríðar erfitt að fá leyfi sjúkrahússins til þess að útskrifa Sigríði. „Þetta er greinilega bara litið svo alvarlegum augum á Spáni að þeir ætluðu ekki að hleypa mér úr landi," segir Sigríður. Það hafðist þó að lokum en Sigríður var flutt á flugvöllinn í fylgd vopnaðra lögreglumanna. „Ég var keyrð í hjólastól að flugvélardyrunum, svo sljó af lyfjum að ég hélt ekki höfði," segir Sigríður, sem undraðist mjög viðbúnaðinn vegna einnar meinlausrar konu. „Ég hafði ekki svo mikið sem lyft fingri á sjúkrahúsinu, og hef raunar aldrei gert," segir hún.

Veikindin hafin

Þegar heim var komið tók við lyfjameðferð hjá geðlækni og erfitt tímabil þar sem Sigríður lagðist ítrekað inn á geðdeild. Hún var greind með geðklofa, geðrofssjúkdóm sem veldur ýmsum skyntruflunum sem oft leiða til fælni og félagslegrar einangrunar. Sjúkdómurinn er jafn algengur hjá konum og körlum, en karlar greinast oft fyrr á lífsleiðinni heldur en konur. „Ég var skelfingu lostin þegar ég heyrði hatursfullu raddirnar. Ég kólnaði upp og fann fyrir verkjum," útskýrir Sigríður, sem segir mikilvægt að taka tillit til líðanar fólks í umgengni við það þegar það veikist. „Mér leið illa á geðdeildinni, enda voru innlagnirnar allar stuttar. Ég komst upp á lagið með að leyna ástandinu til að komast fyrr út," segir Sigríður og segist oft hafa verið útskrifuð af sjúkrahúsinu í sama ástandi og hún kom inn.

Miðlar og dulræn málefni

„Ég fór að leita upplýsinga og gerði mér grein fyrir að aðrir sáu hvorki né heyrðu það sama og ég," segir Sigríður, sem hóf að kynna sér dulræn málefni, þar á meðal rannsóknir Erlends Haraldssonar á reynslu Íslendinga af dulrænum fyrirbærum. „Ég var skyggn sem barn og trúi því að raddirnar séu að handan," segir Sigríður, sem þrátt fyrir margra ára lyfjameðferð hætti aldrei að heyra raddir eða sjá sýnir. „Ég heyri þær ekki lengur þegar ég er innan um fólk. Í kringum mig er mikil vernd núna og ég hef ekki þurft að leggjast inn á geðdeild í tólf ár."

Mannréttindabrot!

Lyfjameðferð við alvarlegum geðsjúkdómum fer gjarnan fram með reglubundinni lyfjagjöf með svokallaðri forðasprautu. Sigríður mætti á sjúkrahúsið á nokkurra vikna fresti til þess að fá lyfin sín. „Einn morgun sótti eitthvað að mér og ég fann að það var ekki allt í lagi. Ég söng mikið og móðir mín sem var í heimsókn tók bara undir með mér. Síðar um daginn keyrði ég á spítalann og sat á biðstofunni þegar ég brýst út í söng aftur. Ég söng Ísland úr Nató, herinn burt!" Hún segir að reynt hafi verið að þagga niður í henni og henni sagt að það gengi ekki að syngja svona. Að lokum kom læknir til hennar og sagðist vilja leggja hana inn. „Ég var færð inn í lokað herbergi þar sem ég hóf að rífa mig úr fötunum því ég espaðist öll upp við tilhugsunina um að það ætti að leggja mig inn," segir Sigríður. Hún var lögð í rúm og haldið niðri á meðan hún var sprautuð niður. „Ég sló ekki frá mér, en þegar þeir komu með sprautuna kallaði ég: Mannréttindabrot! Mannréttindabrot! Mannréttindabrot!" Í sprautunni voru lyf sem höfðu róandi áhrif. „En engin lyf hafa haft áhrif á skynjanir mínar," segir Sigríður.

Nauðungarvistuð í annað sinn

Veikindum Sigríðar var hvergi nærri lokið og nokkru síðar var hún nauðungarvistuð í annað sinn. „Ég var heima í eins konar transástandi. Þá er maður svolítið lokaður," segir Sigríður og brosir út í annað. „Þá er maður mikið lokaður," leiðréttir hún, „og ekki auðvelt að ná til manns. Eiginmaður minn hafði áhyggjur af mér svo hann hafði samband við geðlækni. „Geðlæknirinn kom heim til Sigríðar til að kanna líðan hennar og komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að leggja hana inn. Sigríður er í dag ekki sammála því að það hafi verið nauðsynlegt, að minnsta kosti ekki á þann hátt sem það var svo gert. „Ég var ekkert ógnandi eða hótandi. Ég var bara með skynjanir sem ég var að fara í gegnum," útskýrir hún. Hún segist hafa allt viljað gera til að fara ekki aftur á geðdeild, sem hún segir hafa verið helvíti á jörð fyrir sig.

Lögreglan mætir

Lögreglan mætti stuttu síðar. „Ég streittist á móti og það eina sem ég sagði var „bíddu" því ég vildi tefja þetta aðeins. Finna betri lausn. En ég var dregin út í lögreglubílinn og hent í gólfið. Á meðan ég lá þar fann ég fyrir miklum þrýstingi í líkamanum og missti svo meðvitund." Á leiðinni sátu tveir lögreglumenn og læknir yfir henni. Þegar á sjúkrahúsið var komið rankaði hún við sér. „Ég var þá laus úr transinum og orðin skýr og róleg. Samt sem áður var ég sprautuð niður. Þegar ég sá sprautuna kallaði ég aftur hátt og skýrt: Mannréttindabrot!"

„Það gæti kviknað í!"

Það verður fátt um svör þegar Sigríður er spurð að því hvort hún hafi fengið skýringar á nauðungarvistununum. „Mér var bara sagt að ég væri mikið veik," rifjar Sigríður upp. „Ég man að einn læknir sagði við mig: „þú ert alltaf að kveikja á kertum. Það gæti kviknað í!" sem mér þótti heldur skrítið því ég lenti í eldsvoða sem barn og er mjög eldhrædd. Ég hafði þá alltaf kveikt á einu kerti hér heima sem var í skotheldum umbúðum," segir Sigríður, sem kann ekki frekari skýringar á þessari athugasemd en hún rímar vel við þá tilfinningu margra geðsjúkra að í þeirra tilviki er eðlileg hegðun stundum álitin óeðlileg, eingöngu vegna veikindanna.

Gefa ætti meiri tíma

Þegar Sigríður er spurð um hvað hún hafi lært og hvernig megi bæta aðstæður geðsjúkra sem eru nauðungarvistaðir segir hún að auka megi samtal og hlustun. „Mér finnst að það hljóti að vera hægt að gefa meiri tíma, reyna að komast að því hvað er að kvelja viðkomandi," segir Sigríður hugsi. Hún nefnir aðferð sem notuð hefur verið í Finnlandi og gengur út á að nota samtal þegar upp koma bráðatilvik hjá geðsjúkum. Þá er fjölskyldan kölluð saman, málin rædd og reynt að komast að rót vandans. „Nauðungarvistun getur verið nauðsynleg í einhverjum tilvikum og þau mál eru mörg og mismunandi, en það er óþarfi samt að hreyta harkalega í fólk þegar því líður svona hrikalega illa og er í dýpstu örvæntingu," segir Sigríður, sem þakkar börnum sínum þremur að hún komst í gegnum veikindin. „Þau sýndu alltaf svo mikla ást á móður sinni og stuðning á hverju sem gekk."

→ Fyrstu sýnir Sigríðar komu á Spáni

> Dag einn lá ég í sólbaði í hótelgarðinum. Mér verður litið upp á einar svalirnar á hótelbyggingunni. Ég sé þar tvo menn í hermannaklæðum miða byssum í átt til mín. Sýnin hvarf og hugsunin „morðingjar" flaug í gegnum hug mér. Ég hristi höfuðið yfir þessu og hugsaði ekki meira um þetta.

> Eitt sinn var ég ein í hótelíbúðinni og hafði lagt mig. Heyri ég þá karlmannsrödd lýsa því í smáatriðum hvernig verið væri að myrða mann minn og barn. Höfðagaflinn á rúminu var upp við vegg á næstu íbúð og fannst mér röddin berast þaðan. Bleikrauðu geislana sá ég áfram. Nokkru síðar vorum við inní búð að skoða. Heyri ég þá hlýja og hljómmikla rödd karlmanns „Ekki er allt sem sýnist, halt þú ró þinni." Ég róaðist nokkuð við þetta en maðurinn minn var farinn að hafa verulegar áhyggjur af mér.

Úr heftinu „Fyrirbænamiðill segir frá" sem Sigríður gaf fyrst út árið 2001 .

TOPP BÆKUR Á BOTN VERÐI!

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BARNA- OG UNGLINGA-BÓKUM ÚT DESEMBER

RITHÖFUNDAR KOMA OG KYNNA BÆKUR!

HILMAR ÖRN ÓSKARSSON
KAMILLA VINDMYLLA - KL. 14.00

ANDRI SNÆR MAGNASON
TÍMAKISTAN - KL. 14.00

STEFÁN MÁNI
GRIMMD - KL. 15.00

ÓTTAR SVEINSSON
ÚTKALL - KL. 15.00

GRÉTA SÖRENSEN
PRJÓNABIBLÍAN - KL. 16.00

20% AFSLÁTTUR AF KYNNTUM BÓKUM TIL 18.DES

JÓLABLAND, MANDARÍNUR OG PIPARKÖKUR VERÐA Í BOÐI Á MEÐAN KYNNINGU STENDUR!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndvillur.

Kauptu 3 rúllur af jólapappír og fáðu hnotubox frítt með!

20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM BÓKUM

ÖLL PÚSL MEÐ 30% AFSLÆTTI

KOMDU og gerðu GÓÐ KAUP!

Opið:
Alla virka daga
Kl. 10-18
Laugardaga
Kl. 11-18
Sunnudaga
Kl. 13-18

GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR

SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010

Auglýsingin gildir til og með 18. desember 2013 eða meðan birgðir endast. Gildir ekki af íslenskum námsbókum.

FRÁ FRELSI TIL SVIPTINGAR HVERNIG ER STAÐIÐ AÐ NAUÐUNGARVISTUN?

SKREF 1

48 tíma nauðungarvistun

Halda má fólki á sjúkrahúsi gegn vilja þess í allt að 48 klst. ef lögmætar ástæður liggja fyrir.

1. Aðstandendur eða lögregla biðja um aðstoð læknis.
2. Læknir tekur ákvörðun um hvort flytja eigi viðkomandi á sjúkrahús.
3. Lögreglu er skylt að verða við beiðni læknis um að flytja mann nauðugan á sjúkrahús.
4. Ástand metið á bráðadeild geðdeildar.

SKREF 2

21 dags nauðungarvistun

Eftir 48 klst. þarf að sækja sérstaklega um nauðungarvistun. Halda má nauðungarvistuðum manni í allt að 21 dag, ef nauðsyn þykir.

1. Umsókn frá fjölskyldu eða félagsþjónustu, auk vottorðs frá geðlæknis er sent til innanríkisráðuneytis.
2. Leyfi fæst frá Innanríkisráðuneyti. Ráðuneytið má kalla til trúnaðarlækni til að meta aðstæður.
3. Sjúklingur hefur rétt á að hitta ráðgjafa sem skipaður er af innanríkisráðuneytinu.
4. Sjúklingur hefur rétt á að bera ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða meðferð undir dómstóla. Dómstóll óskar eftir áliti annars geðlæknis sem endurmetur ákvörðunina.

SKREF 3

Sjálfræðissvipting

Eftir 21 dag þarf að sækja um sjálfræðissviptingu.

Sjálfræðissvipting er minnst 6 mánuðir, en getur verið ótímabundin. Sjálfræðissviptur maður getur ekki neitað meðferð læknis, innlögn eða lyfjagjöf.

1. Krafa berst frá fjölskyldu, lögráðamanni, félagsmálastofnun, dómsmálaráðherra eða einstaklingnum sjálfum.
2. Krafan fer fyrir dómstóla.
3. Skipaður er lögráðamaður í framhaldi af sjálfræðissviptingu.
4. Tímabundin lögræðissvipting fellur sjálfkrafa niður að sviptingartímanum loknum, nema gerð sé krafa fyrir dómi um framlengingu eða um ótímabundna sviptingu.

***Lögræðislög 19. gr. 1**. Sjálfráða maður verður ekki vistaður nauðugur í sjúkrahúsi. Þó getur læknir ákveðið að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur í sjúkrahúsi ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand hans er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna.*

Á annað hundrað vistaðir nauðugir

Í kjölfar atburða og frétta af afdrifum geðsjúkra á síðustu vikum hafa vaknað spurningar um hvort alvarlega geðsjúkt fólk fái fullnægjandi aðstoð í heilbrigðiskerfinu. Ár hvert er á annað hundrað manns nauðungarvistað á sjúkrahúsi vegna alvarlegra geðsjúkdóma. Á næstu dögum mun Fréttablaðið fjalla um nauðungarvistun og sjálfræðissviptingu geðsjúkra og leitast við að skýra ferlið frá frelsi til sviptingar.

Á hverju ári er hátt á annað hundrað manns haldið nauðugum á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Um er að ræða einstaklinga með geðsjúkdóma, sem taldir eru hættulegir sjálfum sér eða öðrum.

Alvarlega geðsjúkir

Þegar einstaklingur er nauðungavistaður er hann færður á sjúkrahús gegn vilja sínum eða er meinað um að útskrifast af sjúkrahúsi. Samþykki læknis nægir til að halda sjúklingi í allt að 48 klukkustundir nauðugum inni á sjúkrahúsi. Eftir þann tíma þarf að sækja formlega um nauðungarvistun til innanríkisráðuneytisins. Það er ekki leyfilegt að nauðungarvista sjálfráða einstaklinga, nema að læknir meti sem svo að viðkomandi sé með alvarlegan geðsjúkdóm, eða í ástandi sem jafna má til alvarlegs geðsjúkdóms.

Eingöngu neyðarúrræði

Heimildin til að nauðungarvista fólk byggir á lögræðislögum sem síðast var breytt árið 1997. Þar er fjallað um sviptingu lögræðis, það er sjálfræðis og fjárræðis, auk nauðungarvistana. Lögin ná til fleiri hópa heldur en eingöngu geðsjúkra þar sem einnig má svipta fólk sjálfræði vegna ellisljóleika, vanþroska eða annars konar heilsubrests. „Það er jákvætt við íslensku lögræðislögin að þau eiga í raun jafnt við um alla," segir Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir öryggis- og réttargeðþjónustu Landspítalans. Víða annars staðar, til dæmis í Svíþjóð, eru sérstök lög um geðsjúka. „Íslendingar hafa ekki viljað stíga það skref, því það getur falið í sér mismunun ef til eru lög um ákveðna hópa. Menn eru hræddir við of mikið kerfi og hræddir við misnotkun á þessu úrræði, því það á að vera neyðarúrræði," segir Sigurður Páll. Samkvæmt lögræðislögunum getur heilbrigðisráðherra sett ítarlegri reglur um nauðungarvistanir, til dæmis um þvingaðar lyfjagjafir og aðra þvingaða meðferð. Sigurður Páll segir það ekki hafa verið gert: „Það vantar reglugerð með verklagsreglum fyrir fagfólk," segir hann.

Hættuleg sjálfum sér eða öðrum

Þegar tekin er ákvörðun um hvort færa eigi fólk á sjúkrahús metur læknir stöðuna á vettvangi, en svo fer fram annað mat þegar komið er á sjúkrahúsið. „Það fer í raun fram áhættumat á því hversu hættulegur viðkomandi er sjálfum sér og öðrum," segir Sigurður Páll. Málin eru margvísleg, en þau snúast alltaf um hvort sjúkrahúsvist er nauðsynleg til að tryggja öryggi viðkomandi og annarra. Hann segir flóknustu málin vera þegar um ölvun eða fíkniefni er að ræða, því þá sé erfitt að meta hvort ástandið sé orðið sjúklegt og þörf sé á nauðungarvistun.

Sigurður Páll segir mikilvægt að fram komi að ofbeldi meðal geðsjúkra er miklu sjaldgæfara heldur en sjálfsvíg. „Fólk með geðklofa er miklu líklegra til þess að falla fyrir eigin hendi en að meiða aðra. Níutíu og níu prósent af öllum geðsjúkum eru bara ósköp venjulegt fólk, en þegar fer saman geðrofssjúkdómur og fíkn, þá margfaldast líkurnar á ofbeldi sjö- til ellefufalt." segir Sigurður Páll.

Í lögreglufylgd

Lögreglu er skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja mann nauðugan á sjúkrahús og skal læknir þá fylgja honum ef nauðsyn þykir bera til. „Okkur er falið þetta vald lögum samkvæmt. Lögreglan hefur heimild til að beita valdi og lögreglumenn læra réttu handtökin í náminu," segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri í Reykjavík. Flutningur á sjúkrahús fer fram með sama hætti og handtaka og segir Stefán handjárn notuð ef þörf krefur, til að tryggja öryggi. „Ég held að lögreglan komi ekki að nema þegar allar aðrar leiðir hafa verið reyndar," segir Stefán og bendir á að ef færa á mann nauðugan á sjúkrahús séu fáar leiðir færar án valdbeitingar.

Sjálfræðissvipting

Þegar nauðungarvistun er lokið að tuttugu og einum degi liðnum, en ljóst þykir að frekari meðferðar er þörf, er gripið til sjálfræðissviptingar. „Skilyrðin til sviptingar eru mjög rúm. Það þarf að vera ótvíræð nauðsyn og einstaklingur svo veikur að hann þarf að vera á sjúkrahúsi, en það getur falið í sér allt frá vanþroska til geðveiki," segir Sigurður Páll. Á öryggisdeild geðsviðs Landspítalans eru eingöngu sjúklingar sem sviptir hafa verið sjálfræði. „Þeir sem hafa verið margoft nauðungarvistaðir. Yfirleitt eru það allt ungir menn á aldrinum 20 til 40 ára í byrjandi geðrofi og með fíknivanda," segir Sigurður Páll.

Sömu lögmál og í fangelsum

Á öryggisdeild geðsviðs eru jafnan átta til níu karlar á móti einni konu. „Karlar eru hættulegri sjálfum sér, og eru þrisvar til fjórum sinnum líklegri til að svipta sig lífi heldur en konur," segir Sigurður Páll. Hann segir að í raun gildi sömu lögmál um sjálfræðissviptingar og eigi við í fangelsum. „Áfengis- og vímuefnaneysla er algengari meðal karla. Karlar koma líka almennt seinna inn í heilbrigðiskerfið og fá því minni þjónustu," bendir Sigurður Páll á.

→ Aðkoma lögreglu gagnrýnd

Aðkoma lögreglunnar að nauðungarvistunum er gagnrýnd af sumum og þá sérstaklega að veikt fólk skuli vera fært á sjúkrahús í lögreglubíl, en ekki sjúkrabíl eins og aðrir sem veikjast. „Það er afleitt að lögreglan komi að þessu og það ætti að vera sjúkrabíll sem flytur fólk á sjúkrahús, jafnvel þótt lögreglan mæti á svæðið," segir Auður Axelsdóttir, forstöðumaður Geðheilsu-eftirfylgdar geðheilbrigðisþjónustu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. „Þetta er mjög sýnileg valdbeiting þegar lögreglan kemur að þessu, sem veldur því að fólk reynir sem lengst að gera þetta ekki," segir Knútur Birgisson, sem gerði rannsókn í fötlunarfræðum á alvarlegum geðsjúkdómum innan fjölskyldna. Hann segir þjónustuna við geðsjúka þegar upp koma bráðatilvik vera mjög staðbundna við sjúkrahúsið, sem veki upp spurningar um hvort nauðungarvistun sé til komin til að þóknast umhverfi spítalans.

→ Neysla er orðin sýnilegri á geðdeildum



Mikil fjölgun hefur orðið á neytendum fíkniefna innan geðheilbrigðiskerfisins. „Það hefur orðið sprenging í fíklum og neysla orðin sýnilegri. Það kemur meðal annars til vegna misnotkunar á rítalíni, sem getur valdið skyndisturlun. Sprautufíklar sem nota rítalín fá aðsóknarkennd, mikla fíkn og verða mjög hratt veikir. Þetta er nýtt vandamál," segir Sigurður. Hann segir það vera erfiðustu málin þegar einstaklingar eru með fíkn og hafa þróað með sér geðsjúkdóm. „En neysla firrir þig ekki ábyrgð," segir hann. „Það skiptir máli, því vandinn er að meta hvenær geðhrifin eru komin á það stig að það er rétt að grípa inn. Aðstandendur spyrja oft í þeim aðstæðum hvenær þeir geti fengið viðkomandi sviptan, en það getur verið afar erfitt klínískt mat. Það nauðungarvistar enginn fólk að gamni sínu."

iPhone 4s
Verð: 67.890.-

VISA MasterCard Kortalán í allt að 36 mánuði

iPhone
nú ódýrari og líka skemmtilegri

iPhone 5s

Verð frá: 109.890.-

iPhone 5c

Verð frá: 89.890.-

Tónlist.is Mánaðaráskrift fylgir 100 fyrstu símunum

snara vefbókasafn Mánaðaráskrift fylgir

Skemmtipakkinn
Mánaðaráskrift í gegnum OZ Appið* fylgir 100 fyrstu símunum keyptum hjá epli.is

Afgreiðslutími Smáralindar
Opnunartímar: 12.-21. desember
Virkir dagar 11-22 | Laugardagar 11-22
Sunnudagar 13-22

Afgreiðslutími á Laugavegi
Opnunartímar: 12.-20. desember
Virkir dagar 10-18 | Laugardag 12-16

epli.is

Gleðilega hátíð 2013

Styrktarsjóður Norvíkur óskar öllum landsmönnum innilega gleðilegra jóla, farsældar á komandi ári og þakkar samfylgdina á árinu sem er að líða.

Styrktarsjóður Norvíkur styrkir árlega fjölda aðila og meðal styrkþega í ár voru:

ABC Barnahjálp
ADHD samtökin
Á allra vörum
Barna- og unglingalandslið Íslands í skák
Barnabókin „MiMi fær sér að borða"
Barnastarf ÍBV
Barnatöfraflautan
Björgunarsveitin Sigurvon
Blakdeild Aftureldingar
Blúshátíð í Reykjavík
Félag heyrnarlausra
Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna
Fimleikafélagið Gerpla
Fjölskylduhjálp Íslands
Forvarnarfyrirlestrar Berents Karls
Frjálsíþróttadeild ÍR
Geðsvið LSH
Geðveik jól
Grensáskirkja
Hjálparstarf kirkjunnar
Hjálparsveit skáta Kópavogi
Hjálpræðisherinn
Hringsjá náms- og starfsendurhæfing
Í boði náttúrunnar - krakkatímarit
Íþróttafélag fatlaðra á Suðurnesjum
Íþróttafélagið ÖSP
Íþróttasamband fatlaðra
Íþróttasamband lögreglumanna
Jólasjóðurinn í Fjarðabyggð
KFUM og KFUK í Vatnaskógi
Klakarnir
Krakkaskák
Landsmót Ungmennafélaga á Selfossi - UMSK
Lífróður Samhjálpar
Ljóðasamkeppnin Ljóð unga fólksins
Lúðrasveit Þorlákshafnar
Lögreglufélag Reykjavíkur
Meðgöngu- og sængurkvennadeild 22A á Landspítalanum
MND félagið
Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar
Mæðrastyrksnefnd Kópavogs
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Mæðrastyrksnefnd Vesturlands
Rauði krossinn
Samhjálp - Sporið áfangaheimili
SÍBS
Skógrækt Kópavogs - Guðmundarlundur
Skólalúðrasveit Þorlákshafnar
Starfsbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti
Stuðlar
Tímaritið Þjóðmál
UMF Selfoss
Unglingadeild knattspyrnudeildar ÍA
UNICEF - hjálp á Filippseyjum
Vinakot

INTERSPORT
KRÓNAN
NÓATÚN
ELKO
Kjarval
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
NORVIK

EXPO • www.expo.is

EIVÖR „Ég var stillt stelpa í skólanum. Eivör var ekki alveg eins prúð. Hún var miklu uppátækjasamari en ég. Hún fer aldrei hefðbundnar leiðir og gerði það ekki heldur sem krakki," segir Unn Laksá, æskuvinkona og jafnaldra Eivarar.
MYND/SEM JOHNSSON

Aldrei verið til vandræða

Í nýrri bók um **Eivöru Pálsdóttur** fjallar Jens Guðmundsson meðal annars um æsku söngkonunnar á heimaslóðum í Færeyjum, fjölmennan frændgarð á Íslandi og persónuna á bak við röddina. Fréttablaðið grípur hér niður í bókina.

Gata, Austurey, Færeyjar, Eivör og færeysk tónlist
Höfundur: **Jens Guðmundsson**
Útgáfa: **Almenna útgáfan/Bóka-útgáfan Æskan**
Fjöldi síðna: **177 bls.**

Vegna mikils aldursmunar á Eivöru og systkinum hennar var hún eins og einbirni á æskuárum.

„Þegar gengið er upp fjallið fyrir ofan Götu er á sem kallast Dunnuhylurin. Þar var ég alltaf að leika mér. Fór með allt dótið mitt þangað. Dúkkurnar og það allt. Þetta er falleg og lítil á, hættulaus fyrir krakka. Ég var oftast þar ein að leika mér. Stundum var Unn með mér. Ég bjó mér til ævintýraheim í ánni. Bræður mínir eru svo miklu eldri en ég og systur mínar voru ekki fæddar svo að ég var mikið ein. Ég minnist þess að hafa horft í ána og séð fyrir mér ævintýraheim. Ég sá steina í ánni fyrir mér sem borg. Einn steinninn var skápur. Ofar í ánni var eitthvað annað og neðar í ánni eitthvað allt annað."

Unn Laksá er æskuvinkona Eivarar og jafnaldra. Það var steinsnar á milli heimila þeirra í Götu. Eivör undi sér alveg jafn vel ein eins og í félagsskap annarra krakka. Hún var sjálfstæð og sjálfri sér næg. Hún hafði yndi af því að fara upp í fjöllin, snúa við steinum og búa sér til ævintýraheim úr öllu með fjörugu ímyndunarafli. Alltaf berfætt. Enn í dag sækir Eivör í að vera berfætt. Hún fer varla á svið nema berfætt. Þannig finnur hún jarðtengingu. Kannski var það í leikjum við Andapollinn (Dunnuhylurin) sem sterk tengsl Eivarar við náttúruna mynduðust og mótuðust.

Sædís móðir Eivarar lýsir ungu stelpunni ekki sem snyrtilegri eða kvenlegri einsog hún er nú.

„Hún var strákastelpa. Hún gösladist í öllu: Veiddi fisk og spilaði fótbolta. Hún var rosalega orkumikil. Alltaf syngjandi og dansandi. Hún var elsta barnið í minni fjölskyldu. En líka vegna þess hvar hún er í systkinaröð fékk hún mikla athygli. Hún var vön að troða upp á fjölskylduskemmtunum, í afmælum, brúðkaupum og slíku."

Skrautlegur fótboltaferill

Þegar Eivör var tólf ára ákvað hún að leggja knattspyrnu fyrir sig. Hún fékk sér atvinnumannsbúning og fór að keppa utan Götu. Hún var góð í fótbolta. Það vantaði ekki. Hins vegar kom í ljós að frjálsleg túlkun hennar á reglum átti ekki heima í alvöru boltaleikjum. Gul og rauð spjöld einkenndu stuttan knattspyrnuferil.

Fyrsta heimsókn Eivarar til Íslands var keppnisferð til Vestmannaeyja. Þar bar kappsemi hana enn og aftur ofurliði. Í ati fyrir framan markið gleymdi Eivör sér. Hún greip boltann með höndunum og þrykkti honum í mark. Rauða spjaldið, sem dómarinn sýndi henni í kjölfarið, batt enda á fótboltaferilinn. Það var fullreynt að fótboltareglur og Eivör áttu ekki samleið. Vilji til að leggja sig alla fram hefur aftur á móti komið sér vel í tónlistinni. Ekki síður en takmarkað umburðarlyndi gagnvart reglum.

Það kom Sædísi á óvart hvað Eivör var herská á fótboltavellinum.

„Þessi kappsemi Eivarar hefur hvergi birst af sömu hörku á neinu öðru sviði. Hún er alltaf svo róleg og ljúf á öllum öðrum sviðum. Það er aðeins á fótboltavellinum sem hún verður svona áköf og grimm."

Í vinsælli bandarískri gamanmynd með Íslandsvininum Ben Stiller, Meet the Fockers, segir CIA leyniþjónustumaður (leikinn af Robert De Niro) eitthvað á þá leið að á fótboltavellinum opinberist hinn raunverulegi persónuleiki keppenda.

Sædís fullyrðir að Eivör hafi aldrei verið til vandræða.

„Aldrei. Aldrei nokkurn tíma. Hvorki sem barn né unglingur eða síðar. Hún er alltaf þægileg og meðfærileg. Það eru aldrei nein vandræði hjá henni. Henni lyndir vel við alla. Henni samdi vel við öll skólasystkini, kennara og aðra sem hún umgekkst í æsku. Alltaf glaðvær, jákvæð og hamingjusöm. Hún á gott og kærleiksríkt samband við alla í fjölskyldunni og heldur sambandi við gamla vini. Hún er mikill Færeyingur og heldur góðu sambandi við alla. Líka þegar hún dvelst erlendis."

Eivöru þótti mjög spennandi að hefja grunnskólagöngu. Móðuramma hennar prjónaði á hana peysu. Það er siður í Færeyjum

að börn fái nýja peysu í byrjun hvers skólaárs. Grunnskólinn í Götu er í Götukleif, mitt á milli Suðurgötu og Norðurgötu. Skólinn hýsir einnig nemendur úr nágrannaþorpinu Leirvík. 8 til 25 nemendur eru í hverjum bekk. Eivör var ágætur námsmaður og áhugasöm um námið fyrstu árin. En hún vildi gjarnan fara aðrar leiðir en kennarar skipulögðu.

„Eftirlætisfög mín í skólanum voru þau sem sneru að sköpun. Föndurtímar voru skemmtilegastir. Mér þótti vera of lítið af svoleiðis fögum. Það var svo gaman að búa til eitthvað úr pappír eða leir. Ég var heppin með kennara. Hann leyfði mér að hafa frjálsar hendur við að gera það sem mig langaði til þó að það væri ekki nákvæmlega það sem átti að gera. Ég vildi svo oft gera eitthvað allt annað. Sem dæmi þá áttum við að búa til diskamottur úr tréklemmum en ég vildi gera hálsmen.

Í þriðja bekk byrjuðum við að læra dönsku. Mér þótti danska ekki skemmtileg en ég er samt mikið gefin fyrir tungumál. Mér þótti spennandi að læra færeysku. Það var skemmtilegt að fá betri skilning á móðurmálinu og læra fleiri færeysk orð.

> **„Ég saknaði þess mikið þegar ég var í skóla hvað lítið var lagt upp úr skapandi verkefnum."**

Teikning var ekki kennd í skólanum en það var mikið teiknað heima hjá mér. Pabbi var alltaf að teikna og mála. Hann flaggaði því aldrei út fyrir fjölskylduna. Hann notaði teikningar til jólagjafa og slíkra hluta. Pabbi veitti mér mikinn innblástur varðandi teikningu og texta og fleira. Ég hef samið lög við mörg ljóða hans en þau hafa reyndar aldrei endað á plötu. Þar er aðallega efni eftir mig sjálfa. En ég á eftir að syngja eitthvað eftir pabba á plötu. Það er alveg klárt. Teikning er almennt ekki kennd í færeyskum barnaskólum nema þá undir faginu föndur. Þannig var það að minnsta kosti þegar ég varí skóla. Þá var einnig lítið um tónlistarkennslu í grunnskólum. Það var engin tónlistarkennsla í Götu. Núna er hins vegar komið betra kerfi en var þar sem skapandi fögum er betur sinnt en áður. Ég saknaði þess mikið þegar ég var í skóla hvað lítið var lagt upp úr skapandi verkefnum."

Aldrei hefðbundnar leiðir

Unn var sessunautur Eivarar í skólanum. Þær voru eins og samlokur:

„Það er ekki hægt að segja að við Eivör höfum verið hljóðlátar í skólanum og læðst með veggjum. Við fífluðumst mikið, grínuðumst og sprelluðum. En ekkert til mikilla vandræða. Ég var stillt stelpa í skólanum. Eivör var ekki alveg eins prúð. Hún var miklu uppátækjasamari en ég. Hún fer aldrei hefðbundnar leiðir og gerði það ekki heldur sem krakki. Ég tók þó alltaf þátt í uppátækjum Eivarar og tók líka ábyrgð á því sem við gerðum."

Unn kannast við að þær stöllur hafi einstaka sinnum farið gróflega yfir strikið og brotið af sér. Þegar Unn nefnir það fljúga fyrir hugskotssjónum bernskubrek íslenskra krakka svo sem innbrot í verslanir og inn á heimili, brotnar rúður og önnur skemmdarverk.

Unn rifjar upp grófasta dæmið um óþekkt þeirra Eivarar. Það var af allt öðru tagi:

„Það var þegar heimilishundurinn heimsótti mig í skólann. Hundar mega ekki ganga lausir í Götu. Ég þurfti því að fara með hundinn heim. Eivör fylgdi okkur og tók alla krakkana í bekknum með. Kennarinn varð afar ósáttur. Okkur tókst einhvern veginn að kjafta okkur út úr þessu og það urðu engin eftirmál. Eivör var vinsæl í skólanum. Það bar kannski ekki mjög mikið á henni allra fyrstu árin. En hún var farin að syngja í rokkhljómsveitinni Reverb þegar hún var í sjötta eða sjöunda bekk. Í Reverb voru einnig Ólavur, síðar í hljómsveitinni Gestum, Knút Háberg Eysturstein og Högni Lisberg. Reverb fékk aðstöðu í félagsheimili í Götu til að æfa og spila. Reverb hélt aldrei formlega hljómleika. Þau æfðu mikið og þegar krakkarnir í Götu söfnuðust þarna saman til að fylgjast með þá breyttust æfingarnar í eins konar hljómleika.

Eivör hefur alltaf verið miðdepillinn þar sem hún er. Þetta sést vel á ljósmyndum. Þar er hún að dansa eða syngja eða gera eitthvað svo að öll athygli er á henni. Engu að síður hefur hún aldrei sóst eftir athygli. Hún er ekki athyglissjúk. Langt í frá. Hún er bara lífsglöð, ófeimin og fædd skemmtikraftur."

Meðal laga, sem Reverb æfði, var Times They Are a-Changin´ og fleiri lög eftir Bob Dylan. Eivör komst í plötur Dylans heima hjá foreldrum Unnar. Hún er enn að hlusta á Bob Dylan og sækir tónleika með honum hvenær sem færi gefst.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 25 ár
1988 - 2013

Jólahreysti

þú færð styrkjandi jólagjafir hjá okkur...

SLENDERTONE™

Stinnari og sterkari á aðeins 4 vikum. Nýju og endurbættu Slendertone ABS beltin og Bottom buxurnar eru lang öflugustu vöðvamóturn-artækin frá Slendertone sem byggja á CSI tækninni til að örva og styrkja kvið-, rass- og lærvöðva.
20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum.

Slendertone Abs
herra/dömu
Verð kr. 33.995.-

Verð á eldri tækjum kr. 26.995.-

TRX® Suspension Training®

Eitt öflugasta æfingakerfi sem völ er á og hefur farið sigurför um heiminn.
TRX Pro pakki - verð áður kr. 39.995.-
Jólatilboðsverð kr. 29.995.-
TRX Force pakki
Jólatilboðsverð kr. 39.995.-

REJUVENATION nuddrúlla 33 cm
Verð áður kr. 7.995.-
Jólatilboðsverð kr. 6.995.-

REJUVENATION nuddkefli Verð áður kr. 5.995.-
Jólatilboðsverð kr. 4.995.-
TIGER TAIL nuddkefli Verð áður kr. 5.995.- **(Væntanlegt)**
Jólatilboðsverð kr. 4.995.-

Warrior yogadýna
Verð kr. 7.995.-
Yogahandklæði
Verð kr. 7.995.-
Warrior yogadýna + Yogahandklæði
Jólatilboðsverð kr. 11.995.-



Æfingadýna Powerhouse Pro
Jólatilboðsverð kr. 7.996.-

Æfingadýna Powerhouse
Jólatilboðsverð kr. 3.996.-

EcoSmart yogadýna 6 mm
Jólatilboðsverð kr. 4.796.-

YORK
lakkaðar ketilbjöllur
Gott alhliða æfingatæki
Verð kr. 750 kr. pr. kíló

GYM BOSS tímastjórnunartæki, skeiðklukka o.fl.
Frábært tæki í ræktina
Verð kr. 3.995.-

YORK 20 kg handlóðasett
Verð áður kr. 14.995.-
Jólatilboðsverð kr. 12.995.-

YORK 50 kg. lóðasett
Verð áður kr. 39.995.-
Jólatilboðsverð kr. 29.995.-

IRON GYM armbeygjustandar
Jólatilboðsverð kr. 4.995.-
IRON GYM armbeygjustandar MAX
Jólatilboðsverð kr. 7.995.-

REJUVENATION
æfingaboltar 55 - 65 - 75 cm
Verð frá kr. 3.995.-

POLAR púlsmælar
Jólatilboðsverð frá kr. 11.995.-

HARBINGER lyftingabelti
Verð frá kr. 5.995.-
HARBINGER sippuband
Verð frá kr. 2.995.-

IRONGYM dyraslá, ótrúlega margir æfingamöguleikar, einfalt og öruggt.
(Væntanlegt)
Jólatilboðsverð frá kr. 7.995.-

ROPE YOGA WORKOUT

Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun

Rope Yoga ferðasett + dýna (verð áður kr. 29.895.-)
Jólatilboðsverð kr. 19.995.-
Rope Yoga bekkur (verð áður kr. 69.800.-)
Jólatilboðsverð kr. 59.995.-

OPIÐ UM HELGINA:
Laugardag: 11-16 / Sunnudag: 12-16

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

WWW.KORTER.IS

maxifuel TRX MAXIMUSCLE maxitone IRON GYM SLENDERTONE PhD YORK POLAR BBE SPORTLINE EAS REJUVENATION

KRONAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll

FRÁBÆRT VERÐ!

1398 kr. kg

Krónu hamborgarhryggur

1348 kr. kg

Esju Bayonneskinka úr læri

JÓLIN ERU AÐ KOMA!

GOTT VERÐ!

2139 kr. kg

KEA léttreyktur lambahryggur

25% afsláttur

2996 kr. kg

Verð áður ~~3995~~ kr. kg

Eðalfiskur, reyktur og grafinn lax, bitar

1598 kr. kg

Lambalæri , trönuberja- og eplamarinerað

1348 kr. kg

Esju sænsk skinka

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

DÚNDUR-TILBOÐ!

65% afsláttur

99 kr. stk.

Verð áður ~~296~~ kr. stk.
Fanta orange, 2 lítrar

Hámark 4 pk. á mann meðan birgðir endast!

2998 kr. kg

Sambands hangilæri, úrbeinað

20% afsláttur

1198 kr. kg

Verð áður ~~1495~~ kr. kg
KEA hangiframpartur í poka

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og leiða myndabreng!
EXPO • www.expo.is

Lifandi tré bera með sér jólabrag

Öll heimili landsins ættu að geta skartað íslenskum jólatrjám eftir tuttugu ár og mörg miklu fyrr, að mati **Else Möller** á Akri í Vopnafirði. Hún er skógfræðingur frá Hvanneyri og eina manneskjan á Íslandi með meistarapróf í jólatrjáarækt.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

ELSE VIÐ SITKAGRENITRÉ Sitkagreni er ekki gott innijólatré því það stingur svo mikið. En það myndar fallegt form. Svo er það líka harðgert og þrífst um allt land, meðal annars nálægt sjó," segir Else.

„Ég vil efla áhugann á lifandi jólatrjám á Íslandi því þau bera með sér jólabrag og gefa miklu meiri stemningu en gervitré," segir Else Möller, skógfræðingur á Akri í Vopnafirði. Hún telur Íslendinga geta verið fyllilega sjálfum sér nóga í framleiðslu jólatrjáa og kveðst aldrei hafa skilið af hverju þeir flytji inn ógrynni af trjám í stað þess að ala þau upp í íslenskri mold. Tekur þó fram að ánægjuleg þróun hafi átt sér stað á síðustu árum því bæði sé Skógrækt ríkisins og skógræktarfélög farin að bjóða fólki að velja sér jólatré úr reitum víða um land. Einnig séu um fjörutíu bændur farnir að einbeita sér að framleiðslu jólatrjáa í samstarfi við Landsamtök skógaeigenda. „En það er of lítið framboð og þá er tilvalið tækifæri að auka það," segir Else sem hefur ráð undir rifi hverju þegar kemur að ræktun jólatrjáa á Íslandi enda er hún með meistaragráðu í þeirri grein. Þó hún sé hjúkrunarfræðingur að mennt hóf hún nám í skógfræði við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri árið 2007 og meistaranáminu lauk hún síðastliðið vor. Í samhengi við það er hún með tilraunaræktun jólatrjáa við landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, á Krithóli í Skagafirði og Prestsbakkakoti á Síðu. „Skógarbændurnir vinna verklegu vinnuna en ég skipulegg hvað þeir eiga að gera, hvenær og hvernig."

Vill sjá jólatrjáaakra

Else er dönsk að uppruna en hefur búið hér á landi í fjórtán ár. Bærinn hennar, Akur, er í Hofsárdal í Vopnafirði, um sjö kílómetra frá þorpinu Tanga. Þegar þetta símaviðtal fer fram er hún á förum út á Tanga til að fræða leikskólabörnin þar um jólatré. Hún kveðst á næstu dögum ætla með börnin í skógarlund á Vopnafirði sem nefnist Oddnýjarlundur, eftir konunni sem setti niður fyrstu trén í hann. „Skólakrakkarnir hafa gróðursett í Oddnýjarlund árum saman og nú eru trén orðin svo stór að það er tímabært að fara að höggva eitthvað innan úr og nota til dæmis sem jólatré," segir hún.

Reyndar vill Else meina að erfitt sé að fá eitthvert magn fallegra jólatrjáa úr skógum sem hafi verið ræktaðir í brekkum og móum langt frá byggð „Hugmynd mín er að fólk taki tún eða akra nálægt bæjum undir jólatrjáaskóg. Þannig er hægara að sinna plöntunum vel frá upphafi og allan tímann."

Spurð hvort jólatrjáaskógur sé gróðursettur gisnari en annar skógur svo trén vaxi ekki hvert inn í annað, svarar Else. „Nei, maður á einmitt að gróðursetja jólatré býsna þétt. Það passar að setja þau niður með eins til eins og hálfs metra millibili svo þau skýli hvert öðru. Þau eiga hvort sem er ekki að verða nema um tveggja metra há." Hún ítrekar að nauðsynlegt sé að hafa trén einhvers staðar þar sem auðvelt sé að sinna þeim, klippa þau til í rétt form, gefa þeim áburð og fylgjast með til að hægt sé síðan að selja þau fyrir gott verð. „Þetta er ákveðin tækni sem þarf að læra og tekur sinn tíma en borgar sig margfalt. Það er líka mjög gaman að ná tökum á þessari framleiðslu og nú þegar eru sumir skógarbændur á Íslandi farnir að standa sig mjög vel og framleiða flott tré."

Þar sem Else hefur yfir landi að ráða á Akri er hún að sjálfsögðu með jólatré í uppvexti heima við. „Ég verð kannski með 100 tré sem geta verið tilbúin á hverju ári, en ég er nýbyrjuð að gróðursetja og fyrstu trén verða ekki tilbúin fyrr en eftir sex til átta ár."

Else segir engan hörgul á ungplöntum til að setja niður. „Það er ágætt framboð. Það sem okkur vantar frekar á Íslandi er þekking og öguð vinnubrögð. Að við förum út og sinnum trjánum á réttum tíma og munum eftir að gróðursetja nóg á hverju ári þannig að framleiðslan nái að rúlla."

Til Kanarí fyrir ágóðann

Þar sem löng hefð er fyrir því að flytja inn jólatré frá Danmörku er Else spurð hvort norðmannsþinur þrífist hér á landi. „Nei, vaxtarskilyrðin á Íslandi eru of erfið fyrir norðmannsþin. Hann þarf hlýrra loftslag og meira skjól," svarar hún. „Það hafa verið gerðar tilraunir með fjallaþin en hann þolir ekki mikinn vind heldur og það er verið að leita að hentugu kvæmi þins til ræktunar hér.

Stafafura er sú tegund jólatrjáa sem þrífst langbest hér á landi enda er hún vinsælust, að sögn Else. „Stafafura þrífst um allt land, hún er fagurgræn, með langar nálar og getur staðið inni í mánuð án þess að missa barrið," fullyrðir hún. Hún segir rauðgreni lengi hafa verið það tré sem Íslendingar sáu sem „hið eina sanna jólatré", en það missi dálítið barrið, sérstaklega ef gleymist að vökva það. „Rauðgreni þarf vatn eins og blóm," tekur hún fram og segir blágreni líka mjög fallegt og ívið barrheldnara en rauðgrenið. En hversu langan tíma tekur það þessi tré að vaxa hér á landi þar til þau ná heppilegri jólatréshæð? „Það fer eftir vaxtarskilyrðum. Ef stafafuran er í frjósömum jarðvegi getur hún náð æskilegri jólatréshæð á sex til átta árum. Það er hægt að fá býsna góða uppskeru ef hún er á góðum stað og maður nær að forma hana þannig að hún vaxi fallega og verði ekki of gisin."

Að lokum er Else spurð hvort hún sé ekki eina manneskjan á Íslandi með sérmenntun í ræktun jólatrjáa. „Jú," svarar hún glaðlega. „Margir skógfræðingar telja þetta ekki merkilega sérgrein. En fólk fær ekkert út úr venjulegri skógrækt fyrr en í fyrsta lagi eftir tuttugu ár. Mér finnst sniðugt að byrja á jólatrjám og geta farið að uppskera eftir sex til tíu ár. Þá er hægt að bjóða karlinum sínum eða konunni til Kanaríeyja eftir jólin fyrir ágóðann!"

HVERNIG SKAL MEÐHÖNDLA LIFANDI TRÉ SEM BÚIÐ ER AÐ FELLA.

- Best er að geyma tréð úti á skjólgóðum stað þangað til það á að fara inn.
- Gott að hafa tréð í vatni daginn áður það fer inn en ekki nauðsynlegt og alls ekki ef það er frost.
- Saga neðan af trénu 2 til 3 sentimetra, kannski klippa nokkrar af neðstu greinunum í burtu og setja tréð í sérhannaðan jólatrésfót eða stóran vasa.
- Mikilvægt er að vökva tréð á hverju degi til að minnka hættuna á barrfelli.
- Greni getur staðið inni að minnsta kosti í 10 til 12 daga áður barrið fer að losna ef það hefur fengið vatn.
- Fura getur staðið inni fram að páskum.
- Þinur (norðmannsþinur og fjallaþinur) getur staðið í um mánuð án þess að tapa barrinu.
- Lífandi tré þrífst alltaf best í vatni!

„DÚNDURÞRILLER“

„Yrsu er lagið að skapa drungalega stemningu ... [heldur] lesandanum á tánum með getgátum, allt til enda.“

Þ.Þ. FRÉTTATÍMANUM

„**Hörkuspennandi** bók ... vel plottuð og það er margt sem kemur á óvart ... **Yrsa eins og hún gerist best** ... Lokin eru rosaleg ... rígheldur ... dúndurþriller ... **með hennar bestu bókum.**“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

Það átti að knésetja okkur

Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi formaður Vinstri grænna, segir að voldug hagsmunaöfl á Íslandi hafi reynt allt til að knésetja síðustu ríkisstjórn. Stjórnarandstaða núverandi stjórnarflokka hafi tekið út yfir allan þjófabálk og verið mesta niðurrifs- og eyðileggingarstarfsemi sem hann hefur orðið vitni að í pólitík.

Skuldatillögur

Mér var létt þegar ég sá að umfang þeirra var svona miklu miklu minna en Framsóknarflokkurinn hafði lofað fyrir kosningar þar af leiðandi er þetta efnahagslega ekki eins hættulegt eins og það hefði getað orðið.

Lífið eftir ríkisstjórn

Ég hef bara unað lífinu mjög vel núna í vor, sumar og haust. Það hefur verið kærkomið að mörgu leyti að geta aðeins um frjálst höfuð strokið og ráða mínum tíma aðeins sjálfur.

Um núverandi ríkisstjórn

Þeir voru dálítið kálfslegir í vor þegar þeir töluðu um að allur vandi Íslands væri bara þessari ónýtu ríkisstjórn að kenna. Þeir kæmu með sína snilld, smelltu fingrum og þá átti allt að vera komið hérna á fulla ferð. Kraftaverkin hafa hins vegar látið á sér standa.

Auðvitað sameinuðust mjög voldug hagsmunaöfl í landinu gegn fyrri ríkisstjórn. Þetta var fyrsta hreina [vinstri] stjórn sögunnar. Það stóð aldrei til að hún fengi að sitja út kjörtímabilið. Það átti að knésetja okkur og það fór óendanlega í taugarnar á þeim þegar það tókst ekki. Við sýndum að vinstrimenn geta ekki bara unnið saman heldur unnið þrekvirki við að koma landinu aftur á kjöl og klára heilt kjörtímabil við erfiðustu aðstæður í lýðveldissögunni og geri aðrir betur," segir Steingrímur.

Ekki skynsamlegt að slíta stjórnarsamstarfinu

Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, segir í bók sinni Ár drekans að Samfylkingin hefði átt að slíta stjórnarsamstarfinu við Vinstri græna árið 2012 út af ESB-málinu. Það hefði þjónað hagsmunum Samfylkingarinnar best. „Ég veit ekki hvað hefði verið best fyrir Samfylkinguna en ég held að það hefði ekki verið gott fyrir Ísland og ég var ekki meðmæltur því. Við náðum þrátt fyrir allt að klára mörg og mikilvæg verkefni þó að ýmislegt yrði undan að láta í lokin. Enda var okkur nú ekki beinlínis gert auðvelt fyrir. Muna menn hvernig stjórnarandstaðan var á síðasta kjörtímabili? Það var ekki stjórnarandstaða. Það var mesta niðurrifs- og eyðileggingarstarfsemi sem ég hef nokkurn tímann orðið vitni að í pólitík og man ég þó stjórnarandstöðu Sjálfstæðisflokksins gegn ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen sem var auðvitað heiftúðug," segir Steingrímur.

Skuldaaðgerðir gagnast fáum

Steingrímur setur ýmsa fyrirvara við skuldaaðgerðir ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru í lok síðasta mánaðar. Hann fagnar því að tillögurnar séu komnar fram en telur að mörgum spurningum sé enn ósvarað, t.d. hvað varðar fjármögnun. Þá segir hann að aðgerðin muni fyrst og fremst gagnast tekjuhærri hópum og það sé miður. „Veikleiki [þessara tillagna] er hinn félagslegi þáttur. Þetta mun fyrst og fremst gagnast tekjuhærri hópunum. Svo er það eins og hver annar brandari að tala um að leigjendum geti staðið til boða að leggja einhvern húsnæðissparnað inn skattfrjálst með þessum hætti. Ætli það verði nú margir sem búa í félagslegu leiguhúsnæði sem geta tekið 4% af launum sínum til hliðar í einhvern svona húsnæðissparnað? Þetta er bara gert til að blása aðgerðina upp og telja okkur trú um að þetta nái til 80% heimila í landinu. Að sjálfsögðu verður það ekki þannig. Þetta er miklu þrengri hópur sem fær þarna úrlausn."

Verðbólga gæti étið upp allan ávinning

Seðlabankinn telur mögulegt að sérfræðihópur ríkisstjórnarinnar hafi vanmetið áhrif skuldaaðgerðanna á verðlagsþróun. Steingrímur tekur undir þær áhyggjur og óttast að verðbólgan muni éta upp allan ávinning heimila. „Við gætum fengið býsna harkalegan bakreikning í hausinn. Ekki bara verðbólguna sem slíka. Ef hún færi aðeins upp um eitt til tvö prósent þá bítur það í á hverju ári. Ef Seðlabankinn teldi sig knúinn í framhaldinu til þess að hækka vexti þá er það mjög neikvætt fyrir atvinnulífið og alla skuldahliðina í hagkerfinu," segir Steingrímur og telur nauðsynlegt að meta nákvæmlega áhrif aðgerðanna. Þá segir Steingrímur að fjármögnunin, þ.e. það sem snertir skattaafslátt í tengslum við séreignarsparnað sé einnig eitthvað sem verði að skoða. Í raun séu stjórnvöld að ýta vandanum inn í framtíðina. „Við erum að ýta þessum hluta vandans, þessum hluta byrðanna yfir á skattgreiðendur framtíðarinnar, þó nokkuð inn í framtíðina. Þetta gætu orðið um 40 milljarðar króna. Sveitarfélögin eiga sérstaklega mikið undir þarna vegna þess að kerfið okkar er þannig að ríkið tryggir sveitarfélögum fullt útsvar og bætir það sem upp á vantar."

Niðurlægjandi málflutningur

Steingrímur gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir að draga úr framlögum til þróunaraðstoðar. Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa sagt að það sé nauðsynlegt að lækka þróunarstyrki til að efla heilbrigðisþjónustuna. „Er það samboðið íslensku þjóðinni? Vill hún að þessu sé stillt upp þannig af nauðhyggjustjórnmálamönnum að við verðum að velja á milli þess að reyna að sýna lit í því að þoka okkar þróunaraðstoð upp á við eða reka Landspítalann? Við erum ekki svo fátækir, Íslendingar," segir Steingrímur og gagnrýnir að þetta sé sett fram með þessum hætti. „Mér finnst þetta óboðleg tenging. Hún er niðurlægjandi fyrir þjóðina og það sjá það allir að þetta er ekki svona," segir Steingrímur.

VIÐ GÆTUM FENGIÐ BÝSNA HARKALEGAN BAKREIKNING Í HAUSINN. EKKI BARA VERÐBÓLGUNA SEM SLÍKA. EF HÚN FÆRI AÐEINS UPP UM EITT TIL TVÖ PRÓSENT PÁ BÍTUR PAÐ Í Á HVERJU ÁRI

STJÓRNMÁLAPÁTTTAKA

1976 | 1978 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1985 | 1987 | 1988 | 1990 | 1995 | 1999 | 2000 | 2005 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012

1976 Stúdentsþróf MA.

1978-1980 Í Stúdentaráði.

1978-1982 Vörubifreiðarstjóri á sumrum.

1981 B.Sc.-þróf í jarðfræði HÍ.

1982 Þróf í uppeldis- og kennslufræði HÍ.

1982-1983 Við jarðfræðistörf og jafnframt íþróttafréttamaður hjá sjónvarpi.

1983- Alþingismaður.

1987-1988 Formaður þingflokks Alþýðubandalagsins.

1988-1991 Landbúnaðar- og samgönguráðherra.

1999-2013 Formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá stofnun flokksins.

2009-2011 Fjármálaráðherra.

2011-2012 Efnahags- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

2012-2013 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

MENNTUN OG HELSTU STÖRF

Höskuldur Kári Schram
hks@frettabladid.is

visir.is

Viðtalið við Steingrím er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is.**

Góðar jólagjafir

ICEPEAK

Lúffur og hanskar á börn og fullorðna, verð frá kr. 3.995

Bergans OF NORWAY

100% merino ullarfatnaður á alla fjölskylduna, verð frá kr. 4.995

Frábært úrval af dúnjökkum, verð frá 19.995

MOUNTAIN EQUIPMENT

Húfur, verð frá kr. 5.995

salomon

Hanskar, verð frá kr. 6.995

Fjölbreytt úrval af bakpokum frá SALOMON, LOWE ALPINE og PINGUIN

Lowe alpine

pinguin

Mikið úrval af svefnpokum frá PINGUIN og ROBENS

www.alparnir.is

Góð gæði

Betra verð

Íslensku ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

GLERÁRGÖTU 32, AKUREYRI, SÍMI 461 7879 • KAUPVANGI 6, EGILSSTAÐIR, SÍMI 471 2525 • FAXAFENI 8, REYKJAVÍK, SÍMI 534 2727

Skíða- og snjóbrettapakkar

20% afsláttur

salomon

ATOMIC

- Svigskíði
- Fjallaskíði
- Gönguskíði
- Snjóbretti

Tökum notaðan skíða- og brettabúnað upp í nýjan

www.alparnir.is

Góð gæði

Betra verð

Íslensku ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

GLERÁRGÖTU 32, AKUREYRI, SÍMI 461 7879 • KAUPVANGI 6, EGILSSTAÐIR, SÍMI 471 2525 • FAXAFENI 8, REYKJAVÍK, SÍMI 534 2727

VALDATÍMABIL PÓLITÍSKU AFLANNA Í TAÍLANDI 2001-2013



STJÓRNARANDSTAÐAN Í BANGKOK

Demókrataflokkurinn er stærsti stjórnarandstöðuflokkur Taílands. Flokkurinn hefur frá því snemma á síðustu öld verið einn öflugasti stjórnmálaflokkur landsins, en á allra síðustu áratugum hefur hann sjaldnast náð meirihluta í þingkosningum. Þetta er íhaldsflokkur, sem á greinilega erfitt með að sætta sig við að önnur öfl í Taílandi nái völdum.

Abhisit Vejjajiva, leiðtogi flokksins, var forsætisráðherra á árunum 2008 til 2011. Hann var nú í vikunni ákærður fyrir morð í tengslum við átök árið 2010, þegar lögreglan réðst til atlögu gegn mótmælendum með þeim afleiðingum að hátt í hundrað manns létu lífið.

Suthep Thaugsuban hefur orðið helsti leiðtogi mótmælenda í Taílandi þetta árið. Hann er 64 ára gamall, fyrrverandi þingmaður Demókrataflokksins og hann var varaforsætisráðherra meðan Vejjajiva var forsætisráðherra. Hann segist staðráðinn í að linna ekki látum fyrr en stjórn Yinglucks Shinawatra segir af sér. Og stefnir á að það gerist fyrir áramót.

STJÓRNARANDSTÆÐINGAR LEGGJA UNDIR SIG BREIÐSTRÆTI Í BANGKOK Andstaða íhaldsaflanna við stjórn Yinglucks Shinawatra nýtur mikils stuðnings í höfuðborginni Bangkok og víðar í suðurhluta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SHINAWATRA-FJÖLSKYLDAN OG AUÐÆFIN

Thaksin Shinawatra virðist vera sá stjórnmálamaður, sem íhaldsöflin í Taílandi hafa mest gaman af að hata. Honum virðist vera kennt um allt illt. Hann var forsætisráðherra á árunum 2001 til 2006, en hafði áður auðgast mikið á rekstri fyrirtækja.

THAKSIN SHINAWATRA

Yingluck Shinawatra er 46 ára, yngsta systir Thaksins og hefur verið forsætisráðherra Taílands síðan í ágúst 2011. Áður en hún hóf afskipti af stjórnmálum stundaði hún viðskipti og stjórnaði meðal annars fjárfestingafélagi Shinawatra-fjölskyldunnar. Stjórnarandstaðan sakar hana um að láta bróður sinn stjórna landinu í reynd úr útlegðinni.

Þau Yingluck og Thaksin eru af auðugri fjölskyldu kínverskra innflytjenda. Langalangafi þeirra, Seng Sae Khu, kom til landsins á sjöunda áratug 19. aldar, en afkomendur hans tóku síðar upp ættarnafnið Shinawatra, sem mun þýða „gerir góðverk reglulega“.

YINGLUCK SHINAWATRA

Stjórnmálaflokkurinn og nafnbreytingarnar

Thaksin Shinawatra stofnaði árið 1998 stjórnmálaflokk, sem hét Thai Rak Thai, en það mun þýða Taílendingar elska Taílendinga. Flokkurinn lagði frá upphafi áherslu á að höfða til skuldugra bænda sem höfðu orðið illa úti í efnahagskreppunni árið 1997. Hann lofaði að koma efnahag landsins í betra horf og boðaði betri tíð fyrir landsbyggðarþorpin og fyrirtæki í fjárhagskröggum, en var gagnrýndur fyrir lýðskrumspólitík sem skilaði honum stórsigri í kosningunum árið 2001.

Fljótlega eftir að flokkurinn komst til valda fór svo að heyrast gagnrýni á að félögum og velunnurum flokksins væri hyglað umfram aðra, og að Thaksin forsætisráðherra hafi notfært sér aðstöðu sína til að hagnast persónulega. Það fór líka mjög fyrir brjóstið á íbúum í Bangkok og nágrenni að stjórn Thaksins sinnti ekki hagsmunum þeirra eins og hagsmunum landsbyggðarkjördæmanna, þar sem fylgi hans var mest. Hann mun meðal annars hafa sagt það beint út að hann sæi enga ástæðu til að sinna þeim kjördæmum sem kusu hann ekki.

Árið 2007 bannaði stjórnlagadómstóll Taílands starfsemi Thai Rak Thai-flokksins. Liðsmenn hans stofnuðu þó fljótlega annan stjórnmálaflokk, sem fékk nafnið Palang Prachachon, eða Vald fólksins. Sá flokkur var einnig bannaður í lok árs 2008, en við tók þriðji flokkurinn, sem heitir Pheu Thai, eða Fyrir Taílendinga. Sá flokkur er við völd í landinu nú, undir forystu Yinglucks Shinawatra.

Þegar lýðræðið hentar ekki

Ólgan í Taílandi undanfarnar vikur á sér margra ára rætur í valdatogstreitu gamla Demókrataflokksins og hinnar auðugu Shinawatra-fjölskyldu. Systkinin Thaksin og Yingluck hafa ítrekað unnið sigur í lýðræðislegum kosningum, en íhaldsöflin eiga erfitt með að sitja hjá.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

Stjórnarandstæðingar í Taílandi hafa nú í nokkrar vikur krafist þess að Yingluck Shinawatra forsætisráðherra segi af sér. Hún hefur látið undan að hluta, leyst upp þing og boðað til kosninga, en ætlar að sitja áfram ásamt ríkisstjórn sinni fram að kosningum.

Þetta dugar ekki stjórnarandstæðingunum, sem vilja fá nýja stjórn strax. Og það sem meira er, þeir hafa engan áhuga á lýðræðislega kjörinni ríkisstjórn. Að minnsta kosti ekki þeir sem háværastir eru í kröfugerð sinni.

Andstæðingar stjórnarinnar koma flestir úr röðum Demókrataflokksins í höfuðborginni Bangkok. Demókrataflokkurinn var lengi vel stærsti og áhrifamesti flokkur landsins, en á seinni árum hefur hann sjaldnast náð nægum þingstyrk í kosningum til að geta myndað starfhæfa stjórn.

Fyrst Thaksin Shinawatra, sem nú er í útlegð, og svo systir hans, Yingluck, hafa þess í stað haft sigur í hverjum kosningunum á fætur öðrum. Þau höfða einkum til almennings á landsbyggðinni, eru sökuð um lýðskrum og spillingu en virðast engu að síður hafa nokkuð traust meirihlutafylgi á bak við sig.

Þess vegna eru líklega meiri líkur en minni á því að flokkur Yinglucks vinni sigur enn á ný þegar haldnar verða kosningar.

Demókrataflokkurinn, sem lengst af þótti íhaldssamur kerfisflokkur, er nú hættur að standa vörð um lýðræðið og vill frekar að konungurinn tilnefni menn flokknum þóknanlega í bráðabirgðastjórn, eða komið verði á laggirnar einhvers konar „ráði þjóðarinnar“, sem ekki á að þurfa að kjósa.

Lýðræðið hentar sem sagt flokknum ekki lengur, og þá á að þröngva stjórninni frá og ná völdum án kosninga.

Hvorki hinn vinsæli konungur landsins né hinn öflugi her hafa þó enn sem komið er tekið undir þessar kröfur, en liðsinni beggja væri væntanlega óhjákvæmilegt til að nýtt stjórnarfyrirkomulag ætti einhverja möguleika.

Stjórnarandstæðingarnir hafa hins vegar verið duglegir við að efna til mótmæla af ýmsu tagi, og njóta greinilega mikils fylgis í höfuðborginni þar sem tugir þúsunda hafa tekið þátt í aðgerðum nánast á hverjum degi síðustu vikurnar.

UPPÁHALDSÓVINURINN Stjórnarandstæðingar troða á mynd af Thaksin Shinawatra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BHUMIBOL TAÍLANDSKONUNGUR

Bhumibol Adulyadej varð 86 ára í þessum mánuði. Hann hefur verið konungur Taílands frá árinu 1946 eða í 67 ár og hefur því verið lengur við völd en nokkur annar núlifandi þjóðhöfðingi. Hann nýtur mikilla vinsælda og virðingar meðal þjóðarinnar og hefur því mikil völd í raun, kjósi hann að beita þeim. Til þessa hefur hann kosið að láta ólguna undanfarið að mestu afskiptalausa, en þó hvatt menn til að standa saman og halda friðinn.

TAÍLENSKI HERINN

Taílenski herinn hefur, rétt eins og konungurinn, látið deilurnar undanfarið afskiptalausar. Löng hefð er þó fyrir því að herinn grípi inn í pólitískar deilur í Taílandi og bylti stjórninni. Síðast gerðist þetta árið 2006 þegar herinn steypti stjórn Thaksins Shinawatra af stóli eftir að langvarandi mótmæli stjórnarandstæðinga höfðu nánast lamað samfélagið. Herinn afboðaði kosningar, leysti upp þingið, bannaði mótmæli, tók upp fjölmiðlaritskoðun og setti á neyðarlög. Rúmu ári síðar var komin ný stjórnarskrá og efnt til kosninga. Þar vann flokkur Thaksins sigur, þótt hann væri kominn í útlegð.

Veiðileg Jól

Munið vinsælu gjafabréfin okkar!

Prologic hanskar.
Góðir skotveiðihanskar.
Tvær gerðir.
Verð frá **4.995,-**

Redington Sonic veiðijakki
Vatnsheldur, saumalaus jakki með góðri útöndun
Verð 59.900.
Jólatilboð aðeins 49.900,-

Simms Freestone pakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð aðeins **53.900,-**

Redington Topo fluguveiðipakkar
Fjögurra hluta stöng, hjól, lína, baklína, taumur, flugubox og flugur. Fullt verð 36.900.
Jólatilboð aðeins 29.995,-

Savage laxaháfur.
Léttur og góður laxaháfur.
Hægt að brjóta saman.
Aðeins **8.995,-**

DAM öndunarvöðlupakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð
Aðeins **29.995,-**

Scierra digital
vigt með innbyggðum hitamæli
Verð aðeins **10.995,-**

Ron Thompson vöðlujakki
Vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 24.995
Jólatilboð aðeins 19.995,-

Simms Coldweather skyrtur
Þykkar og hlýjar skyrtur
Verð aðeins **14.995,-**

Sage flugustangir
í miklu úrvali. Vandaðar handgerðar bandarískar stangir með lífstíðarábyrgð.
Verð frá **49.900,-**

Scierra vöðlujakki.
Vatnsheldur jakki með útöndun
Fullt verð 29.995
Jólatilboð aðeins 25.995,-

Gerviendur
12 stokkendur ásamt sökkum, og góðum burðarpoka.
Frábært verð
Aðeins **12.995,-**

Prologic felugalli
MAX4 felumynstur.
Vatnsheldur, fóðraður jakki og smekkbuxur með útöndun
Verð aðeins **36.995,-**

Gæsaflautur – Andaflautur.
Gott úrval. Verð frá
Verð frá **2.995,-**

Öryggishólf.
Örugg geymsla fyrir verðmæti eða skotfæri.
Nauðsynlegt á öll heimili.
Raflæsing
Verð aðeins **14.995,-**

Ron Thomson Reykofn
Frábært verð.
Verð aðeins **10.995,-**

Simms Fall Run Primaloft.
Léttur og hlýr jakki. Hentugur í alla útivist.
Aðeins **33.900,-**

Redington kvenvöðlupakki
Vandaðar öndunarvöðlur og skór
Aðeins **42.995,-**

Fud gæsir.
Vinsælar gervigæsir sem ekkert fer fyrir.
Þessar hafa svo sannarlega slegið í gegn.
6 í pakka
Verð aðeins **9.995,-**

Lambhúshettur.
Nauðsynlegar í gæsaveiðina.
Hlýjar hettur með andlitsgrímu
Verð aðeins **3.995,-**

Netverslun Veiðihornsins sendir jólagjafirnar fritt með póstinum til jóla – Veidihornid.is

VEIÐIHORNIÐ

VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 5688410

VEIÐIHORNIÐ - STRANDGÖTU 49 - HAFNARFIRÐI - 555 6226

PHILIPS

Philips HR1388
Viva Collection SalatMaker með öflugum 200w mótor og 6 mismunandi stálhnífum. XL stór matari.

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Philips HD9016
Daily Collection brauðvél sem bakar 750 eða 1000g brauð. 12 stillingar. LCD Skjár. 3 skorpu stillingar. Mæliskeið- og bolli fylgja. Tímastillir allt að 13 klst. Heldur brauði heitu.

TILBOÐ **19.995**
FULLT VERÐ 26.995

DeLonghi

KAFFIKVÖRN

DeLonghi KG40
Góð kaffikvörn sem tekur 90g af baunum.

VERÐ **5.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Ariete

Ariete 2952
Retro poppvél sem poppar með heitum blæstri. Tekur 2 minutur að poppa. Gegnsætt lok með áfyllingar íláti.

VERÐ **5.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Ariete

Ariete 1784
Einföld 500w matvinnsluvél með 2ja lítra skál. 2 hraðar og púls. Stál hnífur.

VERÐ **9.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD

Kenwood BL710
Flottur 750W blandari með 1,6L glerskál. 5 hraðastillingar. Hnífar úr ryðfríu stáli. Geymsla fyrir kapal. Fætur sem renna ekki til.

VERÐ **19.995**
FRÁBÆRT VERÐ

BRAUN

Braun MR320PASTA
450w töfrasproti. Hnífar úr ryðfríu stáli. 1 hraðastilling + Turbo. Þeytari / hakkari og 0.5L skál fylgja.

VERÐ **9.995**
FRÁBÆRT VERÐ

---

yonanas



Yonanas 282700
Yonanas Ísgerðarvél sem notar allar gerðir af frosnum ávöxtum. Auðvelt að hreinsa.

VERÐ **12.995**
FRÁBÆRT VERÐ

BRAUN

Braun MQ535
Öflugur 600w töfrasproti með hnífum úr ryðfríu stáli. 1 hraðastilling + Turbo. Auðvelt að þrífa. Þeytari / 500 ml hakkari og 0.6L skál fylgja.

VERÐ **16.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

Melissa 16330090
700W örbylgjuofn með 5 hitastillingum. 20 lítrar. 25,5sm diskur.

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

---

wilfa

Wilfa HU6W
Rakatæki með stillanlegu rakastigi fyrir allt að 125 fm rými. Mjög hljóðlátt. 6 lítra vatnstankur. Heit gufa 400ml t/klst. Kaldur blástur 300ml t/klst. Vatnsfilter.

VERÐ **17.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KAFFIVÉLIN SEM SÝÐUR VATNIÐ

Nýtt útlit!

PHILIPS

Philips HD5407
Philips kaffikannan sem sýður vatnið loksins komin aftur.

VERÐ **19.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Fissler
Fissler. Perfect every time.

Fissler 212403000
3stk Paris pottasett með þéttu glerloki. Hágæða gljáandi ryðfrítt stál. Má nota í ofna og á öll helluborð. Má setja í uppþvottavél. Handföng sem haldast svöl.

VERÐ **24.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Fissler
Fissler. Perfect every time.

Fissler 60030004000
Vitaquick 4,5 lítra hraðsuðupottur. Hraðari eldun og varðveitir vítamín í mat betur en við venjulega suðu. Má einnig nota sem venjulegan pott.

VERÐ **24.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Þráðlaus!

LIFE IN BALANCE
SOEHNLE

Soenhle 68050 – Hitapúði
Hitapúði með mjúku flísefni öðrumegin til að nota inni, og rakaþolnu efni hinu megin svo hægt sé að nota púðann utandyra. Hleðsla dugar í allt að 4 klst. Íslenskur leiðarvísir.

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Þráðlaus!

LIFE IN BALANCE
SOEHNLE

Soenhle 68049 – Hitabelti
Belti sem má festa á bak eða axlir. Hleðsla dugar í allt að 4 klukkustundir. Íslenskur leiðarvísir.

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

---

elna

Ábreiða og íslenskur leiðarvísir fylgir.

Elna ELNA220EX
Saumavél með 15 sporgerðir. Sporatafla að framan. Stilliskífa fyrir spor. Nál stillanleg frá miðju. Spóluvinda og tvinnahnífur. 4 gerðir saumfóta. Overlock.

TILBOÐ **34.995**
FULLT VERÐ 37.995

---

elna

Kennslubók fylgir.

Elna 664
2-4ra þráða Overlock saumavél. Mismunaflutningur. Þekjusaumur. 2ja þráða skiptir. Stillanleg sporlengd og skurðbreidd. Stiglaus fargstilling. 12 saumgerðir. Sjálfvirk saumstilling. Tvinna- og efnahnífur.

VERÐ **64.995**
FRÁBÆRT VERÐ



6 VERSLANIR
REYKJAVÍK - REYKJANESBÆR - AKUREYRI
SELFOSS - HÚSAVÍK - EGILSSTAÐIR

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Philips 32PFL3208T
32" Smart LED sjónvarp 1366 x 768p upplausn. 100 Hz Perfect Motion Rate. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Smart TV með YouTube. 2x HDMI, 2 x USB. Skype möguleiki. EasyLink. App fyrir Android/Apple síma og spjaldtölvur.

VERÐ **89.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Philips 42PFL3108T
42" Full HD sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. 100Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Ljósskynjari. App fyrir Android/Apple síma og spjaldtölvur. USB, 2 HDMI tengi o.fl.

VERÐ **129.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Philips 46PFL4208T
46" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. 200Hz Perfect Motion Rate. Smart TV. Simplyshare. Innbyggt Wi-Fi. Ljósskynjari. 3x HDMI, 2 x USB. Skype möguleiki. App fyrir Android/Apple síma og spjaldtölvur.

VERÐ **179.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS
MP3 SPILARI

Philips SA4RGA02KN
GoGear Raga MP3 spilari með Fullsound sem tryggir betri hjómgæði. 2GB NAND minni. 1.1" LCD skjár. Geymir allt að 900 lög. Tónjafnari. Hleðslurafhlaða endist allt að 15 klst.

VERÐ **5.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips AJ3123
Digital FM útvarpsvekjari með 10 stöðvaminnum. 2 vekjarar með Gentle Wake svefnrofa.

VERÐ **6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MONSTER® DNA THE NEW LOOK OF SOUND AND STYLE

Monster 128536
DNA Heyrnatól Pure Monster Sound. MusicShare sem tengir önnur heyrnartóli við. Monster ControlTalk snúra fyrir iPhone, iPod, iPad.

VERÐ **39.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

Panasonic DMCSZ7
14.1 milljón punkta myndavél með MOS-myndflögu. 10x Optical LEICA linsa með POWER OIS hristivörn. Tekur 3D og Panorama myndir (360°/180°). Venus Engine IV og iAuto. Light Speed AF / Burst Shooting 5fps í fullri upplausn. 3" LCD skjár og Auto Focus Tracking. AVCHD FHD 1920x1080 hreyfimyndataka. Stereó hljóðnemi og hátalari. 60MB minni, kortarauf og Mini HDMI tengi. Má hlaða beint í straum eða USB tengi. Rafhlaða endist í allt að 220 myndir.

TEKUR 3D OG PANORAMA MYNDIR

TILBOÐ **24.995**
FULLT VERÐ 34.995

PHILIPS

Philips AZ105S
Ferðatæki með geislaspilara og FM útvarpi. Dynamic Bass Boost. Spilar CD, CD-R/RW Góðir 3" hátalarar. 3,5mm Aux Line-in.

VERÐ **11.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips DCM2020
20W RMS hljómtækjasamstæða með iPod/iPhone/iPad vöggu, geislaspilara, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, vekjara sem spilar af FM/CD/USB/iPod vöggu, , MP3 link, heyrnartólstengi ofl.

VERÐ **34.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips DTM3170
150W RMS samstæða með iPhone5/iPad vöggu og CD spilara. wOOx hljóðtækni. Digital Sound Control. Bluetooth. RDS FM útvarp með 20 minnum. USB Direct / MP3 Link tengi. Vandaðir 2 way hátalarar.

VERÐ **59.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Lenco AUDIO-VIDEO

Lenco L3867
PLÖTUSPILARI með innb. formagnara og USB tengi. 33/45 snúninga.

VERÐ **24.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips AS141
Glæsileg 20w RMS Android/ Bluetooth vekjaradokka með útvarpi með stöðvaminnum

VERÐ **16.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Philips DS8900
Ný DJ græja frá Philips sem er unnin í samvinnu við einn færasta DJ heims Armin van Buuren. Nú er hægt að skella upp partíi hvar og hvenær sem er. Lightning tengi. Bluetooth. Gengur fyrir rafmagni eða rafhlöðum. Innbyggður 80w RMS magnari. 2 Audio in og 2 Audio out.

VERÐ **99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

tl.is

TÖLVU LISTINN

MEIRA JÓLAÚRVAL LÆGRA VERÐ !

TOSHIBA
INTEL i5 HASWELL

Þessi verður búin löngu fyrir jól. Intel i5 Haswell örgjörvi sem skilar öflugri vinnslu og hraða. Intel HD Graphics 4600 skjákort og 500GB harður diskur.

TOS-C55A1MW

119.990

nextbook
OKKAR VINSÆLASTA !

8" er mjög hentug barnastærð. Með sprækum Dual Core örgjörva og 1GB vinnsluminni. Myndavél að framan, heyrnartólstengi, MicroUSB, miniHDMI og Bluetooth. Allt að 6 klukkutíma rafhlöðuending.

Bluetooth NEX-NEXT801T

19.990

24" sérhannaður tölvuleikjaskjár fyrir þá allra kröfuhörðustu. Uppfærir sig 144 sinnum á sekúndu í stað 40 sek og hefur aðeins 1ms. Svartíma (GtG)

PHS-242G5DJEB **54.990**

NETTUR VASAFLAKKARI

INTENSO

500GB og 2,5" flakkari sem passar vel í vasa til að taka með í ferðina. USB3 sem skilar ótrúlegum hraðamun í gagnaflutningi. Leðurtaska fylgir.

INT-MEMORYDRIVE500GB **8.990**

KINZU V2 LEIKJAMÚS

steelseries

Ofurnákvæm og gúmmíhúðuð leikjamús frá SteelSeries. Mjög næm með 16 forritanlegum tökkum fyrir MMO leiki.

STE-KINZUV2RUB **5.990**

COOLTAB MEÐ HÖGGVÖRN

Lenco AUDIO-VIDEO

Lenco spjaldtölvur með blárri og bleikri sílikonhulsu til að bæta höggþol og verja fyrir hnjaski. Allwinner A13 örgjörvi.

LEN-COOLTAB80BL/PI **19.990**

ELITE TURNKASSI

COOLER MASTER

Turnkassi með yfirburða loftkælingu, með plássi fyrir allt að 7 harða diska og stór skjákort. Tekur ATX og ATX micro móðurborð.

CM-RCK350KWN2EN **9.990**

SÉRHÖNNUÐ LEIKJAVÉL

ASUS

Allt það besta fyrir leikjaspilun. Intel i7 Haswell örgjörvi, 2GB GeForce GTX 760M sjákort, 12GB vinnsluminni og 750GB hörðum diski.

ASU-G750JWT4030H **299.990**

7" MEÐ DUAL CORE !

nextbook

Frábært verð fyrir Dual Core spjaldtölvu með 1GB vinnsluminni og 4.1 Jelly Bean stýrikerfi. Allt að 6 tíma rafhlöðuending. 8GB Flash minni

NEX-NX007HD8G **15.990**

ÓDÝRASTA TOSHIBA

TOSHIBA

Geggjað jólaverð á þessari 15,6" fartölvu sem hentar vel þeim sem hafa einungis þörf fyrir einfalda tölvuvinnslu.

TOS-C50DA133 **69.990**

PROMENNT ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

7 VERSLANIR UM ALLT LAND

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT OG Á AKUREYRI
LAUGARDAG 11-18 / SUNNUDAG 12-18

nextbook

10" MEÐ DUAL CORE

Þessi fer í miklu magni í jólapakkana. Stór og góður 10" skjár, tveggja kjarna örgjörvi sem skilar minni biðtíma og hraðari vinnslu.

NEX-NX010HI8G

29.990

ASUS

ZENBOOK MEÐ SSD

Komin aftur. Seldist upp á mettíma. Ein sú allra flottasta 13,3" Ultrabook fartölvan úr Zenbook línunni. Intel i5 örgjörvi og 128GB SSD diskur sem skilar mjög hraðri vinnslu. Bang & Olufsen IcePower hátalarar. Örþunn, létt og mjög meðfærileg.

169.990

ASU-UX31ADH51

HD SJÓNVARPSFLAKKARI

A.C.Ryan

HD spilari sem styður langflestar gerðir af myndböndum, hljóð- og kvikmyndum . Miklir tengimöguleikar.

ACR-PV73500

19.990

HD VEFMYNDAVÉL

Logitech

Háskerpu vefmyndavél með 3MP myndatöku. Innifalin er Logitech VID HD samskiptaforrit.

LOG-C270BK

5.490

UPPFÆRÐU SKJÁKORTIÐ

msi

Öflugt tveggja viftu Radeon HD 7850 skjákort á geggjuðu verði fyrir jólin. Styður 3 skjái.

MSI-R7850PE2GD5OC

24.990

Háskerpu upplausn ásamt AH-IPS skjáfilmu sem gefur ótrúleg myngæði. HDMI-MHL tengi svo hægt er að tengja hann t.d. við síma með Mobile HD Link.

PHS-274E5QHSB

49.990

NÝ NEXUS 7 MEÐ FHD

ASUS

Fimm stjörnu spjaldtölva frá Asus og Google með Snapdragon S4 Pro örgjörva og kristaltærum Full HD skjá. Android 4.3 Jelly Bean.

ASU-NEXUS71A002A

57.990

ASUS MEÐ INTEL i3

ASUS

Glæsilega hönnuð 15,6" fartölva með Intel i3 örgjörva og 6GB vinnsluminni. Intel HD 4000 skjástýring og 500GB harður diskur.

ASU-D550CABH31

99.990

ÞRÁÐLAUS PRENTARI

EPSON

Þráðlaus prentari, skanni og ljósritunarvél. Einfaldur og hagkvæmur í notkun.

EPS-XP315

14.990

QUAD CORE AMD A6

TOSHIBA

Silfurlituð 15,6" fartölva með fjögurra kjarna A6 örgjörva, Radeon HD 8400 skjákorti, 6GB vinnsluminni og 750GB hörðum diski.

TOS-M50DA10N

109.990

AÐEINS BROT AF JÓLATILBOÐUNUM Í VERSLUNUM OKKAR UM ALLT LAND !

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	HAFNARFJÖRÐUR
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 30	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 464 1600	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	Sími 414 1750

BESTU ÍSLENSKU PLÖTURNAR 2013

1 **MAMMÚT**
KOMDU TIL MÍN SVARTA SYSTIR
28 STIG

2 **SIGUR RÓS**
KVEIKUR
27 STIG

3 **GRÍSALAPPALÍSA**
ALI
23 STIG

4 **SIN FANG**
FLOWERS
22 STIG

5 **DRANGAR**
DRANGAR
19 STIG

6 **EMILÍANA TORRINI**
TOOKAH
15 STIG

7 **TILBURY**
NORTHERN COMFORT
13 STIG

8 **CELL 7**
CELLF
12 STIG

9 **SAMARIS**
SAMARIS
10 STIG



10./11.
BENNI HEMM HEMM
ELIMINATE EVIL, REVIVE GOOD TIMES
9 STIG

10./11.
JUST ANOTHER SNAKE CULT
CUPID MAKES A FOOL OF ME
9 STIG

1
Mammút
Komdu til mín svarta systir

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mammút með bestu plötu ársins

Komdu til mín svarta systir, þriðja breiðskífa Mammút sem margir hafa beðið lengi eftir, er besta íslenska plata ársins að mati álitsgjafa Fréttablaðsins. Kveikur Sigur Rósar er afar skammt undan í öðru sæti og Grísalappalísa nær þriðja sætinu í fyrstu atrennu.

Plötur 2012

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að komast að því hverjar eru bestu plötur ársins 2013. Átján manns skiluðu inn listum yfir bestu íslensku plöturnar, gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli.

Atkvæði álitsgjafanna skiptust jafnar í ár en oft áður og aðeins munar einu atkvæði á plötunum í fyrsta og öðru sæti annars vegar og þeim í þriðja og fjórða sæti hins vegar. Athygli vekur að frumraunir listamanna eða hljómsveita eiga drjúgan hlut af efstu sætunum í ár, en Grísalappalísa, Drangar, Cell 7 og Samaris sendu öll frá sér sínar fyrstu breiðskífur á árinu þótt sumir meðlimir þar innanborðs eigi að baki mörg ár í tónlistarbransanum. Árangur Grísalappalísu verður að teljast sérlega glæsilegur, en sveitin nær þriðja sæti listans með sinni fyrstu plötu.

Nokkrar fyrirspurnir bárust frá álitsgjöfum um það hvort plata Johns Grant, Pale Green Ghosts, flokkaðist sem íslensk plata þar sem hún var unnin á Íslandi og með íslensku tónlistarfólki og er meðal annars tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár. Ákveðið var að telja þá plötu til erlendra verka í þessari umfjöllun. Val álitsgjafa á bestu erlendu plötum ársins verður kynnt í næstu helgarútgáfu Fréttablaðsins.

2
Sigurrós
Kveikur

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

NÝTT KORTATÍMABIL

HÁGÆÐA ÚTIVISTAR- OG SKÍÐAFATNAÐUR



8848 ALTITUDE

HAGLÖFS

20% AFSLÁTTUR AF SKÍÐAPÖKKUM

SKÍÐI, BINDINGAR, SKÓR OG STAFIR

Verð frá: 35.500
FULLT VERÐ: 44.460

BARNAPAKKINN

TECNO PRO barnaskíði	15,990
TEC T 40 bindingar	11,490
TECNO T 40 skíðaskór	13,990
TEC CARVE skíðastafir	2,990

Verð frá: 67.500
FULLT VERÐ: 84.470

DÖMUPAKKINN

TECNO PRO PRISTYNE skíði og bindingar	44,990
SALOMON DEVINE LX skíðaskór	34,990
TEC TEAM POLE skíðastafir	4,490

Verð frá: 67.500
FULLT VERÐ: 84.470

HERRAPAKKINN

TECNO PRO FLYTE GT skíði og bindingar	44,990
SALOMON MISSION LX skíðaskór	34,990
TEC TEAM POLE skíðastafir	4,490

23.990

8848 ALTITUDE MISS DIME LINER

Dúnúlpa, hágæða andardúnn, vindheld og vatnsfráhrindandi. Litir: Dökkblá og svört. Dömustærðir: 36-42.

23.990

8848 ALTITUDE DIME LINER

Dúnúlpa, hágæða andardúnn, vindheld og vatnsfráhrindandi. Litir: Dökkblá og svört. Herrastærðir: S-XL.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / BILDSHOFDI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4890 / AKUREYRI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16. **INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / SELFOSS@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

3
Grísalappalísa
ALI

4
Sin Fang
Flowers

ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS

Arnar Eggert Thoroddsen
Arnareggert.is

1. **Drangar** Drangar
2. **Benni Hemm Hemm** Eliminate Evil, Revive Good Times
3. **Sigur Rós** Kveikur
4. **strigaskór nr. 42** Armadillo
5. **Snorri Helgason** Autumn Skies

Árni Þór Jónsson
Sýrður rjómi

1. **Benni Hemm Hemm** Eliminate Evil, Revive Good Times
2. **Grísalappalísa** ALI
3. **Just Another Snake Cult** Cupid Makes a Fool of Me
4. **Drangar** Drangar
5. **Sin Fang** Flowers



Björn Teitsson
Lemúrinn.is

1. **Grísalappalísa** ALI
2. **Sin Fang** Flowers
3. **Dj. Flugvél og geimskip** Glamúr í geimnum
4. **Múm** Smilewound
5. **Samaris** Samaris

Egill Harðar
Rjóminn

1. **Tilbury** Northern Comfort
2. **Just Another Snake Cult** Cupid Makes A Fool of Me
3. **Íkorni** Íkorni
4. **Sin Fang** Flowers
5. **Jóhann Kristinsson** Headphones

Freyr Bjarnason
Fréttablaðið

1. **Mammút** Komdu til mín svarta systir
2. **Samaris** Samaris
3. **Sigur Rós** Kveikur
4. **Emiliana Torrini** Tookah
5. **Íkorni** Íkorni

Halldór Ingi Andrésson
Plötudómar.com

1. **Megas & Bragi Valdimar** Frumvarp til laga um með- og umferð á fjallvegum eða Jeppi á Fjalli
2. **Emiliana Torrini** Tookah
3. **Bubbi** Stormurinn
4. **Kaleo** Kaleo
5. **Skepna** Skepna

Helena Quillia

1. **Sigurrós** Kveikur
2. **Sin Fang** Flowers
3. **Ólafur Arnalds** For Now I Am Winter
4. **Múm** Smilewound
5. **Bloodgroup** Tracing Echoes

Höskuldur Daði Magnússon
Fréttatíminn

1. **Tilbury** Northern Comfort
2. **Sigur Rós** Kveikur
3. **Snorri Helgason** Autumn Skies
4. **Sing Fang** Flowers
5. **Mammút** Komdu til mín svarta systir

Kamilla Ingibergsdóttir
Iceland Airwaves

1. **Mammút** Komdu til mín svarta systir
2. **Grísalappalísa** ALI
3. **Úlfur** White Mountain
4. **Samaris** Samaris
5. **Dj. flugvél og geimskip** Glamúr í geimnum

Kjartan Guðmundsson
Fréttablaðið

1. **Bloodgroup** Tracing Echoes
2. **Cell 7** Cellf
3. **Sin Fang** Flowers
4. **Tilbury** Northern Comfort
5. **Grísalappalísa** ALI

Kjartan Atli Kjartansson
Fréttablaðið

1. **Emmsjé Gauti** Þeyr
2. **Steinar** Beginning
3. **Ojba Rasta** Friður
4. **Eyþór Ingi og Atómskáldin**
5. **Hjálmar og Jimi Tenor** Dub og Doom

Kristín Gróa Þorvaldsdóttir
Topp 5 á föstudegi

1. **Emiliana Torrini** Tookah
2. **Sigur Rós** Kveikur
3. **Robert The Roommate** Robert The Roommate
4. **Sin Fang** Flowers
5. **Tilbury** Northern Comfort

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Fréttablaðið

1. **Drangar** Drangar
2. **Ojba Rasta** Friður
3. **Múm** Smilewound
4. **Sin Fang** Flowers
5. **Stormurinn** Bubbi

Ólafur Páll Gunnarsson
Rás 2

1. **Drangar** Drangar
2. **Mammút** Komdu til mín svarta systir
3. **Sigur Rós** Kveikur
4. **Emilíana Torrini** Tookah
5. **Hallur Ingólfsson** Öræfi

Ómar Úlfur Eyþórsson
X-ið 977

1. **Grísalappalísa** ALI
2. **Mammút** Komdu til mín svarta systir
3. **Leaves** See You In The Afterglow
4. **Drangar** Drangar
5. **Ultra Mega Technobandið Stefán** !

Sunna Ben
Barmageddon

1. **Cell 7** Cellf
2. **Mammút** Komdu til mín svarta systir
3. **Samaris** Samaris
4. **Sin Fang** Flowers
5. **Dj. Flugvél og geimskip** Glamúr í geimnum

Trausti Júlíusson

1 **Mammút** Komdu til mín svarta systir
2. **Grísalappalísa** ALI
3. **Ólöf Arnalds** Sudden Elevation
4. **Just Another Snake Cult** Cupid Makes a Fool of Me
5. **DJ flugvél og geimskip** Glamúr í geimnum

Þórður Helgi Þórðarson
Rás 2

1. **Sigur Rós** Kveikur
2. **Berndsen** Planet Earth
3. **Cell 7** Cellf
4. **Emilía Torrini** Tookah
5. **Íkorni** Íkorni

➜ Atkvæði álitsgjafanna skiptust jafnar í ár en oft áður.

5
Drangar
Drangar

Sendum frítt úr vefverslun
lindesign.is

Mjúku jólapakkarnir eru í Lín Design

Ofnhanski
Margar gerðir
1.990 kr

Náttföt
0-10 ára
3.990 kr

Svuntur
Margar gerðir
2.790 kr

Opnunartími

Laugavegi 176
Laugardag 14. des 11-16
Sunnudag 15. des 11-16

Glerártorgi
Laugardag 14. des 10-22
Sunnudag 15. des 12-18

Krummi
Rúmföt
12.690 kr

Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi & Akureyri

Jólabækur við allra hæfi

Skáldaspegill

„... dregur upp skarpar og skemmtilegar myndir af íslensku þjóðlífi síðustu áratuga - ekki síst af pólitík og menningarlífi. ... Margar mannlýsingar hans eru eftirminnilegar. Virkilega fín bók ...“

Ólafur Þ. Harðarson

„Bráðskemmtilegar og áhugaverðar lýsingar á mönnum og málefnum þessara ára og fram á okkar dag.“

Sveinn Guðjónsson



Endurminningar Ragnars Stefánssonar

Opinská og heiðarleg baráttusaga, og jafnframt stórskemmtileg!

Gullmoli eftir Jules Verne

Hin fræga skáldsaga Jules Verne, *Ferðin að miðju jarðar,* kemur nú í fyrsta sinn út óstytt og þýdd úr frummálinu með myndskreytingum frumútgáfunnar.

Sannkallaður happafengur handa öllum unnendum ævintýra og vísindaskáldsagna.

Jólagjöf jeppamannsins

Glæsilegt rit um Ferðaklúbbinn 4x4 í 30 ár. Um sex hundruð ljósmyndir og kort. Í bókinni er fjallað um sögu klúbbsins og einstakra deilda frá upphafi, sögu jeppa á Íslandi, landmælingar og slóðamál, skála klúbbsins, umhverfis- og tæknimál, ýmis hagnýt ráð fyrir fjallamenn og þannig má lengi telja.

Það má enginn fjallamaður missa af þessari bók!

SKRUDDA

www.skrudda.is

Andlitsbeinin standa nánast út úr brenndu og strekktu hörundinu. Friðgeir leggur grisju yfir augu mannsins. Augun? Þetta eru eiginlega augntóftir.

Saga sem lifir með þjóðinni

Saga læknishjónanna **Sigrúnar Briem** og **Friðgeirs Ólasonar** er byggð á bréfum og dagbókum sem þau héldu frá því að þau sigldu til Bandaríkjanna haustið 1940 og þar til þau sneru heim með Goðafossi haustið 1944. Sigrún Pálsdóttir sagnfræðingur skrifar sögu þeirra í bókinni Sigrún og Friðgeir–Ferðasaga og segir hér frá atburðarásinni um borð í skipinu eftir að tundurskeyti skellur á því.

Sigrún og Friðgeir – Ferðasaga
Höfundur: **Sigrún Pálsdóttir**
Útgáfa: **JPV**
Fjöldi síðna: **228 bls.**
(Millifyrirsagnir eru blaðsins)

Þegar klukkan nálgast tólf og borðhald er um það bil að hefjast koma menn í brúnni auga á mikinn reyk úti á haffletinum. Það er brennandi skip í um einnar sjómílu fjarlægð. Goðafoss er í stefnu að skipinu en þegar hann beygir fyrir Garðskaga kemur áhöfnin auga á tvo björgunarbáta í sjónum skammt frá. Skipstjóri Goðafoss áttar sig strax á því að kviknað hefur í skipinu, og að þetta muni vera olíuskipið Shirvan sem haldið hafði áfram siglingu um nóttina og var nú að komast inn á Faxaflóa. Bátarnir sigla nú einnig í sömu stefnu og Goðafoss en annar er með mótor og nálgast land. Sjálft skipið liggur rétt á sjónum og eru engin merki um að það sé að sökkva. Ekki er því líklegt að kviknað hafi í skipinu eftir árás tundurskeytis, hugsar Sigurður skipstjóri. Svo hugsar hann um Sigrúnu og Friðgeir og þær góðu aðstæður sem Goðafoss er í til að koma þessum mönnum til bjargar ef einhverjir þeirra eru illa slasaðir. Ekkert bendir til þess að björgun geti stefnt Goðafossi í hættu. Ekki úr þessu.

Goðafoss er stöðvaður og öll áhöfnin sem ekki er á vakt kölluð út og mönnum gert að mæta við björgunarbát númer eitt. Í björgunarvestum. Sigrún og Friðgeir eru inni í sal að setjast til borðs ásamt hinum farþegunum þegar skipstjórinn tilkynnir þeim hvað sé í vændum. Fólkið rýnir út um kýraugun, aðrir fara beint út í kuldann til að fylgjast með en hrökklast fljótlega inn aftur. Báturinn nálgast Goðafoss. Borðhald er allt að fara úr skorðum, einhverjir farþeganna eru komnir aftur út á þilfar, sumir komnir í björgunarvesti – það liggur óljós skipun í loftinu um það. Jakob þjónn hafði hlaupið niður í káetu og náð í Agnar sem var að raka sig fyrir kveðjumáltíðina og heimkomu. Agnar kemur hlaupandi upp á þilfar og þar blasir við hræðileg sjón. Fallið hefur verið frá því að sjósetja björgunarbátinn ofan í ólgandi sjóinn en tveir úr áhöfn síga í neti niður í breska bátinn og hífa þannig upp nítján skipbrotsmenn löðrandi í olíu og með brunasár. Einn af öðrum eru þeir dregnir upp og farið með þá beint inn í reyksal á bátaþilfarinu efst. Þar koma Sigrún og Friðgeir sér fyrir með allan þann búnað sem til staðar er í skipinu. Sigríður Þormar og Áslaug eru hjá þeim og eiga að aðstoða en fljótlega kemur í ljós að best sé að Áslaug taki strákana og Sigríður Sigrúnu litlu. Best að halda börnunum frá þessu. Fullorðið fólk á erfitt með að horfa á, svo illa eru skipbrotsmennirnir farnir. Ekki þarf þó að flytja þá alla inn í sal, sumir hafa sloppið með skrámur eins og fyrsti stýrimaður sem nú stendur á þilfarinu og ræðir við Sigurð skipstjóra.

Ótrúlegt að líkaminn hangi saman

Skipbrotsmennirnir eru allir komnir um borð í skipið þegar klukkuna vantar um tuttugu mínútur í eitt. Goðafoss getur haldið ferð sinni áfram. Í kyndiklefanum þarf að bæta í eldinn, hafa hraðar hendur við að skara og fleygja inn meiri kolum. Og tilhlökkunin magnast í brúnni þegar Goðafoss tekur stefnuna í átt að Esjunni, þá stefnu sem siglt er eftir þegar komið er fyrir Garðskaga.

Fyrsti stýrimaður á Shirvan er enn á tali við Sigurð skipstjóra. Þeir eru komnir út á brúarpallinn og eru að velta því fyrir sér hvað hafi gerst. Fyrst hafði stýrimaðurinn talið víst að tundurskeyti hefði verið skotið á skipið, að það hefði orðið fyrir árás. En nú er hann ekki viss og kannski vegna þess að Sigurður þjarmar að honum og með efasemdum, því að sjálfum finnst honum ólíklegt að kafbátur sé hér í sjónum inni á Faxaflóa. Líklegra sé að Shirvan hafi siglt á tundurdufl. Þrátt fyrir það lætur hann senda allar upplýsingar um mögulega tundurskeytaárás til fylgdarskipanna en engar sérstakar ráðstafanir eru þó gerðar um borð í Goðafossi.

En nú liggja orð breska stýrimannsins í loftinu og læðast frá einum skipverja til annars og inn í borðsal og að lokum inn í reyksal. Það fer um mannskapinn sem bregst þó við með efasemdum því að nálægð skipsins við land gerir tíðindin ekki sérlega trúverðug.

„Hvaða andskotans vitleysa," segja menn og reyna að halda sínu striki, borða kalkún í borðsalnum en þar fyrir ofan, í reyksalnum, er verið að hlúa að kvöldum og stynjandi skipbrotsmönnunum sem sumir eru við það að missa meðvitund og eru þannig útleiknir að ótrúlegt má heita að líkaminn hangi saman. Það er raunar með ólíkindum að sumir þeirra séu yfirleitt á lífi. Sigrún og Friðgeir reyna að ganga örugglega til verks. Í sjúkrakistunni eru lyf og sárabindi. En um sum brunasárin er ekki hægt

LÍFSGLATT FÓLK Sigrún og Friðgeir í góðum hópi í Bandaríkjunum.

að binda. Einhver þarf að fara niður í eldhús og ná í kartöflumjöl til að loka stærstu sárunum og þurrka. Eins og sár þessa fimmtán ára léttadrengs sem liggur þarna á gólfinu milli leðurbólstruðu básanna. Hann hafði fengið yfir sig fimmtíu lítra pott af sjóðandi vatni.Hvernig hafði það gerst? Sprenging? Tundurdufl eða tundurskeyti? Halda áfram, binda um sár. Af hverju hafði Sigrún gerst læknir? Vissi hún það einhvern tímann? Þá kallar Friðgeir og biður um hníf. Agnar er niðri og kemur upp með hníf úr búrinu. Þegar hann réttir honum hnífinn er Friðgeir að leggja sárabindi á andlit manns. Eða það sem eftir er af því. Andlitsbeinin standa nánast út úr brenndu og strekktu hörundinu. Friðgeir leggur grisju yfir augu mannsins. Augun? Þetta eru eiginlega augntóftir. Allt um kring liggja mennirnir, sumir bara á buxum og nærbolum. Það vantar föt. Hvar eru þau? spyr einhver Eymund stýrimann þegar Sigrún stendur upp og gengur í átt að dyrunum. Hafði hún heyrt barnið sitt gráta niðri þegar Agnar kom upp með hnífinn? Og munað eftir því að hún hafði ætlað að gefa dóttur sinni að borða? Hún gengur hratt og örugglega niður stigann og inn í matsalinn en í því gengur Sigurður háseti upp stigann að utanverðu og inn í reyksalinn og býður fram aðstoð sína. Inni í matsalnum tekur Sigrún dóttur sína úr fangi Sigríðar Þormar og biður hana að fara niður í eldhús og hita pela fyrir sig. En hún þarf að fara strax aftur upp í reyksal, og ákveður að koma dóttur sinni fyrir þar. Þegar hún gengur út úr matsalnum, inn á ganginn og upp stigann, koma Áslaug, Óli og Sverrir inn úr kuldanum, um aðaldyrnar á yfirbyggingunni sem liggur beint inn á ganginn fyrir framan borðsalinn. Það er ekkert veður til að vera úti. Óli er á vappi um ganginn, kannski með hugann við eftirréttinn sem enn á eftir að bera fram, en Sverrir er óróleg og vill fara til mömmu sinnar.

SPJALDTÖLVUR

LAUGARDAGUR **14. DESEMBER 2013** | **Kynningarblað** iStore, iPad, Tölvulistinn, Nextbook, Nexus 7, kjarni.is, spjaldtölvunotkun í Klettaskóla.

iPad er vinsæll í jólapakkann

Mikið er um að vera í iStore í Kringlunni um þessar mundir enda anna starfsmenn vart eftirspurn eftir iPad-spjaldtölvum sem eru vinsælar í jólapakkann. Vinsældir iPad má meðal annars rekja til afar lágrar bilanatíðni auk þess sem enga vírusa er að finna í spjaldtölvunum frá Apple. iStore hefur látið framleiða fyrir sig lyklaborðstöskur með íslensku lyklaborði.

iPad Air er vinsælasta spjaldtölvan hjá okkur núna enda er hún aðeins 469 grömm en með 9,7 tommu skjá. Vinnsluhraðinn er tvöfalt meiri en hjá fyrirrennaranum iPad4 og þá er hún með glænýjan hreyfiörgjörva sem sér um alla hreyfiskynjun," segir Sigurður Þór Helgason, eigandi iStore á Íslandi. Hreyfiörgjörvinn sparar ekki aðeins batteríið heldur eykur virkni og auðveldar notkun spjaldtölvunnar til muna. „Hreyfiörgjörvinn reiknar út alla hreyfingu og halla á iPadinum. Það nýtist vel í simulator- eða hermiforritum, til dæmis flugleikjum og kappakstursleikjum og að auki eru ótalmörg önnur forrit sem nota þessa skynjara," lýsir Sigurður.

Önnur nýjung hjá iStore er iPad mini Retina. Sú spjaldtölva hefur svipaða eiginleika og iPad Air en er minni. Hún er með retina-skjá sem þýðir að skjárinn er með ofurupplausn. „Það er mikill munur að horfa á retina-skjá, sérstaklega þegar lesinn er smár texti eða skoðaðar ljósmyndir. Textinn verður hreinni og mun skýrari. Þá er í iPad mini Retina mjög góð myndavél og öflugur örgjörvi," segir Sigurður sem er ánægður með eftirspurn landans eftir spjaldtölvunum frá Apple. „Við önnum vart eftirspurn nú í desember enda er iPad greinilega afar vinsæl jólagjöf í ár."

iPad Air tengdur íslensku lyklaborði í tösku sem iStore hefur látið hanna fyrir sig.

Lág bilanatíðni

Apple er frumkvöðull á sviði spjaldtölvutækninnar og vinsældir iPad má að hluta rekja til þess. Þá hefur lág bilanatíðni tölvanna einnig mikið að segja. „Bilanatíðnin er nánast engin í iPad enda er þetta besta tækið sem við höfum nokkurn tímann selt," segir Sigurður.

Apple náði nýlega þeim áfanga að komin eru milljón forrit sem velja má úr fyrir iPad. „iPad er iðulega fyrsta val hugbúnaðarframleiðenda," lýsir Sigurður. Hann segir framleiðendur tækja sem stýrt sé með spjaldtölvum ávallt styðjast við iPad fyrst en síðar komi umhverfi fyrir aðrar tölvur. „iPad var fyrsta spjaldtölvan á markaði og því er hann sú tölva sem ávallt er miðað við."

Gætt að öryggi

Fyrir utan lága bilanatíðni er stór kostur við iPad að í honum finnast engir vírusar. „Aftur á móti skipta vírusar tugum í Android og eigendur slíkra spjaldtölva geta lent í því að fá njósnaforrit inn á tölvuna sína," segir Sigurður og lýsir því að Apple geri miklar öryggiskröfur. „Þeir hleypa aðeins ákveðnum hugbúnaðarframleiðendum að stýrikerfinu sínu. Þeir eru með þúsundir starfsmanna í vinnu við að prófa forrit og rannsaka þau áður en þau fá að fara í notkun." Annað sé upp á teningnum hjá Android. „Þar getur hver sem er gert hugbúnað og fengið aðgang að öllu stýrikerfinu. Þar með auðveldar það óprúttnum náungum að koma fyrir svokölluðum trójuhestum í kerfið."

Sigurður Þór Helgason, eigandi iStore, með lyklaborðstöskurnar sem iStore lætur framleiða fyrir íslenskan markað. MYND/GVA

Íslenskar lyklaborðstöskur

iStore hefur látið framleiða fyrir sig lyklaborðstöskur með íslensku lyklaborði fyrir iPad Air og iPad 2 til 4.

„Við fundum góðan framleiðanda til að gera lyklaborðstöskur fyrir okkur og hafa þær reynst afar vel. Þær koma í svörtu, rauðu og hvítu. Þetta eru hágæðatöskur með flottu lyklaborði og endingartími batterísins er afar góður," segir Sigurður.

Aðeins þarf að para iPadinn einu sinni við lyklaborðið sem er í töskunni. Eftir það er nóg að opna iPadinn og þá er um leið hægt að vinna á lyklaborðið. „Taskan veitir iPadinum mjög góða vörn," segir Sigurður en einnig er hægt að taka lyklaborðið úr töskunni þar sem það er fest með seglum. Þá fylgja lyklaborðstöskunni íslenskar leiðbeiningar sem auðveldar fyrstu skrefin fyrir marga.

Styrktarsjóðurinn iBörn

iStore rekur styrktarsjóðinn iBörn sem hefur að markmiði að gefa hreyfihömluðum börnum iPad í þeirri viðleitni að þjálfa upp meiri hreyfigetu, hjálpa við tjáningu og auka þar með lífsgæði barnanna. „Við höfum þegar gefið 27 börnum iPad en stefnum á að vera búin að gefa 30 iPada fyrir jólin enda á sjóðurinn þriggja ára afmæli," segir Sigurður eigandi iStore. Hann tiltekur að styrktarsjóðurinn verði ávallt hluti af fyrirtækinu. „Enda er ótrúlega spennandi að hjálpa til við að breyta lífi þessara barna."

Sigurður segir iPadinn geta hjálpað þessum börnum mjög ótrúlega mikið enda hægt að setja í tölvuna forrit sem örva skynjun og hreyfigetu. „Ég held að öll börnin hafi sýnt góðan árangur, sum meiri en önnur. Ég þekki dæmi um foreldra sem vissu ekki hvort nokkur hugsun leyndist að baki hreyfingum barnsins síns. Eftir notkun á iPad sáu þau barnið sitt í nýju ljósi, þarna var einstaklingur sem gat tjáð sig um langanir sínar og tilfinningar," lýsir Sigurður. Hann segir mikla breytingu verða á lífi foreldranna við þessa uppgötvun en ekki síður á lífi barnsins sem loks getur komið eigin skoðunum á framfæri.

Sigurður tekur dæmi um fyrstu stúlkuna sem fékk iPad frá iStore. „Hún var alveg lömuð fyrir utan pínulitla hreyfigetu í tveim puttum sem talin var ómarkviss. Hún sýndi strax viðbrögð við iPadinum og sex mánuðum síðar var hún búin að þjálfast svo mikið að hún var farin að keyra hjólastól," lýsir Sigurður glaðlega. Upp úr þessu fór Sigurður að kynna iPadinn fyrir starfsfólki ýmissa stofnana, talmeinafræðingum, hjúkrunarfræðingum og iðjuþjálfum til að sýna fram á kosti iPads sem hjálpartækis.

Sigurður segir sjóðinn gjarnan vilja fá ábendingar um hreyfihömluð börn sem iPad gæti komið að góðum notum fyrir.

„Við erum alltaf að leita eftir ábendingum um börn sem við getum aðstoðað og hægt er að senda inn upplýsingar á iborn@istore.is."

iStore hefur gefið 27 hreyfihömluðum börnum iPad en þau verða 30 fyrir jól enda sjóðurinn þriggja ára um þessar mundir.

Ýta undir tjáningu barna með sérþarfir

Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari í Klettaskóla, segir spjaldtölvur góða viðbót í námi barna með sérþarfir. Úrval smáforrita er ríkulegt og því auðvelt að finna forrit við hæfi þrátt fyrir mikinn getumun á milli nemenda. Í Klettaskóla eru 109 börn en aðeins tíu virkar spjaldtölvur.

Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari í öðrum bekk í Klettaskóla, er mjög áhugasöm um notkun spjaldtölva við kennslu. „Þær gagnast öllum okkar nemendum mjög vel. Getumunur á milli þeirra er ansi mikill en úrval gagnlegra smáforrita er ríkulegt og því auðvelt að aðlaga efni að hverjum nemanda fyrir sig.“ Hjá sumum eru spjaldtölvur nauðsynlegt tjáskiptatæki en Hanna Rún notar þær mest til að þjálfa fínhreyfingar, rökhugsun, sköpun, ritun, mál og læsi.

Í Klettaskóla, sem er fyrir börn með sérþarfir, eru 109 nemendur en aðeins tíu virkar spjaldtölvur sem flestar eru gjafir frá góðgerðafélögum. Hanna Rún er með níu nemendur í bekk. Hún hefur einn iPad til umráða í kennslustofunni og notar hann aðallega til að leggja inn efni og kenna. Hann gengur svo á milli nemenda. Nokkrir nemendur eiga eigin spjaldtölvur og sumir koma með þær í skólann. Þá notar Hanna Rún tækifærið og bendir þeim og foreldrum á gagnleg smáforrit til að nota heima.

Í bekknum eru einstaklingar með mismunandi getu. „Sum eru með hreyfihömlun og nota ekki endilega fingurna til að snerta skjáinn heldur lófann eða handarbakið. Þau geta búið til sögur í „Puppet Pals“ eða skoðað margmiðlunarsögur eða léttlestrarbækur sem eru settar inn í sögugerðarforrit. Spjaldtölvurnar auka því kennslu- og námsmöguleikana svo um munar og eru að mínu mati frábær viðbót í kennslu barna með sérþarfir,“ segir Hanna Rún. „Hins vegar þarf að aðlaga kennsluna að getu hvers og eins og því væri ákjósanlegt að hvert barn hefði eigið tæki. Eins og staðan er núna er í raun bara eitt tæki á árgang. Það þarf því að skrá sig á tækin og skipta á milli en það fyrirkomulag getur verið ansi þungt í vöfum. Þá vantar skólann þráðlaust net sem setur okkur skorður varðandi uppfærslur og aðgengi að smáforritum.“

Nýlega bárust fréttir af því að spjaldtölvunotkun í skólum væri ekki að skila þeim árangri sem vonast var eftir. Hanna Rún segir enn þá ekki nægilega reynslu komna á notkun spjaldtölva í Klettaskóla þar sem hún er ekki orðin almenn meðal nemenda. „Við erum þó að upplifa það mjög sterkt að börnin eru að auka tjáningu sína og hin ýmsu smáforrit hvetja þau virkilega til þess. Mér finnst þau líka vera að átta sig á hlutum sem þau myndu ekki endilega gera með blaði og blýanti. Í mínum huga snýst þetta líka um kennsluaðferðir og hvernig tækin eru notuð.“

Hanna Rún segir mikilvægt að kynna möguleikana fyrir fólki og kenna því á tækin. „Hægt er að sækja námskeið hjá TMF tölvumiðstöð og Skema en auk þess gegna samfélagsmiðlarnir mikilvægu upplýsingahlutverki.“ Hanna Rún og bendir áhugasömum á tvo gagnlega hópa á Facebook. Annars vegar Spjaldtölvur í námi og kennslu og Smáforrit í sérkennslu.

Hanna Rún hefur eina spjaldtölvu til umráða í bekknum. Sumir nemendur eiga hins vegar eigin tölvur og koma með þær í skólann. MYND/GVA

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen, s. 512 5429, ivarorn@365.is
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Gagnleg smáforrit

Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari í Klettaskóla, nefnir smáforrit sem hafa reynst henni vel í kennslu. Hún notar iPad og miðast forritin við það.

Bitsboard er mjög gagnlegt og fjölbreytt smáforrit með mikla aðlögunarmöguleika þar sem hægt er að deila borðum. Í „catalog“ er orðið „íslenska“ notað en þá birtast þau borð sem notendur hafa íslenskað og deilt með sér. Hvert borð er hægt að vinna á tólf mismunandi vegu og í „pro“ útgáfu smáforritsins er hægt að útbúa nemendamöppur og fylgjast með árangri.

Book Creator er smáforrit til sögugerðar. Hægt er að nota myndir, myndbönd og hljóðupptökur og vista sögu í ibooks eða Dropboxi. Hanna Rún notar Book Creator sem rafræna námsmöppu og safnar gögnum sem nemendur eru að vinna í spjaldtölvunni sem svo er hægt að vista í ibooks síðar.

Doceri er hægt að nota á fjölbreyttan hátt. Þar er unnið á teikni- eða vinnuborði en þangað er hægt að flytja inn myndir, teikna myndir, skrifa texta, vinna stærðfræði og taka upp um leið. Myndbönd sem búin eru til í Doceri er svo hægt að færa í Book Creator og safna þannig efni frá nemendum.

Puppet Pals er gagnlegt smáforrit í málörvun. Börnin búa til sínar eigin sögur með því að velja persónur og nota til þess eigin myndir og jafnvel myndir sem þau teikna sjálf í teikniforriti spjaldtölvunnar og vista sem myndir. Sagan er tekin upp og hægt er hægt að vista hana sem myndband. Þaðan er svo hægt að hlaða henni inn á til dæmis YouTube.

Story Creator er smáforrit til sögugerðar. Einnig er hægt að nota það til að gera félagshæfnisögur. Smáforritið hentar mjög vel til að setja inn myndir, myndbönd og hljóð svo að nemendur geti endurupplifað atburði. Hægt er að nota Story Creator að einhverju leyti sem samskiptabók með myndum og myndböndum. Hægt er að senda sögur í tölvupósti svo að þeir nemendur sem eiga spjaldtölvur heima geti opnað sögurnar þar.

Dexteria og Dexteria Junior eru góð smáforrit til að þjálfa fínhreyfingar og sporun. Forritin þjálfa meðal annars samhæfingu vísifingurs og þumals.

Hanna Rún fagnar auk þess útgáfu íslenskra smáforrita sem hún notar markvisst. Í **Lærum og leikum með hljóðin** er unnið með íslensku málhljóðin. Þá er margmiðlunarsagan **Mjási** nýkomin út en þar leysa nemendur þrautir um leið og sagan er lesin.

Hanna Rún nefnir einnig nokkra erlenda framleiðendur sem gefa út gagnleg smáforrit sem henta í kennslu nemenda með sérþarfir. Það eru til dæmis Grasshoppers og Alligator Apps, sem framleiða smáforrit til kennslu og kosta þau oftast lítið eða ekkert. Þá framleiðir Sago mini einföld en litrík og skemmtileg smáforrit þar sem unnið er með orsök og afleiðingu. Einungis þarf að snerta skjáinn svo að eitthvað skemmtilegt gerist.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

JÓLASVEINAR Í JÓLAÞORPI

Jólasveinar verða á sveimi í Jólaþorpinu í Hafnarfirði um helgina auk Grýlu gömlu. Búast má við sveinka kl. 15 í dag en á morgun kemur hann kl. 13.30. Útijólaball verður síðan kl. 15. Margt verður í boði í Jólaþorpinu um helgina. Hægt er að skoða dagskrá á vef Hafnarfjarðarbæjar.

Hausverkur Ekki þjást MigreLief
Mígreni.is
MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn

GÓÐ HUGMYND FYRIR JÓLASVEININN

ICECARE KYNNIR *GUM-ferðasettið er í lítilli tösku sem inniheldur ferðatannbursta, tannkrem og tannþráð ásamt Soft Picks-tannstönglum. Hreinar og hvítari tennur yfir hátíðarnar.*

Með Gum Original White-munnskoli og tannkremi verða tennurnar hvítari. Vörurnar innihalda flúor, veita vörn og hreinsa af bletti og óhreinindi af tönnunum.

Gum Original White-munnskol og -tannkrem hreinsa af bletti og óhreinindi, vernda tennurnar og þessar vörur má nota að staðaldri.

Guðný Ævarsdóttir tannfræðingur hefur notað Gum-vörurnar í mörg ár á tannlæknastofunni Brostu. „Ég get mælt heilshugar með Gum-vörunum. Vörulínan er virkilega breið og góð og í henni má fá allt frá tannburstum og Soft Picks-tannstönglum til tannhvíttunarefna. Þeir hjá Gum eru fljótir að tileinka sér nýjungar og þeir fylgja þörfum fólks sem er virkilega gott í þessum geira," segir Guðný.

Gum Original White-tannhvíttunarvörurnar hreinsa af bletti og óhreinindi og tennurnar fá sinn upprunalega lit og vörurnar innihalda flúor. Þær skaða ekki almenna tannheilsu og þær innihalda ekki bleikiefni sem geta skaðað náttúrulega vörn tannanna. „Original White er mjög gott því það hreinsar vel en veldur samt sem áður ekki tannkuli og slípimassinn er agnarsmár svo hann rispar ekki glerunginn eins og oft vill verða þegar notuð eru hvíttunartannkrem.

„Soft Picks-tannstönglarnir eru mitt uppáhald því þeir komast vel á milli tannanna, þeir innihalda engan vír og eru ríkir af flúori. Frábærir einnota tannstönglar sem virka eins og millitannburstar en þá er hægt að hafa í veskinu eða heima fyrir framan sjónvarpið," segir Guðný.

Original White frá GUM inniheldur sérstaka blöndu sem er varin einkaleyfi en hún hreinsar betur en bleikiefni. GUM-vörurnar henta öllum, börnum jafnt sem fullorðnum.

Ferðasettin frá GUM fást í öllum apótekum, Hagkaupi, 10-11, Víði og Fjarðarkaupum.

GÓÐAR VÖRUR Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að margir tannlæknar velji að nota GUM-vörur. MYND/GVA

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póst dreifing

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. ***Örugglega til þín.***

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

SYNGUR INN JÓLAGLEÐINA

MARGT AÐ GERAST *Sigríður Thorlacius söngkona er komin í jólaskap, enda hefur hún í nógu að snúast á hinum ýmsu jólatónleikum. Hún fagnar líka nýrri plötu sinni, Jólakveðju.*

Plötunni hefur verið vel tekið en öll lögin eru samin af þeim Guðmundi Óskari Guðmundssyni og Bjarna Frímanni Bjarnasyni. Textarnir eru sóttir í klassísk íslensk ljóðasöfn. „Við höfum fengið frábærar viðtökur sem er æðislegt. Útgáfutónleikar verða í Fríkirkjunni á miðvikudagskvöld. Þar viljum við skapa notalega jólastemningu í fallegu umhverfi," segir Sigríður sem segist vera mikið jólabarn.

„Ég hef alltaf verið mikið jólabarn þótt ég skreyti ekki mikið né baki smákökur. Það er eiginlega vegna þess að ég hef ekki tíma til þess. Ég reyni að nota tímann í desember fyrir sjálfa mig og hitta gott fólk þegar ég hef tíma." Hún segist ekki hafa pláss fyrir jólatré en setur upp nokkrar greinar til að fá jólastemningu. „Mér finnst alltaf notalegt að kveikja á kertum og jafnvel fara út að borða á aðventunni," segir hún.

MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Á JÓLUM

Sigríður fer til foreldra sinna á aðfangadagskvöld. „Við erum ekki með neinar sérstakar hefðir, erum frekar sveigjanleg í jólasiðum. Þegar ég var yngri voru alltaf rjúpur en á undanförnum árum hefur móðir mín frekar prófað eitthvað nýtt. Sjálfri er mér alveg sama hvað ég borða á jólum, það mætti vera fiskur eða sushi. En það verður örugglega eitthvað gott á borðum. Við höldum hins vegar í þá hefð að fara í miðnæturmessu í Dómkirkjunni. Ég var í Hamrahlíðarkórnum í mörg ár og systur mínar á undan mér en kórinn syngur alltaf í þessari messu," segir Sigríður enn fremur. „Mér finnst það mjög hátíðlegt."

JÓLAGESTUR

Það er nóg að gera hjá Sigríði sem í dag syngur á tvennum tónleikum á Jólagestum Björgvins í Laugardalshöll. „Það er ótrúlega skemmtilegt að syngja á þessum tónleikum og gleðin svífur yfir. Á morgun förum við Guðmundur Óskar síðan norður á Drangsnes á Ströndum og ætlum að syngja fyrir íbúa þar. Vinur okkar, Bjössi Borkó tónlistarmaður, býr á Drangsnesi og stendur fyrir þessum tónleikum. Það verður gaman að heimsækja hann og syngja á þessum fallega stað. Ég hef reyndar aldrei komið þarna áður," segir Sigríður sem fer síðan til Akureyrar um næstu helgi þar sem verða útgáfutónleikar hjá hljómsveitinni Hjaltalín. „Það hefur verið nóg að gera hjá hljómsveitinni og við munum einnig spila milli jóla og nýárs. Eftir áramótin leggjum við síðan land undir fót og förum í tónleikaferð til Evrópu. Fyrst koma áramótin sem ég ætla að eyða með fjölskyldu minni, fara á brennu og þess háttar. Mig langar síðan að taka mér jólafrí fyrstu dagana í janúar, lesa bækur og hafa það gott."

Þegar Sigríður er spurð hvert sé hennar uppáhaldsjólalag er hún fljót að svara: „Það er Jólakötturinn eftir Ingibjörgu Þorbergs. Ég syng það oft, enda vel samið lag." ■ elin@365.is

JÓLAKVEÐJA Jólaplötu Sigríðar Thorlacius hefur verið afar vel tekið.

JÓLABARN

„Ég hef alltaf verið mikið jólabarn þótt ég skreyti ekki mikið né baki smákökur. Það er eiginlega vegna þess að ég hef ekki tíma til þess."

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

Íslenskur kalkúnn

Hollur hátíðarmatur!

Mangó- og aprikósufylling

- 4 dl soðið kúskús
- 1 mangó skrælt og skorið í teninga
- 15 þurrkaðar aprikósur, skornar í bita
- 5 cm engiferrót, smátt söxuð
- 3 msk pistasíuhnetur
- 5 brauðsneiðar, skorpulausar og skornar í bita
- 50 g bráðið smjör
- 2 egg
- 2 msk Mangó chutney
- Salt og pipar

Blandið öllu hráefni vel saman og fyllið kalkúninn.
Kryddið og setjið smjörklípur á fuglinn.
Setjið kalkúninn inn í 190°C heitan ofn í 15 mín eða þangað til fuglinn verður fallega brúnn.
Breiðið álpappír vel yfir fuglinn. Lækkið hitann í 150°C og steikið fuglinn áfram í 45 mín/kg eða þangað til kjarnhiti nær 71°C.

Verði ykkur að góðu

Nonni og Sólna

Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

ATARNA

- **Holda kalkúnn frá Reykjabúinu er hollur**
- **Hreint kjöt án allra aukaefna, fitusnautt og létt í maga**
- **Fæst í flestum matvöruverslunum**

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á

kalkunn.is

Holda
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Nýtt - rafmagns lyftistólar

Rafmagns lyftistólar með skemmal

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Reykjavíkurveg 66 220 Hafnarfirði sími 565 4100

FJÖLSKYLDUKONA Um helgina ætlar Lalla að sinna jólaundirbúningi heima og njóta lífsins með þremur sonum sínum. Í kvöld er spilakvöld hjá fjölskyldunni með bróður Löllu og hans fjölskyldu. MYND/DANÍEL

HAMINGJA KVENNA

KÆRLEIKUR *Ragnheiður Ólafsdóttir er Lalla Laufdal; kristniboði og prestur með áherslu á heilbrigð samskipti kynjanna. Hún segir hjónabandið heilagt.*

„Ég er opin með mína trú og hef ekkert að fela. Ég er með þetta prestshjarta og langar að þjóna og hjálpa öðrum," segir Lalla sem tók lifandi trú þegar hún varð 25 ára og hélt utan til Bandaríkjanna þar sem hún lauk meistaraprófi í guðfræði. Að námi loknu starfaði Lalla sem prestur í Boðunarkirkjunni en vinnur nú við kristilega samskiptaþjálfun og pararáðgjöf.

„Í sögu heimsins hefur aldrei verið jafn mikið um hjónaskilnaði og nú. Af öllum skilnuðum sem fram fara sækja konur í 85 prósent tilvika um skilnað vegna þess að þær fá ekki tilfinningalega svörun í hjónabandi sínu og finnst maðurinn ekki skilja sig," segir Lalla sem hefur rannsakað samskipti kynjanna í árafjöld og hefur vakið athygli fyrir pistla sína um samskipti kynjanna og kristna trú á YouTube.

„Margir eiga mjög brotið líf vegna erfiðra samskipta í hjónabandi og samböndum og sjálf hef ég upplifað skilnað sem var sársaukafyllsta reynsla sem ég hef gengið í gegnum. Því veit ég af eigin reynslu að persónulegt líf og hjónaband skiptir mestu í daglegri tilveru fólks og þegar það tvennt er ekki í lagi þýðir lítt að prédika um annað. Það er hjartað sem þarf að vera heilt," segir Lalla.

SYNDIR HAFA ÁHRIF

Lalla er dóttir Ólafs Laufdal og Kristínar Ketilsdóttur sem ráku skemmtistaðina Hollywood, Broadway og Hótel Ísland á árum áður.

„Ég byrjaði fjórtán ára að vinna á skemmtistöðum foreldra minna og lærði til þjóns. Á sama tíma var ég saklaus unglingur og óneitanlega sérstakt að eiga mestallt líf sitt inni á skemmtistöðum. Ég er þakklát fyrir þá lífsreynslu; ég fullorðnaðist við það að mörgu leyti, lærði að taka ábyrgð og sá inn í heim fullorðinna sem var mikill skóli," segir Lalla sem var mjög trúuð á æskuárunum.

„Þegar unglingsárunum sleppti var ég andlega leitandi og sótti mikið til miðla og spákvenna. Síðar fann ég sterka þörf til að snúa mér að Biblíunni og fór á Biblíunámskeið þar sem ég heillaðist af boðskap hennar, var tilbúin og hef ekki snúið aftur."

Lalla segir trúna vera þröngan veg að feta.

„Margir halda að syndir þeirra hafi engin áhrif. Dæmi um slíkt er framhjáhald sem margir halda að komist ekki upp en þegar upp er staðið eyðileggur það sálina og grefur undan persónuleikanum, hjónabandinu, fjölskyldunni og öllu öðru. Lausnin felst í að viðurkenna syndirnar og vinna með hjartað. Í dag eru margir uppteknir í líkamsrækt en ég vinn með tilfinningalegt heilbrigði og finnst tími til kominn að sinna sálinni líka, skoða hvað þar er að gerast og af hverju svo mörgum líður illa."

KYNLÍF LÍMIR EKKI KARLA

Löllu er umhugað um velferð kvenna.

„Konur eru miklar tilfinningaverur með flögrandi tilfinningar á meðan karlar setja tilfinningar sínar í box. Þær leita að tilfinningalegri nálægð við karlmenn en þegar þær ná ekki að heilla þá tilfinningalega nota þær líkama sinn sem lím og bjóða honum kynlíf í trú um að gott kynlíf haldi manninum hjá þeim. Það gæti ekki verið meiri misskilningur því karlmenn tengja ekki kynlíf og tilfinningar saman til að byrja með. Þeir geta fengið fullkomna útrás í kynlífi án þess að vera ástfangnir en þegar kona stundar kynlíf með karli gerist eitthvað efnafræðilegt hjá henni, hún fellur fyrir honum og verður tilfinningalega háð honum," segir Lalla og leggur til að konur reyni að tengjast körlum tilfinningalega til að fá þá aðdáun og virðingu sem þær eiga skilið.

„Það er hagstætt fyrir karla að geta fengið ódýrt kynlíf og labba svo burt á þeim forsendum að þeir séu ekki tilbúnir í samband. Því segi ég að konur eigi ekki að gefa kynlíf nema samningur sé á borðinu og hjónaband í vændum. Konur vita líka að kynlíf er ekki svarið. Þær þurfa að heiðra eigin tilfinningar og fyrst þá eru þær komnar með gullpálmann í hendur því allir karlmenn vilja vera með þannig konu."

Að sögn Löllu er tilfinningaheimur karla og kvenna gjörólíkur.

„Mesti misskilningur á milli kynja er að konur koma fram við karla eins og þeir séu konur og karlar við konur eins og þær séu karlar. Mörg hjón eru gift í áratugi en tala aldrei saman því þau kunna ekki að nálgast hvort annað. Kynin eru tvö með ólíka tilfinningalega tjáningu og hana þarf að kenna. Lífið er gott þegar maður á í ástarsambandi sem gefur tilfinningalega svörun en margir fá ekki þann skilning hjá mökum sínum og eru því rosalega einmana, ekki síst karlar. Konur nota vinkonur sínar og hætta að tala við menninna en það er mjög misráðið því helgast af öllu er hjónabandið og þar á mesta nándin að vera."

DROTTNING Í STAÐ BETLARA

Lalla er jafnréttissinni en segir konur þurfa að leyfa sér að vera konur.

„Við þurfum að hætta að vera töff og senda í staðinn út skilaboð um að við séum konur og það eigi að koma fram við okkur eins og konur. Konur geta allt sem þær vilja en geta aldrei orðið eins og karlar. Þær eru hamingjusamar þegar þær leyfa karlinum að vera leiðtoginn á heimilinu. Þegar hann er sterkur nýtur hann virðingar og þær laðast meira að honum kynferðislega. Á móti missa þær virðingu fyrir körlum þegar þær ná að sveigja þá, stjórna, skipa og stýra. Með þessu er ég ekki að segja konum að vera undirgefnar og hlýðnar og í raun hjálpa ég körlunum frekar að vera ekki of undirgefnir því konur taka alls staðar stjórnina."

Lalla segist þakklát fyrir að hafa átt þátt í að bjarga hjónaböndum og samböndum og upplifa þegar kona breytist úr því að hafa brotna sjálfsmynd yfir í að líða sem drottningu.

„Ef kona gefur sig ódýrt og betlar ást einhvers er hún lítið annað en betlari. Hún þarf að læra að vera drottning og þá kemur rétti maðurinn til hennar."

Fróðleikur og upplýsingar um námskeið og ráðgjöf Löllu Laufdal er á Facebook, undir Samskiptaformúlan og Aðdráttarafl kvenna.

■ thordis@365.is

SALTFISKUR
GEYSIR Bistro
Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Tel: +354 517 4300 | www.geysirbistro.is

Sendum um allt land www.spilavinir.is

15% afsláttur 14.-15. des.

8+ 2-12 30+

Frábær skemmtun!

Við aðstoðum þig við að velja spilin.
Úrvalið er hjá okkur!

Laugardaginn 14. des.

Einar einstaki kemur í búðina og sýnir einstök töfrabrögð (en ekki hvað!).
→ Kl. 12 og 15:30

Spilavinir

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsin í Faxafeni) - Sími 553 3450
Vefverslun: www.spilavinir.is - sendum um allt land

Höfundarnir afgreiða

20% afsláttur af bókum höfundanna yfir helgina!

Í dag á milli klukkan 14 og 17 heimsækir okkur hópur rithöfunda sem mun ganga í störf bóksalans.

Þeir munu afgreiða, pakka inn, veita ráðgjöf um bækur, finna til réttu pennana og fleira og fleira og kannski við fáum þá til að lesa örlítið upp og árita bækur sínar í leiðinni.

Notaðu tækifærið, hittu höfundana og fáðu þá til að aðstoða þig.

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning



Í JÓLASKAPI Salka, Katla, Marteinn, Júlíana, Alex, Hekla og Mira eru hressir krakkar sem hlakka til jólanna.

ÆTLA ALLS EKKI Í JÓLAKÖTTINN

JÓL *Vasaljós er þáttur fyrir börn þar sem fjallað verður um ýmislegt sem krakkar hafa fyrir stafni.*

Marteinn Elí Brynjólfsson ellefu ára og Salka Gústafsdóttir tíu ára eru löngu farin að hlakka til jólanna. Þau eru í hópi sjö krakka sem stjórna Vasaljósi, sjónvarpsþætti fyrir krakka á RÚV þar sem fjallað er um ýmislegt sem krakkar hafa fyrir stafni og finnst skemmtilegt. Laugardaginn 28. desember verður jólaþáttur Vasaljóss á dagskrá og við hittum krakkana þegar þeir voru að undirbúa þáttinn.

Er eitthvað ómissandi á jólunum?

M: Möndlugrauturinn og fjölskyldusamveran. Ég hef fengið möndluna og möndlugjafirnar eru oftast spil eða bækur

S: Jólagleðin, skreytingarnar og stemningin í bænum.

Eruð þið búin að kaupa jólagjafir?

M: Nei, ég er ekki búinn að ákveða hvað ég ætla að gefa öllum í jólagjöf

S: Ekki ég heldur, ekki alveg öllum.

M: Ég bjó til jólagjafir í skólanum þegar ég var yngri en nú er það alveg búið.

S: Ég bjó til jólagjöf handa ömmu í skólanum og held að ég búi líka til gjöfina handa pabba og mömmu. Ætla ekki að segja hvað það er.

Hvað langar ykkur að fá í jólagjöf?

M: Mig langar í Playstation 3, einhverja skemmtilega bók og fótboltabúning.

S: Ég veit ekkert hvað mig langar að fá í jólagjöf, ég vil eiginlega helst láta koma mér á óvart.

Farið þið í jólaköttinn?

M: Nei, ég er búinn að fá jólafötin. Ég fékk buxur og skyrtu og ég valdi það sjálfur. Mamma valdi einu sinni fötin mín en núna vel ég alltaf sjálfur það sem mér finnst flott.

S: Pabbi fór til útlanda í haust og keypti handa mér jólakjól. Svo fæ ég líka oft föt í jólagjöf.

Hvernig finnst ykkur aðfangadagur?

M: Mjög skemmtilegur og þægilegur. Ég hef það oftast rólegt og slaka á. Við lesum jólakortin, horfum stundum á einhverja jólamynd og bíðum eftir kvöldinu.

S: Ég dreifi jólagjöfum á vini og fjölskyldu og hef það rólegt fyrir kvöldið.

Er aðfangadagur lengsti dagur ársins?

Bæði: Já!

Tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Gjafakörfur Ostahússins

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum.
Útbúum allar körfur með vínflösku sé þess óskað.

Upplýsingar og pantanir: www.ostahusid.is, og í síma 565 3940

ferskleiki & fegurð án fyrirhafnar

Nýtt á Íslandi

Eitt best geymda leyndarmál náttúrunnar, Aloe Ferox, er uppistaðan í virkum innihaldsefnum EyeSlices gelpúðanna. Augnpúðarnir eru ofnæmisprófaðir og í þeim er hvorki paraben né latex. EyeSlices augnayndi sameinar öflugar jurtir úr náttúrunni annars vegar og margverðlaunaða nýsköpun hins vegar.

Klínískar rannsóknir hafa sýnt að EyeSlices augnayndi vinnur á hrukkum, þrota, baugum, ummerkjum þreytu og rauðum augum. Gelpúðana þarf aðeins að nota í 5 mínútur í hvert sinn en þá má nota í 10 skipti.

EyeSlices augnayndi er tilvalin jólagjöf

eye slices® gelpúðar

Lyfja, Lyf og heilsa, Hagkaup, Fríhöfnin, Fjarðarkaup, Garðsapótek, Akureyrarapótek, Árbæjarapótek, Apótekið Setbergi, Lyfjaver, Reykjavíkur apótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Reykjavík SPA, Sóley natura spa, Snyrtistofan Dimmalimm, Snyrtistofan Mizú, Snyrti- og nuddstofan Paradís, Snyrtistofan Þema, Snyrtistofa Grafarvogs, Torfhildur Theodórs - Snyrtistofa Reykholti, Snyrtivöruverslunin Glæsibæ, Snyrtistofan Abaco Akureyri.

MOSFELLSBÆR

Leikskólinn Hulduberg í Mosfellsbæ auglýsir lausar stöður

Hulduberg er sex deilda leikskóli. Þar eru um 140 börn á aldrinum 2-5 ára og eru aldursblöndun á öllum deildum. Áherslur í starfi leikskólans er umhverfismennt og að njóta og nýta náttúruleg gæði.
Leikskólinn Hulduberg er staðsettur við Lágafellsskóla og íþróttamiðstöðina Lágafell.

Auglýst eru laus eftrfarandi störf:

- **Staða leikskólakennara í deildarstjórn.**

Hæfnikröfur:
- Leikskólakennaramenntun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og metnaður
- Lausnamiðuð hugsun og færni til að koma hugmyndum í framkvæmd

- **Staða matráðs** (75% - 100% starf)

Hæfnikröfur:
- Þekking á gerð matseðla og samsetningu fæðis fyrir börn frá 18 mánaða aldri til 6 ára samkvæmt viðmiðum Manneldisráðs.
- Frumkvæðni og skipulagshæfni við innkaup og vörustjórnun.
- Færni sem nýtist í starfi og reynsla af störfum í mötuneyti

Laun eru greidd í samræmi við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 4. janúar 2014.
Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og/eða fyrri störf skulu berast á netfangið hulduberg@mos.is.

Upplýsingar um leikskólann má finna á heimasíðu skólans www.hulduberg.is.
Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri Þuríður Stefánsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Guðrún Viktorsdóttir síma 5868170 og 8670727.

Fólk af báðum kynjum er hvatt til að sækja um störfin.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

PÓSTURINN

Hlutafélagið Íslandspóstur hf. varð til þegar Pósti og síma var skipt upp í upphafi ársins 1998. Fyrirtækið er einn stærsti vinnuveitandi landsins með tæplega 1200 starfsmenn. Félagið er ungt en byggir á sterkum rótum, sem er samofin 230 ára sögu póstreksturs á Íslandi.

Árið 2008 fagnaði Íslandspóstur hf. 10 ára afmæli sínu. Þá var tekinn í notkun nýr vefur, sem hlaut viðurkenninguna "Besti fyrirtækjavefurinn 2008".

www.posturinn.is



Ný störf á nýju ári !

Við leitum að SAP kerfis- og öryggisstjóra

Íslandspóstur notar eitt stærsta og viðamesta SAP kerfi landsins, en kerfið hefur verið í notkun frá 1997 og er mikilvægur hlekkur í rekstri PÓSTSINS, því nauðsynlegt að staðið sé vel að rekstri þess.

Starfið felst m.a. í daglegum rekstri SAP kerfa félagsins, þjónustu, uppfærslum, aðgangsstýringum, veikleikaprófunum og öryggismálum auk annars er varðar tryggan rekstur SAP. Starfið er bæði áhugavert og krefjandi, en því fylgir endurhæfing og endurmenntun vegna nýjunga.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu menntaðir á sviði tölvunar- og/eða kerfisfræði, með marktæka reynslu og þekkingu á SAP auk þekkingar á MS SQL Server og Java. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, hæfni til að vinna undir álagi, samviskusemi og vilja til að læra og tileinka sér nýjungar.

Leitum jafnframt að tölvunar- eða kerfisfræðingi

Starfið felst í greingarvinnu, hönnun og forritun kerfa auk uppsetningar á vefsíðum og umsjón með netþjónum, gagnagrunnum, nafnaþjónum og öðrum kerfum.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólapróf í tölvunar- eða kerfisfræði eða með sambærilega menntun. Þekking á .NET, aspx, C#, HTML, CSS, javascript, jquery, Winforms og TransactSQL er æskileg. Þekking á Windows og Linux netþjónum, IIS og SQL server, PHP, Java, classic asp, VB og Delphi er kostur, sem og þekking á BindDNS, Apache og Tomcat, CMS, CXXL og Umbraco auk þess er þekking á skjalastýringarkerfum jafnframt kostur. Microsoft gráða að auki er áhugaverð.

Í boði eru áhugaverð störf, samkeppnishæf laun, góð vinnuaðstaða, símenntun og faglegt starfsumhverfi með framúrskarandi starfsmönnum.

Leitað er að lausnamiðuðum sérfræðingum, sem hafa metnað til árangurs í starfi. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, samstarfsvilja og hæfni til að vinna í hópi.

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ.

Guðný Harðardóttir veitir nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl.13-15. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár ásamt meðfylgjandi gögnum til **stra@stra.is**.

Suðurlandsbraut 30 - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í 29 ár

Iceland Travel

Iceland Travel er leiðandi fyrirtæki á sviði móttöku og þjónustu við erlenda ferðamenn og á sviði ráðstefnuþjónustu og hvataferða.

Fyrirtækið heyrir undir Icelandair-group og starfsmenn eru um 100 talsins.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess ***www.icelandtravel.is***

Iceland Travel - rekstrarstjóri MICE

Iceland Travel leitar eftir kraftmiklum einstaklingi til að reka MICE svið fyrirtækisins. Í hlutverkinu felst að halda utan um einingar sem heyra undir MICE, styðja við markaðs- og sölustjóra og stuðla að samlegðaráhrifum milli eininga. MICE stendur fyrir fundi (meetings), hvataferðir (incentives), ráðstefnur (conferences) og viðburði (exhibitions/events). Viðkomandi mun leiða hóp metnaðarfullra sérfræðinga í ráðstefnuhaldi og hvataferðum til frekari árangurs og sameina markaðsstarf MICE sviðs innan Iceland Travel á erlendri sem innlendri grund.

Starfssvið:

- Yfirumsjón með áætlanagerð og eftirfylgni hennar í samráði við aðra stjórnendur innan MICE
- Starfsmannamál og efling fagmennsku og þekkingar innan sviðsins
- Efling starfsemi MICE eininga í samvinnu við stoðsvið innan fyrirtækisins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða reynsla af sambærilegum störfum
- Stjórnendareynsla og þekking á verkefnastjórnun
- Þekking á ferðamálum á Íslandi
- Rík skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tæknikunnátta
- Góð enskukunnátta og þriðja tungumál kostur

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2014. Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. ***Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn var stofnað árið 1994 af fjórum ungum fjallagörpum og fagnar fyrirtækið því 20 ára starfsafmæli sínu á næsta ári. Frá upphafi hefur fyrirtækið farið ótroðnar slóðir í fjallaferðum og verið leiðandi í umhverfis- og öryggismálum í ferðaþjónustu. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn bjóða upp á fjölbreyttar ferðir og allir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hjá einu rótgrónasta ferðaþjónustufyrirtæki landsins. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn - Örugglega á Fjöllum.

Fjármálastjóri

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn óska eftir að ráða fjármálastjóra.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Áætlanagerð vegna reksturs, fjárfestinga og sjóðstreymis
- Umsjón með gerð ársreiknings og samskipti við endurskoðanda
- Kostnaðareftirlit, kostnaðargreining og gerð kostnaðaráætlana
- Eftirlit með árangursvísum og árangursmælingum
- Yfirumsjón með bókhaldi, launaútreikningum, innheimtu og greiðslu reikninga

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræðum (meistaragráða)
- Víðtæk þekking og reynsla á sviði fjármála, bókhalds og reksturs
- Skipulagning útsjónarsemi og fagmennska í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta

Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar 2014

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Eirvík fagnar brátt 20 ára afmæli og er nú sem fyrr í góðum rekstri. Hjá fyrirtækinu starfa 12 manns sem kappkosta að veita góða þjónustu. Markmið fyrirtækisins er innflutningur, verslun og þjónusta með heimilistæki, hótel- og veitingatæki, innréttingar og gjafavöru. Kjörorð félagsins er „Sérverslun með heimilistæki og innréttingar“ í hæsta gæðaflokki. Meðal þekktra merkja sem Eirvík er með umboð fyrir má nefna: Miele, Liebherr, General Electric, Smeg, Elica, Jura, Witt, Magimix og Cristel.

Viðgerðarmaður í þjónustudeild

Um starfið

Hress og eldklár aðili óskast til starfa í þjónustudeild Eirvíkur til að sinna viðgerðum á kaffivélum frá Jura, Miele og Magimix. Auk þessa gætu komið til viðgerðir á stærri heimilistækjum. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á því að finna út bilanir í háþróuðum og vönduðum tækjum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafvirki, rafvélavirki, rafeindavirki eða sambærilegt
- Góð samskiptafærni
- Góð enskukunnátta (góður lesskilningur)
- Mjög góð tölvukunnátta

Upplýsingar veitir:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 23. desember 2013

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Á Velferðarsviði starfa rúmlega 2.000 starfsmenn á um 100 starfseiningum í borginni, sem margar veita þjónustu allan sólarhringinn. Velferðarsvið þjónustar um 20.000 einstaklinga á ári og eru áætluð útgjöld sviðsins árið 2013 um 21 milljarður króna.

Velferðarsvið starfar með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Nánari upplýsingar um starfsemi Velferðarsviðs má sjá á vef Reykjavíkurborgar; **www.reykjavik.is**

Vegna skipulagsbreytinga óskar Velferðarsvið Reykjavíkurborgar eftir að ráða í starf deildarstjóra á skrifstofu fjármála og rekstrar. Jafnframt óskast fjármálaráðgjafi til starfa.

Deildarstjóri áætlana og rekstrar

Starfssvið

- Dagleg umsýsla skrifstofu s.s. skipulag verkefna og starfsmannamál
- Umsjón með vinnslu fjárhagsáætlunar sviðsins
- Umsjón með frágangi uppgjöra
- Umsjón með gerð samninga
- Umsjón með móttöku og afgreiðslu fyrirspurna
- Þátttaka í starfshópum
- Yfirsýn yfir verkefni starfshópa vegna fjármála

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Meistarapróf sem nýtist í starfi æskilegt
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Yfirgripsmikil reynsla af málaflokknum
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Fjármálaráðgjafi

Starfssvið

- Vinnsla fjárhagsáætlana í samstarfi við ábyrgðarmenn
- Ráðgjöf og eftirlit með rekstri
- Gerð frávikagreininga
- Kostnaðarmat nýrra verkefna
- Eftirlit með samningum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Reynsla af rekstri æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Upplýsingar veita:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.

Um 100% stöður er að ræða og taka laun mið af ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um að jafna hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ZO•ON ICELAND

Hönnun og framleiðslustýring

Hvernig sem viðrar!

Fyrirtækið ZO-ON var stofnað árið 1994 og hjá því starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það markmið að hanna, þróa og selja skjólgóðan útivistarfatnað sérhannaðan fyrir íslenskar aðstæður.

ZO-ON hefur vaxið mjög hratt síðastliðin þrjú ár og rekur nú þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu ásamt að bjóða upp á sölustaði víðsvegar um landið.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess ***www.zo-on.is***

ZO-ON óskar eftir að ráða hönnuð sem verður virkur þátttakandi í framleiðslustýringu fyrirtækisins. Hönnuður þarf að vera tilbúinn að takast á hendur ferðir til framleiðenda sem eru meðal annars staðsettir í Kína.

Starfssvið:

- Samvinna við aðra hönnuði fyrirtækisins
- Umsjón með málsetningum
- Samskipti við framleiðendur
- Utanumhald hönnunarvinnu fyrir nýjar vörulínur
- Eftirfylgni með gæðamálum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af hönnun
- Góð þekking á sníðagerð og málsetningum
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð kunnátta á Adobe Illustrator og/eða sambærilegu teikniforriti

Umsóknarfrestur er til og með 23. desember 2013. Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og yfirlit yfir verk (portfolio) sem umsækjandi hefur unnið. ***Umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

» Ráðningarþjónusta

Rafvirki/Rafeindavirki

Viðgerðaþjónustufyrirtæki á sviði rafmagns- og heimilistækja óskar eftir að ráða rafvirkja/rafeindavirkja til starfa. Um fullt starf er að ræða. Einnig kemur til greina að ráða nema.

Starfið er fólgið í ýmisskonar viðgerðar- og viðhaldsvinnu.

» Hæfniskröfur

- Menntun á sviði rafvirkjunar/rafeindavirkjunar
- Góðir skipulagshæfileikar
- Samviskusemi og vönduð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

BETRI BÍLAR ehf.
BÍLAVERKSTÆÐI

Bifvélavirki óskast

Óskum eftir vönum bifvélavirkja við almennar viðgerðir.
Hæfniskröfur: Íslenkumælandi. Góða enskukunnátta.
Hafa gott vald á bilanagreiningu á rafmagni.
Reyklaus vinnustaður.
Verkstæðið sérhæfir sig í almennum viðgerðum á Skoda, Volkswagen, Mitsubishi og Audi.

Upplýsingar veitir Atli Vilhjálmsson á netfanginu:
betribilar@simnet.is eða í síma: 568-1411 á vinnutíma og 897-1852

Capacent Ráðningar

RÁÐGJAFI STARFSENDURHÆFING

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Rafiðnaðarsamband Íslands leitar að ráðgjafa til að starfa á sviði starfsendurhæfingar.
Um er að ræða samvinnuverkefni VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs, Rafiðnaðarsambands Íslands, Félags vélstjóra og málmtæknimanna, Matvís, Félags hársnyrtisveina og Mjólkurfræðingafélags Íslands. Ráðgjafinn mun halda utan um starfsendurhæfingarmál félagsmanna sem eru óvinnufærir vegna slysa eða sjúkdóma, í þeim tilgangi að aðstoða þá við að auka vinnugetu þeirra. Um er að ræða mjög krefjandi starf í umhverfi sem er enn í mótun og uppbyggingu.

Helstu verkefni ráðgjafans verða:

- Stuðningur, ráðgjöf og hvatning einstaklinga
- Upplýsingaöflun og mat skv. viðurkenndum aðferðum
- Umsjón, eftirfylgni og leiðsögn varðandi endurhæfingaráætlanir einstaklinga, í samstarfi við fagaðila
- Samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir vegna verkefnisins

Upplýsingar um starf ráðgjafa og starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna á heimasíðu Starfsendurhæfingarsjóðs www.virk.is.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar er æskileg
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Áhugi á að vinna með einstaklingum og geta til að skilja og setja sig inn í mismunandi aðstæður einstaklinga
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Geta til að koma frá sér efni í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Starfsfólk óskast á hjúkrunarheimilið Nesvelli í Reykjanesbæ sem opnar í mars 2014

Við leitum að:

- **starfsfólki í ummönnun**
- **sjúkraliðum**
- **hjúkrunarfræðingum**
- **iðjuþjálfa**

Hrafnista á Nesvöllum verður rekin eftir nýrri hugmyndafræði í öldrunarþjónustu. Rík áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt og þátttöku íbúa. Við tökum það besta frá sjálfstæðri búsetu og sameinum það öryggi hjúkrunarheimilis. Starfsfólk og íbúar vinna saman við að skapa heimilislegt, hlýlegt og virkt samfélag.

Við leitum að starfsfólki sem:

- **hefur jákvætt viðmót og góða samskiptahæfileika**
- **er opið fyrir nýjungum og er tilbúið að fara nýjar leiðir**

Starfshlutfall og vinnutími er samkomulagsatriði. Umsóknarfrestur er til 7. janúar 2014

Nánari upplýsingar:
Hrönn Ljótsdóttir / sími: 531 4010 og 664 9550 / hronn.ljotsdottir@hrafnista.is
Umsóknareyðublöð fást á **www.hrafnista.is**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

Government of Canada / Gouvernement du Canada
Embassy of Canada / Ambassade du Canada

The Embassy of Canada in Reykjavík is looking to hire an

International Business Development & Public Affairs Officer

For details regarding the position and the application process please visit our website at www.canada.is

---

SKÓLALIÐI

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ auglýsir eftir skólaliða. Ráðning frá 1.janúar 2014 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100% og laun eru samkvæmt stofnanasamningi FG við SFR.

Umsóknum er hægt að skila í gegnum Starfatorg **(www.starfatorg.is)** eða beint til Kristins Þorsteinssonar skólameistara **(kristinn@fg.is)** eða Elísabetar Siemsen aðstoðarskólameistara **(elisabets@fg.is)** sem einnig gefa nánari upplýsingar.

Skólameistari

MARKUS LIFENET

Saumastarf

Markus Lifenet ehf.
óskar að ráða starfsmann til saumastarfa.

Umsækjandi þarf að vera vanur vélsaumi, vandvirkur, iðjusamur og eiga gott með að vinna með öðrum.

Í boði er sveigjanlegur vinnutími, björt og góð aðstaða nálægt smábátahöfninni í Hafnarfirði.

Nánari upplýsingar veitir Markús Pétursson í síma 841-1736.

FRAMKVÆMDIR Í FÆREYJUM

Leitum að verkefnisstjóra og tæknimanni

Sp/f TG VERK í Færeyjum óskar eftir að ráða verkefnisstjóra og tæknimann við verklegar framkvæmdir.

Verkfræðingar eða byggingartæknifræðingar með mikla reynslu af stjórnun verklegra framkvæmda og mjög gott vald á dönsku og ensku koma aðeins til greina.

Umsóknir skal senda til helen@tgverk.is eigi síðar en 27. desember.

SP/f TG Verk var stofnað árið 2007 og er nú meðal stærstu byggingarfyrirtækja í Færeyjum. Félagið er systurfélag ÞG verktaka á Íslandi.

TG Verk í Færeyjum hefur sinnt fjölbreyttum verkefnum fyrir opinbera aðila á liðnum árum. Verkefnastaðan er góð og næg verkefni framundan.

TG-VERK FØROYAR

---

oddi hf.

Yfirvélstjóri

Oddi hf. á Patreksfirði auglýsir eftir yfirvélstjóra á línuskipið Núpur BA 69

Vélstjóraréttindi nauðsynleg og æskilegt að umsækjandi hafi reynslu af beitningavélum.

Núpur er 240 brl sérhæft línuskip með 750 KW aðalvél og vel útbúið. Veiðiferðir eru að jafnaði 3 dagar og er gert út frá Patreksfirði.

Kvótastaða skipsins er góð sem og tekjumöguleikar.

Nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 450 2100 eða á netfang: oddi@oddihf.is

Oddi hf. Patreksfirði • Eyrargötu 1, 450 Patreksfjörður
Sími 450 2100 • www.oddihf.is

Starfskraftur óskast

Á fastar vaktir, kvöld og helgar. Ekki yngri en 20 ára.
Upplýsingar á staðnum á mánudag.

Blómabúðin Dögg - Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði.

Café Mezzo leitar að skemmtilegu og vinnusömu starfsfólki:
- Fullt starf, vinnutími 8:40-17:00 alla virka daga
- Hlutastarf, vinnutími ca. 10:00-17:00 2-4 virka daga
- Kvöld og helgarstörf

Starfsreynsla á kaffihúsi eða á veitingastað æskileg.
Ferilskrá sendist á mezzo@mezzo.is merkt „Mezzo 101".

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- **Matráður á leikskólann Baug**
- **Matráður á hjúkrunarsambýli fyrir aldraða**
- **Starfsmaður í íbúðarkjarna fyrir fatlaða**

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

Hópbílar hf óska eftir bifreiðastjóra til starfa á suðurlandi

- Áætlunarakstur; Selfoss – Reykjavík – Selfoss.
- Selfoss er upphafs og endastöð.
- Unnið er á föstum vöktum.
- Gerð er krafa um rútupróf og reynslu af stjórnun stórra ökutækja.
- Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.

Frekari upplýsingar veittar á skrifstofutíma:

Ágúst Haraldsson, rekstrarstjóri í síma 8220073
Pálmar Sigurðsson, starfsmannastjóri í síma 8220098

Einnig er hægt að sækja um á www.hopbilar.is

HÓPBÍLAR

Hekla hf. óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa við innleiðingu á Navision

HEKLA

Helstu verkefni:
- Þarfagreining
- Áætlanagerð
- Innleiðing Navison
- Prófanir og eftirfylgni
- Þjálfun og upplýsingagjöf

Hæfniskröfur:
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af innleiðingu á Navision
- Menntun á sviði verkefnastjórnunar, viðskiptafræði, tölvunarfræði eða sambærilegt
- Góð enskukunnátta
- Góðir skipulagshæfileikar
- Leiðtoga- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gerður B. Pálmarsdóttir gæða- og mannauðsstjóri (gbp@hekla.is).

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar n.k. Umsókn óskast fyllt út á www.hekla.is

HEKLA hf er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar bifreiðar og hefur verið söluhæsta bifreiðaumboðið á Íslandi undanfarin ár, með ríflega 25% markaðshlutdeild á síðasta ári.

HEKLA er með fimm söluumboð á Íslandi – á Akureyri, Selfossi, Reykjanesbæ, Akranesi og Ísafirði. Höfuðstöðvar félagsins eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

Um 120 manns starfa hjá HEKLU hf. Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI

Húsasmiðjan vill ráða starfsmann í timburafgreiðslu fyrirtækisins í Reykjanesbæ

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst

Ábyrgðarsvið
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð og leiðbeiningar við almennar byggingaframkvæmdir
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Mjög góð alhliða þekking á timbri og öðru byggingaefni
- Lyftararéttindi kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni
- Íslenskukunnátta (tala og skrifa)
- Æskilegur aldur 30 +

Umsóknir berist fyrir 30. desember n.k.
Til Guðrúnar Kristinsdóttur gudrunk@husa.is
Öllum umsóknum verður svarað

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking
Áreiðanleiki
Liðsheild

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

Hekla hf. óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við greiningar og áætlanagerð

HEKLA

Helstu verkefni:
- Markaðsgreining
- Birgðastýring
- Sölu- og áætlanagerð
- Gerð kynningarefnis
- Skýrslugerð
- Ýmis tilfallandi verkefni frá hendi forstjóra og stjórnenda

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði viðskipta, hagfræði eða sambærileg menntun
- Góð enskukunnátta
- Skipulagshæfni
- Úrvinnsla og framsetning á tölfræðigögnum
- Mjög góð þekking á upplýsingatækniforritum (Excel – Powerpoint o.fl.)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gerður B. Pálmarsdóttir gæða- og mannauðsstjóri (gbp@hekla.is).

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar n.k. Umsókn óskast fyllt út á www.hekla.is

HEKLA hf er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar bifreiðar og hefur verið söluhæsta bifreiðaumboðið á Íslandi undanfarin ár, með ríflega 25% markaðshlutdeild á síðasta ári.

HEKLA er með fimm söluumboð á Íslandi – á Akureyri, Selfossi, Reykjanesbæ, Akranesi og Ísafirði. Höfuðstöðvar félagsins eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

Um 120 manns starfa hjá HEKLU hf. Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Spennandi atvinnutækifæri í ört vaxandi fyrirtæki

Sinnum er fyrirtæki á velferðarsviði sem sérhæfir sig í alhliða heimaþjónustu, aðhlynningu, heimahjúkrun, hvíldardvöl, heimahreingerningu og rekstri dvalarheimilis ásamt því sem það annast daglegan rekstur á sjúkrahóteli LSH.

Launafulltrúi

Vegna aukinna umsvifa Sinnum ehf. óskum eftir að ráða launafulltrúa.

STARFSSVIÐ:
- Launaútreikningar, launavinnsla og afstemming launa
- Stemma launabókhald af við fjárhagsbókhald
- Ytri samskipti s.s. við lífeyrissjóði og verkalýðsfélög varðandi kjarasamninga og önnur málefni er tengjast launamálum
- Veita upplýsingar varðandi kjarasamninga og vinnurétt starfsmanna
- Stuðningur við stjórnendur vegna ráðninga

HÆFNISKRÖFUR:
- Háskólapróf og /eða 5 ára reynsla af launavinnslu
- Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á vinnumarkaðsmálum s.s. lögum og kjarasamningum
- Reynsla af vinnu við launakerfi nauðsynleg
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum og getu til að vinna með ólíkum hópum fólks
- Frumkvæði, jákvæðni og metnaður

Umsóknum skal skilað á eyðublaði sem er á www.sinnum.is/umsókn um starf, merkt launafulltrúi í athugasemdir. Umsóknarfrestur er til og með 23. desember. Nánari upplýsingar fást hjá Mjöll í síma 777-1477.

Sjúkraliðar

Einnig óskum við eftir sjúkraliðum til að sinna heimaþjónustu. Um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu og er starfshlutfall samkomulagsatriði.

Almennir starfsmenn

Vegna vaxandi umsvifa í heimaþjónustu vantar okkur jafnframt almenna starfsmenn í heimaþjónustu í dag- kvöld- og helgarvinnu.

Með því að koma í Sinnum liðið getur þú fundið gefandi starf sem byggist á mannlegum samskiptum og einstaklingsmiðaðri þjónustu. Sinnum leggur áherslu á sveigjanleika í starfi og býður upp á uppbyggilegt og hvetjandi starfsumhverfi.
Óskað er eftir fólki sem hefur lipurð og jákvæðni að leiðarljósi, hefur gott vald á íslensku og afnot af bíl er skilyrði.

Umsóknum skal skilað á eyðublaði sem er á www.sinnum.is/umsókn um starf og setja í athugasemdir um hvaða starf er sótt. Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar. Nánari upplýsingar fást hjá Eygló í síma 770-2225.

sinnum
heimaþjónusta

Sími 770 2221 – 519 1400
www.sinnum.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

VÍFILSSTAÐIR
Sjúkraliðar

Laus eru til umsóknar störf sjúkraliða á hjúkrunardeild á Vífilsstöðum. Deildin sem er 42 rúma deild á 3 hæðum er hluti af Landspítala. Þar eru sjúklingar sem hafa gilt færni- og heilsumat og eru að bíða eftir vist á hjúkrunarheimili.

Óskum eftir áhugasömum sjúkraliðum til að taka þátt í að byggja upp og starfa á nýrri deild. Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði.

Helstu verkefni og ábyrgð
» Umönnun sjúklinga í samvinnu við aðra fagaðila
» Virk þátttaka í fjölskylduhjúkrun

Hæfnikröfur
» Íslenskt starfsleyfi sem sjúkraliði
» Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 28. desember 2013.
» Upplýsingar veita Ingibjörg Tómasdóttir, deildarstjóri, iingibjo@landspitali.is, sími 543 9533/ 824 5769 og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi, thoring@landspítali.is, sími 543 9106/ 824 5480.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Laust starf hjá Olíudreifingu ehf.

Starfsmaður í birgðastöð

Olíudreifing leitar að vélstjóra eða handlagnum einstakling til vaktavinnustarfa í olíustöðinni í Örfirisey. Olíustöðin Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins. Í birgðastöðinni er unnið á vöktum og felst vinnan í vöktun birgðastöðvar, losun og lestun olíuskipa, afgreiðsla eldsneytis til skipa og rekstur dælubúnaðar og skilvinda. Nánari upplýsingar veitir Helgi Árnason í síma 550 9938.

Umsóknir sendist á odr@odr.is fyrir 15. janúar.

Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.
Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á **www.oliudreifing.is**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR LAUSAR STÖÐUR Í GRUNNSKÓLA

Hraunvallaskóli (590 2800)
lars@hraunvallaskoli.is
Kennsla á unglingastigi
(samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni)
Um er að ræða afleysingu til vors.

Öldutúnsskóli (555 1546)
valdimar.vidisson@oldutunsskoli.is
Stærðfræðikennsla á unglingastigi.
Um er að ræða 100% starf frá áramótum.
Stuðningsfulltrúi (50%)

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2013 og skulu umsóknir berast rafrænt á netföng skólastjóra.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



AUGNLÆKNINGAR

Deildarlæknir

Laust er til umsóknar starf deildarlæknis við augnlækningar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið sem fyrst, til tveggja ára eða eftir samkomulagi.

Starfið hentar vel þeim sem áhuga hafa á sérfræðinámi í augnlækningum og vilja kynna sér hvort augnlækningar komi til greina sem framtíðarstarf. Einnig hentar starfið verðandi heilsugæslulæknum sem vilja afla sér viðbótarþekkingar í augnsjúkdómafræðum.

Helstu verkefni og ábyrgð

» Þjálfun í augnlækningum með þátttöku í klínísku starfi á göngu- og legudeild augndeildar auk bakvakta
» Þátttaka í kennslu og fræðsluprógrammi
» Þátttaka í vísindavinnu
» Handleiðsla og kennsla kandídata og læknanema

Hæfnikröfur

» Almennt lækningaleyfi
» Góð færni í mannlegum samskiptum
» Öguð vinnubrögð
» Íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 28. desember 2013.
» Upplýsingar veitir Einar Stefánsson, yfirlæknir, netfang einarste@landspitali.is, sími 543 7217 og 824 5962.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Viltu vera með í liðinu okkar?

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.

Vegna aukinna verkefna vill Íbúðalánasjóður bæta við sig duglegum og jákvæðum starfsmanni.

Sérfræðingur á einstaklingssviði

Starfssvið

- Ítarleg greining og samantekt á greiðsluerfiðleikaferlum og tölfræði
- Eftirlit með virkni greiðsluerfiðleikakerfis
- Þátttaka í áframhaldandi þróun lausna vegna greiðsluerfiðleika og verklags við afgreiðslu umsókna vegna greiðsluerfiðleika
- Vinnsla umsókna um úrræði vegna greiðsluvanda
- Greiðsluerfiðleikaráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Starfsreynsla og þekking á lánamálum og greiðsluerfiðleikamálum er nauðsynleg
- Góð færni í Word og Excel
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi

HAGVANGUR

Upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 30. desember nk

Um er að ræða 100% starf. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

www.ils.is
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

Frumherji

BYGGINGAFRÆÐINGUR

Frumherji hf auglýsir starf sérfræðings á fasteignaskoðunarsviði.

Um er að ræða starf við skoðanir fasteigna fyrir viðskiptavini Frumherja. Starfið felur einnig í sér þróun þjónustunnar í samvinnu við sviðsstjóra, samskipti við viðskiptavini, upplýsingagjöf, tilboðs- og skýrslugerð ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Óskað er eftir byggingafræðingi með menntun og reynslu sem húsasmiður. Kostur er að viðkomandi hafi einnig réttindi sem matsmaður fasteigna. Áhersla er lögð á sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð, frumkvæði, sveigjanleika og ríka þjónustulund. Viðkomandi þarf einnig að vera vel ritfær og vanur tölvuvinnu.

Um er að ræða 100% starfshlutfall. Starfsmaður verður með aðstöðu á skrifstofum Frumherja í Reykjavík. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir sendist í tölvupósti á póstfangið kristine@frumherji.is fyrir 2. janúar 2014.

Nánari upplýsingar um starfið veita Orri Hlöðversson, framkvæmdastjóri (orri@frumherji.is) eða Kristín Erla Einarsdóttir, sviðsstjóri (kristine@frumherji.is) í tölvupósti eða í síma 570 9000

BETRI BÍLAR ehf.

BÍLAVERKSTÆÐI

Bifvélavirki óskast

Óskum eftir vönum bifvélavirkja við almennar viðgerðir.
Hæfniskröfur: Íslenkumælandi. Góða enskukunnátta.
Hafa gott vald á bilanagreiningu á rafmagni.
Reyklaus vinnustaður.
Verkstæðið sérhæfir sig í almennum viðgerðum á Skoda, Volkswagen, Mitsubishi og Audi.

Upplýsingar veitir Atli Vilhjálmsson á netfanginu:
betribilar@simnet.is eða í síma: 568-1411 á vinnutíma og 897-1852

VÖRUSTJÓRI MÁLNINGAR

Spennandi og krefjandi starf í einu stærsta fyrirtæki landsins.

Vörustjóri ber ábyrgð á innkaupum og birgðastjórnun á málningu, múrvöru og tengdum vörum ásamt því að sinna starfi sölustjóra þessara vöruflokka.

Vörustjóri ber ábyrgð á sölu, kynningum og tilboðsgerð til fagaðila. Hann sér um þjálfun starfsmanna í málningardeildum fyrirtækisins og útlit og framsetningu deildanna.

Vörustjóri málningar heyrir undir framkvæmdastjóra vörustýringarsviðs.
Hann ber ábyrgð á að þeim sölu- og kostnaðarmarkmiðum sem snúa að hans vöruflokkum sé náð hverju sinni.

Við leitum að liðsmanni með:

- Fagmenntun sem nýtist í starfi
- Mikla þjónustulund og góða samskiptahæfni
- Frumkvæði og getu til að finna lausnir
- Góða tölvukunnáttu
- Reiprennandi íslensku- og enskukunnáttu

Húsasmiðjan er eitt stærsta verslunarfyrirtæki landsins og rekur tvö vöruhús sem jafnframt eru dreifingarmiðstöðvar fyrir 16 verslanir um land allt.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Andrésson framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs, petur@husa.is eða í síma 525 3225

Umsóknir berist fyrir 1. janúar n.k. til Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Gildi Húsasmiðjunnar er eftirfarandi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking
Áreiðanleiki
Liðsheild

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

ÞJÓNUSTUSTJÓRI/SÖLUSTJÓRI:

UBR
UMBÚÐIR & RÁÐGJÖF ehf.

Innflutningsfyrirtæki á sviði umbúða fyrir verslanir og framleiðslufyrirtæki leitar að drífandi og faglegum einstaklingi í starf þjónustustjóra/sölustjóra. Um er að ræða 100% starf. Vinnutími er frá kl. 08.00–17.00.

Þeir sem hafa áhuga á ofangreindu starfi eru beðnir um að senda umsókn ásamt mynd og ferilskrá á ***umbudir@ubr.is*** *fyrir 30. desember 2013.*

Starfssvið:
- *Skipulagning á sölustarfsemi*
- *Öflun nýrra viðskiptasambanda*
- *Efling og viðhald núverandi viðskiptasambanda*
- *Tilboðs og samningagerð*

Hæfniskröfur:
- *Þekkja og vera vel kynntur hjá framleiðslufyrirtækjum*
- *Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði*
- *Reynsla af sölumálum*
- *Góð almenn tölvukunnátta*
- *Enskukunnátta ekki skilyrði en kostur*

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lögfræðingur	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201312/036
Sérfræðingur	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201312/035
Starfsmaður á skjalasafn	Samgöngutofa	Reykjavík	201312/034
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, menntavísindasvið	Reykjavík	201312/033
Vefstjóri	Háskóli Íslands	Reykjavík	201312/032
Varðstjóri	Lögreglustjórinn á Eskifirði	Höfn	201312/031
Sálfræðingar, meðferðaraðilar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201312/030
Skólaliði	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Garðabær	201312/029
Kennari í jarðfræði	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Sauðárkrókur	201312/028
Kennari í sagnfræði	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201312/027
Sálfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Kópavogur	201312/026
Hjúkrunardeildarstjóri	LSH, hjarta- lungna-, augnskurð.	Reykjavík	201312/025
Deildarlæknir	LSH, augndeild	Reykjavík	201312/024
Sjúkraliðar	LSH, hjúkrunardeild á Vífilsstöðum	Garðabær	201312/023
Varðstjórar	Ríkislögreglustjórinn	Reykjavík	201312/022
Aðalvarðstjórar	Ríkislögreglustjórinn	Reykjavík	201312/021
Varðstjóri	Ríkislögreglustjórinn	Reykjavík	201312/020
Móttökuritari	Námsmatsstofnun	Reykjavík	201312/019
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	Ísafj., Patr.fj.	201312/018
Forstöðumaður þjóðhagsvarúðar	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201312/017
Forstöðumaður áhættugreininga	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201312/016

HÓTEL Í MIÐBORGINNI

CenterHotels óska eftir ráða starfsmenn í eftirfarandi stöður:

Sölu og Bókunardeild

Viðkomandi er ábyrgur gagnvart Sölu og bókunarstjóra fyrir daglegri umsjón einstaklingsbókana á hótelunum sem og uppfærslu verða og upplýsinga í öllum bókunarvélum og öðrum dreifileiðum á netinu. Hann hefur umsjón með og samræmir störf er snúa að einstaklingsbókunum og vinnur stöðugt við að ná markmiðum fyrirtækisins á sviði tekjustýringar og nýtingar. Starfsmaður skal sýna frumkvæði í þeim málum er heyra undir deildina og hafa ávallt góða yfirsýn yfir bókanir fyrirtækisins. Leitum að fólki með reynslu af sambærilegum störfum, góða tungumálakunnáttu, góða tölvuþekkingu og skilning á markaðsmálum.
Starfið heyrir undir Sölu og bókunarstjóra CenterHotels og umsóknir óskast sendar á sales@centerhotels.com fyrir 19.desember 2013.

Kerfisstjóri

Verkefnið snýr að daglegum rekstri tölvukerfa sem keyra á Linux og Windows, IPTV sjónvarspkerfi, VOIP símkerfi, þráðlaust netkerfi auk annarra kerfa.
Um er að ræða spennandi starf þar sem sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og mikill vilji til að halda þekkingu við er mikilvægur. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka þekkingu á kerfisstjórn, bæði í linux og windows umhverfi auk þekkingar á netkerfum. Leitað er að jákvæðum og drífandi einstaklingi með ríka þjónustulund.

Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra rekstrarsviðs og umsóknir óskast sendar á eva@centerhotels.com fyrir 19. desember 2013.

Á vegum CenterHotels eru rekin 5 hótel í miðborginni með 415 herbergi sem rúma yfir 800 manns á hverri nóttu.

Nánari upplýsingar um hótelin er að finna á heimasíðu okkar www.centerhotels.com

CENTER HOTELS

Starfsmaður óskast – Sala/afgreiðsla

Ört stækkandi og framsækið fyrirtæki með iðnaðar og rekstrarvörur óskar eftir að ráða kraftmikinn sölu/afgreiðslu mann til starfa. Um fjölbreytt starf er að ræða en í því felst sala og þjónusta við viðskiptavini í verslun og heimsóknir í fyrirtæki. Ensku og tölvukunnátta skilyrði. Reyklaus vinnustaður.

Umsóknir sendist á box@frett.is merkt "Sala 1412"

101 hotel
reykjavik

Starfsmaður í gestamóttöku

101 Hótel auglýsir eftir starfsmanni í gestamóttöku hótelsins

Unnið er á 2-2-3 vöktum allt árið um kring(8:00-20:00).

Helstu verkefni
- Móttöku gesta og önnur verkefni sem tilheyra móttöku hótelsins

Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Hæfniskröfur
- Reynsla af störfum í gestamóttöku
- Reynsla af Navision
- Góð tölvukunnátta
- Íslenska/enska skilyrði, önnur tungumálakunnátta kostur
- Snyrtimennska og stundvísi
- Sveigjanleiki í starfi
- Reyklaus

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á job@101hotel.is merkt **„101 Hótel Gestamóttaka"**

Vinsamlegast sendið umsóknir með ferilskrá á job@101hotel.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2013

SKÓGARBÆR

Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast hjúkrunar allan sólarhringinn.

Aðstoðardeildarstjóri

Staða aðstoðardeildarstjóra á hjúkrunardeild er laus til umsóknar frá 1. febrúar 2014. Umsóknarfrestur er til 31. desember 2013. Með umsókn fylgi upplýsingar um námslok, ferilskrá ásamt meðmælum tveggja umsagnaraðila.

Helstu kröfur:
- Íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar.
- Faglegur metnaður og góð samskiptahæfni.
- Þekking og reynsla af stjórnunarstörfum æskileg.

Helstu þættir starfsins:
- Umsjón með verkferlum, gerð hjúkrunarferlis og framkvæmd hjúkrunar.
- RAI-mælingar (raunverulegur aðbúnaður íbúa).

Vinsamlega sendið umsóknir til:
Jónbjörg Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri
Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ
Árskógum 2,
109 Reykjavík
eða í tölvupósti; jonbjorg@skogar.is

NAUST marine

Vaxandi fyrirtæki leitar að:

Sérfræðingi í verslun

Starfið felst m.a. í innkaupum og sölu á sjálfvirknibúnaði auk margvíslegrar aðstoðar við tækni- og framleiðsludeildir fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Menntun í rafmagnstæknifræði, rafmagnsiðnfræði eða rafvirkjun.
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta.
- Sjálfstæð vinnubrögð, kraftur og útsjónarsemi við lausn verkefna.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri í síma 414 8081. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Naust Marine fyrir 6. janúar.

Naust Marine, Miðhellu 4, 221 Hafnarfirði
atvinna@naust.is



Veðurstofa Íslands

Snjóathuganir á Ólafsfirði

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða snjóathugunarmann til starfa á Ólafsfirði. Starfið er greitt skv. tímataxta og er alla jafna unnið á tímabilinu 15. október til 15. maí.

Snjóathugunarmaður fylgist með snjóalögum og veðri í sínu byggðalagi og aðstoðar snjóflóðavakt Veðurstofunnar við að meta snjóflóðaaðstæður. Einnig sinnir snjóathugunarmaður reglulegum mælingum á snjó, mælir snjóflóð sem falla og skrifar um þau skýrslur. Auk snjóathugana mun starfsmaður sinna úrkomumælingum á svæðinu og til hans getur verið leitað vegna grjóthruns og skriðufalla.

Umsækjandi verður að þekkja vel til veður- og snjóaðstæðna á Ólafsfirði. Hann verður að geta gert snjóathuganir til fjalla, jafnvel við erfiðar aðstæður, og starfað undir miklu álagi þegar hættuástand skapast.

Nýr starfsmaður mun fá þjálfun í öryggisatriðum sem tengjast starfinu og mati á snjóflóðahættu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur til og með
5. janúar 2014

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

*Nánari upplýsingar um starfið veita **Harpa Grímsdóttir**, fagstjóri ofanflóðavár (**harpa@vedur.is**), **Theodór Freyr Hervarsson**, framkvæmdastjóri Eftirlits- og spásviðs (**teddi@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma 522 6000*

*Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir **www.vedur.is/um-vi/laus-storf** eða á **www.starfatorg.is***

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. **lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum** og **hafi**. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði** og **Úrvinnslu- og rannsóknasviði**. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is**.*

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

www.vedur.is
522 6000

Veðurstofa Íslands

Veðurfræðingur

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða veðurfræðing í vaktavinnu á Eftirlits- og spásviði.

Starfssvið
Hlutverk veðurfræðings er m.a. að gera almennar veðurspár ásamt flug- og sjóveðurspám. Einnig sinnir hann vöktun og útgáfu viðvarana vegna veðurvár og almennri upplýsingaþjónustu.

Menntun og hæfniskröfur

- M.S. próf í veðurfræði eða sambærileg menntun
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu talna og gagna
- Góð tölvuþekking og –færni
- Færni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni til að miðla upplýsingum

Á Eftirlits- og spásviði starfa 52 starfsmenn og þar af sinna 22 veðurþjónustu. Veðurstofa Íslands sinnir vöktun á náttúruvá á breiðum grundvelli. Náin tengls eru við aðrar stofnanir sem sinna hlutverkum er tengjast náttúruvá og veðri, hvort sem er á láði, í legi eða á lofti. Því er um að ræða spennandi, fjölbreytt og krefjandi starf.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur til og með
5. janúar 2014

*Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir **www.vedur.is/um-vi/laus-storf** eða á **www.starfatorg.is***

Sérfræðingur í eftirliti og athugunum

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða starfsmann í vaktavinnu við eftirlit og upplýsingagjöf á Eftirlits- og spásvið.

Hlutverk
Hlutverk starfsmanns er m.a. að gera veðurathuganir og sinna almennu eftirliti á ýmsum eðlisþáttum jarðar. Einnig þess mun viðkomandi sinna eftirliti með tölvu- og fjarskiptakerfum. Auk þess miðlar hann almennum upplýsingum til þjónustuþega.

Töluverð þróun mun verða á starfinu á þann hátt að viðkomandi mun taka virkan þátt í gerð veðurspáa í framtíðinni. Veðurstofan mun veita viðkomandi markvissa þjálfun og kennslu í gerð veðurspáa sem getur m.a. falið í sér nám í veðurfræði erlendis.

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði náttúru eða raunvísinda
- Góð tölvufærni
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu talna og gagna
- Geta til að vinna undir álagi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Áhugi á veðurfræði

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur til og með
5. janúar 2014

*Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir **www.vedur.is/um-vi/laus-storf** eða á **www.starfatorg.is***

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. **lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum** og **hafi**. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði** og **Úrvinnslu- og rannsóknasviði**. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is**.*

*Nánari upplýsingar um störfin veita **Theodór Freyr Hervarsson,** framkvæmdastjóri Eftirlits- og spásviðs (**teddi@vedur.is**), **Ingibjörg E. Garðarsdóttir**, rekstrarstjóri (**ingibjorg@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson** mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**, 522 6000).*

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, samvinna og framsækni**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

www.vedur.is
522 6000

www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Húnaþing vestra

Skólamáltíðir / Veitingarekstur

Sveitarstjórn Húnaþings hefur samþykkt að leita eftir áhugasömum aðilum til að annast framleiðslu og þjónustu skólamáltíða (hádegisverðar) fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga og Laugabakka frá og með haustinu 2014 og að reka veitingastað á heilsársgrundvelli á Hvammstanga.
Við framleiðslu skólamáltíða skal tekið mið af manneldismarkmiðum Manneldisráðs og að næringarinnihald skólamáltíða verði í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um matarræði og næringarefni. Þá skal fara eftir viðmiðum sem koma fram í handbók um skólamötuneyti.
Áhugasamir aðilar sendi Húnaþingi vestra skriflega greinargerð þar sem þeir geri grein fyrir framtíðarsýn sinni gagnvart rekstri veitingastaðar og framleiðslu skólamáltíða á Hvammstanga. Í greinargerðinni skal tilgreina staðsetningu og stærð veitingastaðar, reynslu og þekkingu af sambærilegum rekstri ásamt öðru því sem viðkomandi telur mikilvægt að fram komi.

Áhugasamir aðilar skili greinargerð sinni á skrifstofu Húnaþings vestra eigi síðar en föstudaginn 10. janúar 2014. Frekari upplýsingar veitir Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 455-2400 og á netfanginu **skuli@hunathing.is** Sveitarstjórn Húnaþings vestra áskilur sér rétt til að ganga til samninga við aðila eða hafna öllum.

Hvammstangi 12. desember 2013

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

MOSFELLSBÆR

VERÐKÖNNUN Á FIMLEIKABÚNAÐI

Mosfellsbær óskar eftir upplýsingum um verð og gæði fimleikabúnaðar fyrir gryfjur í nýjum íþróttasal við íþróttamiðstöðina að Varmá í Mosfellsbæ.

Um er að ræða allan búnað í gryfjurnar, svo sem trampólín, svamp, lyftibúnað og fleira samkvæmt lýsingu í gögnum um verðkönnunina.

Áhugasamir aðilar geta óskað eftir gögnum með því að senda tölvupóst á netfangið omar@vso.is.

Upplýsingum um verð og gæði skal skilað á skrifstofu VSÓ ráðgjafar Borgartúni 20 og verða þau opnuð þann 15. janúar 2014 n.k. kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Nú er tækifærið!

Einkaflugmannsnám hefst 13.janúar.
Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni.
Atvinnuflugmannsnám haustið 2014.
Innritun á www.flugskoli.is/skraning

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

www.facebook.com/flugskoli www.flugskoli.is

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Styrkir úr þróunarsjóði innflytjendamála 2013

Innflytjendaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði innflytjendamála. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði innflytjendamála með það að markmiði að auðvelda gagnkvæma aðlögun innflytjenda og íslensks samfélags. Að þessu sinni verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi viðfangsefni:

- Þróunarverkefni sem styðja við félög sem hafa það að markmiði að efla virka þátttöku innflytjenda í samfélaginu og vinna að hagsmunamálum þeirra.
- Þróunarverkefni og rannsóknir sem stuðla að bættri stöðu innflytjenda á vinnumarkaði og vinna gegn langtímaatvinnuleysi.
- Rannsóknir og verkefni sem varða stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaðnum.

Önnur verkefni koma einnig til álíta.

Styrkir verða veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum og eru grasrótar- og hagsmunafélög innflytjenda sérstaklega hvött til þess að sækja um. Einstaklingum verða að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsókna. Til ráðstöfunar eru 10 milljónir króna. Styrkir geta numið að hámarki 75% áætluðum af heildarkostnaði verkefnis. Unnt er að sækja um bæði á íslensku og ensku.

Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2014. Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknarvef Stjórnarráðsins (http://minarsidur.stjr.is)

Á vef velferðarráðuneytisins er að finna stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda og reglur þróunarsjóðs innflytjendamála með nánari upplýsingum um skilyrði styrkveitinga. Trúnaðar er gætt við meðferð allra umsókna.

Nánari upplýsingar fást í velferðarráðuneytinu í síma 545 8100 og með tölvupósti á netfangið postur@vel.is

Námskeið fyrir læknum um framkvæmd skoðunar vegna örorkumats

Tryggingastofnun stendur fyrir námskeiði um skoðun m.t.t. staðals vegna örorkumats.

Námskeiðið er ætlað læknum með sérfræðiviðurkenningu sem hafa áhuga á að kynna sér núgildandi örorkumatsstaðal.

Skoðun samkvæmt örorkumatsstaðli tengist umsókn um lífeyrisgreiðslur hjá Tryggingastofnun.

Námskeiðið er forsenda þess að geta starfað sem verktakalæknir fyrir Tryggingastofnun við skoðun vegna örorkumats.

Námskeiðið verður haldið á Grand Hótel í Reykjavík dagana 8. - 9. janúar 2014 kl. 09:00 – 16:00 báða dagana.

Leiðbeinandi er Haraldur Jóhannsson, yfirlæknir hjá Tryggingastofnun ríkisins og veitir hann nánari upplýsingar í síma 560-4400 eða netfangi: haraldur.johannsson@tr.is

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst fyrir 6. janúar n.k. á netfangið: skraning@tr.is

Námskeiðsgjald er 15 þús.kr. og greiðist við mætingu.

TRYGGINGASTOFNUN
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík | Sími 560 4400

Gildi Tryggingastofnunar eru traust, metnaður og samvinna. Hjá Tryggingastofnun starfa 110 manns við að veita stórum hópi landsmanna trausta þjónustu. Tryggingastofnun leggur áherslu á að hafa í röðum sínum hæft starfsfólk til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem stofnuninni er falið. Lögð er áhersla á fjölskylduvænt starfsumhverfi með sveigjanlegum vinnutíma.

ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!

vinna.is
sími: 511 1144

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!

Magnús Einarsson	Sigurður Samúelsson	Sveinn Eyland	Íris Hall	Þórarinn Thorarensen	Kristberg Snjólfsson	Eggert Marínson	Haraldur Ómarsson	Sigurður Fannar Guðmundsson	Benedikt Ólafsson
Löggiltur fasteignasali	Löggiltur fasteignasali	Löggiltur fasteignasali	Löggiltur fasteignasali	Sölustjóri	Sölufulltrúi	Sölufulltrúi	sölufulltrúi	Sölufulltrúi	sölufulltrúi
Sími 897 8266	Sími 896 2312	Sími 690 0820		Sími 770 0309	Sími 892 1931	Sími 690 1472	sími 845 8286	Sími 897 5930	Sími 661 7788

100% þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

Fagrabrekka 25
200 Kópavogur
Mikið endurnýjuð íbúð

Stærð: 115,9 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1962
Fasteignamat: 21.700.000

RE/MAX Borg

Opið hús mánudaginn kl. 18.00-18.30 | **Verð: 29.900.000**

RE/MAX Borg og Þóra kynna bjarta og fallega íbúð á jarðhæð með sérinngangi og 4 svefnherbergjum. Forstofa, gangur/hol, stórt og nýlegt eldhús með góðum borðkrók, stofa, 4 svefnherbergi, geymsla og þvottahús innan íbúðar og ný-uppgert baðherbergi. Fyrir framan inngang í íbúðina hefur verið komið fyrir palli og aðstöðu fyrir garðhúsgögn.
Frábær staðsetning - stut í skóla, verslanir og þjónustu.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
7772882
thora@remax.is

Rauðhamrar 12
Reykjavík
Fjögurra herb. með bílskúr

Stærð: 140,6 fm
Fjöldi herbergja: 2-3
Byggingarár: 1989
Fasteignamat: 26.800.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Sunnudaginn 15 des. kl. 16:00-16:30 | **Verð: 32.900.000**

Falleg fjögurra herbegja íbúð með bílskúr. Búið er að stækka stofu með því að taka niður eitt herbergi, en lítið mál að breyta aftur og er hurðin til og fylgir með. Íbúðin er á 1 hæð en það er gengið upp einn stiga svo að útsýni næst úr íbúðinni. Íbúðin er vel skipulögð og öll ný máluð, húsið var málað að utan sumarið 2012. Íbðúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Kristján tekur vel á móti öllum í opnu húsi á sunnudaginn.

Kristján Þórir
Sölufulltrúi
6961122
kristjan@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

---

FASTEIGNAMIÐLUN
Einar Guðmundsson
Lögg .fasteignasali
S. 896 8767

www.egfasteignamiðlun.is

Mjög góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð (íbúð. 201) í fjölbýlihúsi fyrir 60 ára og eldri

Íbúðin sem er mikið endurnýjuð m.a. eldhús, baðherbergi og gólfefni, er eingöngu seld til félaga í Samtökum aldraða og er háð ákvæðum samþykkta samtakana.

Frábær staðsetning í Laugardalnum

www.egfasteignamiðlun.is

SKIPASUND 82 - 104 RVK
Opið hús í dag, laugardag milli kl 15-15:30

Mikið endurnýjað sjarmerandi 165,9 fm einbýlishús, 4 herb 2 stofur, möguleiki að skipta í aukaíbúð í kjallara stór lóð, miklir möguleikar. **V. 44,9 millj.**
Kristberg 892-1931

LANDMARK
FASTEIGNASALA
ÍRIS HALL - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

FRÓÐENGI 14 - 112 RVÍK
OPIÐ HÚS SUNNUDAG 15.12. FRÁ KL. 14-15

Falleg og rúmgóð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílgeymslu. Íbúðin skiptist í anddyri, þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofu, eldhús, þvottahús og baðherbegi. Geymsla í íbúð og einnig í kjallara. Suður svalirl. Stærð 112,0 fm og bílastæði í bílgeymslu 24,0 fm. Íbúðin er laus strax **Ásett verð kr. 30,0 millj.**
Áhugasamir velkomnir.

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að ræka árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu

Nýlega innréttað 2.062m² skrifsofuhúsnæði til leigu og afhendingar strax. Húsnæðið getur leigst í einingum frá 300m² upp í allt að 2.062m². Húsnæðið er innréttað á smekklegan hátt með glerveggjum og niðurteknum loftum. Öflugar tölvulagnir. Loftræstikerfi. Mötuneyti og fullbúið eldhús á staðnum, auk starfsmannaaðstöðu (sturtur ofl.). Aðkoma er að húsinu frá efri og neðri jarðhæð með nægum bílastæðum allt í kring. Sjón er sögu ríkari, pantið skoðun hjá sölumönnum okkar. **Leiguverð: Tilboð.**

LEIGULISTINN
LEIGUMIÐLUN

Áhugasamir hafið samband við sölumenn okkar.
s. 511-2900

prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

BYLGJAN 989

HARPA

midi.is

ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKARÖÐ

BUBBA MORTHENS

19. DES	BÍÓHÖLLIN AKRANESI	KL. 20:30	MIÐAVERÐ	3.900
21. DES	HOF AKUREYRI	KL. 20:30	MIÐAVERÐ	5.900
23. DES	HARPA	KL. 22:00	MIÐAVERÐ	6.900 / 4.900

ÍSFUGL

Holda®
KALKÚNN
kalkunn.is

grafika.is / Guðrún Anna

Íslenskur Kalkúnn á hátíðarborðið

Kalkúnakjöt er vinsæll hátíðarmatur og heilsteiktur fugl gefur réttu fjölskyldustemminguna um jól og áramót.

Kalkúnabringur eru einnig góður valkostur í hátíðarmatinn. Þær fást í hæfilega stórum einingum, ferskar, kryddaðar eða fylltar með góðgæti.

Kalkúnabringur eru fitusnauðar, ljúffengar og léttar í maga.
Taktu því létt og hafðu kalkúnakjöt um hátíðarnar.

Kalkúnn

Íslensk framleiðsla

Ljúffeng máltíð og létt í maga



Að elda kalkún er tímafrekt en ekki erfitt.
NORDICPHOTOS/GETTY

KALKÚNNINN STEIKTUR

JÓL *Kalkúnn er einfaldari í eldun en marga grunar. Hér eru nokkrar grunnleiðbeiningar sem gott er að styðjast við í eldamennskunni.*

Best er að þíða kalkúninn í kæli en það getur tekið tvo til fjóra sólarhringa. Ekki sakar að geyma fuglinn ófrosinn í kæli í tvo til þrjá daga til að leyfa kjötinu að brjóta sig. Þá þarf hins vegar að gæta þess að opna umbúðirnar og fjarlægja innmatinn sem er í poka inni í fuglinum. Innmaturinn er síðar steiktur og soðið notað í sósu.

RÍFLEG FYLLING

Algengast er að fylla kalkún en það er ekki nauðsynlegt. Hér er aðferð við að elda fylltan kalkún en ekki verður farið í fyllinguna sjálfa enda úrval uppskrifta mikið og hver og einn velur fyllingu eftir eigin smekk. Fyllinguna má útbúa daginn áður og geyma í kæli og einnig er hægt að útbúa sumar tegundir fyllinga enn þá fyrr og geyma í frysti. Gott er að útbúa ríflegan skammt af fyllingu og baka það sem ekki fer í fuglinn í ofnföstu formi í 40-50 mínútur og bera síðan fram með öðru meðlæti.

EKKI TROÐFYLLA FUGLINN

Áður en fuglinn er fylltur þarf að hreinsa hann, þerra og nudda með hálfri sítrónu að utan og innan. Fyllingin skal sett bæði inn í kalkúninn og undir skinnið á hálsinum. Byrjað er að losa hálsskinnið að framan með fingrunum og setja vænar smjörklípur undir skinnið áður en fyllingin er sett þar. Síðan er saumað fyrir gatið eða því lokað með tannstönglum eða steikarprjónum. Einnig skal sauma fyrir hitt gatið eða hnoða saman álpappír og setja í opið. Ekki skal troðfylla fuglinn og einnig gera ráð fyrir því að fyllingin lengir steikingartímann. Að lokum er fuglinn nuddaður með salti og pipar og smjörklípur settar á hann hér og þar.

40 MÍNÚTUR Á KÍLÓ

Þegar kalkúnn er steiktur er gott að byrja á því að snúa upp á vængina þannig að þeir vísi fram því þá verður fuglinn stöðugri. Oft eru leggirnir bundnir saman fyrir steikingu svo þeir standi ekki út í loftið þegar kalkúnninn er borinn fram. Bringan á fuglinum skal snúa upp þegar hann er steiktur.

Steikingartími kalkúns er miðaður við ákveðinn mínútufjölda á hvert kíló og er miðað við 40-45 mín. á hvert kíló við 150°C fyrir meðalstóran fylltan kalkún. Eftir því sem kalkúnninn er þyngri getur þó þurft styttri steikingartíma á hvert kíló. Sé kalkúnninn yfir sjö kíló að þyngd er hægt að miða við 30 mín. á hvert kíló. Best er að elda kalkúninn í lokuðum ofnpotti eða á grind í ofnskúffu og breiða þá yfir hann álpappír.

Mælt er með notkun kjöthitamælis þegar kalkúnn er steiktur. Kalkúnninn er tilbúinn þegar kjöthitastig nær 72°C. Góð regla er að stinga mælinum í bringuna og ef vökvinn sem rennur úr er glær er fuglinn tilbúinn. Gæta skal þess að mælirinn snerti ekki bein. Ef þurfa þykir er tekið ofan af fuglinum og hann brúnaður við 200-250°C þegar 15-20 mínútur eru eftir af áætluðum steikingartíma. Nauðsynlegt er að ausa yfir fuglinn nokkrum sinnum þegar líða fer á steikingartímann. Ef fuglinn er fullsteiktur fyrir áætlaðan tíma skal taka hann úr ofninum og vefja stykki utan um steikarílátið en ekki geyma fuglinn inni í ofninum.

Heimild: Kalkúnn.is

ELDUN

Steikingartími kalkúna er miðaður við ákveðinn mínútufjölda á hvert kíló og er miðað við 40-45 mín. á hvert kíló við 150°C fyrir meðalstóran fylltan kalkún. Eftir því sem kalkúnninn er þyngri getur þó þurft styttri steikingartíma á hvert kíló. Sé kalkúnninn yfir sjö kíló að þyngd er hægt að miða við 30 mín. á hvert kíló.

GRATÍNERAÐUR GEITAOSTUR

Geitaostur er afar góður, hvort sem hann er bakaður eða borðaður eins og hann kemur fyrir. Hér er hann bakaður og borinn fram á seljurót.

ÞAÐ SEM ÞARF:

1 seljurót
4 tsk. ólífuolía
gott salt og nýmalaður pipar
200 g geitaostur
1 msk. fljótandi hunang
4 kvistar rósmarín
2 msk. furuhnetur eða önnur fræ

Skerið seljurótina í 4 cm þykkar sneiðar. Leggið þær á bökunarplötu og penslið með ólífuolíu. Stráið salti og pipar yfir. Bakið í ofni við 200°C í 25 mínútur. Þá er ein sneið af geitaosti lögð ofan á hverja sneið af seljurót. Dreifið hunangi yfir og leggið rósmarín ofan á ásamt fræjum. Bakið í 5 mínútur.

Berið fram með ristuðu brauði eða salati. Hver sneið er 266 kaloríur.

Bakaður geitaostur er veislumatur.



Velkomin í nýja verzlun

SUIT - REYKJAVÍK

-Fleiri myndir og verð á Facebook-

Bolur- 6.900kr.

Skyrta - 10.900kr.

Peysa- 16.900kr.

Dúnvesti - 29.900kr.

Skyrta- 14.900kr.

Peysa - 10.900kr.

Úlpa - 28.900kr.

Skyrta- 16.900kr.

Skyrta - 14.900kr.

suit@suit.is www.suit.is SUIT-REYKJAVÍK Skólavörðustíg 6 s. 527-2820

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf

TILBOÐ 690.000.-
NISSAN MICRA VISIA.Árg.2003,ekinn aðeins 75.þ km, sjálfskiptur,er á staðnum.100 % LÁN MÖGULEGT. Rnr.113687.S:562-1717.

TILBOÐ 2.690.000.-
AUDI A6 NEW.Árg.2007,ekinn 107.þ km, bensín,sjálfskiptur, er á staðnum. Rnr.113693.S:562-1717.

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is

bilfang.is S. 567 2000

ÓDYR ÓDYR !
VW polo Basicline 06/2002 ek 190 þ.km bíllinn er á staðnum (raðnr 152237) Fæst í dag á 250 þús !!!!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu

CITROEN C4 , ÁRG. 2006, EK. 117 Þ.KM. ,BEINSK. 5 G., 5. DYRA, SUMAR/ VETRARDEKK, SKOÐAÐUR, GOTT ÚTLIT, ÁSETT VERÐ 1.030. S8958956

Til sölu BMW 525ia árg. ,01 ek. 214 þ. nýsk. Vel útbúinn v. 950þ. Uppl. í s. 892 0420.

Ford Focus ,06 ekinn 31.000 km. Góð sumar og vetrardekk, á felgum. Verð 1.100.000 - engin skipti. Uppl. í S: 8916441

Mercedes Viano Trend V6 8 farþega. Dísill, Xtra langur. Nýskr. 2008/10. Einn eigandi. Verð 5.700 þús. S. 777 4300.

Kia Clarus ,00, ek. 92þ, í topp standi, ath. handbremsur. V. 150þ. S:895 7662.

250-499 þús.

GULUR SPARIBAUKUR - 250 PÚS!
VW POLO 1.0 árgerð 2001 ek.140 þús, 3ja dyra, beinskiptur, cd, ný skoðaður! eyðir mjög litlu um 5ltr/100 ásett verð 450 þús TILBOÐ 250 þús s.841 8955

500-999 þús.

POLO 2005 - TILBOÐ 550 PÚS
VW POLO 1,2 árg 2005 ek.143 þús, beinskiptur, 5 dyra, sk.14 , tímakeðja, eyðir mjög litlu ásett verð 750 þús TILBOÐ 550 ÞÚS möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955

TILBOÐ 550 ÞÚS 100% VISALÁN
DODGE STRATUS 2,4 árg 2003 ek.81 þús m. sjálfskiptur, skoðaður 14 ný vetrardekk,fallegur og góður bíll, ásett verð 850 þús TILBOÐ 550 ÞÚS möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!
98-05"árg. á allt að 250þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

Jeppar

Nissan Patrol. árg. ,07 Dísel, leður, litað gler, topplúga, bogar, ekinn 192.000km. Einn eigandi. Uppítaka bíl sirka 1,5m. Verð 3,7m Uppl: 8942013

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Alhliða flutninga og sendibílaþjónusta. Ódýr fyrirtækja og bússlóðaflutningar. www.cargobilar.com & s. 772 1450.

Vörubílar

Mitshubishi Canter, árgerð 2003. 7 manna, ekinn 75.000km, pallur 5,4m á lengd. Verð 3,2m Skoða ýmis skipti. Uppl: 8942013

Húsbílar

rotor.is

Dótabúð húsvagnaeigenda

Rótor ehf, s. 5554900
Helluhrauni 4, H.f.

Fjórhjól

Til sölu Kymco MXU500 4X4 Götuskráð tveggja manna. 2007 árgerð. Ekið aðeins 4400km. Verð aðeins 690,000,- ATH. VSK nóta getur fylgt þessu hjóli.

Hjólhýsi

Allar gerðir nýrra Hobby hjólhýsa 2014 og einnig 2013 árgerð. Til afgreiðslu með stuttum fyrirvara. Góð verð. Bóas Edvaldsson Sími 7775007 Borgarendi ehf Boas@b1.is

Vinnuvélar

CASE 695
Árgerð: 2007
Ekin: 9000 tíma
Snjóskófla
Verð: kr. 4.500.000 +vsk.
VB S: 414-8600
VÖRUMEÐHÖNDLUN
Járnháls 2 - 110 Reykjavík

Blár gangstétta traktor NEW HOLLAND - TN75N Framlyfta Glussaútök að framan Fastur krókur að aftan Vendigír-kúplingsfrír Verð er án vsk Tönn: 450.000.kr- Traktor: 3.280.000.-kr maggi@metanbill.is S:694-9999



Grásleppukarlakonur. Jólagjöf grásleppukarlsins er netafellingavél. Verð 250.000 + vsk. Uppl: 8942013

Lyftarar

Rafmagnslyftari 2 tonna, gamall en góður. HYSTER Royal og Hleðslutæki. Verð 700.000- Uppl: 8942013

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

TIL SÖLU NÝ COOPER NAGLADEKK 245/70/16 NÝVIRÐI 140 Þ., ÁSETT VERÐ 90 Þ., NÝ SAILUN VETRARDEKK ÓNEGLD 195/65/15 ÁSETT VERÐ 55 Þ. OG GÓÐ UNIROYAL NAGLADEKK 235/75/15 , TILBOÐ ÓSKAST. S 8957199 ÓMAR

ÞJÓNUSTA

Þípulagnir

ÞÍPULAGNIR
Faglærðir þíparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
Uppl. í s. 663 5315.

VANTAR ÞIG ÞÍPARA ?
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Tek að mér hreingerningar í heimahúsum er vön og vandvirk. S. 894-2891, Eva.

A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLARAMEISTARI
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
99% RYKFRÍTT

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Þípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér
að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

Smiður tekur að sér alla alm. trésmíðavinnu. Vönduð vinna. Uppl. í s: 869 1698.

LEKUR ÞAKIÐ ?
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Flísalagnir verð frá 1900kr/fm, gifs milliveggir verð frá 2900krm/fm Tilboð/tímavinna. Uppl. í síma 892 9295.

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • gluggaskipti • glerskipti • þípulagnir • raflagnir • flísalagnir • jarðvinna • hellulagnir
Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Árasspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

AH-RAF

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

KEYPT & SELT

Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 868 7204.

FALLEG KVÖLDLJÓS

Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (grænn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau 12-15 Sími 517-8060. www.ditto.is

Þjóðlagagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

FRÁBÆRT ÚRVAL JÓLAKJÓLA

Kjóll 10.990,- líka til í svörtu Tiger-kjóll 7.990,- Mikið úrval af leggings S-XXXL Opið í dag 10-20 og sunnudag 13-18. Súpersól Hólmaseli 2 109 Reykjavík 587-0077 567-2077 Erum á facebook

ÓDÝR HEIMILSTÆKI

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.



til sölu

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Hljóðfæri

Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Úrval af nýjum harmonikum. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

Mjög vel með farinn Yamaha Flygill (190 cm) til sölu. Einnig til sölu lítið notað píanó. Uppl. í s. 899 3133.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

WE-VIBE II OG III
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, Fleshlight fyrir hann o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort.Sendum um allt land www.hush.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Flug

EINKAFLUGMANNSNÁM HEFST 13.JANÚAR
Nú er tækifærið. Viltu starfa í flugi? Einkaflugmannsnám er fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmannsprófi. Skráning á www.flugskoli.is.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Dýrahald

TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI
Tilboð á svörtum grindarbúrum
Stærð 61 cm verð 5.990,-
Stærð 76 cm verð 7.990,-
Stærð 91 cm verð 9.990,-
Stærð 107 cm verð 10.990,-
Stærð 122 cm verð 13.590,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI
Tilboð á fiskabúrum með ljósi, hitara og hreinsidælu
Stærð 40 cm verð 9.990,- án hitara
Stærð 60 cm verð 12.990,-
Stærð 80 cm verð 19.995,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI
30-50% afsláttur af öllum kattaklórum.
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-074.

TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI
20% afsláttur af öllum skrautfiskum.
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-074

YNDISLEGIR HVOLPAR
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Uppl. í s. 897 6229.

Yndislegir og gullfallegir Dverg Schnauzer hvolpar til sölu. Eru tilbúnir til afhendingar. Afhendast ættbókafærðir hjá HRFÍ, heilsufarsskoðaðir, örmerktir og tryggðir hjá Vís. Áhuga samir hafi samband við Margréti í síma 8652320 eða maggak@vortex.is

LANGAR ÞIG Í HUND?
Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hunda ásamt góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Gefðu laxveiðileyfi í Vatnsdalsá á Barðaströnd í jólagjöf. Nánari upplýsingar í síma 820 2200 og www.fluga.net.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Vinsælasta leigumiðlun landsins
Sími 450-5544 -skv.modernus

HERBERGI TIL Í 101 RVK
Herbergi til leigu frá 1. Janúar - 1. Maí 2013.
Verð frá 70.000 kr á mánuði. 1 mánuður í tryggingu.
10.000 kr afsláttur af mánaðar greiðlum ef bókað er fyrir 15. Janúar 2013.
Innifalið í verðinu er hiti, rafmagn og internet.
Einnig er sameiginleg eldhús aðstaða, þvottar aðstaða og baðherbergi.
silla@hostelvillage.is - 552-1155 - www.hostelvillage.is

Til leigu 3ja herb. 75fm íbúð í Garði. Uppl. sendist á jag@internet.is

4 herbergja íbúð í 111 til leigu. Sími. 8972217/5715217/8932217.

Studio 105. Sími 8600360

Til leigu 3ja herb. íbúð í Funalind, Kópavogi - Laus til afhendingar strax. Langtímaleiga. Verð 185þús per/mán + hússj. og rafm. Uppl. sendist á ibudfunalind@gmail.com

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

VILTU VINNA Á SUSHISAMBA
Við erum að leita að brosandi og skemmtilegum þjónum og barþjónum í kvöld- og helgarvinnu.
Áhugasamir eru velkomnir í viðtal næsta miðvikudag á Sushisamba milli klukkan 13:00-15:00 eða sent ferilskrá á sushisamba@sushisamba.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

Eldsmiðjan
ENGRI LÍK!

ELDSMIÐJAN Á SUÐURLANDSBRAUT
Ertu spriklandi, lifandi, elskar krefjandi umhverfi þar sem fullt af duglegu fólki er nú þegar og hefurðu reynslu af PIZZUbakstri? Erum með hlutastörf í boði fyrir reynda bakara.
Sæktu um á http://umsokn.foodco.is

Óska eftir að ráða mann til vinnu sem er á 1-2 ári í framhaldsskóla og vill vinna með skóla. Mikil vinna f. jól. Uppl. í s. 663 0000

Atvinna óskast

22 ára karlmaður sem er í háskólanámi óskar eftir vinnu 13. des - 6. jan. Er með meiraprróf og góða tölvukunnáttu. Uppl. í 849 2288 eða tjorvisch@gmail.com.

Viðskiptatækifæri

VÖRULAGER TIL SÖLU.
Til sölu er verslunarlager þb. Læksins ehf. sem rak verslun í Neskaupstað með fatnað og skó. Upplýsingar gefnar á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, í s. 4761616 eða rettvisi@rettvisi.is

TILKYNNINGAR

Einkam·l

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt fritt í s. 555-4321
Karlar auglýsa fritt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Simadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI
Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:
LAUGARDAGURINN 14. DES
12:35 MAN. CITY - ARSENAL
14:50 EVERTON - FULHAM
14:50 CHELSEA - CRYSTAL PALACE
SUNNUDAGURINN 15. DES
13:20 ASTON VILLA - MAN. UTD.
15:50 TOTTENHAM - LIVERPOOL

STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD
Allir velkomnir
http://www.facebook.com/cafecatalina
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp — NÚNA

Sendu sms-ið barn í númerið 1900
til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur
www.unicef.is unicef

Sjónvarpið komið í spjaldtölvurnar

Tölvulistinn er stærsta tölvuverslanakeðja landsins með sjö verslanir um allt land auk netverslunar. Verslanirnar eru með umboð fyrir marga af þekktustu spjaldtölvuframleiðendum heims og hægt að velja úr yfir 40 gerðum af spjaldtölvum frá 15.990 kr.

Spjaldtölvur hafa mikið notagildi í daglegu lífi fólks, hvort sem um börn eða fullorðna er að ræða. Fyrir vikið eru þær vinsælar og eftirsóknaverðar á heimilum landsins að sögn Gunnars Jónssonar, sölu- og markaðsstjóra Tölvulistans.„Mesta breytingin í ár er í raun tilkoma smáforrita eins og OZ og Sjónvarps Símans, þar sem núna er hægt að horfa á íslenskt sjónvarpsefni hvar og hvenær sem er, bæði í beinni útsendingu og með því að safna uppáhaldsþáttum sínum. Það er t.d. mjög spennandi kostur fyrir börnin sem geta úr eigin spjaldtölvu horft á íslenskt talsett barnaefni og stjórnað dagskrá sinni sjálf hvort sem er heima við eða á ferðalagi. Það sparar líka erjur og togstreitu um sjónvarpsdagskrá heimilisins þegar þau geta verið sjónvarpsstjórar í eigin spjaldtölvu.“

Vinsælar jólagjafir fyrir börn

Spjaldtölvur hafa verið mjög vinsælar jólagjafir og allt lítur út fyrir sprengingu í spjaldtölvusölu í ár. En hvað er það sem skýrir þessar miklu vinsældir? „Það var algjör sprenging í spjaldtölvum í fyrra til barna og það lítur út fyrir að það sama sé upp á teningnum í ár. Það er mjög auðvelt að skilja hvers vegna spjaldtölvur eru svona vinsælar til jólagjafa fyrir börn, sérstaklega þegar maður ber saman verð á spjaldtölvum og verð á leikföngum í verslunum og öðrum jólagjafahugmyndum. Ég þekki það sem þriggja barna faðir að leikföngin eru oft spennandi í smátíma en spjaldtölvan endist vel og lengi og er alltaf spennandi þar sem efnið í þær er óþrjótandi. Þau geta leikið sér í alls konar ódýrum eða ókeypis leikjum og fræðsluforritum, horft á sjónvarp, hlustað á tónlist, tekið ljósmyndir og lesið bækur. Notagildið er mikið og erfitt að finna betri skemmtun fyrir börn.“

Úrvalið meira og lægra verð

Tölvulistinn er með eitt mesta úrval landsins af spjaldtölvum frá heimsþekktum framleiðendum á borð við Asus, Toshiba, Acer, Apple og Nextbook. „Fjölbreytnin er mikil og nú fyrir jólin er hægt að velja úr yfir fjörutíu gerðum af spjaldtölvum í verslunum okkar frá 15.990 kr. Vinsælastar fyrir börnin eru spjaldtölvur á verðbilinu 19.990 til 29.990 kr. sem er frábært verð. Ekki spillir fyrir að spjaldtölvurnar í þessum verðflokki koma nú með tveggja kjarna örgjörva en þær voru með einum kjarna í fyrra og það munar mikið um það í vinnslu tölvunnar. Sama verð en meira fyrir peninginn.“ Aðspurður um vinsælustu tölvurnar fyrir fullorðna segir Gunnar að þótt spjaldtölvur á bilinu 20.000-30.000 kr. séu líka vinsælar fyrir fullorðna sé algengara að leggja meiri áherslu á skjágæði og betri örgjörva þegar spjaldtölvur eru keyptar fyrir maka. „Við erum til dæmis með mjög breiða línu spjaldtölva frá Asus frá 29.990 og upp í 119.990 kr. auk þess sem við bjóðum hinar vinsælu og vönduðu iPad-spjaldtölvur einnig á lægra verði. Markmið okkar er að finna einfaldlega þá spjaldtölvu sem hentar hverjum og einum best miðað við hvernig á að nota hana og hvað hún má kosta. Við eigum allavega nóg til af hágæðaspjaldtölvum á verði sem erfitt er að keppa við,“ segir Gunnar.

Stærsta verslun Tölvulistans er á Suðurlandsbraut 26 en samtals eru verslanirnar sjö talsins um allt land. Gunnar Jónsson, sölu- og markaðsstjóri Tölvulistans, er hér með nýju 10“ MemoPad-spjaldtölvuna frá Asus með háskerpuskjá. MYND/GVA

10“ Memo Pad

MemoPad er frábær kostur fyrir þá sem vilja hágæða 10“ spjaldtölvu með öllu því nýjasta og góðum skjá. Hún er ofurhröð með Intel Atom-örgjörva, 2GB vinnsluminni og IPS-háskerpuskjá. Verðið er 79.990 kr.

Nexus 7

Vinsælasta hágæðaspjaldtölvan í Tölvulistanum allt árið um kring. Nexus 7 er samstarfsverkefni Asus og Google og státar af nýjustu útgáfu Android 4.3 Jelly Bean, ótrúlegum Full HD-skjá og Snapdragon S4 Pro fjögurra kjarna örgjörva. Jólatilboðsverð er 57.990 kr.

Nextbook 8“ og 10“

Vinsælustu spjaldtölvurnar núna fyrir jólin hjá Tölvulistanum eru frá Nextbook og koma með Android 4.1 Jelly Bean-stýrikerfi, Dual Core-örgjörva og 1 GB í vinnsluminni. 8“ útgáfan er á aðeins 19.990 kr. og 10“ útgáfan á 29.990 kr.

TOPP TÍU SPJALDTÖLVURNAR

Breska tæknivefsíðan techradar.com gaf nýlega út lista yfir tíu bestu spjaldtölvur ársins 2013.

1 *iPad Air*

2 *iPad Mini 2 with Retina*

3 *Google Nexus 7*

4 *Sony Xperia TabletZ*

5 *LG G Pad 8.3*

6 *Amazon Kindle Fire HDX7*

7 *Google Nexus 10*

8 *Microsoft Surface Pro 2*

9 *iPad mini*

10 *Tesco Hudl*

Verslanakjarni á netinu

Kerfisfræðingurinn Þór Sigurðsson ákvað síðsumars að setja á fót verslanakjarna á netinu. Vefsíðan fékk nafnið Kjarni.is og hefur að geyma yfir 90 prósent íslenskra netverslana sem nú eru á markaðnum; alls um 400 talsins. Síðunni er vel við haldið og nýjar verslanir bætast reglulega við.

Þór hafði sjálfur reynslu af verslunarrekstri á netinu og vissi sem var að erfitt getur verið fyrir netverslanir að vera sýnilegar á netinu. Því sá hann í hendi sér kosti þess að hafa allar netverslanir á einum stað því þar með ykjust líkur á að verslanirnar blómstruðu og viðskiptavinir fyndu það sem þeir leituðu að.

Auðvelt er að leita að vörum og verslunum á www.kjarni.is þar sem netbúðum er raðað eftir flokkum, sem enn eykur á þægindi viðskiptavina að versla heima í stofu.

Þór Sigurðsson ákvað að stofna vefsíðuna Kjarna.is undir allar vefverslanir á einum stað. MYND/GVA

SPENNANDI BÓKMENNTIR

Óðinsauga

UNGLINGABÆKUR

Skrímslahafið

Stórskemmtileg unglingabók sem hefur farið sigurför um heiminn. Tvær kvikmyndir hafa verið gerðar eftir bókunum um hann Percy Jackson. Hér er á ferðinni hörkuspennandi ævintýri þar sem grísku guðirnir, hálfguðir og menn takast á. Percy reynir að bjarga Blendingabúðunum frá tortímingu.

Galdraþulan

Ný unglingabók sem fjallar um Kæju, ósköp venjulega unglingsstúlka, sem býr á Íslandi. Föðurfjölskyldan hennar er frá Rúmeníu og er viðriðin galdra. Á fimmtán ára afmælisdeginum fær Kæja sendan dularfullan kistil að gjöf en innihald hans á eftir að gjörbreyta lífi hennar!

Fyrir 8-13 ára

Meistari Tumi

Tumi er 11 ára og líf hans snýst um fótbolta. Allt ætlar um koll að keyra þegar það fréttist að halda eigi fótboltanámskeið og safna í úrvalslið skólanna. Liðið sem vinnur fær að fara í ferðalag til Englands, svo það er til mikils að vinna.

Flöskuskeytið

Lífið breytist á einni nóttu þegar mamma og pabbi hennar Dísu neyðast til að flytja suður út af kreppunni. Þrátt fyrir að Dísu finnist líf sitt ómögulegt í fyrstu eignast hún fljótlega nýja vini og lendir í ótrúlegustu ævintýrum.

Hó, hó, hó! Jólabækur frá Óðinsauga:

Jólalögin okkar

Eiguleg jólabók með gömlu góðu jólalögunum. Í bókinni eru stuttar sögur um jólasveinana, Grýlu og Leppalúða sem skýra út lögin. Geisladiskur fylgir með bókinni í flutningi Kórs Öldutúnsskóla. Þessi 120 blaðsíðna bók kemur allri fjölskyldunni í gott jólaskap.

13 þrautir jólasveinanna - Börn fá dót í skóinn.

Bráðskemmtileg þrauta- og litabók fyrir krakka á öllum aldri. Lítil og handhæg bók sem smellpassar í skóinn!

Kertasníkir

Bráðskemmtileg jólasveinabók um hann Kertasníki. Honum hefnist fyrir að vera svona gráðugur þegar hann treður inn á sig logandi kerti. Hvað gerir sveinki þegar fötin fuðra upp og hann stendur eftir á brókinni? Hvernig á hann að færa börnum dót í skóinn?

➜ Tónlistin

Plötur sem Lauryn Hill hefur gefið út ein eða með hljómsveitinni Fugees:

Blunted on Reality 1994 ,**The Score** 1996, T**he Miseducation of Lauryn Hill** 1998, **MTV Unplugged 2,0 (tónleikaplata)** 2002

Fjölmörg lög með henni hafa komið út sem eru ekki á þessum diskum. Sum þeirra hafa verið gerð í samstarfi við aðra listamenn, eins og Aretha Franklin, Santana, John Legend, Joss Stone og fleiri. Önnur hafa lekið á netið, eins og lagið Repercussions, Little Boys, og Social Drug eða komið fyrir í kvikmyndum, eins og The Passion, Selah og Lose Myself.

➜ Nafntoguð

Lauryn Hill nýtur mikillar virðingar rappheimsins þrátt fyrir að hafa ekki gefið út plötu lengi. Meðal rappara sem hafa nefnt hana í textum eru:

- **Talib Kweli** samdi um hana lagið **Ms. Hill**
- **Kanye West** líkir sjálfum sér við hana. Þess má til gamans geta að hann hefur einnig líkt sér við Jesús. Eftirfarandi texti kemur fyrir í laginu **Champion**:

„Lauryn Hill say her heart was in Zion/I wish her heart still was in rhymin/ ‚cause who the kids gonna listen to?/ Huh? I guess me if it isn't you"

- **Method Man** vísar til hennar **í laginu Say**.

Hún var dæmd í þriggja mánaða fangelsi og þriggja mánaða stofufangelsi að því loknu. Hún afplánaði fangelsisvistina frá júlí fram í október..

Neyðist til að gefa út plötu

Bandaríska tónlistarkonan **Lauryn Hill** gefur út plötu á næsta ári. Ef ekki væri fyrir bandarísk skattayfirvöld er afar ólíklegt að það hefði gerst því Hill gerði samning við plötufyrirtæki til að eiga fyrir ógreiddri skattaskuld.

Ugla Jóhanna Egilsdóttir
ugla@365.is

Lauryn Hill hefur fengið góða dóma fyrir tónleika sína að undanförnu þrátt fyrir að gagnrýnendur hafi ekki haft miklar væntingar fyrirfram. Hún hefur oft fengið slæma dóma fyrir tónleika undanfarin ár. Einu sinni var Lauryn Hill einhver vinsælasta söngkona heims en hún hefur ekki gefið út stúdíóplötu síðan árið 1998 þegar hún gaf út The Miseducation of Lauryn Hill, sem vann til fimm Grammy-verðlauna á einu kvöldi.

Ýmislegt bendir til þess að loksins sé von á nýrri plötu frá henni á nýju ári, fyrst og fremst vegna þess að hún hreinlega neyðist til þess að gefa út plötu. Hún gerði samning við plötufyrirtæki til þess að eiga fyrir ógreiddri skattaskuld í tæka tíð fyrir réttarhöldin yfir henni vegna skuldarinnar.

Það mildaði dóminn yfir henni að greiða skuldina. Hún var dæmd í þriggja mánaða fangelsi og þriggja mánaða stofufangelsi að því loknu. Hún afplánaði fangelsisvistina frá júlí fram í október. Að fangelsisvistinni lokinni sætti hún stofufangelsi, en dómari gaf henni tímabundið hlé á því til þess að fara í tónleikaferðalag um Bandaríkin. Það eru þessir tónleikar sem gagnrýnendur hafa verið ánægðir með. Gagnrýnandi The Fader segir til dæmis að meðvitund allra áheyrenda um fangelsisvist Lauryn hafi gefið lögunum meiri vigt og skapað sérstaka stemningu. Aðrir hafa kallað tónleika með henni rafmagnaða, og sagt fleira í jákvæðum dúr. Á nýársdag fer hún aftur í stofufangelsi.

Skattaskuldin var tilkomin vegna þess að hún greiddi ekki skatta af 1,8 milljónum dollara sem hún þénaði á árunum 2005-2007. Lauryn virðist ekki hafa átt féð handbært til þess að greiða fyrr en hún undirritaði samninginn við Sony. Samkvæmt erlendum fréttum fékk hún eina milljón dollara fyrir samninginn, en það var rúmlega upphæðin sem hún skuldaði í skatt. Hún hefur viðurkennt í fjölmiðlum að hún skrifaði undir plötusamninginn fyrst og fremst til að borga skattaskuldina.

Lauryn Hill bloggaði um að tölurnar sem voru nefndar í blöðum um plötusamninginn væru rangar, og einungis hluti upphæðarinnar hafi fallið í hennar hlut. Hún tjáði sig einnig um að samningar í tónlistarbransanum væru almennt ósanngjarnir. Plötur hennar hafi selst í 50 milljónum eintaka, en hún hafi séð lítið af þeim peningum. Undarlegt sé að einhver sem hefur notið eins mikillar velgengni og hún sé fjárþurfi, og það skýrist af óréttlátum samningum.

Sökuð um ófögur viðhorf

Stuttu áður en hún fór í fangelsi gaf hún út lag sem hét Neurotic Society (Compulsory Mix). Með því að kalla lagið „Compulsory Mix" er hún væntanlega að ýta undir þann skilning hlustenda að hún hafi verið þvinguð til þess að gefa lagið út. Við útgáfuna kvartaði hún yfir því að hafa þurft að gefa lagið út í flýti þegar það var ekki tilbúið vegna þess að henni var settur skilafrestur sem hefði lagalegar afleiðingar fyrir hana að standa ekki við.

Lagið fékk misjafnar viðtökur, sérstaklega frá ýmsum hinsegin samtökum, vegna þess að hægt er að útleggja sumt í laginu sem svo að hún kenni stelpustrákum og dragdrottningum um hnignun samfélagsins. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún er ásökuð um ófögur viðhorf í garð einhverra hópa. Þegar hún var ungstirni í Fugees var orðrómur á kreiki um að hún hataði hvítt fólk. Samkvæmt gagnabankanum Snopes á netinu um nútímaþjóðsögur er orðrómurinn ósannur. Sagan dúkkaði upp hér og þar í nokkrum mismunandi útgáfum, en sú langútbreiddasta gekk út á að Lauryn Hill hefði sagt í viðtali við MTV að hún vildi heldur að börnin hennar syltu en að hvítt fólk keypti plöturnar hennar. Eins og vefritið Snopes bendir réttilega á hefði upptökunni af ummælunum verið dreift um allt internetið ef hún væri til, en enga slíka upptöku er að finna á internetinu. Auk þess hringdi Lauryn Hill í útvarpsþátt Howard Stern, þar sem orðrómurinn átti upptök sín, til þess að svara ásökununum, sem hún sagði vera úr lausu lofti gripnar.

Lauryn Hill vísaði óbeint í þennan orðróm í bloggfærslu eftir réttarhöldin í vor. Þar hélt hún því fram að hugmyndin um öfugan rasisma væri meingölluð. Í flestum þeim tilfellum sem hvítu fólki væri sýnd óvild vegna litarhafts væri það til þess að bregðast við hatri, ofbeldi og grimmd af þess hálfu. Til þess að hægt væri að tala um öfugt kynþáttahatur þyrfti fyrst að búa til réttlátt valdajafnvægi og taka aftur margra hundraða ára ofbeldi. Aðeins að því loknu væri hægt að dæma um það hvort einhver sem er ekki hvítur sé rasisti sem hati hvítt fólk.

Í bloggfærslunni tengdi hún réttarhöldin yfir sér við þrælahald og rasisma. Hún hafi staldrað við það orðalag dómarans við réttarhöldin að hún (Lauryn) þyrfti að bæta skattinum upp það sem hún hefði gert á hlut hans. Við þetta tilefni hafi hún hugleitt hvenær svörtu fólki hefði nokkru sinni verið bætt það sem gert var á hlut þess.

Lauryn Hill eldist með manni

Sigríður Torfadóttir Tulinius, heimspekinemi við Kingston í London, er mikill aðdáandi Lauryn Hill.

„Þegar ég var 10 ára kunni ég Fugees-diskinn, The Score utanað. Ég var alltaf að syngja yfir hann með vinkonum mínum í hátalara með græju. Svo þegar ég var 11 ára fór ég á Fugees tónleikana. Ég var með þeim yngri á svæðinu. Þegar Fugees leið undir lok þá fylgdist ég með þeim öllum en sérstaklega með henni. Lauryn Hill hefur fylgt mér alla tíð síðan. Hún eldist með manni. Ég hef hlustað á MTV Unplugged frá því hún kom út, og á hverju tímabili í lífi mínu fær hún nýja merkingu. Mér finnst boðskapurinn og textarnir eldast með mér og fá nýja meiningu eftir því sem ég eldist.

Það sem mér finnst áhugaverðast í augnablikinu er hvernig hún stillir saman trú og pólitík í lögunum sínum. Trúin virðist hafa það hlutverk í hennar augum að tákna einhvern sannleika, ást eða alheimsgæsku. Meðfram trúarlegu þemunum í lögunum þá gagnrýnir hún kapítalisma og rasisma. Sú gagnrýni hefur orðið enn meira áberandi í nýjustu lögum hennar.

Með því að stilla pólitík og trú saman þá segir Lauryn Hill okkur að við getum ímyndað okkur betri heim, við höfum ímyndað okkur hann í gegnum trú og að við vitum innst inni hvernig sanngjarn heimur lítur út en eitthvað hamlar því að sá heimur geti orðið að raunveruleika.

Lauryn Hill reynir að vera heil manneskja sem er ekki firrt og miðla því. Hún fer að gráta á þessari plötu, talar við tæknifólkið í heyrnartólunum sem hún er með í eyrunum þannig að áhorfendur heyri. Hún segist ekki vilja dressa sig upp og er mjög berskjölduð, bara með gítar og hljóðnema. Hún segir manni intím sögur og afhjúpar sig virkilega, í samfélagi þar sem er hættulegt að afhjúpa sig. Hún sýnir veikleika. Það má því segja að hún sé að reyna að vera nær einhverjum kjarna í sjálfum sér og lýsir því jafnframt hversu erfitt það hefur verið fyrir hana að vera heil sem tónlistamaður í kapitalísku samfélagi. Á plötunni talar hún um ástríðuna sem hún hafði fyrir tónlist og spyr sig og áhorfendur hvernig eitthvað sem hún elskaði eins mikið og tónlist gat breyst í eitthvað sem hún fyrirlítur.

Það er eins og þessi pólitíska lína komi vegna þess að eitthvað kemur í veg fyrir að hún geti verið sönn í listinni. Í þessu samfélagi er okkur gert erfitt að vera ástríðufullur."

JÓLASPRENGJA
40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLASERÍUM

GILDIR LAUGARDAG OG SUNNUDAG

HÁGÆÐA INNI- OG ÚTISERÍUR Í ÚRVALI

Gildir aðeins 14. og 15. desember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

markhönnun ehf

netto
í JÓLASKAPI

JÓLABÆKLINGURINN ER KOMINN Í HÚS

– FULLUR AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM

NÝTT KORTA-TÍMABIL!

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
BORGARNESI | EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI
MJÓDD | GRANDA

OPIÐ 6. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið

Tilboðin gilda 12. - 18. des

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÝMSAR MYNDIR ÁLVERSINS

Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari heimsótti álver Norðuráls á Grundartanga.

➜ Fyrsta skóflustungan að Norðuráli á Grundartanga tekin í apríl árið 1997. Aðeins 14 mánuðum síðar eða í júní 1998 var fyrsta kerið gangsett.

ALLT Í PAKKANN

CASALL
BRÚSAR "FYRIR ÞORSTANN„
FRÁ 1.990 KR.

DUNLOP
PULSE C-35 SZUASH SPAÐI
5.490 KR.

YOGA-MAD
YOGAHANDKLÆÐI "FYRIR INNRI RÓ„
8.990 KR.

CASALL
HANDLÓÐ "FYRIR FLOTTA VÖÐVA„
FRÁ 6.490 KR.

UNDER ARMOUR
BUXUR "FYRIR LOOKIÐ„
11.990 KR.

YOGADÝNUR
"FYRIR ÞÆGINDIN„
FRÁ 5.990 KR.

CASALL
NUDDRÚLLUR "FYRIR STRENGINA„
7.990 KR.

CASALL
CHIN UP BAR "FYRIR STYRKINN„
6.990 KR.

CASALL
BOLTI "FYRIR SAMHÆFINGUN„
FRÁ 6.490 KR.

Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.

ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF

Fatnaður á myndinni frá Under Armour

ÁRNASYNIR

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND

utilif.is

➜ Handritið telst vera elsta og merkasta norska handritið sem geymir riddarabókmenntir. Lengsti textinn í bókinni eru svonefndir Strengleikar–riddaraleg ástarljóð ort á fornfrönsku.

Stockholms stad

Villa Bergshyddan

Menningarmálasvið Stokkhólmsborgar býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan í Stokkhólmi.Við dvölina gefst tækifæri til að kynnast Stokkhólmi og mynda tengsl með mögulega samvinnu í huga

Fólk sem starfar að listum og menningu og býr í einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni í eina eða tvær vikur á árinu 2014. Dvalargjald fyrir eina viku eru 800 sænskar krónur. Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld.

Umsóknir sendist í síðasta lagi 1. febrúar 2014
til: **Stockholms Kulturförvaltning,**
Nordiskt kultursamarbete,
Hanan Haidari,
Box 16113
SE - 103 22 Stockholm

Einnig er hægt að skila umsókn rafrænt í gegnum heimasíðuna www.stockholm.se/nordisktsamarbete

Nánari upplýsingar veitir Auður Halldórsdóttir verkefnastjóri skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, s. 590-1520, netf. audur.halldorsdottir@reykjavik.is og Hanan Haidari hjá Stokkhólmsborg netf. hanan.haidari@stockholm.se

ÚR BISKUPSHÚFU

66 handrit úr fórum Árna Magnússonar
Útgefandi: **Opna**
Fjöldi síðna: **232 bls.**

Meðan á Íslandsdvöl Árna Magnússonar stóð 1702-1712 var aðalaðsetur hans í Skálholti, og þar fann hann dag einn árið 1703 forna biskupshúfu úr kaþólskum sið. Auðvelt er að ímynda sér undrun Árna þegar hann uppgötvaði að styrktarhólkurinn undir slitnu silkifóðrinu var gerður úr gömlum handritsblöðum og honum hefur án efa verið skemmt þegar hann komst að því að þau höfðu að geyma veraldlegar frásagnir af heitum ástum ungra elskenda. Þetta voru tvö tvinn úr fallegu tvídálka skinnhandriti. Þau eru tilsniðin í sama þríhyrningsform og stærð svo það hefur verið hægt að sauma þau saman á hliðunum til að móta millifóðrið í biskupsmítrið. Máleinkenni sýna að handritið er skrifað í suðvestanverðum Noregi um 1270.

En hvernig gátu blöð úr norsku handriti endað í íslenskri biskupshúfu? Ísland heyrði fram til siðbreytingar undir erkibiskupsdæmið í Niðarósi (Þrándheimi), og biskupsefni varð að fara til Niðaróss til að taka við embættistáknum sínum. Menn hafa því látið sér detta í hug að húfa þessi hafi verið saumuð í Niðarósi eftir máli, sennilega kringum árið 1500, en ekki hefur tekist að eigna hana ákveðnum biskupi. Sé blöðunum haldið upp í birtuna sjást greinileg nálarför í bekkjum og blómum, svo það liggur við að hægt væri að endurgera útsauminn. Á Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn má sjá nokkurn veginn hvernig hann hefur litið út. Þar er til sýnis annað biskupsmítur úr Skálholti frá byrjun 16. aldar. Vitað er að það var selt á uppboði árið 1802 ásamt öðrum munum úr eigu biskupsstólsins sem lagður var niður árið 1797, og að það var Skúli Thorlacius jústitsráð og rektor Frúarskóla sem gaf Nefnd til varðveislu fornminja mítrið árið 1813.

Nú gætu menn ef til vill haldið, eins og algengast er um brot, að afgangurinn af handritinu væri týndur, en sú er ekki raunin um biskupshúfubrotið. Handritið sem það er úr er nú varðveitt í Uppsölum (DG 4–7 fol.), eftir viðkomu í Kaupmannahöfn (og Sórey). Danski sagnfræðingurinn Stefan Stephanius (sjá bls. 38) fékk það nefnilega frá Noregi um 1630, lét binda það inn og skrifaði í það efnisyfirlit á latínu. Stephanius lést árið 1650 og nokkrum árum eftir andlát hans keypti sænski aðalsmaðurinn Magnus Gabriel de la Gardie handritasafn hans og gaf háskólabókasafninu í Uppsölum. Af upphaflegu handritsblöðunum 56 virðist fjórðungur hafa glatast, og af síðasta kverinu, sem tekið var efni úr í biskupshúfuna, eru aðeins tvö blöð eftir.

BISKUPSHÚFA

Handritið telst vera elsta og merkasta norska handritið sem geymir riddarabókmenntir. Lengsti textinn í bókinni eru svonefndir Strengleikar, þýðing á norrænu í óbundnu máli á 21 lais sem eru riddaraleg ástarljóð ort á fornfrönsku. Nokkur þeirra eru eignuð Marie de France sem uppi var á tólftu öld. Ein af sögunum sem biskupinn bar óafvitandi á höfði sér fjallar um riddarann Grelent og dálæti hans á konu sem er fegurri en sjálf drottning landsins. Strengleikar, sem aðeins eru til í þessu eina handriti, voru eins og fleiri fulltrúar evrópskra riddarabókmennta þýddir að frumkvæði Hákonar Hákonarsonar Noregskonungs (1217-1263).

SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR

NÝTT

JÓLAGJAFIR ALLAN SÓLARHRINGINN
24 í Garðabæ og Skeifunni



2.499KR
We´re the Millers

2.499KR
Skímsla Háskólinn

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS

LÆKKAÐ VERÐ

1.499KR
v.á. 2.499
The Hangover 3

LÆKKAÐ VERÐ

1.499KR
v.á. 2.499
Man of Steel

LÆKKAÐ VERÐ

1.499KR
v.á. 2.599
The Great Gatsby

2.499KR
The Conjuring

2.499KR
Ófeigur gengur aftur

2.499KR
Hæ Gosi 3



2.499KR
Daginn í dag 3

PS3

12.499KR
PS3 - Lego Marvel

12.599KR
PS3 - Batman

Allt vöruúrvalið fæst í Skeifunni, Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og á Akureyri.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Yfirheyrslan Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur

Dreymir um að vinna einhvern í sjómanni

1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt? Að ég sé alltaf að.

2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart? Hversu sterkar skoðanir ég hef á hinu og þessu. Mér til varnar þá eru þær yfirleitt vel ígrundaðar.

3 Hvað kemur út á þér tárunum? Nú síðast bíómynd frá Suður-Kóreu sem nefnist Crescent Moon.

4 Hvað gerir þig reiða? Ósanngirni og ill meðferð á minni máttar.

5 Hvað er fyndnast í heimi? Allt sem er yfirgengilega fáránlegt, sérstaklega ef það á sér stað við hátíðleg tækifæri. Sem dæmi má nefna þegar Darth Vader birtist aftast í göngu presta að Dómkirkjunni fyrir nokkrum árum og svo núna nýlega falski táknmálstúlkurinn á minningarathöfn Mandela.

6 Hvað fer mest í taugarnar á þér? Of langir fundir.

7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt? Fyrsti hlátur barnanna minna.

8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir? Ligg og hugsa um söguþræði.

9 Hvaða frægu persónu ertu skotin í? Ég get nú ekki sagt að frægt fólk heilli mig neitt sérstaklega. En mér þykir George Clooney fallegur maður.

10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér á eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu? Ætli ég myndi ekki taka bókina „Veiðar og veiðarfæri“ eftir föðurbróður minn heitinn, Guðna Þorsteinsson, í von um að ég gæti aflað fisks. Platan yrði „Þar sem himin ber við haf“ með Jónasi Sigurðssyni og Lúðrasveit Þorlákshafnar en bíómyndin yrði bara einhver nógu djöfulli löng. Fimm tíma mynd Fritz Lang, „Dr. Mambuse the Gambler“, kæmi fyrir vikið vel til greina þó ég hafi nokkrum sinnum gefist upp á henni til þessa. En þar sem ég myndi aldrei endast lengi ein á eyðieyju gæti ég allt eins bara gripið eitthvað af handahófi hvað allt þetta þrennt varðar.

11 Hver er fyrsta minningin þín? Þegar ég missti fulla fötu af trékubbum beint á aðra stóru tána á mér, þriggja ára gömul. Hef síðan verið hrifnari af hinum mun léttari Lego-kubbum.

12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár? Ég verð á Íslandi, vonandi ofanjarðar, hamingjusöm og með nóg fyrir stafni.

13 Hvað myndirðu gera við milljón borðtenniskúlur? Losa mig við þær sem allra fyrst af ótta við að einhver á heimilinu tæki upp á að föndra eitthvað úr þeim. Ég þoli föndur fremur illa.

14 Hver var æskuhetjan þín? Saga Faxaflóahafna gerð skil með einstökum hætti. (Þetta er brandari sem fáir munu fatta, enda fremur langsóttur. Þeir sem ekki lásu auglýsingarnar í Fréttablaðinu á fimmtudaginn var eiga til dæmis ekki sjens.)

15 Hvar er draumurinn? Hans ku vera að leita undir sérhverjum steini. Annars er langþráður draumur minn að vinna einhvern í sjómanni, það má alveg vera alger aumingi en helst ekki á barnsaldri. Hef bara ekki rekist á neinn sem er nógu slappur eða slöpp til þess að tapa fyrir mér.

Fimm tíma mynd Fritz Lang, „Dr. Mambuse the Gambler“, kæmi fyrir vikið vel til greina þó ég hafi nokkrum sinnum gefist upp á henni til þessa.

ELF

Bestu jólamyndirnar

Jólin eru besti tíminn til að gleyma sér í undraheimi kvikmyndanna og ekki er verra ef myndirnar sem glápt er á tengjast hátíðunum á einhvern hátt. Á hávísindalegum lista vefsíðunnar LoveFilm.com þykja eftirtaldar myndir bestar af slíkum:

1946 IT'S A WONDERFUL LIFE
1947 MIRACLE ON 34TH STREET
1982 THE SNOWMAN
1984 GREMLINS
1988 SCROOGED
1988 DIE HARD
1990 HOME ALONE
1993 THE MUPPETS' CHRISTMAS CAROL
1993 THE NIGHTMARE BEFORE CHRISTMAS
2003 ELF

APP VIKUNNAR

PhotoComic

Hvern langar ekki til þess að geta sett saman eigin teiknimyndasögu? PhotoComic er svarið. Um er að ræða skemmtilegt smáforrit þar sem þú getur búið til þína eigin teiknimyndasögu með tilheyrandi gleði og skemmtun. Þú getur sótt myndir sem eru vistaðar á iPad-num eða iPhone-inum þínum og sett þær upp í skemmtilega teiknimyndasögu. Þú ræður því alfarið hvernig þú setur teiknimyndasöguna upp.

Í smáforritinu er hægt að velja um hversu margar myndir eiga að vera í myndasögunni og hvernig þær eiga að vera uppsettar.

Þegar þú hefur ákveðið myndirnar geturðu skrifað inn texta í hugsunarský og fleira. Þá er einnig hægt að setja inn flottar textamyndir eins og oft sést í teiknimyndasögum þar sem á stendur til dæmis „Boom!“ og „Bang!“ og þess háttar.

Þegar teiknimyndasagan er tilbúin er hún vistuð og þá er hægt að nálgast hana í smáforritinu „Photos“ þar sem allar myndir iPad-sins vistast. Í PhotoComic er einnig flýtileið þar sem þú getur sent teiknimyndasöguna þína með tölvupósti eða deilt henni á samskiptamiðlunum Facebook og Twitter þannig að fleiri geti notið sköpunarhæfni þinnar.

Þá getur PhotoComic einnig verið sniðugt til þess að hjálpa fólki að tjá tilfinningar sínar í gegnum teiknimyndasögu. Það kostar 0,99 dollara.

Skýringar
App fyrir Apple-tæki – iPone, iPod touch og iPad.

OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ 10-19 ALLA HELGINA • SJÓÐHEIT JÓLATILBOÐ

SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL JÓLA

DESEMBER TILBOÐ

OPIÐ FRÁ 10-19 ALLA DAGA TIL JÓLA

0% VEXTIR ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

NÝ VERSLUN STÆRSTA TÖLVU-VERSLUN LANDSINS HALLARMÚLA 2

NÝ SENDING AF USB TÖLINGRI FRÁ SATZUMA

SMELLTU Á KÖRFUNA NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

8BLS NÝR BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF ÓTRÚLEGUM TILBOÐUM

GLEÐILEG TÖLVUTEK

ÁLIÐ ER HJÁ OKKUR

GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI

OPNUNARTÍMAR

Alla daga til jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

HIÐ MÓTSAGNAKENNDA MIKILMENNI

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson hefur löngum verið veikur fyrir Woodrow Wilson Bandaríkjaforseta sem barðist gegn auðhringjum og fyrir mannréttindum og alþjóðasamvinnu. En í miðri sál Wilsons virðist hafa verið furðulegur brestur.

Hvað er mikilmenni? Menn sem koma einhverju stórfenglegu til leiðar, skyldi maður ætla, einhverju sem aðrir menn hafa ekki getað hreyft eða jafnvel ekki einu sinni dottið í hug, eitthvað þvíumlíkt, væri það ekki brúkleg skilgreining? Eflaust – en hversu gallaðir mega hinir miklu menn þá vera til að vera sviptir nafnbót mikilmennisins? Því fór ég að velta fyrir mér eftir að hafa skoðað svolítið ævi, störf og skoðanir manns sem löngum hefur þótt einn hinn frábærasti í röðum Bandaríkjaforseta. Það er maður sem vann vissulega mikil afrek í starfi og vildi vinna þau ennþá fleiri, hugmyndir hans um skipan heimsmála voru bæði góðar og framsæknar og ef hann hefði ekki veikst illa undir lok starfstíma síns og náð að fylgja þeim hugmyndum eftir, þá getur verið að heimurinn hefði sloppið við eitthvað af þeim hörmungum sem síðan dundu yfir.

Efstur á listum

Sem sé í alla staði aðdáunarverður maður, er það ekki? Jú, ekki er því að neita að Woodrow Wilson (forseti 1913-1921) hefur hlotið hin bestu eftirmæli. Bandarískir sagnfræðingar hafa hann undantekningarlaust í hópi hinna allra efstu á listum yfir sínu mikilfenglegustu forseta, hann er þar í kátum hópi Rooseveltanna tveggja, Jeffersons, Washingtons og náttúrlega Lincolns. Og í Evrópu hefur Wilson verið í jafnvel ennþá meiri metum en vestanhafs, enda reyndi hann eftir fyrri heimsstyrjöldina að koma á þeirri nýju heimsskipan sem hann og fleiri töldu nauðsynlega til að koma í veg fyrir annan hildarleik af sama tagi. Það tókst ekki, en Wilson hefur ævinlega verið mikils metinn í Evrópu fyrir að reyna.

Þannig er óhætt að segja að Woodrow Wilson Bandaríkjaforseti hafi verið hinn besti maður, er það ekki? Ósvikið mikilmenni?

En nei, það er nefnilega ekki hægt. Einn þáttur í fari Wilsons var nefnilega svo ógeðfelldur að það hlýtur að varpa skugga á hina sem jákvæðari voru, og verður raunar æ meira áberandi eftir því sem tímar líða.

Mikil hetja í fjölmiðlum

Woodrow Wilson átti mjög óvenjulegan feril af Bandaríkjaforseta að vera. Langflestir þeirra hafa komist í embætti eftir að hafa unnið sig upp í gegnum stjórnkerfið eða verið sigursælir herforingjar. Þetta eru sem sagt menn sem hafa látið hendur skipta, í ýmsum skilningi þeirra orða. Wilson var hins vegar fræðimaður umfram allt. Hann fæddist 1856, faðir hans var guðfræðingur og sjálfur las hann lög, mannkynssögu og stjórnmálafræði. Hann fór að skoða bandarískt stjórnkerfi og fann því margt til foráttu – hann benti á spillingu og samtryggingu pólitískra smákónga sem sköruðu eld að eigin köku en hirtu ekki um þarfir fólksins í heild, hann sá meinbugi á þingræðinu eins og það var praktíserað vestra, hann gagnrýndi hve litla ábyrgð stjórnmálamenn bæru í raun á gerðum sínum, auðugir iðnjöfrar réðu svo bak við tjöldin því sem þeir vildu ráða. Þetta eru kunnugleg umkvörtunarefni rúmum hundrað árum eftir að Wilson fór að láta til sín taka en sjálfur reyndi hann að leggja sitt af mörkum til að betrumbæta samfélagið í kringum sig með því að gerast rektor Princeton-háskóla, þar vakti hann athygli fyrir að berjast gegn áhrifum auðmanna við stjórn skólans og krefjast hiklaust samfélagslegrar ábyrgðar, „Princeton í þjónustu þjóðarinnar og allra þjóða“ varð óopinbert mottó skólans fyrir atbeina Wilsons.

Að auki skrifaði Wilson heilmikið um sögu Bandaríkjanna og hann skrifaði nokkur stutt heimspekileg verk sem gengu líka út á þá ábyrgð sem hann vildi að menn tækju á eigin lífi og annarra, „On Being Human“ hét ein bókin, hugsaðu vel um annað fólk, stóð þar, gefðu þér alltaf tíma til að íhuga hlutina vel, vertu alltaf til reiðu fyrir aðra. Önnur hét „When a Man Comes to Himself“ og fjallar eins og nafnið bendir til um leit hvurs manns að sjálfum sér og hvernig maður getur svo að endingu sæst við það sem maður finnur að lokum.



WOODROW WILSON 1856-1924

Viðkunnanlegur maður, Wilson? Ójá, það fannst mörgum. Hann varð heilmikil hetja í fjölmiðlum út á baráttu sína gegn klíkunum við Princeton háskóla og 1910 ákvað hann að láta slag standa og útvíkka baráttu sína fyrir betra samfélagi, hann var þá flestum að óvörum kosinn ríkisstjóri New Jersey, óreyndur í pólitík með öllu, en þótti strax lofa svo góðu í embætti að 1912 völdu demókratar hann sem forsetaefni sitt og hann náði að komast alla leið í Hvíta húsið. Barátta hans var háð á grunni mannréttinda, ekki réttinda auðhringa. Og í Hvíta húsinu gerðist Wilson afar umsvifamikill forseti, „Nýtt frelsi“ hét stefna hans og dró að ýmsu leyti dám af framfaramálum þeim sem Theodore Roosevelt fyrrum forseti hafði haldið á lofti, en Wilson tókst með hægð sinni og seiglu að koma öllu fleira í framkvæmd en Teddy hafði lukkast. Stuttur listi yfir þær helstu lagasetningar sem honum tókst að koma gegnum þingið: stofnun bandaríska seðlabankans Federal Reserve System, lög gegn tollmúrum og hömlum á frjálsri verslun, lög gegn hringamyndun í atvinnulífi og hvers konar spillingu, lög um átta stunda vinnuviku og lög gegn barnaþrælkun. Þeim var ætlað að stemma stigu við því að börnum væri þrælkað út í námum og í verksmiðjum. Reyndar úrskurðaði Hæstiréttur Bandaríkjanna að barnalögin brytu í bága við stjórnarskrá og kaupsýslumönnum yrði að vera heimilt að „ráða“ börn í vinnu en lögin sýndu þó góða viðleitni og svipuð lög voru svo á endanum sett nokkru seinna.

Sanngjarnar hugmyndir

Og fleiri þjóðþrifamálum tókst Wilson að koma gegnum ameríska þingið, þótt oftar en ekki hömuðust hinar gömlu pólitísku klíkur spilltra stjórnmálamanna og auðkýfinga gegn fyrirætlunum hans. Hann storkaði til dæmis mörgum þegar hann skipaði Gyðing í embætti hæstaréttardómara, en það var fyllilega í samræmi við stuðning hans við margvíslega minnihlutahópa. Wilsons verður þó ekki síst minnst fyrir framgöngu sína á alþjóðavettvangi – fyrri heimsstyrjöldin braust út í Evrópu í forsetatíð hans og hann lýsti sig lengi andvígan því að Bandaríkjamenn skiptu sér nokkuð af þeim hryllingi öllum, en 1917 var það ekki lengur raunhæft og Wilson virkjaði allan hinn mikla hernaðarmátt Bandaríkjanna í þágu Vesturveldanna. Hann setti síðan fram nákvæmar hugmyndir um hvernig skyldi skipa málum þegar styrjöldinni lyki, og þóttu þær bæði sanngjarnar og raunhæfar. Hann beitti sér líka fyrir stofnun Þjóðabandalagsins sem var sérstaklega ætlað að koma í veg fyrir nýja heimsstyrjöld, en veiktist illa árið 1919 og gat því ekki beitt sér fyrir því að Bandaríkjamenn yrðu með í bandalaginu. Án Bandaríkjanna skorti Þjóðabandalagið þann slagkraft sem ella hefði máske dugað til að halda aftur af stríðsherrum á fjórða áratugnum.

Kynþáttahatari og ekkert annað

Og ykkur finnst Wilson ennþá viðkunnanlegur og velmeinandi? Það er erfitt að verjast þeirri niðurstöðu, og jafnvel að hann hafi verið sannkallað mikilmenni. En þá kemur hin rotna rúsína í pylsuendanum. Staðreyndin sem hlýtur að kollvarpa áliti nútímamanna á Woodrow Wilson og gera hann í raun óskiljanlegan. Hann var nefnilega rasisti. Meðan hann var rektor Princeton lagist hann gegn því að svartir námsmenn fengju skólavist, hann lýsti hvað eftir annað yfir skilningi sínum á baráttu hinna illræmdu ofbeldisseggja í Ku Klux Klan gegn jafnrétti svartra í Bandaríkjunum, og hann jók mjög aðskilnað hvítra og svarta í allri stjórnsýslu vestanhafs. Hann neitaði að skipa svertingja í nokkur mikilvæg embætti í höfuðborginni Washington og hann beitti sér fyrir því að svartir menn þyrftu að nota sérstök klósett á opinberum stöðum og þess háttar. Og er þá fátt eitt talið. Allt þetta gerði Wilson undir því yfirskini að það væri svertingjum sjálfum fyrir bestu, en í raun var hann einfaldlega kynþáttahatari og ekkert annað. Hann sagði dónalega „negrabrandara“ og þótt hann sæktist mjög eftir atkvæðum svertingja í forsetakosningunum 1912 og lofaði að bæta hag þeirra, þá sveik hann það allt saman strax og hann var kominn í embætti – í reynd hægði Wilson á réttindabaráttu svartra og sneri henni jafnvel við, það liðu áratugir þangað til aðskilnaðarpólitík Wilsons og félaga var kveðin í kútinn af Rosu Parks og fleiri baráttumönnum.

En hvernig fer það saman við baráttumanninn fyrir mannréttindum minnihlutahópa, við heimspekihöfundinn sem hvatti okkur til að hugsa um og taka ábyrgð á öðru fólki? Er hægt að virða sem mikilmenni svo mótsagnakenndan mann?

Og ykkur finnst Wilson ennþá viðkunnanlegur og velmeinandi? Það er erfitt að verjast þeirri niðurstöðu, og jafnvel að hann hafi verið sannkallað mikilmenni. En þá kemur hin rotna rúsína í pylsuendanum.

markhönnun ehf

Gildir **14. - 15.** des. 2013

BLÓÐ HRAUSTRA MANNA
ÓTTAR NORÐFJÖRÐ
3.594 KR



AF BESTU LYST 1-3
2.994 KR

ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ

VÍSINDABÓK VILLA
VILHELM ANTON JÓNSSON
2.994 KR



GLÆPURINN ÁSTARSAGA
ÁRNI ÞÓRARINSSON
3.743 KR

RANGSTÆÐUR Í REYKJAVÍK
GUNNAR HELGASON
2.960 KR

SÆMD
GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
4.193 KR



MÓTORHJÓL Í MÁLI OG MYNDUM
6.203 KR

BYGGJUM ÚR LEGÓ
3.443 KR



DÍSUSAGA
VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR
3.774 KR

DRAUMSVERÐ
3.098 KR

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

Langflestir eru bara skítsæmilegir

Jón Óttar Ólafsson er nýjasti spennusagnahöfundur þjóðarinnar og bók hans, Hlustað, þykir um margt skera sig úr öðrum glæpasögum. Margir efast um að starfsaðferðum lögreglunnar sé rétt lýst en Jón Óttar segir þó ekkert í þeim lýsingum ýkt. Hann hafi upplifað það flest sjálfur.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

„Það getur maður aldrei vitað," segir Jón Óttar Ólafsson, höfundur spennusögunnar Hlustað, spurður hvort síminn hans sé nokkuð hleraður. „Ég er í þannig vinnu að það gæti vel verið, en ég held nú samt ekki." Svo kemur hlátur sem erfitt er að ráða í hvort þýði að hann sé að grínast eða hvort honum sé bara alveg sama.

Jón Óttar vinnur sem ráðgjafi á lögmannsstofunni Juralis auk þess að sinna skriftum af kappi. Hann er á förum til Cambridge daginn eftir að viðtalið er tekið þar sem hann hyggst sitja við skriftir á bók númer tvö um lögreglumanninn Davíð og afbrotin sem hann fæst við. Jón Óttar lærði afbrotafræði í Cambridge og lauk doktorsprófi í henni en segir markmiðið alltaf hafa verið að vinna hjá lögreglunni. Eftir heimkomuna frá Cambridge fór hann að vinna sem fangavörður, síðan hjá ríkislögreglustjóra og loks sem lögreglumaður fyrst hjá rannsóknarlögreglunni og síðan hjá sérstökum saksóknara. Hann hætti hins vegar í lögreglunni 2011 og fór að vinna sjálfstætt sem afbrotafræðingur, hvað olli því að hann hvarf frá lögreglunni. „Ég var bara orðinn þreyttur. Mér fannst mjög gaman að rannsaka fíkniefnamál og alls kyns afbrot en efnahagsbrotin þreyttu mig. Þar eru svo mörg vafamál, eiginlega þarf að byrja á að ákveða hvort lög hafi verið brotin eða hvort menn hafi bara tekið slæmar ákvarðanir. Ef þú ert með lík á gólfinu eða kíló af amfetamíni í vasanum liggur oftast nokkuð ljóst fyrir að um afbrot hafi verið að ræða, en efnahagsbrotin eru oft skilgreiningaratriði."

Lyktin af rannsókninni

Hvað kveikti áhuga þinn á að nýta þér þennan heim lögreglumannsins í skrifum? „Ég fékk þessa hugmynd um áramótin 2007-8. Þá hafði ég verið að lesa mikið af sakamálasögum, aðallega Arnald og erlenda höfunda, og stundum fór það smávegis í taugarnar á mér þegar hlutirnir voru augljóslega langt frá raunveruleikanum. Þá fékk ég þá hugmynd að taka menntun mína og starfsreynslu og reyna að setja svona sögu í aðeins raunverulegri búning. Ég hafði enga reynslu af því að skrifa bækur þegar ég byrjaði og markmiðið með því að skrifa Hlustað var alls ekki að verða annar Arnaldur, enda gæti ég það ekkert, heldur að koma með öðruvísi hugmyndafræði inn í sakamálasögurnar. Láta aðferðirnar, tilfinninguna og nánast lyktina af rannsókninni skila sér til lesandans."

Jón Óttar nýtir sér svo sannarlega reynsluna úr lögreglunni í skrifunum og Hlustað þykir lýsa raunverulegum störfum lögreglumanna með fádæma nákvæmni. Honum hefur jafnvel verið legið á hálsi fyrir að vera alltof nákvæmur í smáatriðalýsingunum. „Það er auðvitað alltaf hættan. Að aðferðirnar og lýsingar á þeim taki völdin. Ef stór hluti af bókinni gerist til dæmis inni á lögreglustöð þar sem lögreglumaðurinn er einn að störfum er möguleikinn á að láta hann vera í samskiptum við aðra og í samtölum við þá ekki fyrir hendi. Það gefur manni minna svigrúm til að skrifa flæðandi, flottan texta. Þetta er líka fyrsta bókin af þremur og ég vildi gefa mér tíma til að koma stemningunni vel til skila. Svo fer allt á flug í seinni hluta bókarinnar."

TEKUR Á TAUGARNAR „Auðvitað er maður stressaður út af gagnrýni og finnst maður berskjaldaður ..." FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þú lætur lögreglumennina ekki vera barnanna besta þegar kemur að því að sveigja lögin, gera þeir mikið af því í raunveruleikanum? „Já, já, löggur eru bara eins og annað fólk. Þær taka „short cuts" líka. Auðvitað er þetta skáldsaga en það er mjög fátt í bókinni sem ekki hefur eitthvert sannleikskorn í sér og ekkert sem gæti ekki gerst á Íslandi."

Bókin hefur hlotið gríðargóðar viðtökur erlendra útgefenda, kemur út í Noregi í febrúar og í Frakklandi í maí. Og ekki nóg með það heldur hafa þeir útgefendur einnig keypt réttinn að hinum bókunum tveimur í flokknum sem enn eru óskrifaðar. Áttirðu von á slíkum viðbrögðum? „Nei, ég átti alls ekki von á því að geta selt þetta erlendis því mér fannst bókin svo tengd Íslandi. Ég var ekkert að velta erlendum lesendum fyrir mér þegar ég var að skrifa. Það er bara gleðilegur bónus."

Er ekki Davíð

Þótt Jón Óttar hafi nýtt reynslu sína af lögreglustörfum við skrifin harðneitar hann því að aðalpersónan Davíð sé að neinu leyti sjálfsmynd. „Alls ekki. Hann er bræðingur úr tveimur til þremur löggum sem ég þekki og reyndar eru allir karakterarnir í bókinni byggðir á fólki sem maður hefur hitt og kynnst og brætt saman, bæði löggurnar og bófarnir."

Jólabókaflóðið fer misjafnlega með taugar höfunda og Jón Óttar viðurkennir að það taki á. „Þetta er bara eins og að vera stanslaust í munnlegu dönskuprófi með alla horfandi á. Auðvitað er maður stressaður út af gagnrýni og finnst maður berskjaldaður, en þegar maður er að lesa upp eða hittir fólk sem finnst bókin skemmtileg þá skilur maður af hverju maður er að þessu. Mér finnst líka bara svo ótrúlega gaman að sitja við og hugsa ekki um neitt nema plottið og þróun karakteranna. Ég hafði aldrei skrifað neitt nema það sem tengdist náminu og svo bara lögregluskýrslur. Þannig að það er kannski ekkert skrítið að sumum gagnrýnendum þyki þetta skýrslulegur texti. En það er einmitt það sem ég hef fram að færa, þessi smáatriði úr raunveruleikanum. Ég ætla ekkert að fara að keppa við Arnald í prósaskrifum, maður verður að velja sér orrustur."

Eitt af því sem Jón Óttar dregur fram í Hlustað er að munurinn á milli löggu og bófa er ekkert svo gríðarlegur. Hann segist hafa lært það strax sem fangavörður að glæpamenn séu bara venjulegt fólk. „Það eru alveg afskaplega fáir gegnheilir skíthælar til. Langflestir eru bara svona skítsæmilegir og lenda í því að gera slæma hluti. Eitt af því sem ég er að reyna að gera í Hlustað er að sýna hvað gerist þegar maður fylgist svona lengi með sama manninum. Ég hef sjálfur fylgst með fólki mánuðum saman, hlustað símana þeirra og herbergin eins og löggurnar í bókinni gera. Þá fer maður að sjá mennina sem venjulegar manneskjur, það verður til nokkurs konar öfugt Stokkhólmssyndróm. Þótt maður sé í þeirri valdastöðu að vera að fylgjast með þeim án þess þeir viti af því þá fer manni ósjálfrátt að líka vel við þá og nánast halda með þeim, ef maður passar sig ekki. Ég man sérstaklega eftir einum sem var alveg brjálæðislega góður við konuna sína og mömmu sína og þá fór maður ósjálfrátt að skilgreina hann út frá því en ekki brotinu sem hann var grunaður um. Þetta er tilfinning sem maður þarf að læra að berja niður, en það eru alls konar svona skrítnir hlutir sem ég nota í bókinni sem ég hef ekki séð hjá öðrum höfundum. Það er ekkert í þessari bók sem ég hef ekki gert sjálfur í þeim málum sem ég hef rannsakað, nema það ólöglega auðvitað."

> **Ég var grunaður um alvarlegt afbrot sjálfur og var sýknaður algerlega af þeim grun eftir að hafa náð að sanna sakleysi mitt.**

Ranglega ásakaður

Ein af þeim spurningum sem Jón Óttar hefur fengið síðan bókin kom út er hvort hann sé ekki að hjálpa bófunum með því að ljóstra svona upp um starfsaðferðir lögreglunnar, en hann hefur enga trú á því að sú sé raunin. „Það þekkja allir bófar í Reykjavík starfsaðferðir löggunnar og það er ekkert í þessari bók sem ekki hefur komið fram í gögnum um opinber mál eða í fjölmiðlum. Ég er ekki að ljóstra upp neinum leyndarmálum, ég er bara að segja sögu."

Þú hefur líka upplifað það að vera í stöðu grunaðs manns í sakamáli, dýpkaði það skilning þinn á bófunum í sögunni?

„Ég var grunaður um alvarlegt afbrot sjálfur og var sýknaður algerlega af þeim grun eftir að hafa náð að sanna sakleysi mitt. Ég veit því vel hvernig það er að vera ranglega sakaður um afbrot. Það hefur að sjálfsögðu haft áhrif á það hvernig ég skrifa. Þær tilfinningar sem bærast með manni þegar maður lendir í slíkri stöðu verða skoðaðar betur á næstunni því sú innsýn sem ég fékk þegar ég gekk í gegnum þann hildarleik verður nýtt í næstum bókum. Fólk myndi aldrei trúa því hversu langt opinberir aðilar eru tilbúnir til að ganga til að ná fram því sem þeir vilja."

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2014

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2014.

Verðlaun að upphæð 600 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit.

Þriggja manna dómnefnd metur verkin;
Davíð Stefánsson formaður og Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Bjarni Bjarnason tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2014

Utanáskrift:
Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar b.t.
Signýjar Pálsdóttur,
skrifstofustjóra menningarmála,
Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar,
Vesturgötu 1, 2. hæð, 101 Reykjavík.

Bjarki Karlsson hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2012. Aðrir sem áttu handrit í keppninni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem fyrst eða fyrir 1. febrúar 2014. Einnig er unnt að fá handrit send í póstkröfu. Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM – GÆÐI Í GEGN

um jólin

Gary
Einstaklega þægilegur hægindastóll. Sérstök mjóbaksbólstrun gerir þennan stól mjög þægilegan. Fáanlegur raf- eða handstýrður. Margir litir í boði, alklæddur leðri eða í tauáklæði.

Ezzy
Nettur og góður hægindastóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða. Raf- eða handstýrður í mörgum litum, alklæddur leðri eða tauáklæði.

Mobius
Í senn nettur og þægilegur hægindastóll. Klassísk en nútímaleg hönnun með þægindin í huga. Alklæddur leðri, fáanlegur í fjölmörgum litum.

Tracy Lyftustóll
Fallegur og einfaldur í notkun fyrir þá sem að eiga erfitt með að standa upp úr stólum. Til bæði í tauáklæði og alklæddur leðri í nokkrum litum.

Walton Tungusófi
Tungusófi með hvíldarstól í enda. Til hægri eða vinstri tunga í fjölmörgum litum, hvort sem tauáklæði eða alklæddur leðri.

Dönsk gæðarúm í mörgum stærðum og gerðum.

Massa
Stílhreinn og flottur hvíldarsófi með háu baki. Raf- eða handstýrðir hvíldarstólar í endum. Til í mörgum litum alklæddur leðri eða tauáklæði.

Diva tungusófi
Nettur tungusófi með hallanlegu baki á tungu. Rafstýrðir hvíldarstólar bæði á enda og miðju. Hægri eða vinstri tunga, alklæddur leðri eða tauáklæði.

JÓLATILBOÐ
Á VÖLDUM VÖRUM

Espace
Smekklegur og nettur sófi sem frábært er að sitja í. Nokkrar stærðir í boði. Alklæddur leðri eða tauáklæði. Mikið litaúrval.

Yuni
Fallegur horn og tungusófi. Fæst hægri eða vinstra horn, alklæddur leðri í mörgum litum eða tauáklæði. Nokkrar stærðarútfærslur í boði. Hvíldarstóll í enda.

Gæðarúm frá Serta í mörgum stærðum og stífleikum.

Demetra svefnsófi
Glæsilegur og vandaður svenfsófi frá Ítalíu. Hægt að fá í mörgum útfærslum og litum m.a sem tungusófi.

Rinoa tungusófi
Alklæddur leðri en einnig til með áklæði. Margar útfærslur og úrval lita. Hægri eða vinstri tungusófi

Dawn tungusófi
Flottur og vandaður tungusófi, alklæddur þykku nautaleðri. Hægri eða vinstri tunga.

Gary
Vinsæll sófi með stuðninginn á réttum stöðum. Hvíldarstólar í endum, raf- eða handstýrðir. Alklæddur leðri eða tauáklæði í mörgum litum.

Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

Opið sunnudaga

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD



FULLT AF NÝJUM OG SKEMMTILEGUM FÖNDURVÖRUM

LÆKKAÐ VERÐ

Vnr. 4233636-452
Föndurpakki.
890 kr.
Verð áður: 1.190 kr.

GERUM ÞAÐ SJÁLF
Jólaföndurpakkar, þú setur saman og málar þitt eigið jólaskraut.

JÓLALEIKUR BYKO

Dregið um vinning daglega til jóla.
Alls 23 glæsilegir vinningar.
Heildarverðmæti 800.000 krónur.

WWW.FACEBOOK.COM/BYKO.IS

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

SÉRVALIN JÓLATRÉ

BYKO BÝÐUR EINGÖNGU UPP Á HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur gefið þér góðan tíma og vandað valið. Valið á jólatrénu ætti þó ekki að taka langan tíma því BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré: Normannsþin, íslenska furu og blágreni.

Sölustaðir:

Timburverslun Breidd
Virka daga: kl. 8-22
Laugardaga: kl. 10-22
Sunnudaga: kl. 10-22

Grandi
Virka daga: kl. 8-19
Laugardaga: kl. 10-18
Sunnudaga: kl. 11-17

Selfoss
Virka daga: kl. 8-18
Laugardaga: kl. 10-18
Sunnudaga: kl. 12-16

Sunnuhlíð

Hluti söluandvirðis af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

LIFANDI JÓLATRÉ

Íslensk fura

100-150 cm	3.995 kr.
150-200 cm	7.995 kr.
200-250 cm	12.955 kr.

Normannsþinur

100-125 cm	3.285 kr.
125-150 cm	3.985 kr.
150-175 cm	5.485 kr.
175-200 cm	7.485 kr.
200-225 cm	9.985 kr.

Blágreni

100-125 cm	3.595 kr.
125-150 cm	4.995 kr.
150-175 cm	6.795 kr.
175-200 cm	9.995 kr.
200-250 cm	11.995 kr.

JÓLAGLEÐI Í BYKO

BYKO BREIDD

Laugardag 14. desember
kl. 13:00 Jólasveinninn kemur í heimsókn
kl. 14:30 Kammerkór Mosfellsbæjar syngur nokkur jólalög
kl. 14-18 Kynning á slökkvitækjum frá Eldvarnamiðstöðinni

Sunnudag 15. desember
kl. 14:00 Kyrjurnar syngja nokkur jólalög
kl. 14-16 Kynning á Nóatúns hamborgarhryggnum
kl. 14:30 Jólasveinninn kemur í heimsókn

BYKO GRANDI

Laugardag 14. desember
kl. 14:30 Jólasveinninn kemur í heimsókn

Sunnudag 15. desember
kl. 13:00 Jólasveinninn kemur í heimsókn
kl. 15:30 Kyrjurnar syngja nokkur jólalög
kl. 14-18 Kynning á slökkvitækjum frá Eldvarnamiðstöðinni

Heitar vöfflur í öllum verslunum í dag

Boðið upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi í dag laugardag milli kl. 13 og 15.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en mínna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Lækkað verð á jólavörum

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Konráð og félagar á ferð og flugi 74

Bragi Halldórsson

„Þessi jólasveinanöfn eru heldur betur skrítin," sagði Kata. „Hver skefur til dæmis potta í dag, ha?" bætti hún við hneyksluð. „En þetta eru gömul nöfn," sagði Lísaloppa. „Frá þeim tíma þegar það var gert." „En mér finnast þetta svo skemmtilega skrítin nöfn," sagði Konráð glaður. „Hér í þessari stafasúpu eru til dæmis falin fjögur nöfn gömlu jólasveinanna og spurning hvort við getum fundið þau?"

Getur þú fundið fjögur nöfn jólasveina í þessari stafasúpu?

K	N	Ö	Ö	Þ	O	Ó	Þ	S	O	E	Á	S
E	L	N	Í	Ö	Í	Ý	Ö	P	I	R	Í	Ú
S	Ú	U	H	Ö	Á	F	É	Á	A	O	L	A
Ý	L	O	T	T	Ý	D	Þ	U	S	N	D	Í
B	J	Ú	G	N	A	K	R	Æ	K	I	R	Ý
U	B	Ö	Y	G	R	F	S	Æ	A	Ö	V	Ú
R	Æ	O	U	M	Y	P	U	N	S	X	R	Đ
S	H	U	R	Đ	A	S	K	E	L	L	I	R
Æ	U	M	Ö	É	V	K	X	I	E	F	Y	Ý
H	X	M	L	M	Y	R	U	A	I	K	U	Í
E	N	Í	Æ	Þ	L	D	H	G	K	S	É	H
Æ	Ö	H	Æ	O	P	A	Y	M	I	D	D	E
V	S	K	Y	R	G	Á	M	U	R	Í	I	A

Brandarar

Kennarinn: Hvar er heimaverkefnið þitt?
Nemandinn: Ég tapaði því í slag við krakka sem sagði að þú værir ekki besti kennari skólans.

Kennarinn: Ef 1+1 = 2 og 2+2 = 4, hvað er þá 4+4?
Nemandinn: Þetta er ekki sanngjarnt. Þú svarar auðveldu spurningunum og lætur okkur svara þessari erfiðu.

Af hverju gengur þér ekki vel í sögu?
Af því að kennarinn er alltaf að spyrja mig að einhverju sem gerðist áður en ég fæddist.

Hvernig ljós notaði Nói um borð í örkinni?
Flóðljós.

RANDALÍN OG MUNDI Í LEYNILUNDI EFTIR ÞÓRDÍSI GÍSLADÓTTUR

FYNDIN OG FJÖRUG!

Fyrri bók höfunda hlaut bæði **Bóksalaverðlaunin** og **Fjöruverðlaunin**.

Vinirnir komast hér í kynni við sérkennilegt fólk, forvitnilega fugla og dularfullan nábít.

Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.

BJARTUR

Tíu staðreyndir um One Direction

Breska hljómsveitin One Direction nýtur mikilla vinsælda hjá mörgum íslenskum ungmennum. Hér skyggnumst við örlítið bak við tjöldin hjá þeim Harry, Niall, Zayn, Liam og Louis.

- Harry vonar að fyrsta barnið hans verði stelpa og þá ætlar hann að skíra hana Darcy.
- Náttúrulegur háralitur Nialls er brúnn.
- Zayn er með nafn afa síns húðflúrað á bringuna á sér, á arabísku.
- Liam er hræddur við skeiðar.
- Louis á fjórar yngri systur.
- Liam felldi tár þegar hann horfði á Toy Story 3.
- Niall grét þegar hann horfði á Finding Nemo.
- Zayn heldur að hann hefði orðið enskukennari ef hann hefði ekki lagt tónlistina fyrir sig.
- Harry myndi helst vilja fara á stefnumót með Taylor Swift ef hann fengi að velja.
- Louis getur spilað svolítið á píanó.

RITHÖFUNDURINN OG HVOLPURINN Steinunn Jenný gerir ýmislegt fleira en að semja sögur. Henni finnst til dæmis gaman að spila á gítar og æfa fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ætla að skrifa fleiri bækur um hvolpinn

Steinunn Jenný Karlsdóttir er átta ára rithöfundur sem hefur sent frá sér bókina Kátur – Ævintýri ofurhvolps, sem hún skrifaði ásamt föður sínum. Sögurnar urðu til vegna þess að feðginin vildu vita hvað hvolpurinn þeirra væri að hugsa.

Hvernig datt þér í hug að skrifa heila bók? Pabbi átti hugmyndina. Þegar Kátur kom til okkar bara pínulítill vorum við að reyna að skilja hvað hann væri að hugsa. Þannig urðu sögurnar til.

Hvenær skrifaðir þú fyrstu söguna þína? Man það ekki, kannski svona fjögurra ára, en afi Siggi teiknaði myndirnar.

Hvað er skemmtilegast og leiðinlegast við að eiga hund? Skemmtilegast að hafa hann hjá sér, en leiðinlegast þegar hann er alltaf að trufla mann.

Hvort viltu frekar búa í sveit eða borg? Erfitt að velja, en ég á fleiri vini í borginni.

Í hvaða skóla og hvaða bekk ertu? Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík í þriðja bekk.

Hvað er skemmtilegast og leiðinlegast að læra í skólanum? Skemmtilegast að reikna, leiðinlegast að vera í göngutúr.

Ætlarðu að skrifa fleiri bækur? Já, fleiri bækur um Kát.

Hverjar eru uppáhaldsbækurnar þínar? Það eru svo margar, til dæmis Amma glæpon og Tíu litlir kenjakrakkar.

Hvað finnst þér gaman að gera annað en að semja sögur? Reikna, skrifa, æfa fótbolta og spila á gítar.

KRONAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll



4269 kr.
Grimmd



3890 kr.
Sæmd



2969 kr.
Tímakistan



4498 kr.
Læknirinn í eldhúsinu

2479 kr.
Kafteinn ofurbrók

3169 kr.
Ár drekans



3129 kr.
Draumsverð

GEFÐU BÓK UM JÓLIN!

Verðin gilda 14. - 15. desember



1969 kr.
Ísland - karlalandsliðið

Bættu við **500 kr.** og fáðu Nóa konfektkassa 135 g með bókinni!

Gildir eingöngu um þessa titla í auglýsingunni

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

1. Skiljum kropp frá sætum molum (7)
6. Reisi Mammoni musteri úr korni (10)
11. Glyðruleg fylgismær fants er herramannsmatur (11)
12. Nokkrar verðskulda ræðu (10)
13. Mótar frá móðu skógar (11)
14. Hliðarlampinn mun bæta í birtuna (10)
15. Málar lista fyrir kúnstugan kollega (10)
19. Pestin kom ekki í veg fyrir að ég réði rétt í spilið (10)
23. Pegir þá hann maldar í mó (8)
27. Tel mykjusekkinn vera minn (13)
29. Úthlutað úr næsta nágrenni (8)
30. Mígið klikkuð í keytuna (9)
31. Blóðmör og lifrarpylsa stefna á sigur (12)
32. Gengur verr fyrir ruglaða karla (7)
33. Góa man óljóst hvað þetta var fúlt (6)
35. Mjúk eftir smásjúss og meyr í lund (7)
38. Hröð frásögn en ansi stutt (6)
39. Leita ljúfrar sælu svefnóra (11)
40. Einstigið að skilningnum liggur í ákveðnum dvala (9)
41. Mitt einkabús á minni einkalóð (11)
42. Frárennsli kjafta í pollana (8)

LÓÐRÉTT

1. Endurtekningasöm fjallræða (7)
2. Mærð hins mælta fyrirheits (7)
3. Hámarksfjöldi rómverskra sauða (5)
4. Hinn reykmettaði ofdrykkjumaður (9)
5. Utan kemur haf í landi (7)
6. Hér má finna hressa jafnt og þvera (6)
7. Gauragola bítur klær (8)
8. Tel víst að mannlaus ríki geri lífið létt (8)
9. Ofar rétti og hæstarétti (8)
10. Upphefð ása vísar til vegtyllu (8)
16. Hárgreiðsluhyskið og kokkaklíkurnar eiga eitt sameiginlegt (14)
17. Lögum öld að eyktarmörkum (9)
18. Grafhýsi setur gamalmenni á oddinn (14)
20. Loks kom sá loðni og lokkaprúði (8)
21. Kopar hefur þá skoðun að hann sé tól úr sjálfum sér (8)
22. Glenni og risti Gaffalhólma eystra (9)
24. Hallur og gígjur hans (5)
25. Getur gætin skipað nefnd? (7)
26. Ringlaður og rúinn inn að skinni skoðar naður (11)
28. Líf fyrir dægrið, það er það sem drepur mann (11)
34. Skrafa um það sem skar (6)
36. Stilltir segja sjaldan satt (6)
37. Mannæta kemur öllum í jólaskap (5)
38. Bjór of lítill fyrir vímu (5)



F	Ó	L	A	T		Æ		H		M		Ó		S		F		V	
Ö		U		V	I	Ð	E	Y	J	A	R	S	T	J	Ó	R	N	I	N
R	O	M	M	Í		I		L		L		Á		Ó		Á		N	
U		M		P	Ó	S	T	M	Ó	D	E	R	N	I	S	T	I	N	N
F		U		U		G		I		O		A		N		E		A	
U	N	D	A	N	T	E	K	N	I	N	G			N		K		N	
G		E		K		N		G		S		M	Ó	T	V	I	N	D	I
L	E	I	Ð	T	O	G	A			A		Á		A		N		I	
A		G		A		I		S	Æ	L	U	V	I	K	A		Á		E
R	Ó	S	A	R	O	Ð	A			T		A		I	L	L	V	Í	G
	M		X		R		S	K	R	I	F	R	Æ	Ð	I		E		G
F	E	R	L	I	Ð		P		Ó			N			N	I	Ð	U	R
	Ð		A		S	V	A	R	T	L	E	I	T	U	M		U		Á
A	F	H	R	A	K		R		L			R			Á		R		S
	Æ		S		Ý	L	G	R	A	Ð	I		M	Ú	L	A	S	N	A
B	R	Ú	K	A	R		L		U		R		A			R		Á	
	I		Ú		I		Y	L	S	T	R	Ö	N	D	I	N		I	
K	L	I	F	I	N		T		R		A		S			I	N	N	I
	E		A		G		T	R	A	U	S	T	A	T	A	K		N	
	G	E	R	M	A	N	A		R		T		L			A	F	A	R

Lausnarorð síðustu viku var
SYKURMOLARNIR

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN
Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Dísusaga eftir Vigdísi Grímsdóttur frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigurbjörn Guðmundsson Reykjavík.**

LAUSNARORÐ
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikilvæg þekking. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „14. desember“.


EMBRACING FAITH®
BÆNAHJÓLIÐ
Valshringur
670 925
Seljalandsfoss photo by brian griffin for Embracing Nature.
L'UOMO VOUGE NEWS
10.13 RE-EVOLUTION PIECE
TILVALIN TIL TÆKIFÆRISGJAFA
Gullsmíðaverslun Hjálmars Torfasonar
Laugavegi 71 sími 552 1550
Hilton Reykjavík Nordica
sími 444 5000
Sérpantanir teknar frá 1.jan - 1.mai 2014
www. BRYNJA .COM

†

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ARNMUNDUR KRISTINN JÓNASSON

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 12. desember sl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 23. desember kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á KFUM & K og Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík.

Aðalheiður Sighvatsdóttir
Arnfríður Inga Arnmundsdóttir **Hafþór Ragnarsson**
Sighvatur Arnmundsson **Elísabet Gunnarsdóttir**
Erla Guðrún Arnmundardóttir Beausang
Jeffrey Robert Beausang
Gyða Rut Arnmundsdóttir
Arnar Sölvi Arnmundsson **Arna Björgvinsdóttir**
og barnabörn

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

JAKOB ALBERTSSON
Aflagranda 40, Reykjavík,
áður Öldugötu 40,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 8. desember. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 17. desember kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík eða MND-félagið.

Elín Guðmundsdóttir
Guðmundur Jakobsson **Anna Lilja Guðmundsdóttir**
Albert Jakobsson **Sigurborg Jóhannsdóttir**
Sigríður Jakobsdóttir **Einar Marinó Jóhannsson**
Stefán Jökull Jakobsson **Linda Björg Helgadóttir**
og barnabörn.

†

HAFLIÐI ALFREÐ KARLSSON
fd. 24.06. 1953
dd. 06.12. 2013

ÞORSTEINN KARLSSON
fd. 19.01. 1960
dd. 05.12. 2013

Útför bræðranna Hafliða Alfreðs Karlssonar og Þorsteins Karlssonar, sem létust svo sviplega á bráðadeild Landspítalans í Fossvogi, fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 17. desember kl. 13.00.

Kristín Rúnarsdóttir
Karl Jóhann Hafliðason
Sveinn Óskar Hafliðason
Þórdís Natalía Karlsdóttir
Ragnar Karlsson
Ragna Karlsdóttir
Guðmundur Karlsson
Magnús Karlsson og fjölskyldur.

ÞETTA GERÐIST: 14. DESEMBER 1979

Enskur knattspyrnumaður fæðist

Fyrrverandi knattspyrnumaðurinn Michael James Owen fæddist þennan dag árið 1979 og fagnar því 34 ára afmæli sínu í dag. Snemma komu fram fótboltahæfileikar hans en þegar Owen var aðeins tólf ára gamall sýndi stórliðið Liverpool áhuga á honum. Ferill hans hófst fyrir alvöru árið 1996 þegar hann byrjaði að spila með Liverpool og á árunum 1997-2004 var hann einn markahæsti leikmaður liðsins. Owen spilaði einnig knattspyrnu með öðrum stórliðum en þau eru meðal annars Real Madrid, Newcastle United og Manchester United. Owen er giftur Louise Bonsall en saman eiga þau fjögur börn.

ALLTAF Í STUÐI Herbert keyrir tvöfalda safndiskinn sinn út sjálfur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég sem lögin, syng, gef út og á minn feril sjálfur

Tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson heldur tónleika á Kex Hostel á morgun í tilefni af sextugsafmæli sínu. Hann er líka að senda frá sér nýjan tvöfaldan safndisk.

Herbert Guðmundsson tónlistarmaður verður sextugur á morgun. Hann er langt frá því að leggja tónlistarferil sinn á hilluna og segist aldrei hafa haft jafn mikið að gera á ferli sínum og núna í ár. Hann er þakklátur fyrir rósirnar fimm sem eru lögin sem tengja hann við hverja kynslóðina á fætur annarri. „Can´t Walk Away, Time, I Believe in Love, Hollywood og Svaraðu eru lögin sem gefa mér gigg í hverri viku og ég er bara stoltur af þeim. Lífið er bara frábært," segir Herbert Guðmundsson sem hefur í nógu að snúast þessa dagana. Herbert er staddur í Senu þegar blaðamaður nær tali af honum og segist vera þar til að sækja standa undir nýja tvöfalda safndiskinn sinn sem hann hyggst keyra sjálfur út á útsölustaði. Aðspurður um útkeyrsluna segir hann: „Ég sem lögin mín, ég syng þau, ég útset þau og gef sjálfur út diskana mína. Ég er bara að þessu til að hjálpa þeim í Senu og ég er vanur að sinna mínu efni sjálfur."

Flakkað um ferilinn

Eftir fjörutíu ára feril í tónlistarbransanum heldur Herbert upp á starfsafmælið með útkomu safndisksins, Flakkað um ferilinn. „Þetta er fimmtánda platan mín en ég er að gefa út tuttugu lög og tuttugu myndbönd á þessum safndiski. Þarna eru meira að segja fjögur óútkomin lög með hljómsveitinni Eik sem voru tekin upp í sjónvarpssal þegar ég var með sítt hár." Herbert segist eiga á annað hundrað laga á skrá hjá Stefi og er ánægður með árangurinn í gegnum tíðina. „Sumir eiga 400 hundruð lög svo þetta er ágætis árangur fyrir mann sem hefur aldrei verið á mála hjá mafíunni," útskýrir hann og heldur áfram: „Ef Skífan eða aðrir risar voru ekki með þig í gamla daga þá var ekki verið að auglýsa þig og þína tónlist í gluggunum." Herbert segir diskinn einnig innihalda efni frá níunda áratugnum þegar hann kom fram með hljómsveitinni Kan þegar allir voru í eitísgallanum með blásið hárið, en myndböndin nálgaðist hann hjá RÚV.

Sextugsafmælið

Í tilefni af stórafmælinu mun Herbert koma fram á tónleikum á Kex Hostel milli 21 og 22 á morgun, sunnudagskvöld. Hjörtur Howser mun spila á hljómborð, Haraldur Þorsteinsson spilar á bassa, Tryggvi Hübner spilar á gítar og Ingólfur Sigurðsson á slagverk. Herbert hvetur fólk til að mæta í kaffi og rjómatertu en sjálfur segist hann vakna hress og glaður á hverjum morgni eftir að hann varð reglumaður sem reykir hvorki né drekkur. Tónleikarnir verða myndaðir af ungum kvikmyndagerðarmönnum, þeim Friðriki Grétarssyni og Ómari Sverrissyni, en þeir eru um þessar mundir að gera heimildarmynd um litríkan feril Herberts.

HERBERT GUÐMUNDSSON
ásamt Lísu Dögg Helgadóttur.

Hamingjusamur reglumaður

„Ég hef aldrei haft svona mikið að gera á ævinni. Í sumar var ég pantaður til Benidorm ásamt Lísu unnustu minni í hálfan mánuð til að syngja og skemmta menntaskólakrökkum svo það má segja að lagið Can´t Walk Away sé búið að tengja mig við hverja kynslóðina á eftir annarri." Herbert er trúlofaður Lísu Dögg Helgadóttur sem hann segir að aðstoði sig mikið við textagerð og prófarkalestur á efninu sem hann gerir.

marinmanda@frettabladid.is

†

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURÐUR SVEINSSON
Ástjörn 7, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi mánudaginn 9. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Berglind Anna Sigurðardóttir **Svavar Hilmarsson**
Magnús Sveinn Sigurðsson **Borghildur Ágústsdóttir**
Sölvi Björn Sigurðsson **Helga Soffía Einarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

JÓHANN R. SÍMONARSON
skipstjóri,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði, fimmtudaginn 12. desember.

Helga Þórdís Gunnarsdóttir
Björn Jóhannsson **Kristín Á. Bjarnadóttir**
María Björk Jóhannsdóttir **Benedikt Jónasson**
Guðmundur Friðrik Jóhannsson **Dagný Rósa Pétursdóttir**
Sigríður Erla Jóhannsdóttir **Stefán Þ. Tómasson**
barnabörn og barnabarnabörn.

markhönnun ehf

GUÐNI - LÉTTUR Í LUND
3.963 KR

LYGI
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
3.894 KR

ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ

FISKARNIR HAFA ENGA...
4.219 KR

HLUSTAÐ
JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON
3.946 KR

NIGELLA Á ÍTÖLSKUM NÓTUM
4.340 KR

STRÁKAR
3.843 KR

MAÐUR SEM HEITIR OVE
FREDRIK BACKMAN
4.193 KR

1983
EIRÍKUR GUÐMUNDSSON
4.277 KR

RANDALÍN OG MUNDI
ÞÓRSÍS GÍSLADÓTTIR
2.719 KR

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

Við færum innilegar þakkir öllum
þeim sem auðsýndu okkur samúð
og hlýhug við andlát og útför ástkærrar
eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

SIGRÍÐAR BRAGADÓTTUR
Ólafsgeisla 4, Reykjavík.

Hjartans þakkir til starfsfólks á
Krabbameinslækningadeild 11E,
Landspítala, fyrir frábæra umönnun og alúð.

Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Reynir Sigurðsson
Sigurður Björn Reynisson
Bragi Magnús Reynisson
Ástþór Arnar Bragason
Bjarki Reynir Bragason
Kristín Hrund Smáradóttir

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

EINAR ÓSKAR ÁGÚSTSSON
Bugðulæk 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum,
Reykjavík, aðfaranótt laugardagsins
7. desember sl. Útför hans fer fram frá
Laugarneskirkju fimmtudaginn 19. desember kl. 15.00.

Jóna Kristín Sigurðardóttir
Ágúst Einarsson
Sigurður Einarsson
Kolbrún Einarsdóttir
Ingveldur Einarsdóttir
Margrét Einarsdóttir
Arnar Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Gísli Þór Sigurþórsson
Hallgrímur Baldursson
Sigrún Grétarsdóttir

SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR
Hæðargarði 35,

lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund
sunnudaginn 8. desember. Útför hennar
fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn
18. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Guðmundur Bjarnason
Þóra Bjarnadóttir
Bergdís Kristjánsdóttir
Jón Sverrir Dagbjartsson

Elskuleg móðir okkar tengdamóðir
og amma,

ANNA EINARSDÓTTIR
frá Ekru í Stöðvarfirði,

sem andaðist 9. desember, verður
jarðsungin í Kópavogskirkju föstudaginn 20.
desember kl. 11.

Ásbjörn Baldursson
Helgi Baldursson
og barnabörn.
Sjöfn Tryggvadóttir
Stella Benediktsdóttir

Eiginmaður minn,

SIGVALDI JÓNSSON
Iðavöllum 8, Húsavík,

lést sunnudaginn 8. desember á
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík.
Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju hinn 21.
desember kl. 14. Blóm og kransar afþökkuð
en þeim sem vilja minnast hans er bent á
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ásthildur Guðmundsdóttir

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

DAVÍÐ GUÐMUNDSSON
Hæðargarði 33, Reykjavík,
áður bóndi í Miðdal, Kjós,

sem lést laugardaginn 7. desember, verður
jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn
18. desember kl. 13.00.

Fanney Þ. Davíðsdóttir
Hulda Þorsteinsdóttir
Kristín Davíðsdóttir
Guðbjörg Davíðsdóttir
Katrín Davíðsdóttir
Sigríður Davíðsdóttir
Guðmundur H. Davíðsson
Eiríkur Davíðsson
afabörn og langafabörn.
Aðalsteinn Grímsson
Gunnar Rúnar Magnússon
Sigurður Ingi Geirsson
Gunnar Guðnason
Svanborg Anna Magnúsdóttir
Solveig Unnur Eysteinsdóttir

Reykjavík á meðal tíu jólalegustu borga heims

Hildur Gunnlaugsdóttir er á meðal þeirra sem sjá um jólaskreytingar í miðborginni og á jólamarkaði á Ingólfstorgi. Jólaskreytingarnar í ár eru klassískar og hlýlegar.

Hildur Gunnlaugsdóttir arkitekt er í teyminu Jólaborgarhópurinn sem sér um jólaskreytingar í miðborginni. „Það er ákveðin stefna í jólaskreytingunum í ár: að þær séu bæði klassískar og hlýlegar. Í ár erum við líka með jólaratleik sem er úti um allan miðbæ. Hann hefur verið mjög vinsæll á meðal yngri kynslóðarinnar.“

Fréttastofa CNN útnefndi Reykjavík á dögunum sem eina af tíu jólalegustu borgum heims. „Þar var meðal annars minnst á jólamarkaðinn og allt jólaskrautið. Svo var til dæmis talað um jólasveinana þrettán og aðrar séríslenskar jólahefðir sem eru frábrugðnar því sem þekkist annars staðar.“

Hildur hefur einnig umsjón með Jólamarkaðnum á Ingólfstorgi. Markaðurinn er opinn um helgar fram að jólum og stækkar við sig eftir því sem líður að hátíðum. „Í ár verður hægt að kaupa allt á markaðnum, jólatréð, jólagjafirnar og jólamatinn. Það verður margt á boðstólum, bæði handverk og matur. Kaffihúsið GÆS verður einnig með útibú í tjaldinu og hjá þeim verður hægt að kaupa sér heitt súkkulaði í postulínsmáli, og bollinn fylgir með í kaupunum. Svona bolli er tilvalin jólagjöf svo það verður hægt að slá tvær flugur í einu höggi hjá þeim.“

Í JÓLASKREYTINGATEYMI Hildur Gunnlaugsdóttir, verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði, og Pálmi Freyr Randversson hafa umsjón með skreytingum í miðbænum og á jólamarkaði á ingólfstorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

MERKISATBURÐIR

1503 Nostradamus kemur í heiminn.

1542 María Stúart verður drottning Skotlands.

1890 Eyrarbakkakirkja er vígð. Altaristafla hennar er eftir Lovísu Danadrottningu, máluð árið 1891.

1908 Coot, fyrsti íslenski togarinn, strandar við Keilisnes.

1910 Útgáfa „Vísis til dagblaðs í Reykjavík“ hefst. Vísir var sameinaður Dagblaðinu árið 1981.

1911 Norski landkönnuðurinn Roald Amundsen er fyrstur manna til að komast á Suðurpólinn.

1918 Konur, yfir þrítugu, taka í fyrsta sinn þátt í kosningum.

1934 Golfklúbbur Reykjavíkur er stofnaður og hét þá „Golfklúbbur Íslands“.

1948 Enski togarinn Goth ferst í óveðri út af Vestfjörðum með allri áhöfn, 21 manni.

1989 Í Síle eru haldnar fyrstu lýðræðislegar kosningar í sextán ár.

1998 Hundruð foringja Palestínumanna lýsa aftur yfir að Ísraelsríki skuli eytt.

Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

MARGRÉT S. GUNNARSDÓTTIR
hjúkrunarfræðingur
áður til heimilis að Mýrarási 10,

verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju
mánudaginn 16. desember kl. 13.00. Þeim
sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin.

Halldór K. Kjartansson
Daði Már Kristófersson
Ágústa Kristófersdóttir
Gísli Kort Kristófersson
Gunnar Tómas Kristófersson
og barnabörn.
Ásta Hlín Ólafsdóttir
Óli Jón Jónsson
Auðbjörg Björnsdóttir
Katharina Schumacher

Maðurinn minn og faðir okkar,

GÍSLI GUÐMUNDSSON
loftskeytamaður,

lést í Sunnuhlíð, Kópavogi, 7. des. 2013.
Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju
þriðjudaginn 17. des. kl. 13.

Þóra Elfa Björnsson
Anne Gísladóttir
Helga Gísladóttir
Ingibjörg Gísladóttir
Jósep Gíslason
Sæmundur Gíslason
Reynir Kristbjörnsson
Einar V. Skarphéðinsson
Guðrún Bjarnadóttir
María Arthúrsdóttir

Okkar ástkæra og einstaka
móðir, systir, mágkona og besti vinur,

VALDÍS GUNNARSDÓTTIR
Katrínarlind 7,

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju
miðvikudaginn 18. desember nk. kl. 15. Blóm og kransar eru
vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent
á að stofnaður hefur verið styrktarreikningur í nafni Hrafns sonar
hennar: 0546-14-402988, kt.: 070594-2429.

Hrafn Valdísarson
Greta Lind Kristjánsdóttir
Ásta Margrét Gunnarsdóttir
Jóna Björk Gunnarsdóttir
Eyrún Gunnarsdóttir
Trausti Már Kristjánsson
Ragnar Þorsteinsson
Oddur Halldórsson
Therese Grahn
Jóhann Þór Guðmundsson

Elskulegur eiginmaður minn og sonur,

INGÓLFUR VESTMANN EINARSSON
gæðastjóri,

lést á líknardeild Landspítalans hinn
3. desember sl. Útförin fer fram frá
Hallgrímskirkju þriðjudaginn 17. desember
kl. 13.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Hildur Guðmundsdóttir
Guðbjörg Jónsdóttir

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við
andlát og útför okkar ástkæra

KRISTINS SIGFÚSSONAR
frá Norðurkoti.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu í
Hafnarfirði fyrir einstaka alúð og umhyggju.

Guð blessi ykkur öll.
Aðstandendur.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og
hlýhug við fráfall ástkærs eiginmanns míns,

KJARTANS JENSSONAR
Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir eru sendar ættingjum og
vinum sem veittu aðstoð í veikindum hans
og við undirbúning útfarar.

Ásta Kristín Þorleifsdóttir

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur
samúð og hlýju við andlát og útför
ástkærrar móður okkar, tengdamóður,
ömmu, langömmu og langalangömmu,

LÁRU J. ÁRNADÓTTUR

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á
Hrafnistu í Reykjavík fyrir frábæra umönnun.

Sigurjón Jóhannsson
Árni Jóhannsson
Magnús Finnur Jóhannsson
Margrét Nanna Jóhannsdóttir
Jóhann Jóhannsson
og ömmubörn.
Gyða Hauksdóttir
Dagfríður Jónsdóttir
Karl Ísleifsson

Bóksalaverðlaunin!

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2013 bókaverslana

1. SÆTI

Forlagsverð: 4.290 kr.

BESTA ÍSLENSKA SKÁLDSAGAN

3. SÆTI

Forlagsverð: 5.590 kr.

2. SÆTI

Forlagsverð: 4.290 kr.

BESTA ÍSLENSKA TÁNINGABÓKIN (13–18 ÁRA)

1. SÆTI



Forlagsverð: 3.790 kr.

2. SÆTI



Forlagsverð: 3.890 kr.

3. SÆTI



Forlagsverð: 3.690 kr.

1. SÆTI

Forlagsverð: 4.690 kr.

BESTA ÆVISAGAN

2. SÆTI

Forlagsverð: 4.990 kr.

3. SÆTI

Forlagsverð: 4.990 kr.

1. SÆTI

Forlagsverð: 4.290 kr.

BESTA ÍSLENSKA BARNABÓKIN (0–12 ÁRA)

2. SÆTI

Forlagsverð: 8.990 kr.

BESTA HANDBÓKIN/ FRÆÐIBÓKIN

BESTA LJÓÐABÓKIN

INNPÖKKUNARBORÐ OG ÓDÝRIR MERKIMIÐAR

ÞÚSUNDIR TITLA FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS – Á FORLAGSVERÐI

FORLAGIÐ Bókabúð

Opið virka daga kl. 10–18 og laugardag og sunnudag kl. 11–16
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636 | forlagid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið í dag 10:00-19:00 Opið í dag 10

598 krónur kg.

BÓNUS **FERSKUR GRÍSABÓGUR**

1298 krónur kg.

BÓNUS *FERSKUR ÚRBEINAÐUR*
GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU

998 krónur kg.

BÓNUS **GRÍSAHNAKKAFILLET**

1598 krónur kg

1159 krónur kg.

ÚR GRÍSABÓG **BÓNUS**
NÝREYKT BAYONNESKINKA

698 krónur 8 ltr.

4 dósir af Víking Hátíðarblöndu fylgja með kippu af Coke 6 x 1,5 ltr.

2998 krónur 940g.

Nóa gjafakonfektkassi

3698 kr. 2 kg

1798 kr. 630gr

Nóa bestu fylltu molarnir

598 krónur 540g.

KÚTTER **JÓLASÍLD** 540g

598 krónur 500g.

ORA **HÁTÍÐARSÍLD** 500g

1698 kr. 15 stk.

ÖMMUBAKSTUR
STEIKT LAUFABRAUÐ 15 STK.

498 krónur 500g.

198 kr. 500g

RÚGBRAUÐSKUBBUR 500g

98 kr. 5 stk.

FIMM BÓNUS FLATKÖKUR

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-19:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-19:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

:00-19:00 Opið í dag 10:00-19:00

SLÁTRUN 2013

1298 krónur kg.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI**

2998 krónur kg.

ÍSLANDSLAMB **TAÐREYKT HANGIKJÖT**
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI

KJARNAFÆÐI

KOFARAREYKT **ÚRBEINAÐ HANGILÆRI**

2998 krónur kg.

KOFARAREYKTUR **ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR**

1998 krónur kg.

1298 kr. kg

ÍSLANDSGRÍS
HAMBORGARHRYGGUR *M.BEINI*

100% KJÖT

ÞÝSK FROSIN
ÚRBEINUÐ KALKÚNA-BRINGA

2298 krónur kg

FROSIN FORELDUÐ
PEKINGÖND
Frosin úrbeinuð pekingönd u.þ.b. 600g. 24 pönnukökur og hosin sósa

MATUR FYRIR CA. FJÓRA

2898 krónur kg

Fjalla

2598 kr. kg

1998 kr. kg

NORÐLENSKT FJALLHANGKJÖT

FRÁ ÞÝSKALANDI

3998 kr. kg.

FROSIN Heil nautalund

2875 kr. 2,4 kg

ÞÝSK FROSIN
PEKINGÖND

2998 krónur kg.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBAFILLET**

1698 krónur kg.

HAMBORGAR HRYGGUR
með beini

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-19:00

KL. 20:25 ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL

Vandaðir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur sem beinir sjónum að óupplýstum glæpum á Íslandi.

Frábært sunnudagskvöld

KL. 19:15

SJÁLFSTÆTT FÓLK

Viðmælandi Jóns Ársæls að þessu sinni er hinn geysivinsæli útvarps- og sjónvarpsmaður Siggi Hlö.

KL. 19:55

HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Vetrar- og jólastemningin ræður ríkjum hjá matreiðslumanninum Árna Ólafi.

KL. 20:55

THE TUNNEL

Glæný bresk spennuþáttaröð sem byggir á dönsku þáttaröðinni Brúin.

KL. 21:45

HOMELAND

Magnaðir spennuþættir sem unnu tvenn Emmy-verðlaun í ár.

Krakka Stöðin **KL. 19:00**

STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN

Stígvélaði kötturinn ávinnur sér virðingu fyrir einstaka sverðfimi sína og útsjónarsemi í erfiðum aðstæðum.

3 **KL. 20:30**

VAMPIRE DIARIES

Önnur þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra.

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

Stöð 2 | 3 | Krakka Stöðin | Popp TÍVÍ | BÍÓ STÖÐIN | GULL STÖÐIN | Tónlist.is | VILD

SUDOKU

LÉTT

7						3	1	
	1			6	8			5
	6							
						1		
8	7		3	4			5	
3	4	2						8
9			6	5			2	
4		7	9		3			
	5		4	7	2		9	

MIÐLUNGS

		5	2		1			9
8	2			3	6	1		
9		3				4		
		8	3			2	7	5
2					4			
6					7		3	
		1				5	6	
4	8		5	9	2			
	7							

ÞUNG

	6				1			5
9				5	4	6	8	
					8			2
4		6		3				7
7			9			8		
2		9			6			
			4				6	8
5							4	
	3							

6	4	9	5	7	2	8	3	1
5	1	8	4	3	6	7	2	9
2	7	3	8	9	1	4	5	6
7	2	5	9	4	8	1	6	3
8	6	4	1	2	3	9	7	5
9	3	1	6	5	7	2	4	8
1	5	2	7	6	9	3	8	4
3	8	6	2	1	4	5	9	7
4	9	7	3	8	5	6	1	2

7	1	4	8	2	5	9	3	6
9	5	6	3	4	1	2	7	8
8	2	3	7	6	9	1	5	4
4	3	5	2	7	8	6	9	1
6	7	1	9	5	4	3	8	2
2	8	9	1	3	6	5	4	7
1	9	2	5	8	7	4	6	3
3	6	8	4	9	2	7	1	5
5	4	7	6	1	3	8	2	9

8	3	6	1	4	7	2	5	9
9	1	7	2	6	5	3	4	8
2	4	5	3	8	9	6	1	7
1	2	9	4	7	8	5	6	3
3	6	8	9	5	1	4	7	2
5	7	4	6	2	3	8	9	1
4	5	1	8	9	2	7	3	6
7	8	3	5	1	6	9	2	4
6	9	2	7	3	4	1	8	5

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes



BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Hver mínúta sem þú sóar í að vera argur eru 60 sekúndur sem þú hefðir getað notið og látið þér líða vel."

- Robert Stolz



KROSSGÁTA

LÁRÉTT 2. helminguð, **6.** átt, **8.** sigti, **9.** hluti verkfæris, **11.** verslun, **12.** Kroppa, **14.** áburður, **16.** píla, **17.** mærð, **18.** sníkjudýr, **20.** núna, **21.** leikni.

LÓÐRÉTT 1. lofttegund, **3.** Hæð, **4.** land í Suðvestur-Asíu, **5.** flík, **7.** mergð, **10.** titill, **13.** mál, **15.** trauður, **16.** fornafn, **19.** vörumerki.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. hálf, **6.** sa, **8.** sía, **9.** orf, **11.** bt, **12.** narta, **14.** gúanó, **16.** ör, **17.** lof, **18.** lús, **20.** nú, **21.** list.

LÓÐRÉTT: 1. óson, **3.** ás, **4.** líbanon, **5.** fat, **7.** aragrúi, **10.** frú, **13.** tal, **15.** ófús, **16.** öll, **19.** ss.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Oliver Aron Jóhannesson (2078) vann Skotann Clement Sreeves (2251) í 4. umferð FIDE Open-mótsins sem er hluti af London Chess Classic-hátíðinni.

Svartur á leik

15...Da5! Notfærir sér slæma stöðu hvítu mannanna. Hvítur á enga góða vörn gegn 16...Dh5. Ef t.d. 17. e3 Dg5 og hvítur er varnarlaus gegn 18...Dh6. Hvítur reyndi að opna taflið með **16. Rf3 exf3 17. exf3** en tapaði í 51 leik. **www.skak.is** Friðriksmót Landsbankans hefst kl. 13.

Í JÓLASKAPI

129.989

LG 42LN575V
Flott 42" örþunnt LED snjallsjónvarp með innbyggðu WiFi og háskerpu upplausn 1920x1080p. Öflug 100Hz myndvinnsla með Triple XD myndvinnslubúnaði. Virtual Surround Plus hljóðkerfi með 20w magnara. SmartTV með Miracast - hægt að fara á netið, nálgast gögn af tölvu, senda efni yfir á spjaldtölvu og fleira og fleira. 3 USB tengi og 3 HDMI tengi.

89.989

Samsung UE32F5000AWXXN
32" LED Full HD 1920x1080p. 100 Hz Clear Motion Rate. Ljósnemi. Mega Contrast. Stafrænn DVB-T móttakari. Heyrnatólatengi. USB, 2 x HDMI o.fl.

19.989

EPSON

EPSON XP610
Hágæða blekspraututprentari sem prentar ljósmyndir í betri gæðum en aðrir sambærilegir prentarar á markaðnum. Þráðlaus WiFi tenging og auðvelt að prenta beint frá fartölvum, spjaldtölvum eða snjallsímum. Innbyggður skanni og hægt að ljósrita með tækinu líka.

6.989

Knopex 5009108
Stílhreint og einfallt FM útvarp með viðaráferð.

Ariete

Ariete DC090400AR0
1000w PIZZUOFN með stein snúningsplatta. 4 stillingar. Gluggi á loki.

14.989

DOMO DO302WO
Vínopnari
1.989

Kenwood TT325
Brauðrist
4.989

1.989 9.989 1.989
Gott úrval afþreyingar

Verðvernd Max
33 DAGAR

Skilaréttur Max
33 DAGAR

max.is

MAX RAFTÆKI

OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 21.00

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

NÝ KYNSLÓÐ Orri Huginn Ágústsson hefur tekið við af Felix Bergssyni sem einleikari í Ævintýrinu um Augastein.

Augasteinn í Tjarnarbíói

Aðventuklassíker í nýjum búningi.

Leikhópurinn Á senunni sýnir um helgina í Tjarnarbíói Ævintýrið um Augastein, sem frumsýnt var fyrir 11 árum. Í fyrra urðu kynslóðaskipti í sýningunni, því Orri Huginn Ágústsson tók þá við af Felix Bergssyni, sem hafði borið hana uppi frá byrjun.

Felix Bergsson skrifaði Ævintýrið um Augastein í samstarfi við Kolbrúnu Halldórsdóttur leikstjóra og Helgu Arnalds brúðulistamann. Brúður og leikmynd eru eftir Helgu Arnalds, lýsingu hannaði Jóhann Bjarni Pálmason og tónlistina útsetti Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson fyrir Háskólakórinn undir stjórn Hákons Leifssonar. Hljóðmynd verksins er unnin af Sveini Kjartanssyni. Leikstjóri er Kolbrún Halldórsdóttir.



DAGSKRÁRSTJÓRINN Magnús fullyrðir að menningunni verði síst verr sinnt með nýju dagskrárplani en áður var gert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Menningin á Rás 1 aukin en ekki eytt

Niðurskurðurinn á RÚV og „rústun“ Rásar 1 hefur verið mál málanna í umræðunni undanfarið. Ýmsir hafa þó flutt mál sitt meira af kappi en forsjá. Magnús R. Einarsson, starfandi dagskrárstjóri útvarpsins, varpar ljósi á málið.

Magnús R. Einarsson var ráðinn tímabundið sem dagskrárstjóri útvarpssviðs RÚV, ásamt Þóru Pétursdóttur rekstrarstjóra, eftir að umsóknarferlið var stöðvað og því frestað að ráða dagskrárstjóra. Magnús var meðal umsækjenda um starfið en fékk þó ekki ráðningu þrátt fyrir tæpa 29 ára reynslu sem dagskrárgerðarmaður í útvarpi. Kann hann einhverja skýringu á því hvers vegna hann fékk ekki stöðuna? „Ég vissi vel þegar ég sótti um að ég fengi hana ekki. Sennilega er ég ekki af réttu kyni fyrir utan það að ég er ekki með háskólapróf. Umsóknin var bara yfirlýsing um að ég væri tilbúinn til að taka starfið að mér og treysti mér til að takast á við það.“

Þú hafðir verið að vinna með fyrrverandi dagskrárstjóra, Margréti Marteinsdóttur, að skipulagi breytinga á dagskrá Rásar 1, var ekki eðlilegt að þú héldir því starfi áfram? „Jú, það er rétt. Ég var aðstoðarmaður Margrétar eftir að hún tók við og við vorum búin að vera að skoða töluverðar breytingar á dagskrá Rásar 1. Þá vorum við helst að horfa til módels sem sett var upp 1989 en gekk ekki upp þá. Við útfærðum þetta betur og horfðum líka til þess hvernig bandarískt almannaútvarp er upp sett og fengum ýmsar hugmyndir þaðan.“

Litlar áherslubreytingar

Nú ertu búinn að kynna fyrirhugaðar dagskrárbreytingar fyrir stjórn og starfsfólki RÚV, hverjar eru helstu áherslubreytingarnar? „Form þeirrar dagskrár sem verið hefur hingað til er ævagamalt og miðast við aðra tækni en við höfum í dag. Það sem gerði þessa breytingu spennandi í okkar augum var að tæknin hefur breyst svo hratt og mikið að það er hægt að gera allt aðra hluti í dagskrá en áður. Stafræna byltingin hefur gjörbreytt útvarpinu. Í gamla kerfinu réðst það stundum meira af lengd þátta en innihaldi hvernig þeim var raðað saman og áferðin varð því dálítið köflótt.

Áherslubreytingarnar eru hins vegar í sjálfu sér litlar sem engar. Áherslan er sem fyrr á íslenska menningu og við sinnum henni aðallega á þremur póstum; það er útvarpssagan, það er Sinfónían og það er útvarpsleikhúsið. Þessir þrír póstar hafa lengi verið meginstoðirnar í menningardagskrá Rásar 1 og verða það áfram. Áferð dagskrárinnar hins vegar breytist á þann hátt að hlutverk þula verður skilgreint upp á nýtt, það verða ekki lengur dagskrárþulir, einungis auglýsingaþulir. Deginum verður skipt upp í fjóra fleka með magasínþáttum sem síðan eru fleygaðir með tónlistarþáttum. Kvöldin verða svo helguð klassískri tónlist. Þessi dagskrárrammi sem við settum fram er hugsaður sem vinnuplagg sem starfsmenn munu svo taka þátt í að fullmóta á næstu vikum.“

Það stóð sem sagt aldrei til að hætta að útvarpa tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar, þrátt fyrir háværar fullyrðingar um annað? „Nei, það stóð aldrei til. Það er mikill misskilningur.“ Hvað með Víðsjá, hverfur hún? „Nei, þvert á móti. Víðsjá verður áfram á dagskrá og þátturinn meira að segja lengdur um helming og bætt við mannskap í gerð hans.“

Rekið úr öllum deildum

Þannig að þessi ramakvein um eyðileggingu menningarumfjöllunar Rásar 1 eiga ekki við nein rök að styðjast? „Alls ekki. Auðvitað verður þetta ekki eins og það var, enda ekkert keppikefli að halda öllu óbreyttu. Það var stefnt að því að þessar breytingar gengju í gegn um mitt næsta ár, enda eru þær mjög nauðsynlegar, en auðvitað var óheppilegt að þær skyldi bera að með þessum hætti.“

Ein fullyrðingin úr umræðunni er að það hafi engin hugsun legið að baki brottrekstrum og að allir sem reknir voru hafi haft bein afskipti af dagskrárgerð. Er það rétt? „Nei, það er enn einn misskilningurinn sem hefur fengið vængi. Það lá margra mánaða vinna að baki þessum uppsögnum og fólki var fækkað í öllum deildum RÚV nema nýmiðladeild, enda vinna þar bara fjórir starfsmenn.“

Þannig að starfsmenn stofnunarinnar ljúga því blákalt að þessar breytingar hafi komið sem þruma úr heiðskíru lofti? „Ekki myndi ég nú segja það. Ég held það hafi gripið um sig örvænting og okkur fannst öllum að Rás 1 væri í rúst. Drukknandi fólk grípur hvaða reipi sem er og það var eðlilegt að það krefðist svara sem ekki voru í boði þessa daga. Auðvitað var samt verið að vinna hörðum höndum að því að ljúka við uppsetningu nýs dagskrárplans sem hafði verið í undirbúningi lengi.“

Hagsmunabarátta

Manni hefur líka sýnst að það séu einkum listamenn sem fara fyrir þessum mótmælum, eru þeir ekki bara í grímulausri hagsmunabaráttu þar sem þeir óttast að missa spón úr aski sínum? „Örugglega óttast þeir að missa spón úr aski sínum þar sem útvarpið hefur verið gríðarlegur vettvangur fyrir þá bæði sem spegill, eða auglýsingagluggi, og vinnuveitandi. Þannig að það er ekkert skrítið þótt þeim sé annt um dagskrá þess. Hins vegar fannst manni umræðan reyndar stundum snúast um það hvar þeir ættu nú að fá hundraðþúsundkallinn sinn og að þeim væri meira umhugað um eigin buddu en framtíð Ríkisútvarpsins, en ég ætla þeim það nú ekki.“

Umræðan hljómar líka ekki sannfærandi sem barátta fyrir almannaútvarpi, er ekki verið að heimta elítuútvarp? „Það er dálítið vandratað einstigi. Ríkisútvarpið á auðvitað að vera fyrir allan almenning, en það hefur líka ríkt menningarhlutverk sem því ber að sinna og mun halda áfram að sinna. Hlustunartölur segja ekki alla söguna. Það hafa allar einkareknar útvarpsstöðvar sína markhópa og sérhanna þætti sína með það í huga að höfða til ákveðins aldurshóps eða kyns. En við á Rás 1 og Rás 2 gerum það ekki. Við höfum bara einn markhóp; viti borið fólk.“

fridrikab@frettabladid.is

Gjafakort Borgarleikhússins

Gildir fyrir tvo á sýningu að eigin vali

Jólatilboð Borgarleikhússins

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann

Mary Poppins

Miði fyrir tvo á söngleikinn ástsæla og frábær geisladiskur með tónlistinni úr sýningunni.

10.900 kr.

Furðulegt háttarlag hunds um nótt

Miðar fyrir tvo á sýninguna og bókin.

9.900 kr.

Ljúffengt leikhúskvöld

Gjafakort og ljúffeng leikhúsmáltíð fyrir tvo.

10.500 kr.

Gjöf sem aldrei gleymist!

Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Þverpólitísk ekkiævisaga

BÆKUR ★★★★☆

Guðni – Léttur í lund
Guðni Ágústsson
VERÖLD

Guðni Ágústsson gaf út ævisögu sína, Guðni af lífi og sál, árið 2007. Í einni af sögunum í nýjustu bók Guðna – léttur í lund, segir hann frá því þegar Árni Sigurðsson, bóndi í Skagafirði, fékk þrjú eintök af ævisögunni í jólagjöf. Þegar Árni var spurður hvort hann hafi skilað bókunum í Kaupfélagið svarar hann: „Nei, nei. Ég las þær allar og sú síðasta var best."

Þessi nýja bók Guðna er ekki ævisaga heldur samansafn af skemmtisögum þar sem sögumaðurinn Guðni Ágústsson er í aðalhlutverki. Í síðasta hluta bókarinnar stíga reyndar aðrir sögumenn fram og lýsa kynnum sínum af Guðna. Þar er einna mestur fengur að frásögn Hrafns Jökulssonar sem móðgaði Guðna illilega þegar hann var ritstjóri Alþýðublaðsins. Guðni kærði Hrafn til Blaðamannafélagsins, Hrafn var ávíttur og töluðust hann og Guðni ekki við í langan tíma.



Þegar Hrafn leitaði loks sátta var Guðni tilbúinn að taka við útréttri sáttarhönd með þeim orðum að: „Engin vinátta er traustari en sú sem hefur hlotið eldskírn óvináttunnar."

Það eru sögur á borð við þessar sem gera bók Guðna að afar ánægjulegri lesningu. Bókin lýsir tíma þar sem virðing fyrir Alþingi var meiri í samfélaginu og alþingismenn báru kannski meiri virðingu fyrir sér sjálfum. Eftir að tekist er á í pontu fljúga vísurnar milli manna, oft dýrt kveðið og skotið fyrir neðan beltisstað. Af sögum Guðna að dæma ríkti ekki jafn mikil reiði og hatur á Alþingi eins og almenningur og þingmenn sjálfir upplifa í dag.

Sjálfur vitnar Guðni jafnt í Einar Ben og Stein Steinarr og ræða hans á Njáluslóðum þar sem hann leitast við að finna samsvörun með þingmönnum og persónum í Njálu er óborganleg. Össur Skarphéðinsson er Mörður Valgarðsson endurfæddur: „Enginn frýr honum vits, en meir er hann grunaður um græsku…" Jóhanna er Bergþóra Skarphéðinsdóttir endurfædd og Bjarni Ben Höskuldur Hvítanesgoði sem kann að sigra „ef hann viðrar lökin og skítugar sængurnar í Valhöll".

Þær eru oft kostulegar sögurnar sem Guðni segir af ferðalögum alþingismanna um landið; þjóðlegur fróðleikur og ást Guðna á kynlegum kvistum, bændum og búandmönnum dýpkar frásagnirnar og gerir þær að áhugaverðum heimildum.

Þetta er ekki stór pólitísk ævisaga, eins og bók Steingríms, eða ítarlegar lýsingar á umbrotatíma í sögu þjóðarinnar eins og í bók Össurar. En þetta er bók sem leiftrar af húmor og frásagnargleði. Það er kostulegt að lesa um samskipti Guðna við Jóhannes eftirhermu sem oft „náði" Guðna betur en hann sjálfur, eða um símtöl Guðna við nafna sinn í símaskránni sem tók við hótunarsímtölum um miðjar nætur af jafnaðargeði og gaf ráðherranum dýrmætan svefnfrið.

Og eflaust eiga þeir bændur sem fá fleiri en eitt eintak af bókinni um jólin í ár eftir að una glaðir við sitt.

Símon Birgisson

NIÐURSTAÐA: Guðni – Léttur í lund er bráðfyndin, einlæg og oft kostuleg lýsing á Guðna sjálfum, samferðamönnum hans og horfnum tímum í íslenskri pólitík.

Bók um list Nerdrums

The Nerdrum School nefnist nýútkomin bók um verk Odds Nerdrum og lærlinga hans. Íslendingurinn Stefán Boulter á nokkur verk í bókinni.

Orfeus Publishing í Noregi hefur nýlega gefið út bók sem ber titilinn The Nerdrum School.

Þar gefur að líta nýleg málverk eftir Odd Nerdrum ásamt fjölmörgum verkum eftir lærlinga og aðstoðarmenn hans. Margir þeirra eru farnir að láta að sér kveða í listheiminum.

Listgagnrýnandinn og fyrrverandi ritstjóri Art in America, Richard Vine, skrifar formála að bókinni. Richard veltir upp áleitnum spurningum varðandi myndlist samtímans og í framhaldi af því hvernig litið hefur verið fram hjá þeim miklu áhrifum sem verk og hugmyndir Nerdrums hafa haft á fjölda listamanna um víða veröld.

Íslenski listmálarinn Stefán Boulter er meðal þeirra sem eiga nokkur verk í bókinni. Stefán hélt stóra sýningu á verkum sínum í Listasafninu á Akureyri síðasta sumar og fyrr á árinu tók hann þátt í sýningunni Converge í 25CPW Gallery í New York-borg.

20%

TRISTAR BLANDARI 500W
MYLUR KLAKA
Verð áður 9.990
TILBOÐ 7.990

VINSÆL JÓLAGJÖF

HAMBORGARAPRESSA
GERIR FYLLTA BORGARA
VERÐ 2.499

VINSÆL JÓLAGJÖF

EVA SOLO
KARAFLA
MARGIR LITIR
VERÐ
7.999

JÓLAGJÖF

PRESSUKANNA
6 bolla • króm
VERÐ
4.999

20%

AEG SAFAPRESSA 800W
Verð áður 19.999
TILBOÐ 15.999

VINSÆL JÓLAGJÖF

FISSLER POTTASETT PARIS
ALÞEKKT FISSLER GÆÐI
VERÐ 39.999

JÓLA BÚÐIN ÞÍN

Opið til 22 til jóla

Nýtt korta tímabil

VINSÆL JÓLAGJÖF

BABYLISS
PRO HÁRBLÁSARI
2000w AC Mótor
VERÐ ÁÐUR ... 10.989
TILBOÐ 8.995

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

LEIRPOTTUR
VERÐ 6.995

VINSÆL JÓLAGJÖF

NESCAFÉ Dolce Gusto

KYNNING ALLA HELGINA

Yfir 25 gerðir af kaffi

Til jóla fylgja 3 pakkar af Dolce Gusto kaffi + dós af Macintosh

VINSÆL JÓLAGJÖF

GENIO
29.995

CIRCOLO SJÁLFVIRK
Tilboð 32.995

CIRCOLO SJÁLFVIRK
Tilboð 32.995

MINIME
19.995

VINSÆL JÓLAGJÖF

ESPROSSO KANNA
6 BOLLA
3.999

20%

EPLASKRÆLARI
Verð áður..... 4.999
TILBOÐ 3.999

iRobot

RYKSUGU- OG SKÚRINGARVÉLMENNI

allar gerðir: 620,630,650,760,770,780

10.000 AFLSÁTTUR ÚT HELGINA

VERÐ FRÁ 49.995 TIL 109.995

WasserMaxx sódavatnstæki
FRÁBÆRT VERÐ! HYLKI FYLGIR MEÐ
VERÐ ÁÐUR ... 14.999
TILBOÐ ... 12.999

KitchenAid

HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT + MATREIÐSLUBÓK

ÞÚ SPARAR 15.000

HVÍT
VERÐ ÁÐUR ... 99.989
TILBOÐSVERÐ ... 84.990

LITUÐ
VERÐ ÁÐUR ... 102.989
TILBOÐSVERÐ ... 87.990

Dæmi um Kringlukrössvörur

leiktu þér af afslættinum!

Kringlu kross
% afsl
Sæktu appið!

Lífstíðaruppfærsla á korti

GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI
NUVI 52LM VERÐ .. 39.900

VINSÆL JÓLAGJÖF

CANDIFLOSS VÉL 450W
VERÐ 9.995

VINSÆL JÓLAGJÖF

GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN

FAMILY
VERÐ ÁÐUR 16.995
TILBOÐSVERÐ 14.995

COMPACT
VERÐ ÁÐUR 11.995
TILBOÐSVERÐ 9.995

Allt að 42% minni fita

VINSÆL JÓLAGJÖF

GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
VERÐ 9.999

AEG
TÖFRASPROTI 500W
VERÐ ... 10.999

VINSÆL JÓLAGJÖF

Lestin brunar, brunar

BÆKUR ★★★★☆



Klefi Nr. 6
Rosa Liksom
Þýðing: Sigurður Karlsson
UPPHEIMAR

Finnskar skáldsögur hafa eitthvert yfirbragð sem gerir þær ólíkar skáldsögum allra annarra landa. Það er þessi einstaka blanda af svartamyrkri og kaldhæðnislegum húmor sem hrífur lesandann með sér, hristir upp í honum og fær hann til að glotta meinlega með sjálfum sér. Verðlaunaskáldsaga Rosu Liksom, Klefi Nr. 6, fer enn lengra inn á þetta einstigi kolsvartrar örvæntingar og kaldhæðins húmors en flestar aðrar finnskar skáldsögur sem ég hef lesið og heillar mann, sannast að segja, gjörsamlega upp úr skónum.

Þar hjálpast allt að. Sögusviðið er óvenjulegt; þröngur lestarklefi í lest á ferðalagi yfir þver Sovétríkin heitin, leyndardómsfull aðalpersóna; finnsk námsmey sem virðist vera á flótta frá Moskvu án þess að lesandanum sé ljóst fyrr en seint og um síðir hvað hún er að flýja, og erkirússneskur drykkjusvoli sem deilir með henni klefanum í þessar vikur sem ferðalagið tekur. Lýsingarnar á samskiptum þeirra eru meistarastykki í fyrrnefndum finnskum bikhúmor, hann er í flesta staði ógeðfelldur rusti, kallar konur aldrei annað en kuntur eða hórur, sýnir stúlkunni hvað eftir annað grófa kynferðislega áreitni, en er samt sem áður brjóstumkennanlegur og furðanlega viðkunnanlegur, enda tekst með þeim tveimur hin prýðilegasta vinátta þegar á líður, þrátt fyrir allt. Það sem allra mest hrífur eru þó lýsingarnar á Sovétríkjunum, íbúum þeirra og borgum, hrikalegu landslagi, brunafrosti, örvæntingu og von. Í örstuttum myndum dregur Liksom upp firnasterkar myndir sem lifa með lesandanum lengi og súmmera upp lífið, þrárnar og vonirnar í þessu stórveldi sem á sögutímanum er örstutt frá því að líða undir lok. Maður gleymir stund og stað í þessu ægilega umhverfi sem um leið er svo fullt af mannlegum breyskleika og ofurvenjulegu fólki sem hægt er að samsama sig. Mann langar helst að byrja aftur á bókinni um leið og lestri lýkur til að komast inn í þennan heim að nýju.

Stíll Liksom er æði sérstakur, knappur og hrikalegur eins og síberísk túndra og það hefur ekki verið áhlaupaverk fyrir meistaraþýðandann Sigurð Karlsson að snara þessum texta yfir á íslensku. Hann leysir það þó auðvitað af hendi með sóma og bravúr og skapar áhrifaríkan texta sem manni finnst næstum að sé á frummálinu, svo erkifinnskur er hann í gegn.

Það er engin furða að Liksom hafi hlotið Finlandia-verðlaunin fyrir þessa sögu og verið tilnefnd af hálfu Finna til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Hér er einfaldlega komin ein besta skáldsaga sem undirrituð hefur lesið árum saman og full ástæða til að hvetja alla sem unna góðum bókmenntum til að láta ekki Klefa Nr. 6 fram hjá sér fara.

Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Sterk, hrottaleg, fögur og einstaklega vel stíluð skáldsaga sem allir ættu að lesa.

Fá tækifæri til að skoða sitt innra rými

Listamaðurinn Grétar Mar Sigurðsson hefur opnað sína fyrstu einkasýningu á Hótel Kaffistofu. Áhorfendum gefst kostur á að skoða list og stunda hugleiðslu.

Myndlistarmaðurinn Grétar Mar Sigurðsson opnaði nýverið listasýningu á Hótel Kaffistofu. Grétar Mar er á lokaári í myndlistadeild Listaháskóla Íslands og er sýning listamannsins „Upplifun“ fyrsta einkasýning hans. Grétar er skapari listafígúrunnar „Mar“ en það er að sögn Grétars tilraun hans til að tengja alla listmiðla og ná þannig til sem flestra með sköpuninni.

Grétar segir tilganginn með Mar vera að breiða út ákveðinn boðskap sem hann telur að allir ættu að hafa aðgang að. „Boðskapurinn er tvíþættur. Sá fyrri snýr að gagnrýnni hugsun og sá síðari að nauðsyn andlegrar framþróunnar og þroska hinnar mannlegu meðvitundar. Listaverk Mars eiga að varpa ljósi á hvers sköpunin er megnug og hvað hún er nauðsynleg fólki og samfélaginu í heild.“ Á sýningunni má sjá mynd- og prentverk, hljóðverk, ljóð, innsetningu, lifandi skúlptúr og gjörning þar sem listamaðurinn gerir tilraun til að hugleiða eins lengi og líkaminn leyfir. Áhorfendum verður einnig boðið að taka þátt í hugleiðslu á sýningunni. „Fólk getur komið og gert það á sínum forsendum, ég ráðlegg fólki í hugleiðslu að vera með sperrtan hrygg, hugann tóman og augun lokuð, og að það beini augum að enninu.“

GRÉTAR MAR Myndlistarmaður. MYND/VILHELM

Grétar byrjaði sjálfur að hugleiða fyrir nokkrum árum og hefur kynnt sér ýmsar hugleiðsluaðferðir. „Þær hafa algjörlega breytt lífi mínu og ég vil gefa fólki færi á að upplifa það sama. Við erum öll með svipaða líkams- og hugarstarfsemi svo að bara það að sitja í nokkrar mínútur og hugsa ekki neitt gefur öllu kerfinu eins konar endurræsingu. Á sýningunni má því segja að fólki gefist tækifæri til að skoða sitt innra rými.“

Tilgangurinn með sýningunni var upphaflega að gefa fólki vettvang til að hugleiða. „Ég hef tekið eftir því að það eru afar fáir staðir sem bjóða upp á það. Erlendis hef ég hugleitt til dæmis í flugvallarkapellum, sem er ágætis nýting á slíkum rýmum að mínu mati. Það er mín skoðun að það sé á ábyrgð samfélagsins að skapa slíkan vettvang fyrir þegna sína því ég er þess handviss að fólk myndi nýta sér það, samfélaginu öllu til heilla.“ Sýning Mars mun standa alla helgina á Hótel Kaffistofu. Hverfisgötu 42B. en henni lýkur á sunnudagskvöldið.

Júlía Margrét Einarsdóttir

Nestlé
Quality Street
Alltaf
í uppáhaldi

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

Tónleikar

17.00 Jólatónleikar Söngfjelagsins verða haldnir í Grafarvogskirkju. Á efnisskránni verða þekkt og sígild jólalög í bland við nýrri tónlist frá ýmsum löndum.

22.00 Hljómsveitin Samsara verður með útgáfutónleika á Bar 11. Ókeypis aðgangur.

22.00 Hljómsveitin Camp Keighley mun spila á Dillon. Hljómsveitin spilar partýpop af bestu gerð og hefur getið sér gott orð fyrir líflega og skemmtilega sviðsframkomu.

22.00 Brother Grass heldur jólatónleika á Café Rosenberg.

23.00 Pálmi Hjaltason skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

Hátíðir

14.00 Hugvísindasvið Háskóla Íslands býður til orðahátíða. Á hátíðinni verða veitt verðlaun fyrir tillögur að fegursta orðinu og fluttir verða fimm stuttir pistlar um orðaleitina og sitthvað hnýsilegt sem þar kom fram, m.a. um tillögur unga fólksins og skoplegar tillögur.

Söngskemmtun

11.00 Stúfur og Grýla skemmta gestum í Þjóðminjasafninu.

Opið hús

10.00 Nú er komið að síðasta opna húsi á þessu ári hjá Félagi áhugamanna um tréskurð. Nú er það heimsókn til Friðgeirs Guðmundssonar og vinnuaðstöðu hans að Melalind 12 í Kópavogi.

Fyrirlestrar

12.00 Dr. Terry Gunnell erindi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins um íslenska jólasiði í aldanna rás, frá heiðnum goðum til hrekkjóttra íslenskra jólasveina. Fyrirlesturinn er á ensku. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

Markaðir

13.30 Ferðaleikhúsið verður með stóran Jóla-flóamarkað að Baldursgötu 37, 101 Reykjavík (í sjónmáli frá Skólavörðustíg).

Mikið úrval af fatnaði, jólaskrauti og allt til jólagjafa. Markaðurinn er opinn til 17.30.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

SUNNUDAGUR HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Tónleikar

16.00 Jólatónleikar Gospelkórs Jóns Vídalíns í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Flott gospel- og jólalög með kór og hljómsveit undir stjórn Þóru Gísladóttur. Miðaverð 1.500 kr.

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8.

17.00 Kammerkór Mosfellsbæjar heldur sína árlegu aðventutónleika í Guðríðarkirkju, Kirkjustétt 8 í Grafarholti.

18.00 Jólatónleikar Söngfjelagsins verða haldnir í Grafarvogskirkju. Á efnisskránni verða þekkt og sígild jólalög í bland við nýrri tónlist frá ýmsum löndum.

20.00 Jólatónleikar Graduale Nobili og Elísabetar Waage hörpuleikara fara fram í Langholtskirkju. Þar verður meðal annars flutt hið víðfræga verk Ceremony of Carols eftir Benjamin Britten. Í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu tónskáldsins.

20.00 Jólatónleikar Breiðfirðingakórsins verða haldnir í Fella- og Hólakirkju. Aðgangseyrir kr. 2.000 en frítt fyrir 12 ára og yngri.

21.00 Jólatónleikar Malarinnar fara fram í Malarkaffi á Drangsnesi. Söngkonan Sigríður Thorlacius kemur fram ásamt Guðmundi Óskari Guðmundssyni og Bjarna Frímanni Bjarnasyni. Þau munu leika hugljúf jólalög og koma fólki endanlega í jólagírinn í hlýju og notalegu umhverfi.

22.00 Brother Grass heldur jólatónleika á Café Rosenberg.

Sýningar

13.00 Jólasýning Árbæjarsafns hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og hefur hlotið fastan sess í menningarlífi borgarbúa á aðventunni. Ungir sem aldnir geta rölt á milli húsanna og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Hrekkjóttir jólasveinar gægjast á glugga og kíkja í potta, börn og fullorðnir fá að föndra og syngja jólalög.

Upplestur

16.00 Aðventuupplestrar Gljúfrasteins halda áfram. Úrvalið verður fjölbreytt þennan sunnudaginn því lesið verður upp úr skáldsögu, ljóðum, barnabók og þýddu verki. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Söngskemmtun

11.00 Þvörusleikir skemmtir í Þjóðminjasafninu.

Kvikmyndir

14.00 Sýnd verður heimildarmynd um Kristínu Gunnlaugsdóttur í Listasafni Íslands og strax að sýningu lokinni mun Kristín fjalla um verk sín á sýningunni Sköpunarverk sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

15.00 Bandarísk kvikmynd frá árinu 1977 sem byggð er á ballettinum „Hnotubrjótnum“, tónlist Tsjaíkovskíjs við ævintýri Hoffmanns, verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Flytjendur eru dansarar The American Ballet Theatre og Mikhaíl Barishnikov. Aðgangur ókeypis.

Dansleikir

20.00 Dansað verður í félagsheimili eldri borgara i Stangarhyl 4 i Reykjavík. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Dansað verður til 23.00. Aðgangseyrir er 1.500 kr. fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

Markaðir

12.00 Jólaþorpið í Hafnarfirði er í fullu fjöri. Fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fullorðna. Margt girnilegt að skoða og versla í söluhúsunum. Þorpið er opið til 17.00.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Konungleg trúlofun á næsta leiti

Slúðurmiðlar í Bretlandi segja Harry prins ætla að biðja um hönd kærustunnar.

Harry prins, sem er fjórði í erfðaröð bresku krúnunnar, og kærasta hans, Cressida Bonas, ætla að fara með sambandið á næsta stig ef marka má breska slúðurmiðla.

Parið hefur verið saman um átján mánaða skeið. Harry og Cressida voru fyrst mynduð saman opinberlega í skíðaferð í Verbier í janúar. Cressida, sem er tuttugu og fjögurra ára, fékk samþykki konunglegu fjölskyldunnar í október þegar hún eyddi helgi með Harry, Karli Bretaprins og Kamillu, hertogaynju af Cornwall, í Sandringham.

Þá fór Harry prins og hitti föður Cressidu, Jeffrey Bonas, í fyrsta sinn fyrir nokkru síðan. Þeir spiluðu saman golf og fór vel á með þeim.

„Höllin er í viðbragðsstöðu fyrir aðra trúlofun," segir heimildarmaður Grazia í Bretlandi, en Harry var trúlofaður fyrrum unnustu sinni, Chelsy Davy, sem hann var með í sjö ár. Parið hætti saman árið 2011.

„Það gæti verið von á tilkynningu um trúlofun fyrr en fólk grunar," segir sami heimildarmaður Grazia, en Harry er um þessar mundir í suðurskautsleiðangri til styrktar góðu málefni. - ósk

CRESSIDA BONAS Harry prins og Cressida kynntust í gegnum Evgeníu prinsessu. Móðir Cressidu er lafði Mary-Gaye Georgiana Lorna Curzo. Hún er hálfsystir leikkonunnar Isabellu Anstruther-Gough-Calthorpe, sem er trúlofuð Sam Branson, syni Richards Branson, eins þekktasta kaupsýslumanns í Bretlandi.

DROTTNING Beyoncé er dýrkuð um heim allan.

Gaf út plötu á miðnætti

Poppdrottningin Beyoncé kom aðdáendum sínum rækilega á óvart á miðnætti, aðfaranótt föstudags, þegar hún gaf út nýjustu plötu sína sem heitir einfaldlega Beyoncé.

„Mig langaði ekki að gefa út tónlistina mína eins og ég hef gert. Ég er komin með leiða á því. Mér finnst ég geta talað beint við aðdáendur mína," segir Beyoncé í fréttatilkynningu.

Þessi fimmta sólóplata söngkonunnar var gefin út á iTunes í Bandaríkjunum og er því ekki fáanleg enn á Íslandi. Beyoncé er þó byrjuð að leka efni inn á YouTube fyrir okkur sem búum ekki vestan hafs.

Á Beyoncé er að finna fjórtán lög og sautján myndbönd. Á plötunni vann hún með listamönnum á borð við Drake, Pharrell Williams, Justin Timberlake, Frank Ocean og fyrrum liðsmenn Destiny's Child – Michelle Williams og Kelly Rowland. Auðvitað kemur eiginmaður hennar, rapparinn Jay Z, líka við sögu. - lkg

TOPPMAÐUR Pat hefur miklar mætur á Tom.

Tom Cruise var prins

Stórleikarinn Tom Cruise hefur verið ófeiminn við að tala um að hann sé meðlimur í Vísindakirkjunni í gegnum árin. Pat Kingsley, fyrrverandi kynningarfulltrúi Íslandsvinarins, segir í viðtali við The Hollywood Reporter að hann hafi ítrekað sagt Tom að tala minna um trú sína.

„Ég sagði Tom að slaka á með þetta tal. Vísindakirkjan er fín. En viltu fara í herferð fyrir Vísindakirkjuna? En Warner Bros styrkir herferðina," segir Pat og vísar þar í herferð fyrir myndina The Last Samurai árið 2003.

Pat vann með Tom til ársins 2004 og voru þau mjög náin.

„Við gátum nánast klárað setningar hvort annars. Við vorum nánast aldrei ósátt. Við treystum hvort öðru fullkomlega. Við töluðum stanslaust saman. Hann þjáðist af svefntruflunum. Hann var mjög skemmtilegur og hugulsamur. Hann mundi eftir afmælinu mínu og afmæli dóttur minnar. Hann kom í brúðkaupið mitt og keypti allt stellið sem ég hafði sett á brúðargjafalistann. Tom Cruise var prins."

Drottning spennusögunnar

Ný bók eftir drottningu spennusagnanna Mary Higgins Clark.
Dr. Lyons er myrtur og grunur fellur á ekkju hans.
Dóttur þeirra bíður hið vandasama verk að hreinsa nafn móður sinnar og finna morðingja föður síns.

Mary Higgins Clark er enginn nýliði í ritun glæpasagna en eftir hana liggja yfir 30 spennusögur sem selst hafa í milljónum eintaka um allan heim.

Nú einnig sem kilja

Bert er bestur

Bert er ástfanginn eina ferðina enn.
Til að fanga athygli stelpunnar skráir hann sig í leiklistarhóp með kostulegum afleiðingum.
Prakkarinn Bert er samur við sig í þessari nýju bók.

Hvolpurinn Depill

Depill er týndur og mamma hans, Doppa er að leita að honum. Börnin hjálpa Doppu að leita með því að lyfta flipum og sjá hvað leynist undir þeim.

Fróðleiksbók handa börnum

Vísindi og fræði kynnt á auðskilinn og skemmtilegan hátt. Nákvæmar myndir sýna efnið í smáatriðum og undir flipum leynast spennandi þekkingarmolar. Aðgengilegur texti sem börnin lesa sjálf eða er lesinn fyrir þau.



Áttaðu þig á tilgangi lífs þíns



Loksins fáanleg á ný, nú í kilju eftir höfund metsölubókarinnar Mátturinn í núinu. Vegvísir að hamingju og heilbrigði.

„Megintilgangur þessarar bókar er ekki að bæta nýrri vitneskju eða skoðunum í huga þinn eða reyna að sannfæra þig um eitt eða neitt, heldur stuðla að vitundarbreytingu, það er að segja vakningu.
Þessi bók fjallar um þig ..."

Smiler getur breytt öllu

Í þessari bók lærir þú um mátt þess að brosa og hve megnug við erum að skapa. Sannar sögur höfundar krydda á skemmtilegan hátt mátt þessarar speki.

„Hér er dásamleg staðfesting á því að hægt er að finna – og svo sannarlega skapa – kærleika og gleði í lífinu öllu, með verkfæri sem þig mun undra hversu auðvelt er að nota.
Þetta er bók sem getur breytt lífi allra, alls staðar."
Neale Donald Walsch, höfundur metsölubókanna Samræður við Guð.

Bókin er bæði á íslensku og ensku.

bokaforlagidbifrost@simnet.is
Sími 511 2400

Næsta stopp – Broadway?

Leikarinn og leikstjórinn Gísli Örn Garðarsson leikstýrir sýningunni The Heart of Robin Hood sem frumsýnd verður í leikhúsinu American Repertoire í Boston í næstu viku. Hann hefur dvalið vestan hafs meirihlutann af árinu og þakkar eiginkonu sinni, leikkonunni Nínu Dögg Filippusdóttur, fyrir að það hafi gengið upp að tvinna saman fjölskyldulífið og bransalífið. Hann hlakkar til að koma heim.

ANNASAMT ÁR Gísli hlakkar til að koma heim til Íslands eftir annasamt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er búinn að vera hérna stóran hluta úr árinu. Þetta er langt ferli þar sem maður þarf að eyða góðum tíma í að velja leikara, dansara, tónlistar- og fjöllistafólk í löngum og ströngum hæfnisprufum. Þær voru allar haldnar í New York og það tekur tíma að finna rétta fólkið og að púsla þessu öllu saman með öllum þeim sem að sýningunni koma," segir leikarinn og leikstjórinn Gísli Örn Garðarsson. Hann leikstýrir sýningunni The Heart of Robin Hood sem verður frumsýnd 18. desember í leikhúsinu American Repertoire í Boston. Sýningin var frumsýnd hjá Royal Shakespeare Company á Englandi fyrir tveimur árum og er nú í sýningu í Þjóðleikhúsi Norðmanna. Sýningin hefur hlotið lof gagnrýnenda bæði á Englandi og í Noregi en Gísli segir sýninguna afar áhugaverða.

„Við erum búin að snúa inntakinu á hvolf. Aðalsöguhetjan er Marion, sem brýst úr viðteknum hefðum karlaveldisins. Hún gerir uppreisn gegn umhverfi sínu og flýr inn í skóginn til að gerast útlagi. Þar mætir hún Hróa, sjálfselskum karlrembupung sem rænir frá þeim fátæku en heldur peningunum sjálfur. Þetta er saga hetju. Og hetjan er Marion."

Sýningin gæti farið víðar um Norður-Ameríku ef hún gengur vel í Boston að sögn Gísla. En gæti farið svo að Hrói Höttur endaði á Broadway?

„Það eru meiri en minni líkur á að sýningin muni eiga framhaldslíf um stóran hluta Ameríku og Kanada. Hún höfðar til stórs áhorfendahóps virðist vera. Hvort Broadway verður hluti af því ferðalagi kemur ekki í ljós fyrr en eftir frumsýningu. Það kostar um tvo milljarða að fara með sýninguna bara á Broadway þannig að það er eðlilegt að menn bíði eftir viðbrögðum í Boston áður en það skref er tekið. En það væri vissulega spennandi ef svo færi. En þetta eru háar upphæðir, sem samsvara um þremur árum af fjárveitingum til Þjóðleikhússins heima. Og það er fyrir utan fjármagnið sem fer í að sýna þetta í öllum hinum borgunum hérna," segir Gísli en dvöl hans í hinni stóru Ameríku hefur verið afar viðburðarík.

EINRÓMA LOF Leikritið um Hróa Hött hefur vakið gríðarlega lukku erlendis.

> **Þrátt fyrir að búa í hámenntuðu hverfi Harvard-háskólans hef ég deilt íbúð minni með innbrotsþjófi og rottu. Innbrotsþjófurinn hvarf sömu leið og hann kom. En ég veit ekkert hvað varð um rottuna.**
>
> *Gísli Örn Garðarsson*

„Dvölin hefur verið góð. Þrátt fyrir að búa í hámenntuðu hverfi Harvard-háskólans hef ég deilt íbúð minni með innbrotsþjófi og rottu. Innbrotsþjófurinn hvarf sömu leið og hann kom. En ég veit ekkert hvað varð um rottuna. Hér eru frábærir listamenn og vinnuaðferðir Ameríkananna hafa verið lærdómsríkar. Ég átta mig á því að ég gæti skrifað metsölubók sem heitir „Íslendingar á leið í amerískt leikhús, með viðkomu í Þýskalandi". Þetta eru mjög ólíkar þjóðir þegar kemur að listsköpun og framkvæmd hennar. Allar skemmtisögur verða tíundaðar í metsölubókinni og þar fær Selma Björnsdóttir að skrifa formálann. Þær eru margar mjög eftirminnilegar, sögurnar," segir Gísli en Selma er aðstoðarleikstjóri sýningarinnar. Eftir frumsýninguna kemur Gísli til Íslands og ætlar að halda upp á afmælið sitt, en hann verður fertugur á morgun.

„Ætli ég reyni ekki að bjóða einhverjum í smáafmælisboð við tækifæri. Það eru mörg ár síðan ég var síðast á Íslandi þegar ég átti afmæli. Þá reyndi ég að bjóða nokkrum vinum í kaffi. Björn vinur minn var sá eini sem mætti. Kannski ég nýti jólin til að rækta vináttuna við aðra vini líka. Víkingur Kristjánsson vinur minn virðist þurfa á knúsi að halda eftir því sem maður kemst næst í viðtali við hann í DV um daginn," segir Gísli sem er afar ánægður með árið sem er að líða.

„Þetta er í heild sinni búið að vera mjög afdrifaríkt ár í leikhúsinu. Eitt það umfangsmesta í sögu Vesturports. Það eru fjórar sýningar eftir okkur í sýningum í Þýskalandi, Noregi og Ameríku. Það er mikið af spennandi verkefnum í farvatninu og okkur standa nokkrar freistandi dyr opnar. Vestan, austan og sunnan hafs. Börkur leikmyndahönnuður heldur mjög vel utan um dagskrána okkar í sérhönnuðu forriti. Það lítur mjög vel út þegar maður skoðar alla litina í kerfinu hans."

En hvernig gengur að samtvinna fjölskyldulífið og bransalífið?

„Það er allt hægt þegar maður er með rétta lykilorðið. Í þessu tilfelli er það einfalt! Fjórir stafir: Nína," segir hann og vísar þar til eiginkonu sinnar, leikkonunnar Nínu Daggar Filippusdóttur.

liljakatrin@frettabladid.is

FRÆG Í ÞÝSKALANDI Vesturport frumsýndi nýverið Ofviðrið í München.

Nokkrir dómar um Hróa Hött í Noregi

„Mig langaði ekki að fara út í raunveruleikann eftir tvo tíma og tíu mínútur í Skírisskógi. En einhvern tímann verður leikhúsið að loka. Garðarsson og félagar hafa sett upp hágæðasýningu sem er ekki leiðinleg í eina sekúndu."

- Bergens Tidene

„Þeir sem eiga börn í Björgvin eru heppnir að geta boðið þeim á þessi skemmtilegheit."

- Dagbladet

„Kröftug vítamínsprauta í haustmyrkrinu. Skemmtilegt og framkvæmt með miklu ímyndunarafli."

- Periskop.no

Frá 18. nóvember

Jólamatseðill
Tapas barsins

✶ Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

✶ 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið
Tvíreykt hangikjöts tartar með balsamik vinaigrette
Rauðrófu- og piparrótargrafinn lax
Spænsk marineruð síld með koriander og mangó
Léttreykt andabringa með malt- og appelsínsósu

Kalkúnabringa með spænskri „stuffing" og calvados villisveppasósu
Steiktur saltfiskur með sætri kartöflumús
Hægelduð grísasíða með heimatilbúnu rauðkáli, fíkjum og fjallagrasasósu

✶ Og í lokin tveir ljúfir eftirréttir
Rise a la mande með berjasaft
Ekta súkkulaðiterta

5.990 kr.

Tapas barinn
RESTAURANT- BAR

Vesturgata 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

ÚTSALA

ALLT VERÐUR AÐ FARA!

-60% **-40%** **-20%**

DUNLOP TOUR TP13 HERRA SETT

DUNLOP

41.590KR

STORMLITE 6" SKÓR HERRA

Stormlite

CRAZY PRICE! 4.790KR

AIRWALK AOP FÓÐRAÐUR JAKKI HERRA

AIRWALK

~~5.590KR~~ -20% 4.390KR

HOT TUNA SKÍÐAÚLPA HERRA

HOTUNA

MARGIR LITIR

14.890KR

SPORTS DIRECT - LINDUM - SKÓGARLIND 2 - KÓPAVOGI

OPNUNARTÍMI Í DESEMBER:

Opið frá 10-22

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas



facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

NÝTT KREDITKORTATÍMABIL

Hin **Fullkomna** Gjöf

Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!

Auður Karlsdottir, er komin á
101 Hárhönnun
Skólavörðustíg 8.

Svanhildur Ósk Guðjónsdóttir, er komin aftur til starfa eftir fæðingarorlof.

Verið velkomin.
S:551-3130
GLEÐILEG JÓL

Mind OUTLET.
Allar vörur á
2000kr.
Siðasti dagur
á morgun

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

HEILDARPLÖTUSALA Á ÍSLANDI EFTIR ÁRI

400.000	644.000	820.000	300.000	~450.000
EINTÖK ÁRIÐ 1993	EINTÖK ÁRIÐ 2001	EINTÖK ÁRIÐ 2005	EINTÖK ÁRIÐ 2012	EINTÖK ÁRIÐ 2013
70% erlendar plötur og 30% íslenskar plötur.		*45% erlendar plötur og 55% íslenskar plötur.*	*20% erlendar plötur og 80% íslenskar plötur.*	*20% erlendar og 80% íslenskar plötur*

Tuttugu ár af tónlist

Plötusala á Íslandi hefur breyst mikið á undanförnum árum. Plötusalan á Íslandi er þó svipuð í dag og hún var árið 1993. Tónlistarveitur á netinu hafa áhrif.

Plötusala á Íslandi hefur verið reikandi á milli ára en þó hefur sala á íslenskum titlum að mestu haldist óbreytt undanfarin ár. Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði plötusölu á Íslandi síðastliðin tuttugu ár.

Fyrir tuttugu árum var tónlistarlífið á Íslandi virkilega blómlegt og fjölbreytt. Fjölmargar tímamótaplötur komu út og margar þeirra hafa staðist tímans tönn með miklum sóma. Stærsta nafn íslenskrar tónlistarsögu á alþjóðavísu, Björk, gaf árið 1993 út sína fyrstu stóru plötu sem ber nafnið Debut og fór hún sigurför um heiminn. Bubbi Morthens var ákaflega virkur og gaf út plötuna Lífið er ljúft, ásamt því að gefa út plötuna Svefnvana með hljómsveit sinni og Rúnars Júlíussonar, GCD. Landslið poppara var einnig afkastamikið á árinu en Páll Óskar, Stjórnin, Todmobile, Ný dönsk og fleiri gáfu út plötur þetta ár.

„Það sem er forvitnilegt er það að plötusala er mjög svipuð í dag og árið 1993 en hún náði hámarki árið 2005," segir Jónatan Garðarsson tónlistarsérfræðingur og rokksögukennari. Sala á plötum, til dæmis árið 2011 og 2012 er ekki jafn dreifð og hún var á árum áður, líkt og Mugison og Ásgeir Trausti sanna.

Árið 1993 var algengt að listamenn væru að selja um fimm þúsund eintök, sem gefur gullplötur. „Þetta ár fóru ellefu plötur í gull," bætir Jónatan við. Heildarplötusalan var um þrjú hundruð þúsund eintök en einungis þrjátíu prósent af sölunni voru íslenskar plötur.

Kristján Jóhannsson seldi flest eintök af plötunni sinni, Af lífi og sál, þetta ár eða um fimmtán þúsund eintök en rétt á eftir honum kom Bubbi Morthens með þrettán þúsund eintök seld af plötunni Lífið er ljúft. Plöturnar Debut með Björk, Spillt með Todmobile, Desember með Siggu Beinteins og Ekki þessi leiðindi með Bogomil Font og Milljónamæringunum seldust í um sjö þúsund eintökum þetta ár.

Árið 2005 var metsöluár í plötusölu á Íslandi, en þá var heildarplötusalan 820 þúsund eintök og hlutfallið af því var 55 prósent íslenskt efni og 45 prósent erlent efni.

Mest seldu plöturnar voru plata Garðars Thors Cortes, sem er honum samnefnd, og platan Þú átt mig ein með Óskari Pétursyni Álftagerðisbróður, en þær seldust báðar í fimmtán þúsund eintökum. Björgvin Halldórsson seldi tólf þúsund eintök af plötunni Ár og öld og þá seldi Sigur Rós tíu þúsund eintök af plötunni Takk.

Árið 2012 var heildarplötusalan um þrjú hundruð þúsund eintök sem telst ansi lítið, en með tilkomu Spotify og annarra tónlistarveitna hefur plötusala dregist mikið saman. Íslensk tónlist var rúmlega áttatíu prósent seldrar tónlistar.

Ásgeir Trausti seldi 23 þúsund eintök af plötu sinni Dýrð í dauðaþögn en hún er komin vel yfir þrjátíu þúsund eintök í dag. Of Monsters and Men seldi ellefu þúsund eintök af plötunni My Head Is an Animal en það er þó athyglisvert að hún kom út árið 2011. Retro Stefson seldi 7.500 eintök af samnefndri plötu og Helgi Björnsson seldi fimm þúsund eintök af plötunni Heim í Heiðardalinn.

Í ár tróna Baggalútsmenn á toppnum með plötuna Mamma þarf að djamma, en sem stendur hafa um sex þúsund eintök selst. Plötur Of Monsters and Men og Ásgeirs Trausta eru komnar yfir fimm þúsund seld eintök á árinu. Aðrar plötur sem nálgast gullplötu í ár eru platan Jólakveðja sem Sigríður Thorlacius sendi frá sér, Kaleo með samnefndri hljómsveit og Helgi syngur Hauk með Helga Björnssyni.

gunnarleo@frettabladid.is

MEST SELDU PLÖTUR Á ÁRI

ÁR 1993

Kristján Jóhannsson ***Af lífi og sál*** 15.000 eintök

Bubbi Morthens ***Lífið er ljúft*** 13.000 eintök

KK band ***Hotel Föroyar*** 6.000 eintök

Todmobile ***Spillt***
Björk ***Debut***
Sigga Beinteins ***Desember***
Bogomil Font og Milljónamæringarnir ***Ekki þessi leiðindi***
Saman um 7.000 eintök

2005

Garðar Thor Cortes ***Cortes*** 15.000 eintök

Óskar Pétursson ***Þú átt mig ein*** 15.000 eintök

Björgvin Halldórsson ***Ár og öld*** 12.000 eintök

Sigur Rós ***Takk*** 10.000 eintök

Helgi Björns ***Yfir Esjuna*** 10.000 eintök

2011 **Haglél** ***Mugison*** 32.000 eintök

2012

Komin vel yfir 30.000 eintök í dag

Ásgeir Trausti ***Dýrð í dauðaþögn*** 23.000 eintök

Retro Stefson ***Retro Stefson*** 7.500 eintök

Platan kom út árið 2011 en er samt næstmest selda platan árið 2012

Of Monsters and Men ***My Head Is an Animal*** 11.000 eintök

Helgi Björns ***Heim í heiðardalinn*** 5.000 eintök

ÞAÐ SEM AF ER ÁRINU 2013



Endar líklega í kringum 8.000

Baggalútur ***Mamma þarf að djamma*** 6.000 eintök

Of Monsters and Men og Ásgeir Trausti Báðar komnar vel yfir 5.000 eintök

Sigga Thorlacius ***Jólakveðja,*** **Kaleo** ***Kaleo,*** **Helgi Björns** ***Helgi syngur Hauk.***
Nálgast allar 5.000 eintök

Allt fyrir ástina

Eyrún Ýr Tryggvadóttir
Annað tækifæri

Spennandi saga um dularfull fjölskylduleyndarmál, morð og lygar, en fyrst og fremst um ástina og óvænt tækifæri.

Jón Trausti
Anna frá Stóruborg

Þessi margrómaða saga um eldheita ást í meinum byggir á sögulegum heimildum. Saga um sjálfstæða konu sem leggur allt í sölurnar fyrir manninn sem hún elskar.

Madeline Miller
Söngur Akkíllesar

Heillandi bókmenntaverk, sem hlaut Orange-verðlaunin, örlagarík saga um ódauðlega frægð, vináttu, stolt – og ástina.

Vilhelm Moberg
Síðasta bréfið til Svíþjóðar

Síðasti hluti sögunnar um sænsku vesturfarana, Kristínu og Karl Óskar, gerist í forsetatíð Abrahams Lincoln þegar hörð átök og þjóðfélagsbreytingar eiga sér stað.

Paula Mclain
Parísarkonan

Söguleg skáldsaga um fyrsta hjónaband Ernest Hemingways. Heit ástarsaga sem gerist í París. Nú í kilju.

Salka

Kíktu á salka.is

Rafstöð

Viljum kaupa góða rafstöð, 400/230W 250kwA

Vinsamlegast sendið upplýsingar og verðhugmyndir á Fréttablaðið thjonusta@365.is

ECCO KULDASKÓR

FRÁBÆR JÓLAGJÖF

Stærðir: 36-42
Verð kr: 22.995

Stærðir: 36-42
Verð kr: 29.995

Stærðir: 40-46
Verð kr: 19.995

Stærðir: 36-42
Verð kr: 24.995

Stærðir: 36-42
Verð kr: 21.995

Stærðir: 41-46
Verð kr: 29.995

Stærðir: 40-46
Verð kr: 24.995

ecco®

ECCO - KRINGLAN - SÍMI: 553 8050

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA

Sendu sms-ið **barn** í númerið **1900**

til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur

www.unicef.is unicef

Hvar er hægt að finna ástina fyrir jólin?

Að vorinu einu undanskildu, þegar Íslendingar sleppa út lausir eins og lömb í haga, er aðdragandi jóla einn helsti uppgripatíminn á almanaki reglulegra bargesta. Hver vill eyða enn öðrum jólum einn, og hvar er hægt að finna ástina á Íslandi annars staðar en á barnum?

Með jólabónusinn í vasa og vísakort sem ekki þarf að greiða af fyrr en í febrúar sér til halds og trausts er haldið á vit ævintýranna. Til mikils er að vinna, og jafnvel þótt hætta sé á að maður endi með að þurfa að kaupa jólagjöf handa manneskju sem maður er nýbúinn að kynnast er allt lagt undir svo maður geti mætt dómhörðum ættingjum og organdi afkvæmum þeirra á jóladag með sjálfumglatt bros á vör. En hvert skal fara til að svo megi verða? Fréttablaðið fékk rithöfundinn Val Gunnarsson, sem nýverið gaf út skáldsöguna Síðasti elskhuginn, til að fara yfir á hvaða börum er líklegast að finna ástina fyrir jólin. Í Síðasta elskhuganum er nákvæm úttekt á barmenningu þjóðarinnar annars vegar og leitinni að ástinni hins vegar en Valur vonast enn eftir að finna ástina, þrátt fyrir ótal vonbrigði, en næsta stoppistöð hans er Berlín þar sem hann ætlar að skrifa aðra bók.

LEITAR AÐ ÁST
Valur Gunnarsson gaf nýverið út bókina Síðasti elskhuginn.

★★★
Ellefan
Hverfisgötu 18

Hefur það með sér að vera opin lengur en flestir aðrir staðir, en minnir óþægilega mikið á menntaskólaball. Reyksvæði í búri fyrir utan og ekki víst að maður komist aftur inn, vonlaust að tala saman nema öskra en enginn lítur þig hornauga ef þú óskrar af hjartans lyst. Stundum góðir tónleikar niðri og fólk tínist inn alls staðar að eftir að öðrum stöðum er lokað.

★★★★★
Bravó
Laugavegi 22

Frábær staður fyrir þá sem vilja kynnast áður en lengra er haldið. Heppilegur fyrir deit ef Íslendingar gerðu svoleiðis. Klikkar aldrei. Ókeypis ólívur líka.

★★★
Kaffibarinn
Bergstaðastræti 1

Líftíma flestra íslenskra bara er hægt að telja í hundaárum, en Kaffibarinn hefur haldið kúlinu frá því Balti og Blur-gæinn gengu hér um meðal dauðlegra „in ðe nærntís". Líflegt dansgólf, fínt reyksvæði og trúnóhæð uppi. Baráttan harðnar þó mjög eftir því sem líður á kvöldið og allir hundar byrja að gelta í einu. Ekki fyrir samræðuþyrsta eða viðkvæma.

★★★★
Dillon
Laugavegi 30

Gott úrval af vískíi en barþjónar kunna á því lítil skil. Vingjarnlegir dyraverðir. Andrea heldur uppi stuðinu með plötusafni sínu og ég hef séð menn eyða síðustu aurunum í drykki handa henni frekar en öðrum gellum, og er hún vel að því komin. Partí niðri, spjall uppi og gott rokk. Svo gaman að maður gleymir sér, en þegar Piano Man fer að óma er kominn tími á síðasta séns.

★★★★★
Ob-la-di Ob-la-da
Laugavegi 45A

Skemmtileg hugmynd að hafa hreinræktaðan þemabar, rétt eins og það var skemmtileg hugmynd að byggja Hlemm til að lengja miðbæjarkjarnann. Báðir staðir voru þó fljótt teknir yfir af þeim sem ekki höfðu í önnur hús að venda. (Hauskúpa. Nema gæði séu engin fyrirstaða, þá fimm).

★
Sjöan
Frakkastíg

Ódýrasti bjórinn í bænum og því ágætur fyrri part kvölds. Ef einhver hér vill gista hjá þér er það líklega vegna þess að hann er heimilislaus.

★★★
Karókí Sport bar
Frakkastíg 8

Helst fyrir áhugafólk um karókílistina og Meatloaf, sem er mun fleira en mann hefði grunað. Eins og með Júróvisjón má þó hafa gaman af, að sjálfsögðu undir því yfirskini að maður sé að grínast.

★★★
Prikið
Bankastræti 12

Örlítið mannlegri útgáfa af Ellefunni.

★★
B5
Bankastræti 9

Sama og Vegamót, nema óruggara að vera ríkur líka ef maður ætlar á barinn. Þykir þó minna fínt að bjóða hingað í hádegismat daginn eftir. Nema ef illa tekst til, þá eru hamborgararnir góð leið til að gleyma sorgum sínum.

★★★★
Loftið
Austurstræti 9

„Upscale" útgáfa af Ölstofunni. Hringlaga bar, lögfræðingar og bisnessmenn og líklega það næsta sem maður kemst 2007 árið 2013. En á núverandi gengi.

★★
Hressó
Austurstræti 20

Heimili hinna listrænu, hinna skrítnu og hinna reykjandi á daginn. Besta reyksvæði bæjarins þar sem hægt er að skrifa skáldsögur eða spila fussball, en hnakkafaktorinn eykst eftir því sem líður á kvöldið. Hætta er á að lenda á hljómsveit sem spilar allan bannlista hljóðfæraverslana, frá Knocking on Heaven's Door til Smoke on the Water. Enginn dráttur er þess virði.

Amsterdam
Hafnarstræti 5

Við hættum okkur ekki svo langt yfir læk svona seint um kvöld. (hver veit?)

★★★
Kaldi
Laugavegur 20B

Meira hipp og kúl útgáfa af Ölstofunni, með betra bjórúrval og listamenn sem staddir eru nær upphafi ferilsins en endalokunum. Mikið af samræðuskotum og gott reyksvæði í portinu, en oft röð fyrir utan.

★★★★
Ölstofan
Vegamótastig 4

Himnaríki, helvíti og hreinsunareldur á einum stað. Engin þörf að kunna að dansa, lág tónlist ýtir undir samræður og upphitað reyksvæði og hringlaga bar auðvelda leikinn. Heimavöllur einmana lögfræðinga, útbrunninna poppara og stöku hjúkrunarfræðings á leið til eða frá Noregi. Drykkfelldir blaðamenn ekki jafn algeng sjón og þeir voru áður, að undirrituðum undanskildum.

Jólatilboð

ÞÚ BORGAR KR. 5.000 EN FÆRÐ KR. 8.000 INNEIGN

GOSI SKEMMTIR ÁHORFENDUM

LAUGARDAG KL. 15:00 - 16:00

SÍÐASTI SÉNS AÐ FARA Í FALLTURNINN UM HELGINA

Jól í Skemmtigarðinum

14 DES	15:00 – 16:00	GOSI SÝNIR LEIKÞÁTT OG SKEMMTIR ÁHORFENDUM
	17:00 – 18:00	SVENNI FJALLABRÓÐIR SYNGUR JÓLALÖG
15 DES	15:00 – 16:00	3 JÓLASVEINAR MEÐ JÓLABALL Á EFRI HÆÐINNI
	17:00 – 18:00	LOTTA KYNNIR JÓLADISKINN SINN
21 DES	15:00 – 16:00	LANGLEGGUR OG SKJÓÐA
	17:00 – 18:00	SVENNI FJALLABRÓÐIR SYNGUR JÓLALÖG
22 DES	15:00 – 16:00	3 JÓLASVEINAR MEÐ JÓLABALL Á EFRI HÆÐINNI
	16:00 – 17:00	LOTTA KYNNIR JÓLADISKINN SINN

ÓKEYPIS AÐGANGUR Á ALLA VIÐBURÐI

OPNUNARTÍMI

Mánudaga til fimmtudaga kl. 14 til 22
Föstudaga kl. 14 til 23
Laugardaga kl. 12 til 23
Sunnudaga kl. 13 til 22

pepsi

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

www.skemmtigardurinnsmaralind.is

Tískuspekúlanti Íslands fagnað

Dömudeild JÖR var opnuð á Laugavegi 89 á fimmtudagskvöldið. Maðurinn á bak við JÖR er fatahönnuðurinn Guðmundur Jörundsson sem hefur verið gríðarlega vinsæll í íslenskum tískubransa síðustu misseri. Á næsta ári fer hann meðal annars á tískusýninguna Copenhagen Fashion Summit með sköpunarverk sín og því ekki að undra að margir góðir gestir hafi mætt í opnunarpartíið á fimmtudagskvöld til að samgleðjast einum fremsta tískuspekúlant Íslands.

HÆFILEIKARÍKIR BRÆÐUR Tónlistarmaðurinn Þórður Jörundsson og fatahönnuðurinn Guðmundur Jörundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

SMEKKLEGAR Bergrún Helgadóttir, verslunarstjóri hjá JÖR, og Birta Ísólfsdóttir, sigurvegari Hannað fyrir Ísland.

TÍSKUTRÍÓ Nökkvi Nils, Elsa Ýr og Þorvaldur Hrafn.

MEÐ PUTTANN Á TÍSKUPÚLSINUM Arnar Gauti og Þórunn Högna, annálað smekkfólk.

Misstu alla von um að finna ástina á bar

Jólastórtónleikar með Kvennakórnum Kötlu og Karlakórnum Bartónum verða í Gamla bíói á þriðjudag. Karlakórinn var stofnaður af fastagestum Kaffibarsins.

Karlakórinn Bartónar og Kvennakórinn Katla efna til uppákomu í Gamla bíói á þriðjudaginn sem kallast Jólastórtónleikar. Karlakórinn Bartónar er fjögurra ára gamall karlakór sem var stofnaður af fastagestum Kaffibarsins.

„Upphaflega var hugmyndin að æfa eitt skemmtiatriði til að troða upp eitt kvöld, en þetta endaði sem þrjátíu manna karlakór sem hefur starfað óslitið síðan," segir Jón Svavar Jósefsson, kórstjóri Bartóna.

„Við fórum í samstarf við Kvennakórinn Kötlu í fyrra. Kórstýrurnar eru þær Hildigunnur Sverrisdóttir og Lilja Dögg Gunnarsdóttir. Ástæðan fyrir því að við fórum í þetta samstarf var að strákarnir voru almennt mikið í makaleit, sem var kannski fyrirséð, enda allir fastagestir á bar. Þeir voru búnir að missa alla von um að finna ástina á barnum og vildu leita að henni eftir öðrum leiðum. Þess vegna fundum við upp á þessu. Við héldum jólatónleika með Kvennakórnum Kötlu í fyrra til styrktar Barnaspítala Hringsins og það má segja að við höfum fengið það sem við vorum að leita eftir út úr þessu samstarfi. Þess vegna ákváðum við að endurtaka leikinn með enn stærri tónleikum fyrir þessi jól. Við færðum okkur úr Tjarnarbíói yfir í Gamla bíó þar sem er töluvert stærri salur."

GÓÐ SÖFNUN 101 þúsund krónur söfnuðust til styrktar Barnaspítala Hringsins á jólatónleikunum í fyrra.

Ágóðinn af tónleikunum rennur til Krafts, sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem hefur greinst með krabbamein. Jón Svavar segir vera ástæðu til að hvetja fólk sem er bugað af svartsýni og neikvæðni til að mæta.

„Við erum bjartsýnisfólk. Yfirbragð þessara kóra er svo létt. Tónleikunum má líkja við eins konar andlegt hopp. Við fáum áheyrendur til að hoppa með okkur. Markmiðið er að bæta andlega heilsu áheyrenda. Ekki veitir af. Mér finnst fólk ansi neikvætt oft og ekki nógu djarft. Það heldur sig til baka með óöryggi. Við bjóðum fólki upp á andlega megrun á neikvæðni og svartsýni. Það má segja að tónleikarnir okkar séu sjálfshjálparbók í tónleikaformi. Samkvæmt jólagjafaspesíalistum er jólagjöfin í ár sjálfshjálparbók. Hugmyndalausum foreldrum sem eiga ólæsa unglinga má benda á að það má gefa miða á tónleikana í snemmbúna jólagjöf."

> **Ástæðan fyrir því að við fórum í þetta samstarf var að strákarnir voru almennt mikið í makaleit, sem var kannski fyrirséð, enda allir fastagestir á bar.**
>
> *Jón Svavar Jósefsson*

Jólastórtónleikarnir fara fram í Gamla bíói þriðjudaginn 17. desember klukkan 20.

ugla@frettabladid.is

H&H

RISA JÓLA SKÓSPRENGJA Í FULLUM GANGI

50-90% afsláttur

Nýtt korta-tímabil

MasterCard

VISA

Opið til 22.00 í Smáratorgi alla daga til jóla

Toppskórinn Outlet

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 •
Laugardaga: 11-16 Sunnudaga: 13-17

Toppskórinn Markaður

Smáratorgi, Kópavogi
Opið alla daga frá 11-22
nema sunnudaga 12 - 22

Hefðarperri á yfirsnúningi

BAKÞANKAR
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur

Inni í mér búa tvær ólíkar manneskjur. Önnur þessara manneskja elskar hið óvænta, er lítið fyrir að plana langt fram í tímann og á í engum erfiðleikum með að taka epískar skyndiákvarðanir.

HIN manneskja er haldin einhverri sjúklegri þráhyggju gagnvart hefðum og hjátrú.

SÚ týpa er með sléttar tölur á heilanum. Hún verður alltaf að hafa hljóðstyrkinn á sjónvarpinu á sléttri tölu. Hún borðar alltaf tvö M&M í einu og þau verða að vera í sama lit. Hún biður til Guðs í hvert einasta sinn áður en hún leikur á sviði og hún á mjög, mjög, mjög erfitt með að borða kökur og sætabrauð með skeið. Gaffall skal það vera!

NÚ er sá tími genginn í garð þar sem hefðarperrinn er á yfirsnúningi. Það má alls ekki byrja að skreyta fyrr en á fyrsta sunnudegi í aðventu. Tja, nema jólatréð sem á að sjálfsögðu að skreyta á Þorláksmessukvöld. Á þessum fyrsta sunnudegi í aðventu eru líka bakaðar tvær smákökusortir og piparkökuhúsið skreytt. Og þetta piparkökuhús er ekki borðað hvenær sem er. Ó, nei. Það skal borðað á þrettándanum. Og perrinn getur ekki farið að sofa á þrettándanum fyrr en hvert einasta sönnunarsnifsi um jólin er komið niður í kassa og inn í geymslu. Á aðfangadag og jóladag má alls ekki smakka áfengi í kringum þessa týpu og þegar klukkan slær miðnætti á gamlárskvöld skulu allir hennar nánustu vera kysstir í bak og fyrir á meðan þessi tjúnaði karakter heldur aftur af tárunum.

ÞAÐ er bara ein manneskja sem getur dílað við þennan maníska hefðarsjúkling og sannfært hann um að breyta út af vananum. Það er dóttir mín. Ég fæ ekki að hafa hana eins mikið og ég vil og því þarf að haga hefðunum eftir henni.

Í ár verður jólatréð skreytt nokkrum dögum fyrir Þorláksmessu og ég fæ ekki að kyssa hana í bak og fyrir þegar nýja árið gengur í garð. En ég fæ að sjá þegar hún opnar pakkana sína á aðfangadag.

SKÍTT með hefðir – hún er þess virði að brjóta allar reglur fyrir.

Góð leið til að kynnast fólkinu

Smákökusamkeppni íbúa í blokkinni að Kríuhólum 2 í Breiðholti vekur athygli.

„Þetta er kjörið tækifæri fyrir fólkið í blokkinni til þess að kynnast betur," segir Katrín Sigurbjörg Sveinsdóttir sem stendur fyrir smákökusamkeppni í blokkinni sinni, Kríuhólum 2, í Breiðholti. Hún segir hugmyndina hafa kviknað þegar hún bakaði smákökur ásamt meðleigjanda sínum.

„Okkur datt þetta í hug þegar við vorum að baka nokkrar sortir. Okkur langaði að hafa samkeppni fyrir allt Breiðholtið en sáum að fyrirvarinn var of lítill. Við ákváðum því að byrja smærra og hafa þetta bara í blokkinni okkar," segir Katrín. Hún segir að þetta geti verið góð leið til að brjóta ísinn í samskiptum við nágrannana. „Þetta er tilvalin leið til að koma fólki saman og hrista upp í lífinu. Við viljum auka félagsandann í blokkinni. Hér búa rosalega margir en maður talar kannski bara við nokkra íbúa. Vonandi gefur þetta öllum tækifæri til að kynnast."

Keppnin fer fram á fimmtudaginn í næstu viku. „Við ætlum að halda hana í þvottahúsinu í blokkinni, þar er fín aðstaða. Við vonum að þetta verði að árlegri hefð," segir Katrín.

- kak

VONGÓÐ Katrín vonar að sem flestir nágranna sinna taki þátt.

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR TANGLED OG WRECK-IT RALPH
★★★★★ USA TODAY JÓLAMYNDIN Í ÁR ★★★★★ LOS ANGELES TIMES
Disney FROSINN
"BESTA TEIKNIMYND DISNEY SÍÐAN LION KING"
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
L

JASON STATHAM JAMES FRANCO WINONA RYDER KATE BOSWORTH
GRJÓTHÖRÐ SPENNUMYND MEÐ JASON STATHAM
HOMEFRONT 16

VINCE VAUGHN DELIVERY MAN
★★★★½ VARIETY
FAÐIR 533 BARNA. BARA VESEN!
FRÁBÆR GAMANMYND 12

MACHETE KILLS 16

★★★★ TOTAL FILM ★★★★ EMPIRE
CHRIS HEMSWORTH TOM HIDDLESTON
VAR BARA BYRJUNN
THOR THE DARK WORLD 12

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D FORSÝND	KL. 8 (LAU)	12
FROZEN ENSK TAL 2D	KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	L
FROSINN ÍSL TAL 2D	KL. 1 - 2 - 3:20 - 4:20 - 5:40	L
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 1:20 - 3:40 - 6	L
HOMEFRONT	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
HOMEFRONT VIP	KL. 3:20 (LAU) 5:40 - 8 - 10:20	
MACHETE KILLS	KL. (8 - 10:20(SUN)) 10:40 (LAU)	16
DELIVERY MAN	KL. 8 - 10:20	12
THOR - DARK WORLD 3D	KL. 8	12
ENDER'S GAME	KL. 3:20	10
ESCAPE PLAN	KL. 10:40(SUN)	16

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
FROZEN ENSK TAL 2D	KL. 8	L
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40	L
FROSINN ÍSL TAL 2D	KL. 2 - 4:40	L
HOMEFRONT	KL. 8 - 10:20	16
MACHETE KILLS	KL. 10:20	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D FORSÝND	KL. 10:10 (SUN)	12
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40	L
FROSINN ÍSL TAL 2D	KL. 1 - 3:20	L
HOMEFRONT	KL. 1 - 3:20 - 5:45 - 8 - 10:15	16
DELIVERY MAN	KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	12
ENDER'S GAME	KL. 5:30	10
ESCAPE PLAN	KL. (8 - 10:30(SUN))	16
THOR - DARK WORLD 3D	KL. 8(SUN)	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI		
FROSINN ÍSL TAL 2D	KL. 1 - 3:20 - 5:40 (2 - 4:20(SUN))	L
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40	L
FROZEN ENSK TAL 2D	KL. 8	L
FALSTAFF ÓPERA	KL. 17:55	L
HOMEFRONT	KL. (8 - 10:20(SUN)) (9:30 - 10:20 - 11:40(LAU))	16
MACHETE KILLS	KL. 10:20(SUN)	16
DELIVERY MAN	KL. 8	12
THOR - DARK WORLD 2D	KL. 10:20	12

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D FORSÝND	KL. 8(LAU)	12
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40	L
FROSINN ÍSL TAL 2D	KL. 2 - 4:20	L
FROZEN ENSK TAL 2D	KL. 8	L
HOMEFRONT	KL. 10:20(LAU) (8 - 10:20(SUN))	16
HUNGER GAMES: CATCHING FIRE	KL. 10:20	12

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

FORSÝND LAU. OG SUN.
HOBBIT 12

FRÁ FRAMLEIÐENDUM „TANGLED" OG „WRECK-IT RALPH"
FROSINN L

12 TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG YFIR 32.000 MANNS Í AÐSÓKN!
THE HUNGER GAMES CATCHING FIRE
LÚXUS

PIONEER 16

SMÁRA BÍÓ *LAUGARDAGUR **SUNNUDAGUR	5%	
THE HOBBIT 2 3D	KL. 8** (FORSÝNING - SUN.)	12
FROSINN 2D	KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40	L
FROSINN 3D	KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40	L
THE HUNGER GAMES 2	KL. 3 - 6 - 8 - 9 - 11*	12
THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS	KL. 2 - 5 - 8 - 11*	12
THE COUNCELOR	KL. 8 - 10.30*	16
CAPTAIN PHILIPS	KL. 9*	12
FURÐUFUGLAR 2D	KL. 1 (TILBOÐ) 3.30 - 5.50	L
TÚRBÓ 2D	KL. 1 (TILBOÐ)	L

HÁSKÓLA BÍÓ	5%	
THE HOBBIT 2 3D	KL. 8* (FORSÝNING - LAU.)	12
SKÁLMÖLD OG SINFÓ	KL. 9**	L
PIONEER	KL. 3.40 (TILBOÐ) 6 - 9	16
MANDELA	KL. 6 - 9	12
THE HUNGER GAMES	KL. 4.30* (TILBOÐ) 6** - 9	12
HROSS Í OSS	KL. 4 - 6	7
FURÐUFUGLAR 2D	KL. 3.40 (TILBOÐ)	L

BORGAR BÍÓ		NÁNAR Á MIÐI.IS	
PIONEER	KL. 6 - 8	16 / MANDELA	KL. 10
THE HUNGER GAMES 2	KL. 3.20 - 6 - 9		12
FURÐUFUGLAR 2D	KL. 3.20		L

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%

ÍSL TAL L
FROSINN

FORSÝNING
HOBBIT 12

T.V. - Bíóvefurinn.is
THE HUNGER GAMES CATCHING FIRE 12

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
FURÐU FUGLAR ÍSLENSKT TAL L

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
FROSINN 3D	1:45, 4	L
FROSINN 2D	1:45, 4	L
HUNGER GAMES 2	7, 8, 10	12
THE HOBBIT - BARA LAUG	10 - FORSÝNING	12
FURÐUFUGLAR 2D	2	L

Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ÍSL TAL SÝND Í 2D OG 3D
FROSINN TILBOÐ KL. 1:45
FURÐU FUGLAR ÍSLENSKT TAL SÝND Í 2D TILBOÐ KL. 2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

FROSINN 2D 3D
KL. 13 SMÁRABÍÓ Í 2D OG 3D

TILBOÐ Í SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
TURBO 2D KL. 13 SMÁRABÍÓ Í 2D
FURÐU FUGLAR ÍSLENSKT TAL 2D KL. 13 SMÁRABÍÓ Í 2D KL. 15.40 HÁSKÓLABÍÓ Í 2D

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR TANGLED OG WRECK-IT RALPH
★★★★★ JÓLAMYNDIN Í ÁR ★★★★★
Disney FROSINN
"BESTA TEIKNIMYND DISNEY SÍÐAN LION KING"
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
SAMBÍÓIN SPARBÍÓ

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS
MANDELA LONG WALK TO FREEDOM
GRAVITY 3D
PHILOMENA
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

ÍSLENSK TÓNLIST
í jólapakkann

Áritanir um helgina

KRINGLAN laugardag
kl. 13 Steinar
kl. 14 Geirmundur Valtýsson
kl. 15 KK og Ellen
kl. 16 Kaleo

KRINGLAN sunnudag
kl. 13 Þór Breiðfjörð
kl. 14 Helgi Björns
kl. 15 Dr. Gunni
kl. 16 Kaleo

SMÁRALIND laugardag
kl. 17 Páll Óskar

SMÁRALIND sunnudag
kl. 16 Íkorni

TVÆR GLÆSILEGAR VERSLANIR í KRINGLUNNI og SMÁRALIND

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN OG SMÁRALIND · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

Aðeins Ronaldo skákar Alfreð

FÓTBOLTI Alfreð Finnbogason skoraði tvö mörk fyrir Heerenveen í 2-1 sigri á PEC Zwolle í hollensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Alfreð er markahæsti leikmaður deildarinnar með 16 mörk í 14 leikjum.

Alfreð skoraði 14 deildarmörk í deildinni fyrir áramót í fyrra. Hann hefur því skorað tveimur mörkum meira en á auk þess að eiga einn leik til góða áður en árið er úti. Alfreð varð þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar í fyrra með 24 mörk.

Aðeins Cristiano Ronaldo hjá Real Madrid hefur skorað fleiri deildarmörk en Alfreð ef horft er til stærstu deilda Evrópu. Ronaldo hefur skorað 17 mörk á Spáni en Luis Suarez hjá Liverpool og Diego Costa hjá Atletico Madrid koma næstir með 15 mörk. Zlatan Ibrahimovic hefur skorað 13 fyrir PSG í Frakklandi, Giuseppe Rossi 12 mörk fyrir Fiorentina á Ítalíu og Robert Lewandowski 11 mörk fyrir Dortmund í Þýskalandi.

- ktd

Endurtekur sagan sig hjá Alexander?

HANDBOLTI Óvissa er um þátttöku Alexanders Petersson á EM í janúar. Prálát axlarmeiðsli eru að plaga Alexander og mun það væntanlega liggja fyrir í næstu viku hvort hann treysti sér til að spila.

Sömu axlarmeiðsli urðu þess valdandi að hann missti af HM í janúar. Aðstæður nú eru mjög svipaðar og þær voru þá.

Alexander gengur vel þessa dagana hjá Rhein-Neckar Löwen. Í desember í fyrra átti hann öflugan leik og tryggði sínu liði sigur skömmu áður en hann dró sig út úr hópnum.

ALEXANDER PETERSSON

Hann er nýbúinn að eiga stórleik gegn Kiel og tryggja Löwen sigur gegn meisturunum. Það er aftur á móti eitt að spila vel í einstaka leik en annað að spila jafnvel átta leiki á tveimur vikum með landsliðinu.

Þessi meiðsli sem Alexander er að glíma við hafa plagað hann lengi. Hann tók þátt á EM árið 2012 en varð að hætta vegna meiðslanna.

Á HM árið 2011 var hann einnig langt frá því að vera heill heilsu en píndi sig áfram líkt og oft áður. Fyrir síðasta mót tók skynsemin völdin hjá honum.

„Hingað til hef ég hugsað til skemmri tíma og oft tekið þátt í stórmótum og barist við meiðsli á sama tíma. Þetta er mjög erfið ákvörðun en ég tel að ég muni koma sterkari til baka. Jafnvel vélmenni þurfa að fara í viðgerð," segir Alexander við Fréttablaðið er hann dró sig út úr hópnum fyrir ári.

- hbg

Þurfti að finna hungrið á nýjan leik

Kári Steinn Karlsson ætlar að hlaupa maraþon í mars á næsta ári í fyrsta sinn síðan á Ólympíuleikunum í London og stefnir að því að vera í hópi fljótustu manna á EM í Zürich. Hann átti erfitt uppdráttar á fyrri hluta ársins og segir álagið vegna ÓL hafa komið sér í koll.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is

FRJÁLSÍPRÓTTIR Kári Steinn Karlsson maraþonhlaupari er reiðubúinn að taka á móti nýju ári með bros á vör eftir rysjótt gengi á árinu sem er að líða. Hann viðurkennir að álagið sem fylgdi því að keppa á Ólympíuleikunum í London hafi reynst honum erfiðara en hann reiknaði með fyrirfram.

„Ég er búinn að vera nokkuð óheppinn með meiðsli eftir Ólympíuleikana og framan af þessu ári. Ég varð veikur þar að auki, fékk til dæmis kinnholusýkingu, og náði mér því aldrei almennilega á strik," sagði Kári Steinn.

Hann keppti á Smáþjóðaleikunum í vor en segist hafa verið algjörlega „flatur" þar. „Ég náði ekki þeim árangri sem ætla mátti miðað við þá vinnu sem ég hafði lagt í undirbúninginn. Ég var með einkenni ofþjálfunar og fann hversu þreyttur ég var bæði á líkama og sál. Það vantaði alla gleði og hungrið var ekki til staðar," bætir hann við.

Það var þá sem hann ákvað að breyta um hugsunarhátt og nálgast æfingar sínar á annan máta. „Ég fór að hjóla, synda, lyfta, stunda jóga og taka þátt í fjalla- og utanvegarhlaupum í stað hefðbundinna götuhlaupa. Ég var hörkuduglegur að æfa en gerði það allt öðruvísi en áður."

Kári Steinn kom sér á kortið sem maraþonhlaupari með því að bæta Íslandsmetið í maraþoni í Berlín árið 2011. Þá tryggði hann sér um leið þátttökuréttinn á Ólympíuleikunum í London þar sem hann náði góðum árangri. En síðan þá hefur hann ekki hlaupið heilt maraþon.

„Það var stefnan að fara aftur til Berlínar á þessu ári en til þess hefði ég þurft að æfa öðruvísi en ég gerði. Það vantaði kílómetra í lappirnar og skrokkinn," segir hann en Kári Steinn sneri sér svo aftur að hefðbundnum hlaupaæfingum í september.

„Ég fann þá hversu gott ég hafði af æfingunum í sumar. Ég var fullur orku enda hefur mér gengið mjög vel á æfingunum í haust."

Ég fór yfir strikið

Hann viðurkennir að hafa líklega gengið of langt í ströngum undirbúningi sínum fyrir Ólympíuleikana. „Það er vel þekkt í þessum heimi að setja of mikla orku í svona stórt verkefni eins og Ólympíuleika. Mér finnst ekki ólíklegt að ég hafi hreinlega farið yfir strikið en maður keyrði sig áfram á andlegri orku og þeirri stemningu sem skapaðist í kringum þetta. Maður fékk svo að líða fyrir það eftir leikana og ég hefði þurft meiri hvíld en ég gaf mér. Ég hefði þurft meiri tíma til að vinna í hugarfarinu og finna hungrið á nýjan leik."

Athyglin kom á óvart

Kári Steinn segir sjálfur að öll athyglin sem hann fékk vegna Íslandsmetsins í Berlín og síðar þátttöku hans á leikunum í London hafi komið honum á óvart.

„Hún var mun meiri en ég gerði mér í hugarlund. Það eru margir hér á landi sem hafa þekkingu á útihlaupum og geta því samsamað sig með manni. Ég hef auðvitað afar gaman af því," sagði Kári Steinn.

„Svo kom allt fjölmiðlaumstangið, auglýsingar og fleira slíkt. Það var einfaldlega of mikið að gera hjá mér á þessum tíma, bæði á æfingunum sjálfum og utan þeirra."

Aldrei verið í betra formi

En nú blasir við nýtt ár og Kári Steinn hlakkar til næstu mánaða. Hann náði frábærum árangri í hálfmaraþoni í Frakklandi á dögunum og kom árangurinn þar honum mjög á óvart.

„Ég ákvað að skella mér út með fleiri félögum mínum sem voru að taka þátt í hlaupinu því ég taldi það góða æfingu fyrir mig," segir Kári Steinn sem var aðeins tveimur sekúndum frá Íslandsmetinu í greininni.

„Það kom mér mjög á óvart og sýndi mér hversu snöggur maður er að komast í rétta formið. Ég er í enn betra formi í dag og tel raunar að ég hafi aldrei verið í betri æfingu en í dag. Ég hlakka því mikið til komandi mánaða."

Stefni á topp fimmtán á EM

Kári Steinn stefnir á þátttöku á Evrópumeistaramótinu í frjálsíþróttum sem fer fram í Zürich næsta sumar. En það er fleira fram undan í vetur.

„Ég tek að einhverju leyti þátt í innanhússtímabilinu hér heima og tek svo þátt í götuhlaupunum hér heima. Ég ætla einnig að taka þátt í heimsmeistaramótinu í hálfmaraþoni í Kaupmannahöfn í mars. Þar vil ég hlaupa vel – bæta mig og setja met," segir Kári Steinn.

„Tveimur vikum eftir það er svo á dagskránni að hlaupa maraþon í Rotterdam í Hollandi en þar sem ég hef enn ekki hlaupið heilt maraþon síðan í London tel ég það tímabært nú."

STÍFAR ÆFINGAR Kári Steinn segist aldrei hafa verið í betra formi en nú. Hann stefnir hátt á Evrópumeistaramótinu á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

REYNSLUMIKILL Guðjón Valur hefur verið einn fremsti hornamaður í heimi undanfarinn áratug. NORDICPHOTOS/GETTY

Guðjón Valur hafnaði tilboði Kiel

Óvíst er hvar hornamaðurinn síungi og fyrirliði karlalandsliðsins í handbolta spilar á næstu leiktíð.

HANDBOLTI „Ég sagði bara nei við þeirra tilboði," segir Guðjón Valur Sigurðsson. Hornamaðurinn staðfesti við Fréttablaðið að hann hefði neitað samningstilboði þýsku meistaranna í Kiel. Var hann meðal annars orðaður við spænska félagið Barcelona í erlendum fjölmiðlum.

„Hvað verður kemur bara í ljós einhvern tímann seinna. Það er ekkert sem ég get sagt í augnablikinu," segir Seltirningurinn uppaldi sem er á sínu öðru tímabili hjá þýska stórliðinu. Guðjón Valur varð Þýskalandsmeistari í fyrsta skipti með liðinu í fyrra auk þess að vinna bikarinn. Liðið fór þó flatt í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu þar sem liðið ætlaði sér stóra hluti.

Ljóst er að Kiel mun ekki verja bikarmeistaratitil sinn þetta árið eftir tap fyrir Rhein-Neckar Löwen í vikunni. Liðið er þó í hörkubaráttu í deildinni einu stig eftir toppliði Flensburg og með leik til góða.

„Nú er bara að klára þessa fjóra leiki fram að jólum," segir Guðjón Valur en handan við hornið er enn eitt stórmótið hjá landsliðinu. Okkar strákar hefja leik á EM í Danmörku 12. janúar þar sem liðið er í riðli með Spánverjum, Norðmönnum og Ungverjum.

„Riðillinn er rosalega sterkur. Fyrsti leikurinn kemur til með að skipta gríðarlegu máli," segir Guðjón Valur um möguleika Íslands. Norðmenn eru andstæðingurinn í fyrsta leik en svo er leikið á tveggja daga fresti.

„Mestu máli skiptir fyrir okkur að leikmenn okkar verði heilir fyrir mót," segir landsliðsfyrirliðinn. Nefnir hann þá Aron Pálmarsson og Alexander Petersson til sögunnar. Báðir skoruðu átta mörk í stórleik Kiel og Löwen í bikarnum í vikunni þrátt fyrir að vera að jafna sig eftir meiðsli.

„Það er frábært að Aron sé kominn í gang. Það er hins vegar tvennt ólíkt að spila tvisvar í viku og að fara á svona mót," segir Guðjón Valur um samherja sinn hjá Kiel. Aron var í lykilhlutverki hjá landsliðinu á HM á Spáni í janúar líkt og Guðjón Valur þar sem Ísland hafnaði í 12. sæti.

Óvissa ríkir um þátttöku Alexanders Peterssonar á mótinu. Landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson sagði við Fréttablaðið í gær að hægri skyttan myndi gefa svar eftir helgi.

„Auðvitað þurfum við á honum að halda. Þótt Geiri (Ásgeir Örn Hallgrímsson) hafi litið rosalega vel út í æfingaleikjunum á móti Austurríki þá þarf tvo menn með reynslu í hverja stöðu," segir Guðjón Valur um Alexander. Hann hafi hins vegar skilning á því ef menn ákveða að gefa ekki kost á sér. Nauðsynlegt sé að hlusta á líkamann. Vegna óvissunnar um leikmenn segir hornamaðurinn erfitt að meta möguleika okkar manna. Verði Ísland með sitt sterkasta lið séu möguleikarnir góðir.

„Ef ekki þá verður þetta helvíti erfitt," segir hornamaðurinn. Hann ítrekar þó að sama hvernig liðið verði skipað verði spilað til sigurs í öllum leikjum.

Hornamaðurinn 34 ára virðist verða betri með hverju árinu. Hann fór hamförum með landsliðinu á árinu og var langmarkahæstur allra leikmanna í undankeppni EM.

„Ég velti lítið fyrir mér hve gamall ég er eða hve lengi ég hef verið í þessu. Það er bara næsti leikur hvort sem maður er 18 ára eða 34 ára. Mér líður vel og skrokkurinn heldur," segir fyrirliðinn sem ætlar að gefa kost á sér í landsliðið á meðan hann getur.

„Ég get æft vel, mér líður vel og ég hef mjög gaman af því að spila fyrir landsliðið. Á meðan svo er geri ég það áfram." - ktd

ICELANDAIR 10-11 Fljótlegt og þægilegt Coca-Cola Domino's

RISASLAGIR UM HELGINA

Laugardag
Man. City–Arsenal kl. 12:35
Newcastle–Southampton kl. 14:50

Sunnudag
Aston Villa–Man. Utd. kl. 13:20
Tottenham–Liverpool kl. 15:50

FÍTON / SÍA

Aðeins **153** krónur fyrir hvern leik í desember.

ÆSISPENNANDI TOPPBARÁTTA

Enski boltinn hefur sjaldan verið jafn spennandi með Arsenal, Liverpool og Chelsea í efstu þremur sætunum. Manchester City hefur skorað 29 mörk í síðustu 7 leikjum á heimavelli en nú mæta þeir toppliði Arsenal. Gylfi Sig. og félagar í Tottenham mæta feikisterkum Liverpool-mönnum sem stefna á sinn fyrsta Englandsmeistaratitil í 24 ár. David Moyes og lærisveinar þurfa svo nauðsynlega sigur á Villa Park til að halda sér í toppbaráttunni.

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | 365.is

SPORT 2
enski boltinn

Eygló í sögubækurnar

Ægiskonan hafnaði í 8. sæti í 100 metra baksundi.

SUND Eygló Ósk Gústafsdóttir skráði sig í sögubækurnar í gær er hún varð fyrsta íslenska sundkonan til þess að keppa í úrslitum á Evrópumeistaramóti í 25 metra laug í Danmörku. Eygló hafnaði í áttunda sæti af tíu keppendum á tímanum 59,39 sekúndum.

Aðeins Ragnheiður Runólfsdóttir hafði áður keppt í úrslitum á stórmóti. 22 ár eru liðin síðan Skagakonan keppti í úrslitum í 100 metra bringusundi á EM í Aþenu árið 1991. Ragnheiður var valin íþróttamaður ársins það ár.

„Ég er mjög ánægð með árangurinn. Ég ætlaði mér að komast í úrslit en bjóst ekki við því að enda svona ofarlega," segir Eygló sem var með fjórtánda besta tíma allra keppenda í greininni. Eygló bætti Íslandsmet sitt í greininni á fimmtudag þegar hún synti á 59,26 sekúndum.

„Ég var minna stressuð þá og það gæti hafa spilað inn í," segir sundmærin átján ára úr Ægi. Hún segir hafa verið afar gaman að keppa í úrslitum og reynslan muni nýtast henni vel.

Stemningin var gríðarlega góð í sundhöllinni í Herning þegar Eygló stakk sér til sunds. Heimakonan Mie Nielsen þótti líkleg til afreka og sú sautján ára stóð undir væntingum. Nielsen kom fyrst í mark á 55,99 sekúndum við mikinn fögnuð áhorfenda sem voru á fjórða þúsund.

Eygló keppir í 50 metra baksundi í dag og ætlar að njóta þess að synda afslöppuð enda er um aukagrein að ræða hjá henni. Stóra stundin verður á morgun í 200 metra baksundi.

„Ég ætla að synda hratt," segir Eygló og markmið hennar er klárt. Ægiskonan ætlar í úrslit.

- ktd

LANDSLIÐSKONA Hallbera Guðný í leik með íslenska landsliðinu á Algarve-mótinu fyrr á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY

Mitt síðasta ævintýri

Hallbera Guðný Gísladóttir hefur samið við Torres á Ítalíu og mun spila með liðinu út leiktíðina. Eftir það segir hún skilið við atvinnumennskuna og flyst alfarið heim. „Við stelpurnar þurfum að hugsa þetta öðruvísi," segir hún.

FÓTBOLTI Landsliðskonan Hallbera Guðný Gísladóttir hefur samið við toppliðið í ítölsku úrvalsdeildinni, ASD Torres sem hefur aðsetur á eynni Sardiníu. Samningurinn gildir til loka tímabilsins en þá er ætlunin að hún snúi aftur heim til Íslands og spili í Pepsi-deild kvenna.

„Ég veit nú ekki mikið um ítalska boltann en ég spilaði gegn tveimur liðum frá Ítalíu með Val í Evrópukeppninni á sínum tíma. Annað þeirra var Torres og var mjög sterkt," sagði hún við Fréttablaðið í gær en þá var hún á heimleið eftir að hafa skrifað undir samninginn.

„Hér lítur allt saman mjög vel út. Ég náði tveimur æfingum og það var gott tempó á þeim," segir hún en það var Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari og fyrrverandi þjálfari Vals, sem kom forráðamönnum Torres í sambandi við Hallberu.

Höfðu samband í gegnum Val

„Þeir voru að leita að kantmanni og höfðu haldið góðu sambandi við nokkra hjá Val eftir að liðin spiluðu í Evrópukeppninni. Þannig fór þetta af stað," segir Hallbera sem hefur síðustu tvö árin spilað með Piteå í Svíþjóð. Hún hafnaði nýju tilboði frá félaginu í haust, sem og frá öðrum liðum á Norðurlöndunum. „Svo kom þetta upp og þá ákvað ég bara að kýla á þetta – klára þennan vetur og koma svo heim. Ég er búin að ákveða að þetta verði mitt lokaævintýri í útlöndum," segir hún og segir ýmsar ástæður fyrir því.

„Ég verð 28 ára á næsta ári og mér finnst tímabært að ég fari að koma mér almennilega fyrir á Íslandi. Þetta er ekki eins og hjá körlunum í atvinnumennskunni sem geta bara safnað peningum og keypt sér svo hús þegar heim er komið eftir ferilinn. Við stelpurnar verðum að hugsa þetta öðruvísi," útskýrir Hallbera og bætir við að það sé tímabært að byrja að lifa „fullorðinslífi" eins og hún orðaði það.

„Ég er sátt við að hafa prófað og ég hef lært heilmikið af þessum árum í Svíþjóð. Það voru forréttindi að geta einbeitt sér að því að spila fótbolta en ég er bara þannig gerð að ég þarf að hafa meira fyrir stafni," segir Hallbera sem stefnir að því að fara í háskóla í haust.

Vil koma aftur í Val

Ferlinum er þó hvergi nærri lokið og gerir hún ráð fyrir því að spila með landsliðinu eins lengi og það stendur henni til boða. Og hún neitar því ekki að hugurinn stefnir aftur í Val þegar heim verður komið.

> **Þetta er ekki eins og hjá körlunum í atvinnumennskunni sem geta bara safnað pening og keypt sér hús.**
>
> *Hallbera Guðný Gísladóttir leikmaður Torres ASD*

„Það er ekkert ákveðið enn en ég hef átt í viðræðum við Val. Ég vil gjarnan fá að koma aftur og taka minnst eitt tímabil með þessum kjarna leikmanna sem er enn hjá liðinu," segir Hallbera sem er uppalin Skagamær. Samningur hennar við Torres er til 1. júní en hún þarf þá að bíða til 15. júlí þar til opnað verður fyrir félagaskipti hér á landi.

Hallbera heldur út strax eftir áramót og vonast til að verða komin með leikheimild þegar Torres á leik 5. janúar. Hún neitar því ekki að það sé spennandi tilhugsun að fara úr vetrarríkinu í norðurhluta Svíþjóðar í Miðjarðarhafssólina. „Þetta er ýmist í ökkla eða eyra hjá mér," segir hún í léttum dúr. „Það verður ágætis tilbreyting að vera ekki í frosti í mars. Þá verður örugglega komið fínasta sumarveður hér."

eirikur@frettabladid.is

Ég kvarta ekki yfir tímasetningu

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, er hvergi banginn fyrir stórleik helgarinnar.

FÓTBOLTI Enski boltinn um helgina hefst með látum því í hádeginu tekur Man. City á móti toppliði Arsenal í stórleik helgarinnar.

Arsenal er með fimm stiga forskot á toppnum en City er í fjórða sæti, sex stigum á eftir Lundúnaliðinu. Þrjú stig eru því afar mikilvæg fyrir City í dag. Með sigri verður liðið aðeins þrem stigum á eftir Arsenal og galopnar toppbaráttuna í leiðinni.

Það er svo sannarlega ekki verið að auðvelda verkefnið fyrir Arsenal. Liðið var með síðdegisleik síðasta sunnudag, spilaði á Ítalíu í Meistaradeildinni á miðvikudag og á nú hádegisleik á laugardegi.

Mikel Arteta, miðjumaður Arsenal, vældi yfir þessu álagi í gær en Arsene Wenger, stjóri liðsins, lítur málið aftur á móti björtum augum.

„Það er gott tækifæri fyrir okkur að byrja helgina vel og setja pressu á andstæðingana. Ég kvarta ekki yfir tímasetningu leikja og við notum það ekki sem afsökun. Vissulega er lítill tími til að æfa og í raun bara endurheimt fram að leik en þannig er það bara," sagði hinn jákvæði Wenger.

Lið City er talsvert miklu dýrara en lið Arsenal en Wenger segir sinn hóp samt alls ekkert vera síðri. „City er með mjög sterkan hóp en þegar ég horfi á minn hóp þá öfunda ég ekki City. Við erum með fleiri skapandi og fjölhæfari leikmenn. Það er auðveldara fyrir mig að gera breytingar á liðinu. City fór aðra leið en Arsenal en okkar stefna er að skila stöðugleika og árangri."

- hbg

SPORT HD

LAUGARDAGUR	
12.35 Man. City-Arsenal	Sport 2
14.50 Cardiff-WBA	Sport 3
14.50 Everton-Fulham	Sport 4
14.50 Newcastle-Southampton	Sport 5
14.50 West Ham-Sunderland	Sport 6
17.20 Hull-Stoke	Sport 2
18.50 Barcelona-Villarreal	Sport
SUNNUDAGUR	
13.20 Aston Villa-Man. Utd	Sport 2
13.20 Norwich-Swansea	Sport 3
15.50 Tottenham-Liverpool	Sport 2
16.20 HM kvenna, 16-liða úrslit	Sport 3
16.50 HM kvenna, 16-liða úrslit	Sport
19.35 HM kvenna, 16-liða úrslit	Sport 4
19.05 HM kvenna, 16-liða úrslit	Sport 3
19.50 Atletico Madrid-Valencia	Sport

WENGER Mætir með jákvætt hugarfar til leiks. NORDICPHOTOS/GETTY

TOM DIXON

ETCH

ETCH Candle holder

Skipholti 37
Sími 568 8388, lumex.is
Opið laugardaga frá 11-16

LUMEX
Síðan 1985

Jólalestin kemur í dag!

Hin árlega Jólalest Coca-Cola fer um höfuðborgarsvæðið í dag með tilheyrandi jólatónum og ljósadýrð.

Jólalestin leggur af stað með jólasveininn í broddi fylkingar frá höfuðstöðvum Vífilfells að Stuðlahálsi kl. 16:00 í dag.

í dag kl. 16

Frá kl. 17:00-18:00 ekur hún um miðbæ Reykjavíkur og niður Laugaveg. Lestin mun svo stoppa í Smáralind kl. rétt rúmlega 18:00. Tímasetningar eru háðar umferð og færð og geta breyst lítillega.

Fylgstu með ferðum Jólalestar Coca-Cola á Coke.is og á Bylgjunni FM 98,9.

© 2013, The Coca-Cola company.
Coca-Cola and the Contour bottle are registered trademarks of The Coca-Cola Company.

DAGSKRÁ

SUNNUDAGUR

Stöð 2 kl. 19.15
Sjálfstætt fólk
Jón Ársæll Þórðarson kann listina að nálgast viðmælanda sinn og hér heldur hann áfram að taka hús á áhugaverðum Íslendingum sem hafa sögur að segja.

Í KVÖLD

Stóra þjóðin
STÖÐ 2 GULL KL. 19.55 Vandaðir heimildarþættir með Ingu Lind Karlsdóttur sem fjallar um offitu á Íslandi og fer ofan í saumana á þessu vaxandi vandamáli.

Law & Order. Special Victims Unit
SKJÁR EINN KL. 21.15 Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York-borg. Lítið barn er skilið eftir fyrir utan sjúkrahús og lögreglan rannsakar málið.

Orðbragð
SJÓNVARPIÐ KL. 20.05 Í þessum þætti er meðal annars fjallað um mállýskur, veggjakrot og tíu undarlegustu hljómsveitarnöfnin. Umsjónarmenn eru Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir.

Rás 2 kl. 15.02
Nei hættu nú alveg
Spurninga- og skemmtiþátturinn Nei hættu nú alveg í umsjá Vilhelms Antons Jónssonar er á dagskrá á sunnudögum milli klukkan 15 og 16. Tvö lið keppa undir stjórn tveggja sérvalinna fyrirliðanna, sem fá til sín skemmtilegt og skrítið fólk.

STÖÐ 2

06.15 Simpson-fjölskyldan
07.00 Barnaefni Stöðvar 2
07.01 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
07.06 Strumparnir
07.30 Villingarnir
07.50 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Algjör Sveppi
09.45 Grallararnir
10.05 Ben 10
10.25 Tasmanía
10.45 Loonatics Unleashed
11.10 Ofurhetjusérsveitin
11.35 Batman
12.00 Nágrannar
13.25 Logi í beinni
14.35 Hátíðarstund með Rikku
15.05 ET Weekend
15.50 Á fullu gazi
16.20 Eitthvað annað
16.55 60 mínútur
17.45 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
17.52 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.55 Sportpakkinn *(16:30)*
19.15 Sjálfstætt fólk *(15:30)* .
19.55 Hið blómlega bú - hátíð í bæ *(3:6)*
20.25 Óupplýst lögreglumál.
21.00 The Tunnel *(3:10)*
21.55 Homeland *(11:12)*
22.55 60 mínútur *(11:52)*
23.40 The Daily Show. Global Editon
00.05 Hostages
00.50 The Americans
01.35 World Without End
02.25 Saw V
03.50 Somers Town
05.00 Óupplýst lögreglumál
05.30 Fréttir

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

08.30 Zulte-Waregem - FK Rubin Kazan
10.10 Tottenham - Anzhi Makh'kala
11.50 Paok Salonika - AZ Alkmaar
13.30 Osasuna - Real Madrid
15.10 Barcelona - Villarreal
16.50 16 liða úrslit Bein útsending
18.25 NB90's. Vol. 3
18.55 Evrópudeildarmörkin
19.50 Atletico - Valencia
21.55 Meistaradeildin - meistaramörk
22.55 16 liða úrslit Útsending frá leik í 16 liða úrslitum á HM í handbolta.
00.15 16 liða úrslit Útsending frá leik í 16 liða úrslitum á HM kvenna í handbolta.
01.35 Atletico - Valencia
03.15 16 liða úrslit

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

10.00 Hull - Stoke
11.40 Cardiff - WBA
13.20 Aston Villa - Man. Utd. Beint
15.45 Tottenham - Liverpool Beint
18.00 Chelsea - Crystal Palace
19.40 Norwich - Swansea
21.20 Man. City - Arsenal
23.00 Aston Villa - Man. Utd.
00.40 Everton - Fulham
02.20 Tottenham - Liverpool

INN

14.00 Frumkvöðlar **14.30** Eldhús Meistaranna **15.00** Vafrað um Vesturland **15.30** Áfram Vogur **16.00** Hrafnaþing **17.00** Stjórnarráðið **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og kennsla. **19.00** Fasteignafljóran **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn **22.00** Hrafnaþing **23.00** Randver í lðnó **23.30** Eldað með Holta

STÖÐ 3

14.20 Extreme Makeover. Home Edition
15.05 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
15.35 Top 20 Funniest
16.15 Make Me A Millionaire Inventor
17.00 Dads
17.20 Í eldhúsinu hennar Evu
17.40 Glee 5
18.20 Mindy Project
18.45 Mad
19.00 The Amazing Race
19.45 Offspring *(1:13)* Áströlsk þátta-röð sem unnið hefur til fjölda verðlauna í heimalandinu. Nina er fæðingalæknir sem gengur allt í haginn – ef ástin er undanskilin.
20.30 The Vampire Diaries *(15:22)*.
21.15 Do No Harm *(2:13)*
22.00 Men of a Certain Age *(1:10)* Bandarísk þáttaröð um þrjá gamla skólafélaga sem komnir eru á miðjan aldur og viðhalda vinskapnum löngu eftir að þeir útskrifuðust. Aðalhlutverkin leika Ray Romano, Andre Braugher og Scott Bakula.
22.40 The Amazing Race *(3:12)*
23.25 Offspring
00.10 The Vampire Diaries
00.50 Do No Harm
01.35 Men of a Certain Age
02.20 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

11.00 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Lukku-Láki **11.29** Ofurhundurinn Krypto **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.07** Dóra könnuður **12.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.52** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.48** Latibær **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Brunabílarnir **14.43** UKI **14.48** Ævintýraferðin **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Lukku-Láki **15.29** Ofurhundurinn Krypto **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **16.07** Dóra könnuður **16.52** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.48** Latibær **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Brunabílarnir **18.42** UKI **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Puss N'Boots **20.20** Sögur fyrir svefninn

STÖÐ 2 GULL

16.45 Strákarnir
17.15 Friends
17.35 Seinfeld
18.05 Modern Family
18.35 Two and a Half Men
19.00 Viltu vinna milljón?
19.55 Stóra þjóðin *(3:4)*.
20.25 Neyðarlínan.
20.55 Beint frá messa
21.40 Tossarnir
22.20 Kolla
22.55 Pönk í Reykjavík
23.20 Eldsnöggt með Jóa Fel
23.45 Sjálfstætt fólk
00.20 Mannshvörf á Íslandi
00.50 Réttur
01.40 Ljósvakavíkingar - Stöð 2
02.10 Heimsendir
02.55 Tónlistarmyndbönd

STÖÐ 2 BÍÓ

08.15 Broadcast News
10.25 I Don't Know How She Does It
11.55 Blackbeard
13.20 The Young Victoria
15.05 Broadcast News
17.15 I Don't Know How She Does It
18.45 Blackbeard
20.10 The Young Victoria
22.00 The Resident
23.35 Hanna
01.25 Harry Brown
03.05 The Resident

RÚV

07.00 Morgunstundin okkar
10.15 Sumarævintýri Húna
10.40 Mótorsystur
11.00 Sunnudagsmorgunn
12.10 Vertu viss
13.00 Stúdíó A
13.40 Vert að vita – ...um veðrið
14.25 Saga kvikmyndanna – Nýir leikstjórar, nýtt form - 1960-1970
15.25 Jólatónleikar í Vínarborg 2010 *(Christmas in Vienna 2010)*
16.50 Jólatónar í Efstaleiti
17.00 Táknmálsfréttir
17.10 Poppý kisuló
17.21 Teitur
17.31 Skrípin
17.35 Jóladagatalið - Jólakóngurinn *(15:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
18.00 Stundin okkar
18.25 Hraðfréttir
18.35 Íþróttir
19.00 Fréttir
19.20 Veðurfréttir
19.30 Landinn.
20.05 Orðbragð *(4:6)* Í þessum þætti er meðal annars fjallað um mállýskur, veggjakrot og tíu undarlegustu hljómsveitanöfnin. Umsjónarmenn eru Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir. Dagskrárgerð. Konráð Pálmason.
20.35 Downton Abbey *(8:9)*
22.45 Sólmyrkvi *(L'eclisse)* Þýðandinn Vittoria í Róm slítur sambandi sínu við rithöfundinn Ricardo eftir erfiða nótt. Hún kynnist verðbréfamiðlaranum Piero en samband þeirra er dauðadæmt frá upphafi.
00.45 Sunnudagsmorgunn
01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
09.05 Dr.Phil
10.35 Secret Street Crew
11.25 Hollenska knattspyrnan 2013 Beint útsending frá leik SC Cambuur og AFC Ajax í hollensku deildinni.
13.25 Hollenska knattspyrnan 2013 Bein útsending frá leik Feyenoord og FC Groningen í hollensku deildinni.
15.40 Family Guy
16.05 Parks & Recreation
16.30 The Bachelor
18.00 Hawaii Five-0
18.50 In Plain Sight
19.40 Judging Amy
20.25 Top Gear´s Top 41 *(4:8)* .
21.15 Law & Order. Special Victims Unit *(16:23)*
22.00 The Guilty - NÝTT *(1:3)*
22.50 Sönn íslensk sakamál
23.20 Under the Dome
00.10 Hannibal
00.55 The Guilty
01.45 Necessary Roughness
02.35 Beauty and the Beast
03.25 Excused
03.50 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport **09.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **12.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **15.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **18.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **21.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **00.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **03.00** Eurosport

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

ego dekor

MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM

PISA tungusófi
Stærð: 249x157cm
Verð: 159.300,-

APOLLO tungusófi
Stærð: 288x198cm
Verð: 219.300,-

STÆKKANLEGT HNOTUBORÐ
2 stærðir
160(248)X100cm Verð: 189.900,-
200(288)X110cm Verð: 209.000,

CHANARAL Armstóll
Verð: 45.000,-

PRESTON Stóll
Verð: 25.900,-

TYLER Stóll
Verð: 19.900,-

CLARK Stóll
Verð: 13.520,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

Channing Tatum

„Ég verð oft fyrir miklum áhrifum tónlistar sem ég heyri. Ef ég heyri lag sem er ógnvænlegt og hart, er ég til í að gera allt vitlaust og til í tuskið. Ef ég heyri rómatískt ástarlag langar mig helst að stunda kynlíf. Ég er mikil tilfinningavera."

Leikarinn Channing Tatum leikur eitt aðalhlutverkanna í gamanmyndinni Magic Mike sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld klukkan 21.25.

Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

UNNUR BIRNA BASSADÓTTIR TÓNLISTARKONA

Fíla hrollvekjur „Ég horfi alls ekki mikið á sjónvarp en horfi hins vegar meira á tölvuna mína. Ég fíla mest hrollvekju og spennu. Það þarf að vera mikið að gerast svo ég nenni að horfa."

1 **Sherlock.** Leikarinn Benedict Cumberbatch heldur manni á tánum með fegurð sinni. Þættirnir eru líka vel skrifaðir og spennandi.

2 **Walking dead.** Þættirnir hjálpuðu mér að komast yfir zombie-fóbíuna mína. Ég hef svo gaman af því þegar zombiearnir eru drepnir, á skemmtilegan hátt.

3 **Múmínálfarnir.** Þeir eru svo sveefandi og því er mjög gott að sofna út frá þeim. Snúður ber hins vegar höfuð og herðar yfir aðrar persónur með fögrum munnhörpuleik sínum.

Bylgjan kl. 16.00

Veistu hver ég var?

Siggi Hlö stjórnar einum vinsælasta útvarpsþætti landsins. Aðalsmerki þáttarins er tónlist frá níunda áratug síðustu aldar. Eitís.

habitat

do what you love
love what you do

20–30% AF ÖLLUM SÓFUM TIL JÓLA

MANTRA veggskraut 6.700 kr.

Til í fjórum litum

WILBO frá Habitat -Tilboðsverð:
3ja sæta sófi 156.000 kr.
2ja sæta sófi 139.000 kr.
Stóll 99.000 kr.

Opið til kl. 22 fram að jólum

LINGUA veggklukka 12.400 kr.

PRETTY LITTLE THINGS skartstandur 5.900 kr.

MOTTO myndarammi 9.800 kr.

LUNA myndarammi 11.200 kr.

MARIPOSA 2.400 kr. einnig til í hvítu

SUNFLOWER skartstandur 5.850 kr.

TEKK COMPANY OG HABITAT
KAUPTÚN 3
SÍMI 564 4400
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

TEKK COMPANY

STÖÐ 2

07.00 Barnaefni Stöðvar 2 **07.01** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **07.06** Strumparnir **07.30** Villingarnir **07.55** Hello Kitty **08.05** Algjör Sveppi **10.10** Scooby-Doo! Mystery Inc. **10.30** Kalli kanína og félagar **10.55** Young Justice
11.20 Big Time Rush
11.45 Popp og kók
12.10 Bold and the Beautiful
13.55 Óupplýst lögreglumál
14.25 Hið blómlega bú - hátíð í bæ
14.55 Heimsókn
15.20 Kolla
15.55 Sjálfstætt fólk
16.40 Íslenski listinn
17.10 Sjáðu
17.38 Leyndarmál vísindanna
17.45 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum *(4:13)*
17.52 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.50 Íþróttir
18.55 Fangavaktin
19.35 Lottó
19.40 Big Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.
21.25 Magic MIke Gamanmynd frá 2012.
23.20 Centurion Hasar og ævintýramynd frá 2010. Skosku hálöndin njóta sín vel í æsilegum bardagaatriðum.
01.00 Seven
03.05 Brüno
04.25 Unstoppable
06.00 Simpson-fjölskyldan

SPORT *besta sætið*

07.40 Meistaradeild Evrópu. Bayern Munchen - Man. City
09.20 Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Shakh'r Donetsk
11.00 Meistarad. - meistaramörk
12.00 Sportspjallið Vikulegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
13.00 Pýski handboltinn
14.20 La Liga Report
14.50 Osasuna - Real Madrid BEINT
16.55 NB90's. Vol. 3 Skemmtilegur þáttur um NBA á 10. áratugnum.
17.25 Ungverjaland - Þýskaland
18.50 Barcelona - Villarreal BEINT
20.55 Osasuna - Real Madrid
22.35 Meistaradeild Evrópu. AC Milan - Ajax
00.15 Barcelona - Villarreal
01.55 Box - Adonis Stevenson vs. Tony B

SPORT 2 *enski boltinn*

09.30 Swansea - Hull
11.35 Match Pack
12.05 Enska úrvalsdeildin - upphitun
12.35 Man. City - Arsenal BEINT
14.50 Chelsea - Crystal Palace BEINT
17.20 Hull - Stoke BEINT
19.30 Cardiff - WBA
21.10 Everton - Fulham
22.50 Newcastle - Southampton
00.30 Man. City - Arsenal
02.10 West Ham - Sunderland

INN

17.00 Randver í Iðnó **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Randver í Iðnó **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og kennsla. **23.00** Fasteignaflóran **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

STÖÐ 3

14.15 Junior Masterchef Australia
15.00 The X-Factor US
17.05 The Amazing Race
17.50 Offspring
18.35 The Cleveland Show
19.00 Around the World in 80 Plates
19.45 Raising Hope *(14:22)*
20.05 Don't Trust the B* in Apt 23** *(8:19)*
20.30 Cougar Town *(14:15)*
20.55 Dark Blue *(1:10)*
21.40 The Brothers Bloom Gamanmynd frá 2008.
23.10 The Vampire Diaries *(14:22)*
23.50 Do No Harm *(1:13)*
00.35 Around the World in 80 Plates
01.20 Raising Hope
01.45 Don't Trust the B* in Apt 23**
02.05 Cougar Town
02.30 Dark Blue
03.15 The Brothers Bloom
04.45 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

07.00 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Áfram Diego, áfram! **07.28** Svampur Sveinsson **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **08.07** Ævintýri Tinna **08.29** Brunabílarnir **08.49** Latibær **09.02** Lukku-Láki **09.26** Ofurhundurinn Krypto **09.49** Ævintýraferðin **10.00** Dóra könnuður **10.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Áfram Diego, áfram! **11.29** Svampur Sveinsson **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.07** Ævintýri Tinna **12.29** Brunabílarnir **12.50** Latibær **13.00** Lukku-Láki **13.24** Ofurhundurinn Krypto **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Dóra könnuður **14.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Áfram Diego, áfram! **15.29** Svampur Sveinsson **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **16.07** Ævintýri Tinna **16.29** Brunabílarnir **16.50** Latibær **17.00** Lukku-Láki **17.24** Ofurhundurinn Krypto **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Dóra könnuður **18.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Hetjur Valhallar – Þór **20.20** Sögur fyrir svefninn

GULL

17.00 Strákarnir
17.25 Friends
17.45 Seinfeld
18.10 Modern Family
18.35 Two and a Half Men
19.00 Wipeout - Ísland
19.55 Bara grín *(2:6)*
20.25 Logi í beinni
21.15 Það var lagið
22.10 Besta svarið *(2:8)*
22.50 Stóra þjóðin *(2:4)*
23.20 Neyðarlínan
23.55 Beint frá messa
00.40 Tossarnir
01.20 Kolla
01.50 Pönk í Reykjavík
02.20 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

08.35 Diary of A Wimpy Kid
10.05 Blackbeard
11.30 Last Night
13.05 Moneyball
15.15 Diary of A Wimpy Kid
16.45 Blackbeard
18.10 Last Night
19.45 Moneyball
22.00 Dark Knight Rises
00.45 Abduction
02.30 The Lincoln Lawyer
04.30 Dark Knight Rises

RÚV

07.00 Morgunstundin okkar
10.15 Stundin okkar
10.45 Orðbragð
11.15 Útsvar
12.15 Kastljós
12.40 360 gráður
13.10 Landinn
13.40 Kiljan
14.25 Djöflaeyjan
15.00 Á götunni *(5:8) (Karl Johan)*
15.30 Skaftfellingur
16.30 Basl er búskapur
17.00 Sveitasæla
17.10 Vasaljós
17.35 Jóladagatalið - Jólakóngurinn *(14:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Íþróttir
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.20 Veðurfréttir
19.30 Vertu viss *(6:8)* Spurningaleikur þar sem keppendur fá fúlgur fjár.
20.25 Hraðfréttir
20.35 Jólaklikkun *(Surviving Christmas)* Einmana auðkýfingur sem er andstyggðin uppmáluð borgar fjölskyldu fyrir að fá að vera með henni um jólin.
22.05 Kaldastríðsklækir *(Tinker Tailor Soldier Spy)* Bresk bíómynd frá 2011 byggð á sögu eftir John le Carré.
00.10 Rómartöfrar *(When in Rome)*
01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.50 Pepsi MAX tónlist
09.40 Dr. Phil
11.55 Penguins - Spy in the Huddle
12.45 Save Me
13.10 30 Rock
13.40 Happy Endings
14.05 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
14.35 My Big Fat Gypsy Wedding
15.35 Gordon´s Ultimate Christmas
16.25 Judging Amy
17.10 The Voice
19.40 Secret Street Crew *(9:9)*
20.30 The Bachelor *(7:13)* Þættir sem alltaf njóta vinsælda meðal áhorfenda Skjás Eins.
22.00 The Client List *(7:10)* Spennandi þættir með Jennifer Love Hewitt í aðalhlutverki. Sam er þriggja barna móðir í Texas. Hún er hamingjusamlega gift en á í fjárhagsvandræðum.
22.45 Flawless Gamanmynd með Philip Seymour Hoffman og Robert De Niro í leikstjórn Joel Schumacher. De Niro leikur íhaldssaman lögreglumann sem er sendur í endurhæfingu í kjölfar hjartaáfalls.
00.35 Hawaii Five-0
01.25 Scandal
02.15 The Client List
03.00 The Mob Doctor
03.50 Excused
04.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport **09.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **12.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **15.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **18.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **21.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **00.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **03.00** Eurosport

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Jólagjafirnar eru á heimkaup.is

ROSENDAHL
Rosendahl
Hitakönnur
Verð frá
12.790

Umbra
Skartgripastandur
Verð
5.890

umbra

Umbra Napa
Vínrekki
Verð
8.690

umbra

ROSENDAHL
Rosendahl
Olíu karafla
Verð
6.650

Umbra Take 5
Veggklukka
Verð
11.900

umbra

Rosendahl
Kaffiglös
Verð
4.690

ROSENDAHL

Sveinbjörg
Hringlaga bakkar
Verð
7.890

Umbra Gridart
Ljósmyndarammi
Verð
8.490

umbra

Sveinbjörg
Púðaver
Verð
8.490

ROSENDAHL
Rosendahl
Salt- og piparkvörn
Verð
8.250

PIPAR \TBWA • SÍA • 133689

KLÁRAÐU JÓLAGJAFIRNAR Á EINU BRETTI

Pökkum inn og sendum svo frítt heim!

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

Jólaplatan uppseld

Fyrsta upplag Jólakveðju, jólaplötu **Sigríðar Thorlacius**, er uppseld. Er um að ræða tvö þúsund plötur og kemur annað upplag í verslanir á morgun og enn annað upplag kemur í verslanir á mánudag. Í næstu viku kemur platan líka út á vínyl og stefnir Sigríður hraðbyri í gullplötu fyrir jól. Má því búast við stuði á útgáfutónleikum hennar í Fríkirkjunni á miðvikudag og á Græna hattinum á föstudag.

- lkg

„Hann tekur hluti mjög alvarlega en er samt mjög kynþokkafullur með ístruna og allt. Yfirgreiðsla, ístra – hverjum er ekki sama? Hann er heitur!“

LEIKKONAN **AMY ADAMS** UM MEÐLEIKARA SINN Í KVIKMYNDINNI AMERICAN HUSTLE, CHRISTIAN BALE.

Gleymdi að kaupa lottó

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, gleymdi að kaupa lottómiða, og sagði Facebook-vinum sínum að það væri nákvæmlega engin stemming hjá sér þrátt fyrir að hafa staðfest hressleika á prenti. Í Fréttablaðinu í vikunni sagði Björt einmitt að hún væri stemmingsmanneskja sem keypti lottó þegar potturinn væri stór.

- lkg

Íslandsmet í blótsyrðum

Leikritið Nóttin var sú ágæt ein var frumsýnt í Tjarnarbíói á miðvikudag en leikarar í sýningunni eru Benedikt Karl Gröndal, Davíð Freyr Þórunnarson, Kári Viðarsson og **Svandís Dóra Einarsdóttir**. Mikið var hlegið á frumsýningunni og hafði einn leikhúsgestur á orði að leikhópurinn hafi örugglega sett Íslandsmet í blótsyrðum á einum klukkutíma en stykkið er jólaleikrit fyrir fullorðna.

- lkg

HJÓLAÐI UM ALLT Kristín keypti sér hjól og hélt til Grikklands í leit að viðmælendum fyrir verkefnið sitt.

Seldi allt sitt og hjólaði til Grikklands

Kristín Grímsdóttir stofnaði fyrirtækið Possunt til þess að hjálpa fólki að taka af skarið og ná stjórn á eigin lífi. Fyrirtækið leitar til almennings með fjármögnun á sínu fyrsta verkefni. Kristín hjólaði um Evrópu í leit að viðmælendum.

„Ég sagði upp íbúðinni minni og seldi allt sem ég átti. Ég vildi sýna fólki að það getur haft áhrif á heiminn ef það stígur út úr þægindarammanum,“ segir Kristín Grímsdóttir, stofnandi sprotafyrirtækisins Possunt. Hún stofnaði fyrirtækið með það að markmiði að fanga ástæðurnar á bak við velgengni einstaklinga, hvað drífur þá sem vel gengur áfram. Hún vildi líka komast að því hvað hindraði aðra í því að taka af skarið í átt að bættum árangri.

„Ég fékk þessa hugmynd þegar ég hlustaði á umræðuna heima á Íslandi. Margir kvörtuðu en höfðu það mjög gott á sama tíma. Ég spurði mig af hverju fólk væri að kvarta en gerði ekkert í ástandinu?“ Í kjölfarið á því að Kristín áttaði sig á göllunum við umræðuna á Íslandi ákvað hún að selja allt sem hún átti og stökkva út fyrir þægindarammann, gera þannig tilraun á sjálfri sér. „Ég sagði upp vinnunni minni og keypti mér hjól. Ég ákvað að hjóla til Grikklands og stoppa í mörgum löndum og ákvað að kynnast allavega hundrað ólíkum einstaklingum á leiðinni og fá að vita í hverju þeirra drifkraftur í lífinu væri fólginn.“

Kristín hjólaði í gegnum níu lönd og gisti í tjaldi eða heima hjá ókunnugum. „Mér tókst að taka viðtöl við fjölda manns og sá að þeir sem náðu miklum árangri í lífinu og voru hamingjusamir höfðu mjög lík gildi. Þeir lögðu mest upp úr tengslum við fjölskylduna; fundu greinilega að þeir voru elskaðir skilyrðislaust af einhverjum. Frelsi skipti einnig miklu máli fyrir þessa einstaklinga, en birtingarmynd frelsisins gat verið ólík. Að síðustu skipti það þessa einstaklinga miklu máli að vera hluti af einhverju stærra,“ útskýrir Kristín. Hún segir það hafa vakið athygli hennar að þeir sem ekki náðu þeim árangri sem þeir vildu ná höfðu öðruvísi gildi. Hún sagði hræðsluna vera helstu ástæðu þess að fólk hikaði við að taka skrefið í átt að árangri. „Fólk er hrætt við að gera mistök og hrætt við að tapa öllu sínu. Þetta var helsta ástæðan fyrir því að fólk tók ekki af skarið. Skortur á upplýsingum skiptir líka máli í þessu samhengi. Fólk veit oft hreinlega ekki hvernig það á að taka skrefið í átt að hamingjunni. Það er fast í vítahring og veit ekki að það getur sjálft stjórnað sínum örlögum.“

Kristín segir sögur vera bestu leiðina til þess að kenna fólki hvernig það getur sjálft haft áhrif á líf sitt og heiminn í heild sinni. Hún ætlar sér að sýna fólki það með stuttum viðtalsmyndböndum. „Við reynum að fanga sögu margra ólíkra einstaklinga með stuttmynd í viðtalsformi. Við viljum sýna fólki að það sem sameinar þá sem ná langt er hugrekki. Við viljum að fólk þori að stýra lífi sínu sjálft.“ Fyrirtækið Possunt mun standa á bak við samfélagsmiðil sem veitir fólki aðgang að viðtölunum og hvetur það til samfélagslegrar ábyrgðar. Á mánudaginn hefst söfnun þar sem markmiðið er að fjármagna gerð tuttugu fyrstu viðtalanna sem fyrirtækið birtir. Þeim sem hafa áhuga á að styrkja átakið er bent á heimasíðu fyrirtækisins, www.possunt.is. Þeir sem styrkja átakið fá gjafir sendar í staðinn, en gjöfin ákvarðast af upphæð styrksins.

kjartanatli@frettabladid.is

Fyrsta átakið

Fyrsta átak fyrirtækisins er tileinkað Ingu Vagnsdóttur frá Bolungarvík. Að mati Kristínar sýndi Inga að nákvæmlega allir geta haft áhrif á heiminn á sinn hátt. Inga sá sjónvarpsviðtal við serbneska fjölskyldu í neyð. Inga ákvað að hafa uppi á fólkinu og hjálpa því að komast til Íslands. Hún sýndi hugrekki og frumkvæði í verki. Nái Possunt að safna meiru en þarf fyrir útgáfu fyrstu tuttugu viðtalanna rennur afgangurinn til Grunnskólans í Bolungarvík, þar sem skólastjóri er Soffía Vagnsdóttir, systir Ingu heitinnar. Tilgangurinn er að koma á fót verkefni meðal barnanna til að leyfa þeim að sjá hvernig þau með eigin frumkvæði geta haft áhrif á heiminn frá litlu sjávarþorpi á Vestfjörðum.

200 einstaklingar hafa verið teknir í viðtal.

20 fyrstu viðtölin verða fjármögnuð í átakinu sem hefst á mánudag.

9 ólík lönd heimsótt, hjólaði frá Svíþjóð til Grikklands.

HEIMAHÚSIÐ Í JÓLASKAPI

BJÓÐUM 25% AFSL. AF ÖLLUM VÖRUM

Islandia borðstofuhúsgögn, spænsk hönnun og framleiðsla. Fáanleg í eik og hnotu.

tommy m buster leðursófi - þýsk hönnun og framleiðsla

OPIÐ TIL KL. 18 Í DAG, LAUGARDAG

HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16..

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR Meiri Vísir.

NÆRMYND

Leifur B. Dagfinnsson

Einn af stofnendum og eigendum Truenorth

ALDUR 45 ára
MAKI: Hlín Bjarnadóttir
BÖRN: Aron Björn, Ísak Örn, Dagfinnur og Bjarni
FORELDRAR: Helga Bjarnason og Dagfinnur Stefánsson

Leifur B. Dagfinnsson, einn eigenda og stofnenda framleiðslufyrirtækisins Truenorth, hefur átt frábært ár en fyrirtækið er 10 ára í ár. Fyrirtækið átti stóran þátt í nýrri kvikmynd, The Secret Life of Walter Mitty, sem var að hluta til tekin upp á Íslandi. Myndin var forsýnd á fimmtudag í Smárabíói við góðar undirtektir. TrueNorth hefur komið að gerð fjölda þekktra kvikmynda.

„Leifur er einstaklega skemmtilegur maður, með skrítinn og skemmtilegan húmor. Hann er hjartahlýr, góður og traustur vinur. Hann er mjög ákveðinn og fylginn sér. Hann er sveimhugi og það lýsir honum svolítið. Hans helsti ókostur er hins vegar óstundvísi.“
Hlín Bjarnadóttir, eiginkona.

„.Hann Leifur minn er vinur traustur og drengur góður.
Hann hefur alltaf sett fjölskyldu og vini fremst á forgangslistann þrátt fyrir mikið annríki í starfi.
Hann er með stórt hjarta og stundum stuttan þráð en þó er hann fyrsti maðurinn til að biðjast afsökunar ef hann fer yfir strikið. Lífssýn Leifs byggist á náungakærleik og hreinskilni.“

Árni Páll Hansson, vinur og starfsfélagi.

„Hann er mjög duglegur og áræðinn. Hann er hjartahlýr og umtalsgóður og segir aldrei ljótt orð um nokkurn einasta mann. Hann er yndislegur sonur og ég gæti haldið áfram endalaust ...“

Helga Bjarnason, *móðir.*

ROYAL
Tryggir öruggan bakstur

JULMYS skrautkúlur. Ø6cm
Ýmsir litir **595,-/6 í pk.**

SNÖMYS skrautsett
Ýmsir litir **1.990,-/56 í setti**

TILBOÐ

195,-/4 í pk.

JULMYS skraut
H9,5cm. Hvítt
Verð áður ~~695,-~~



TILBOÐ

JULMYS skrautlengjur. L5m
Ýmsir litir **195,-/stk.**
Verð áður ~~295,-~~

Gerðu jólin þín ennþá skrautlegri

TILBOÐ

SNÖMYS stjörnur. H25cm
Ýmsir litir **295,-/stk.**
Verð áður ~~495,-~~

1.990,-/50 í pk.

SNÖMYS skrautkúlur m/böndum. Ýmsir litir

JULMYS skraut. H14cm. Ýmis mynstur **395,-/4 í pk.**

TILBOÐ

395,-

JULMYS skrautlengja
L2,7m. Ýmsir litir
Verð áður ~~1.290,-~~

195,-

SNÖMYS skrautlengja
L2,7m. Silfurlitt
Einnig til gyllt

TILBOÐ

JULMYS skrautfuglar
H5cm **495,-/4 í pk.**
Verð áður ~~695,-~~

JULMYS
kramarhús
H15cm. Ýmsir litir
695,-/3 í pk.

TILBOÐ

JULMYS skraut. Gler
Ýmsar tegundir **895,-/2 í pk.**
Verð áður ~~1.290,-~~

SNÖMYS skrautkúlur. Ø2cm
Ýmsir litir **195,-/12 í pk.**

SNÖMYS skrauthjörtu. Pappír
H8cm. Ýmsir litir **595,-/4 í pk.**

JULMYS skrautkúlur
Ø8cm. Doppótt/ýmsir litir
695,-/4 í pk.

TILBOÐ

JULMYS skraut. Pappír. Inniheldur:
4 stk. H15 og 4 stk. H11,5cm.
495,-/8 í setti *Verð áður ~~695,-~~*

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

VEITINGASTAÐURINN

495,-/stk.

Jólaeftirréttir
Panna cotta, riz à l'amande eða crème brûlée

Jólafjör alla helgina kl. 13-17
Skoðaðu dagskrána á www.IKEA.is

Verslun opin 11-21 til 22. desember - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®